# FYLGJAST VEL MEÐ ÍSLENSKUM FRÉTTUM

Helga Ólafs rannsakaði notkun Pólverja á fjölmiðlum



VIÐTAL 36

# MANISH ARORA VEKUR VERÐSKULDAÐA ATHYGLI Í PARÍS



TÍSKA 54

# GODDUR RÆÐIR UM SKÖPUN Í KJÖLFAR HRUNSINS



VIÐTAL 34


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

3. október 2009 — 234. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


VIÐTAL 34



## Fékk mátt í fæturna eftir stofnfrumumeðferð

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG




HRUNIÐ 28-30

## Auðvitað hrundi allt








GEGN OFBELDI Á bilinu 300 til 500 manns tóku þátt í að mynda mannlegt friðarmerki á Miklatúni í gærkvöldi. „Þetta gekk framar vonum," segir Ragnar Sverrisson aðgerðarstjóri. Tilefnið var alþjóðlegur dagur án ofbeldis. Hann markaði einnig upphaf heimsgöngu í þágu friðar og tilveru án ofbeldis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Rannveig Rist særð í andliti eftir sýruárás

**Sýru sem þykir of hættuleg til notkunar í iðnaði var beitt í skemmdarverkaárás á heimili Rannveigar Rist. Litlu mátti muna að Rannveig fengi sýruna í augun.**

**LÖGREGLUMÁL** Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, fékk sýru í andlitið morguninn eftir að skemmdarverk voru unnin á heimili hennar í byrjun ágúst. Sýrubruninn var það alvarlegur að hún hlaut sár í andlitið sem mun skilja eftir sig ör.

Rannveig staðfesti þetta við Fréttablaðið í gær en vildi ekki gera mikið úr meiðslum sínum. Atvikið átti sér stað 5. ágúst síðastliðinn. Þá um nóttina voru unnin skemmdarverk á heimili hennar í Garðabæ. Komið hefur fram að málningu var skvett á íbúðarhúsið en nú liggur fyrir að þegar Rannveig opnaði framdyr fjölskyldubifreiðar um morguninn skvettist sýra úr hurðarfalsinu framan í hana rétt neðan við hægra augað. Rannveig vill ekki tjá sig um atvikið frekar eða hvort hún hafi verið ein á ferð.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir málið litið mjög alvarlegum augum og hafi verið tekið föstum tökum. Hann vill hins vegar ekkert tjá sig frekar um rannsóknina. Komið hefur fram að lögregla hefur til rannsóknar á annan tug mála þar sem skemmdarverk hafa verið unnin á heimilum fólks úr fjármála- og orkugeiranum. Öll málin eiga það sammerkt að málningu hefur verið skvett á eigur fólks en sýru var einnig beitt þegar skemmdarverk voru unnin á heimili Hjörleifs Kvaran, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var notuð sýra sem ekki er lengur talin nothæf í iðnaði hér á landi. Efnið, sem var nýtt til að leysa upp lakk, þótti of hættulegt.

Heimildir Fréttablaðsins herma að árásirnar hafi þótt það alvarlegar að yfirmenn lögreglunnar hafi fundað sérstaklega með forsvarsmönnum þeirra fyrirtækja sem árásunum hefur verið beint gegn. Það fékkst ekki staðfest hjá lögreglu. - shá

Vantreystu Seðlabankanum:

## Kaupþing átti að bjarga Glitni

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur Glitnis treystu ekki á að Seðlabankinn myndi lána bankanum sex hundruð milljónir evra til að mæta erfiðum gjalddaga fyrir ári og leituðu til Kaupþings. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, taldi stöðu Glitnis hins vegar svo slæma að sex hundruð milljónir dygðu skammt.




ÆVINTÝRAEYJAN Bókin kemur út á íslensku á fimmtudag.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í bókinni Ævintýraeyjan – uppgangur og endalok fjármálaveldis eftir Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi forstjóra Kaupthing Singer & Friedlander. Bókin kom út á ensku í gær. Fréttablaðið birtir í dag kafla úr bókinni þar sem Ármann fjallar um veisluhöld og samskipti við þotulið heimsins.

- jab / Sjá síðu 26

Krabbameinsfélag Íslands:

## Færri í krabbameinsskoðun

**HEILSA** Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, segir konur á landsbyggðinni mun duglegri að mæta í krabbameinsskoðun en kynsystur þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Hún segir að svo virðist sem mæting hafi dalað í kreppunni.

„Ef konur mæta reglulega í skoðun ber það árangur í greiningu snemma – með minni lýtum og auknum lífslíkum," segir Guðrún, sem hvetur konur til að mæta og minnir jafnframt á að mörg stéttarfélög niðurgreiði kostnað.

- rve / sjá sérblaðið Bleika slaufan





**Stórfundur SÁÁ**

Mætum á samstöðu- og baráttufund SÁÁ í Háskólabíói **miðvikudaginn 7.** október klukkan 20:00.

Sláum **skjaldborg** um áfengis- og vímuefnameðferðina.

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir**

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN




OPNUM Í DAG

DORMA

– býður góða nótt

Holtagörðum

## SPURNING DAGSINS



*Hjörtur, voru framkvæmdirnar algjör langloka?*

„Já, og þær voru miklu lengri en við áttum von á.“

Hjörtur Aðalsteinsson, eigandi Super Sub við Nýbýlaveg, hefur boðist til að greiða Kópavogsbæ langlokur í stað fasteignagjalda. Hann er ósáttur við það hversu langan tíma endurbætur á Nýbýlaveginum tóku.

Umhverfisráðherra segir Samtök atvinnulífsins verða að sýna yfirvegun:

# Gef ekki afslátt af stjórnsýslu

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hvetur forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins (SA) til að sýna yfirvegun í viðbrögðum við úrskurði hennar. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær telja SA ráðherra hafa fellt ólögmætan úrskurð þegar hann felldi úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki skyldi fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum á framkvæmdum tengdum álveri í Helguvík.

„Það þarf að skoða þessi mál ofan í kjölinn og það er mikilvægt að vinna þessa vinnu af yfirvegun í hverju skrefi. Við megum ekki falla í þá freistni í skjóli kreppunnar að gefa afslátt af vinnubrögðum. Þarna eru stórir og ríkir hagsmunir til langs tíma,“ segir Svandís.



**UMHVERFISRÁÐHERRA** Segir að ekki megi falla í þá freistni að gefa afslátt af vinnubrögðum í skjóli kreppunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SA kvartaði yfir því að hafa ekki fengið andmælarétt og farið hafi verið fram yfir tímafresti. Svandís segir það rétt varðandi tímafrestina, en engin dæmi séu um að það hafi fellt úrskurð úr gildi nema um nokkur ár sé að ræða. SA sé hins vegar ekki aðili að málinu og eigi því ekki andmælarétt.

Svandís segir menn leggja mismunandi skilning í stöðugleikasáttmálann. Hún telji ljóst að hún eigi ekki að gefa afslátt af sinni stjórnsýslu. Vilhjálmur Egilsson hafi talað eins og Þjórsárvirkjanir séu forsenda sáttmálans. Enginn ráðherra í ríkisstjórn deili þeirri skoðun. **- kóp**

Þjóðleið stytt um 40 km:

## Umferð hleypt á Arnkötludal

**SAMGÖNGUR** Nýr heilsársvegur um Arnkötludal var opnaður fyrir umferð í gær. Að vetrarlagi mun vegurinn stytta leiðina milli Hólmavíkur og Reykjavíkur um 40 kílómetra og er nú bundið slitlag á allri leiðinni, sem er um 230 kílómetrar. Vegurinn styttir að sama skapi leiðir að sunnan vestur í Ísafjarðardjúp. Vegurinn um Arnkötludal liggur úr Steingrímsfirði að norðan í Króksfjörð að sunnan.

Skafrenningur var um það leyti sem vegurinn var opnaður í gær. Víða var hálka norðanlands í gær og ófært eða þungfært um heiðarvegi. **- gar**

# Innflytjendur með hærra lánshæfismat

**Fólk með erlent ríkisfang er með betra lánshæfismat en íslenskir ríkisborgarar og eru líklegri til að standa í skilum. Hafa mun heilbrigðara viðhorf til lántöku, segir forstjóri Creditinfo. Hér eru ríflega 20 þúsund erlendir ríkisborgarar.**

**FÓLK** Ríflega 77 prósent fólks með erlent ríkisfang á Íslandi teljast til tveggja áhættuminnstu lánshæfisflokkanna, A eða B. Hjá íslenskum ríkisborgurum er sambærilegt hlutfall 55 prósent. Þá eru erlendir ríkisborgarar í þessum flokki yngri að meðaltali en íslenskir, 36 ára á móti 55. Þá eru erlendir ríkisborgarar síður á vanskilaskrá.

Það er fyrirtækið Creditinfo sem tekur þessar tölur saman. Rakel Sveinsdóttir forstjóri segir þetta skýrast af tvennu. Annars vegar séu erlendir ríkisborgarar minna skuldsettir en annar almenningur. Þá beri þessi hópur annað viðhorf til lántöku almennt, hafi annan bakgrunn þegar að lánum kemur. Lántaka þeirra byggi meira á eignastöðu lántakandans en hér hefur þekkst og meiri varkárni ríki í þessum efnum. Erlendir ríkisborgarar teljast því að mestu mjög skilvísir greiðendur.

Rakel segir fólk erlendis víðast hvar mun betur upplýst um sína eigin greiðslugetu og stöðu gagnvart lánveitandanum. Þar sé fólk upplýst um eigið lánshæfismat og þannig umhverfi verði að koma á hér á landi.

„Hér á landi var horft til greiðslugetunnar þá stundina sem lánið var tekið. Þannig sáum við 18 ára ungmenni með bílalán og 500 þúsund króna yfirdrátt. Það sér maður ekki erlendis, því þar verður að hafa byggt upp viðskiptasögu við bankann áður en þú færð lán og sú saga hefur áhrif á lánakjörin. Þú getur verið með litla veltu en staðið í skilum og fengið betri lánakjör.“



**FÓLK** Erlendir ríkisborgarar standa betur í skilum af lánum sínum en íslenskir. Þá eru þeir með hærra lánshæfismat. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**RAKEL SVEINSDÓTTIR**

Rakel segir ekki ólíklegt að erlendar ríkisborgarar hafi þau viðhorf til lána sem þekkist erlendis og það skýri betri stöðu þeirra hér á landi. Það sé í raun mun heilbrigðara viðhorf til lántöku.

Á Íslandi eru 20.312 með erlent ríkisfang, þar af 3.090 börn undir 18 ára aldri. Pólverjar eru langflestir hér, tæplega 4.000, þá Litháar, um 1.400, og loks Þjóðverjar, en þeir eru ríflega 1.000 hér.

Stærstur hluti erlendra ríkisborgara býr á höfuðborgarsvæðinu, ríflega 15.000. Sem hlutfall af íbúum hvers landsvæðis eru hins vegar flestir erlendir ríkisborgarar á Reykjanesi, 10,1 prósent af íbúafjöldanum. Á Vestfjörðum eru erlendir ríkisborgarar 9,7 prósent íbúafjöldans. Hlutfallslega fæstir eru þeir á Norðurlandi vestra, 3,6 prósent. **kolbeinn@frettabladid.is**



**NEYÐ** Björgunarmenn leituðu í gær að fólki sem hafði grafist undir þegar skriðurnar féllu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flóð og aurskriður á Sikiley:

## Í það minnsta tuttugu látnir

**ÍTALÍA, AP** Í það minnsta tuttugu létust í aurskriðum sem féllu í kjölfar mikilla aurskriðna í borginni Messina á Sikiley í gær. Flytja þurfti um það bil 40 manns á spítala, og um tuttugu er enn saknað. Hundruð þurftu að flýja heimili sín vegna hamfaranna.

Björgunarmenn með hunda leituðu í gær í húsarústum í úthverfum Messina og nærliggjandi þorpum. Björgunaraðgerðir gengu illa þar sem vegir höfðu víða farið í sundur. **- bj**

Obama í Kaupmannahöfn:

## Hafði ekki erindi sem erfiði

**KAUPMANNAHÖFN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti brá sér til Kaupmannahafnar í gær ásamt eiginkonu sinni til að freista þess að sannfæra alþjóðlegu Ólympíunefndina um ágæti þess að halda Ólympíuleikana árið 2016 í Chicago.**

**Síðar í gær kom svo úrskurður Ólympíunefndarinnar. Leikarnir verða ekki haldnir í Chicago, því Rio de Janeiro varð fyrir valinu.**

**Ákvörðun nefndarinnar þykir mikill ósigur fyrir Obama, sem greinilega hafði lagt mikla áherslu á að Bandaríkin hrepptu hnossið.** **- gb**



**VÍGSLA Í SÓLLANDI** Duftker Ásbjörns Björnssonar jarðsett. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýi duftgarðurinn vígður:

## Vökumaðurinn lagður til hvílu

**FÓLK Nýr duftgarður var vígður í Sóllandi við Fossvogskirkjugarð í gær með greftrun Ásbjörns Björnssonar, fyrrverandi forstjóra Kikjugarðs Reykjavíkurprófastsdæma. Ásbjörn er nú vökumaður garðsins. Samkvæmt gamalli trú er vökumaður hvers kirkjugarðs sá sem þar er fyrst jarðsettur og verður eins konar gæslumaður garðsins.**

**Það var Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, sem vígði garðinn. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, var meðal þeirra sem viðstaddir voru athöfnina. Garðurinn tekur yfir 30 þúsund duftker og er ætlað að endast fram á næstu öld.** **- gar**

Færeysk stjórnmál í uppnámi:

## Slitum hótað

**FÆREYJAR** Ósætti er í landstjórn Færeyja um fjárlög ársins. Jørgen Niclasen, formaður Fólkaflokksins, sagði við færeyska ríkissjónvarpið að stjórnin gæti sprungið.

Fólkaflokkurinn sakar Jóannes Eidesgaard, formann Jafnaðarflokksins og fjármálaráðherra, um að hafa leitað eftir stuðningi stjórnarandstöðunnar við lögin, líklega til að þurfa ekki að semja við Fólkaflokkinn. Þessu neitar Jóannes. **- kóþ**




Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk.. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

Fylgi Framsóknarflokks ekki mælst hærra í þjóðarpúlsi Gallup síðan í júlí 2003:

# Um 47% styðja ríkisstjórnina

**KÖNNUN** Stuðningur við ríkisstjórnina mælist 47 prósent í nýjum þjóðarpúlsi Capacent Gallup. Framsóknarflokkurinn mælist nú með hæsta fylgi sem mælst hefur frá því í júlí 2003, að því er fram kom í kvöldfréttum RÚV.

Litlar breytingar eru á fylgi stærstu flokkanna. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 29 prósenta fylgi, Samfylkingin með 26 prósent og 22 prósent segjast myndu kjósa Vinstri græn yrði gengið til kosninga nú.

Alls sögðust 18 prósent þeirra sem þátt tóku í könnuninni styðja Framsóknarflokkinn. Fylgi Hreyfingarinnar mælist hins vegar um helmingur af fylgi Borgarahreyfingarinnar áður, tæplega þrjú prósent.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra fékk bestu útkomuna þegar spurt var um ánægju með ráðherra. Tæplega helmingur aðspurðra sagðist ánægður með hennar störf. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra mælast öll með rúmlega 40 prósent.

Helmingi færri sögðust ánægðir með Jóhönnu



**ÁNÆGJA** Mest ánægja er með störf Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra. Tæpur þriðjungur er ánægður með störf forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurðardóttur forsætisráðherra nú en í könnun í febrúar, alls 30 prósent. Aðeins tólf til þrettán prósent sögðust ánægð með störf Jóns Bjarnasonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Kristjáns L. Möller samgönguráðherra. **- bj**













# Seríumarkaður

## í Blómavali um land allt

## VERÐDÆMI:

**SKRAUTSERÍUR**
VERÐ FRÁ 499

**JÓLANETSERÍUR INNI**
VERÐ FRÁ 999

**40 LJÓSA ÚTI M/DEMÖNTUM**
VERÐ FRÁ 499

**BLIKKSERÍUR ÚTI 120 LJÓSA**
VERÐ FRÁ 1.999

**AÐVENTULJÓS Í BÍL**
VERÐ FRÁ 199




*Kaffi Garður*
Skútuvogi

Ís 10 kr



Gúllassúpa **190**

Kaka og kaffi **290**

## Haustlaukar
mikið úrval




**Túlipanar**
Apeldoorn rauður
**50 stk**
magnpakkningar
**999**

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Dalvík - Selfoss
Egilsstaðir - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind
www.blomaval.is

## GENGIÐ 02.10.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,94 | 125,54 |
| Sterlingspund | 198,07 | 199,03 |
| Evra | 181,64 | 182,66 |
| Dönsk króna | 24,395 | 24,537 |
| Norsk króna | 21,445 | 21,571 |
| Sænsk króna | 17,733 | 17,837 |
| Japanskt jen | 1,3971 | 1,4053 |
| SDR | 196,95 | 198,13 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

234,4279

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rúmlega þúsund manns taka þátt í ráðstefnu aðdáenda EVE Online-tölvuleiksins:

# Framúrstefnulegt lokapartí í kvöld

**FÓLK** Aðdáendur EVE Online-fjölþátttökutölvuleiksins fylla Laugardalshöllina þessa dagana, en þar stendur nú yfir árleg ráðstefna aðdáenda leiksins. Rúmlega þúsund manns tóku í dag þátt í ýmsum viðburðum, segir Diljá Ámundadóttir, framleiðandi hjá CCP sem hannaði og selur tölvuleikinn.

Lokahnykkurinn á þessari uppskeruhátíð verður í kvöld, þegar framúrstefnulegt lokapartí verður haldið í Höllinni. Laugardalshöll allri hefur verið gjörbreytt að innan, og lítur nú út eins og geimstöð úr tölvuleiknum, segir Diljá.

Alls komu á milli sjö og átta hundruð erlendir gestir á hátíðina, auk íslenskra aðdáenda leiksins. - bj



**LEIKIÐ** Tölvuleikurinn gerist í sýndarveruleika í geimnum og þessir leikmenn því væntanlega mörg ljósár í burtu í huganum, þótt líkaminn sæti við tölvuskjá í Laugardalshöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mælingar aðildarlanda OECD:

# Atvinnuleysi í heiminum vex

**FRAKKLAND, AP** Atvinnuleysi fer vaxandi innan aðildarlanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), samkvæmt samantekt stofnunarinnar á atvinnuleysi í júlí, sem birt var í gær.

Atvinnuleysið var mest á Spáni, 17,6 prósent, en minnst í Hollandi, 3,2 prósent. Á Íslandi var atvinnuleysið í júlí 8,0 prósent, en 7,7 prósent í ágúst. Atvinnuleysið var svipað í Þýskalandi, 7,7 prósent, og Bretlandi, 7,9 prósent.

Á evrusvæðinu mældist atvinnuleysi að meðaltali 9,6 prósent. Í Kína sýna opinber tölur 4,3 prósenta atvinnuleysi, en rétt tala er trúlega tvöfalt hærri. - bj



**HANNES Þ. HAFSTEIN** Skipstjórinn rak höfuðið í þil þegar brotið kom á skipið.

Björgunarskip í brotsjó:

# Skipstjóri slasaðist lítillega

**SLYS Einn maður slasaðist lítillega þegar björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Hannes Þ. Hafstein frá Suðurnesjum, fékk á sig brotsjó í fyrrinótt. Harðbotna björgunarbátur slitnaði einnig frá skipinu og hefur ekki komið í leitirnar.**

**Skipið var á leiðinni á landsæfingu Landsbjargar á sjó, sem haldin verður fyrir utan Grundarfjörð í dag. Fimm skipverjar voru um borð þegar brotið kom á skipið með þeim afleiðingum að skipstjóri björgunarskipsins kastaðist til og rak höfuð í þil og þurfti að sauma nokkur spor. Hann tekur engu síður þátt í æfingunni í dag.** - bs

## ALÞINGI

### Tekjur RÚV lækka um 10%

Greiðslur ríkisins til RÚV munu lækka um 357 milljarða, eða 10 prósent, ef fjárlagafrumvarpið verður að lögum óbreytt. Áformað er að innheimta 3.575 milljónir króna í útvarpsgjald, en RÚV fær til sín 3.218 milljónir króna, segir í tilkynningu frá RÚV.

## ÁRÉTTING

Það skal tekið fram vegna myndbirtingar með frétt blaðsins í gær um lögregluníðing sem rauf endurkomubann, að veitingastaðurinn Monte Carlo tengist manninum eða árás hans á tvo lögreglumenn, ekki með neinum hætti.

# Tína ofskynjunarsveppi með hulin andlit á almannafæri

**Ofskynjunarsveppir sem vaxa í borginni innihalda eiturefni á bannlista og því er ólöglegt að tína þá og neyta þeirra. „Við höfum fengið til okkar fólk sem er alveg sturlað eftir svona sveppaát," segir yfirlæknir á Vogi.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Mikið hefur verið um tínslu ofskynjunarsveppa í höfuðborginni upp á síðkastið. Sveppirnir innihalda ofskynjunarefni sem er á bannlista, og því er í raun bannað með lögum að tína þá, eiga og neyta – hvað þá selja.

Fréttablaðinu hafa borist ábendingar um að mjög mikið sé um það þessa dagana að svartklæddir menn með hulin andlit sitji löngum stundum á hækjum sér á umferðareyjum og í vegköntum og tíni sveppi í hundraðavís í poka. Þetta stundi fólk jafnvel um hábjartan dag.

Neysla ofskynjunarsveppa sem spretta á haustin innan borgarmarkanna hefur þekkst á Íslandi árum saman, að sögn Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis á Vogi. Þetta sé árlegur viðburður og sérstaklega sé algengt að kannabisneytendur sæki í skynáhrifin sem sveppirnir veita.

Sveppirnir innihalda psilocybin eða psilocin, ólögleg ofskynjunarefni, sem hafa sams konar áhrif og LSD. „Við höfum fengið til okkar fólk sem er algjörlega sturlað eftir svona sveppaát og áttar sig hvorki á stað né stund," segir Þórarinn. Sveppirnir valdi ekki fíkn en þó sé algengt að ungt fólk sem kemur inn á Vog hafi prófað þá.

Þórarinn segir ýmsar hættur geta fylgt neyslu þeirra. „Í fyrsta lagi eru til eitraðir sveppir sem geta valdið skemmdum á líffærum og það getur verið erfitt að greina þá frá öðrum," segir hann. Alltaf deyi þónokkuð margir í Evrópu vegna sveppaeitrunar á ári hverju, þótt ekki séu dæmi þess hér á landi.

Þá sé hægt að slasast undir áhrifum eða gera eitthvað sem ekki verður aftur tekið. Þriðja hættan sé sú að víman ýti undir undirliggjandi geðsjúkdóma.

Sögusagnir hafa lengið verið uppi um að sveppir sem hafi dregið í sig mikla umferðarmengun veiti sterkari vímuáhrif en aðrir. Þetta segir Jakob Kristinsson, dósent í eiturefnafræði við Háskóla Íslands, þó tæpast geta staðist.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, segir að mál tengd sveppum hafi lítið sem ekkert komið inn á borð deildarinnar, enda ekkert sem bendi til þess að um skipulögð eða stórfelld viðskipti með þá sé að ræða. „Þetta hefur ekki verið framarlega í forgangsröðinni hjá okkur," segir hann. Vel geti þó verið að skoða þurfi þennan kima fíkniefnaheimsins betur.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir þó að sveppir séu reglulega gerðir upptækir og lögreglan reyni eftir föngum að stöðva fólk við tínslu þeirra.

stigur@frettabladid.is



**TÍNT UM MIÐJAN DAG** Þessi maður hafði safnað dágóðu magni af sveppum í poka þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið hjá í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## AFBAKA RÚM- OG TÍMASKYN

Sveppirnir sem um ræðir kallast trjónupeðlur. Trjónupeðlan er lítill hattsveppur, nokkrir sentimetrar að stærð, og vex víða í ágúst, september og allt fram í október. Algengt er að hún sjáist á umferðareyjum og öðrum grasbölum í þéttbýli.

Til að ná fram vímuáhrifunum er hægt að neyta þeirra ferskra, þurrka þá fyrst eða sjóða úr þeim te. Einnig þekkist að þeir séu reyktir með kannabisefnum.



Að því er segir í samantekt Jóhannesar Bergsveinssonar yfirlæknis eru skynvilluáhrif sveppanna svipuð og áhrifin af LSD, en eru þó vægari og verka skemur.

Áhrifin koma fram um 20 til 30 mínútum eftir neyslu, þeirra á meðal roði í andliti, vöðvaslökun, hraðari hjartsláttur, útvíkkun sjáaldra, munnþurrkur og ógleði.

Skyntruflanir koma meðal annars fram í miklum afbökunum á rúm- og tímaskyni og geðslagsbreytingum. Stórir skammtar geta framkallað ofsjónir og afbakanir á snerti- og sársaukaskyni.

Afbakanirnar geta verið skemmtilegar og þægilegar fyrir neytandann, en geta líka verið mjög ógnvekjandi, valdið ofsahræðslu og jafnvel framkallað bráðasturlun. Andlit vina, ættingja og ókunnugra geta sýnst breyta um lit eða lögun, eða skyndilega elst ógnvænlega, að því er Jóhannes fullyrðir í samantektinni. Þetta geti gerst meðan á neyslu sveppanna stendur eða eftir á og staðið yfir lengi.

Bráðavíman varir í um það bil sex klukkustundir og eftir hana kvarta neytendur oft um lasleika, mjög mikla þreytu og djúpt þunglyndi.


Auður fyrir þig

Auður Capital veitir fjárfestingaþjónustu með áherslu á gagnsæi og áhættumeðvitund.

Við getum séð um **séreignarsparnaðinn** þinn

Velkomin á opna kynningu til okkar **mánudaginn 5. okt. kl. 17:15, Borgartúni 29, 3. hæð.**



AUÐUR CAPITAL

**audur.is - 585 6500**

Eignastýring - Fjárfestingar - Fyrirtækjaráðgjöf - Séreignarsparnaður


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**BEST SYÐRA**

Þessa helgina eru ágætar veðurhorfur, sérstaklega sunnan til. Eru horfur á norðlægum áttum, yfirleitt hægum en þó núna fyrir hádegi verður strekkingur austast á landinu.Él verða á Vestfjörðum og norðanlands og austan en þurrt og bjart veður syðra. Víða verður næturfrost en að deginum verður hitinn á bilinu 0-6 stig, mildast sunnan og suðaustan til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Amsterdam | 16° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 13° |
| Eindhoven | 16° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 17° |
| New York | 22° |
| Orlando | 32° |
| Osló | 6° |
| París | 19° |
| Róm | 26° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




# SNYRTI- OG TÍSKUDAGAR Í SMÁRALIND

**1.–5. október**

Skelltu þér í haustlitaferð í Smáralind 1.-5. október og njóttu hausttískulita ársins. Frábær tilboð á tískufatnaði, snyrtivörum og fylgihlutum. Kynningar, ráðgjöf og kaupaukar alla helgina.
**Sjáumst í Smáralind!**

### Make Up Store
Nýjustu vetrarlitirnir, ráðgjöf og litgreining. Taska fylgir að gjöf ef þú verslar þrjár vörur í nýju línunni.

### Debenhams
**25%** afsláttur af öllum Debenhams snyrti- og spavörum. Kynning og gjöf frá Clarins.

### Body Shop
**20%** afsláttur af öllum augnskuggum, bæði venjulegum og glitrandi, augnskuggapenslum, kamillu-augnhreinsigeli og kamillu-augnhreinsivatni.

### Hygea
Glæsilegir kaupaukar frá þekktustu snyrtivörufyrirtækjum heims, t.d. Helena Rubinstein, Dior og Lancome. Frábært verð á glænýjum töskum, úrum og skarti.

### Lyfja
SOTHYS **20%** afsláttur
Sally Hansen **20%** afsláttur
GOSH **20%** afsláttur
Levante **20%** afsláttur
GO BLOND (John Frida) **20%** afsláttur

eskimo

## TÍSKUSÝNINGAR Í ALLAN DAG

**Klukkan 13.00 og 14.15:** Glæsilegar sýningar frá Debenhams, Warehouse, Karen Millen, Coast, Selected og Napolí
**Klukkan 17.00:** Seiðandi undirfatasýning frá La Senza, Debenhams og Hagkaup
**Staðsetning:** Fyrir framan Hagkaup

Fyrirsætur: **Eskimo**
Hár: **Karl Berndsen**
Förðun: **Make Up Store**

Opið til kl. 18 í dag

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM39306

## KJÖRKASSINN



*Ætla stjórnvöld að skera of mikið niður í ríkisútgjöldum í fjárlagafrumvarpi sem kynnt var í gær?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 68,9% |
| NEI | 31,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú ánægð(ur) með að Álfheiður Ingadóttir sé orðin heilbrigðisráðherra?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Umboðsmaður Alþingis gerir athugasemd við skipun orkumálastjóra:

# Ógildir ekki skipun ráðherra

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis segir málsmeðferð iðnaðarráðuneytisins við skipan orkumálastjóra árið 2007 hafa verið ábótavant. Það eigi þó ekki að leiða til ógildingar á skipun ráðherra á orkumálastjóra.

Össur Skarphéðinsson, þáverandi iðnaðarráðherra, skipaði í lok desember 2007 Guðna A. Jóhannesson í embætti orkumálastjóra. Meðal umsækjenda um stöðuna var Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir varaorkumálastjóri. Hún kvartaði til umboðsmanns Alþingis yfir þeirri ákvörðun. Þá kvartaði hún yfir því að ráðuneytið hefði neitað að afhenda henni afrit af undirskriftalistum starfsmanna sem mæltu með henni við ráðherra. Róbert Spanó, umboðsmaður Alþingis, telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þau sjónarmið ráðherra sem lágu að baki skipuninni, og tekur ekki undir með Ragnheiði að hún hafi verið hæfari en Guðni.

Umboðsmaður kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu að ráðuneytinu hafi borið að afhenda Ragnheiði gögn málsins, þar með talið undirskriftalistana. Synjun á þeirri beiðni hafi ekki verið í samræmi við lög.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ráðuneytisins að það tæki beiðni um aðgang að gögnunum til endurskoðunar. **- bj**



**BRAUT EKKI LÖG** Umboðsmaður Alþingis telur Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra ekki hafa brotið lög þegar hann skipaði orkumálastjóra í árslok 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vinnumálastofnun:

# Tugir voru sviptir bótum

**ATVINNULEYSI.** Um sextíu prósent ábendinga sem Vinnumálastofnun hafa borist um fólk í svartri vinnu hafa leitt til þess að viðkomandi var sviptur atvinnuleysisbótum.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að stofnuninni hafi borist 70 ábendingar undanfarna tvo mánuði í gegnum heimasíðu þess um fólk sem sé á atvinnuleysisbótum en stundi vinnu.

Farið hefur verið yfir málin og voru þeir sem urðu uppvísir að svartri vinnu á bótum kallaðir fyrir hjá stofnuninni og þeir sviptir bótunum.






# Segir stóriðjustörfin þau dýrustu í heimi

**Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins segir Íslendinga ekki hafa efni á að fjárfesta í álverum. Mun fleiri störf skapist með nýsköpun en störf þar séu mun ódýrari. Nýta þurfi það lánsfjármagn sem fæst á sem bestan máta.**

**ATVINNULÍF** Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarjóðs atvinnulífsins, segir allt of mikið einblínt á stóriðju sem lausn við atvinnuleysi í kreppunni. Stóriðjustörf séu þau dýrustu í heimi og mun nær væri að horfa til nýsköpunar í atvinnulífinu. Með því sé hægt að skapa mun fleiri störf fyrir sama fé.

„Aðstæður til að taka lán erlendis hafa gjörbreyst hér á landi og það þýðir að við verðum að nota þá fjármuni sem við á annað borð fáum að láni eins skynsamlega og mögulegt er. Við búum við mikið atvinnuleysi, sem er breyting frá því sem áður var, og þurfum að leggja áherslu á fjárfestingar sem skapa ný störf og sem mestar gjaldeyristekjur fyrir hverja krónu sem við notum til fjárfestinga. Stóriðjan, eða ný álver, er ekki kostur í stöðunni.“

Finnbogi tekur álverið í Straumsvík sem dæmi, en áformað er að auka framleiðslugetu þess um 40 þúsund tonn á ári. Til þess þurfi að reisa Búðarhálsvirkjun. „Fjárfestingarkostnaður við virkjunina er 25 milljarðar króna, bara okkar hluti. Þetta skapar tólf ný framtíðarstörf í Straumsvík, sem er náttúrlega ekki neitt miðað við fjárfestinguna.“

Tölvufyrirtækið CCP hefur verið mikið í fréttum og gengur vel. Finnbogi tekur það sem dæmi um fyrirtæki sem þróist í að verða stórveldi í útflutningi. Leikjaiðnaðurinn í heild sinni, sem það er hluti af, skapi yfir 350 störf hér á landi. Annað dæmi sem nefna megi sé fyrirtækið Marorka, sem þrói orkustjórnunarkerfi í skip. Það geti á næstu árum orðið að svipaðri stærð og CCP.

„Hvert starf í þessum geira sem við fjárfestum í kostar á bilinu 25 til 30 milljónir króna, sem er þá heildarfjárfesting á bak við hvert fyrirtæki. Hvert starf í stóriðju kostar hins vegar að minnsta kosti 1 milljarð. Þá skapa nýsköpunarstörfin einnig afleidd störf á sama hátt og álver og jafnvel enn frekar.

Grundvallaratriðið er að peningar eru dýrir núna og í litlum skammti. Þess vegna verðum við að horfa á hvað gefur mesta arðsemi af hverri krónu og flest störf um leið. Það er ekki stóriðjan, þar eru dýrustu störf í heimi.“

**kolbeinn@frettabladid.is**



**VILL EFLA NÝSKÖPUN** Finnbogi Jónsson telur að efla eigi nýsköpun atvinnulífsins frekar en að horfa til stóriðju. Lánsfé sé dýrt og skapa verði sem flest störf. Störf í stóriðju séu þau dýrustu í heimi og því nýtist féð betur í nýsköpun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## SJÓÐURINN

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er ekki á fjárlögum en fær stofnfé frá ríkinu. Árlega fjárfestir hann fyrir um 500-800 milljónir króna í fyrirtækjum. Þá á hann 40 prósent í sjóðnum Frumtaki, sem fjárfestir fyrir um 1 milljarð á ári. Samtals nema fjárfestingar Nýsköpunarsjóðsins því um 1,5 milljörðum árlega. Sjóðurinn á hlut í fyrirtækjum í 7 til 10 ár en selur síðan og fjárfestir í nýjum.


Veraldlegar athafnir

SIÐMENNT

Nýr valkostur fyrir stóru stundirnar
Nafngjafir, giftingar og útfarir



Fallegar og persónulegar athafnir án trúarlegs innihalds.

Athafnarstjóri stýrir athöfninni og leiðbeinir um undirbúninginn.

www.sidmennt.is • athafnir@sidmennt.is

Málverkauppboð í GALLERÍ BORG

Erum að taka á móti verkum. LÆGRI SÖLULAUN



Scheving Kjarval Ásgrímur

Vinsamlegast hafið samband við Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600

GALLERÍ BORG - SKIPHOLTI 35 - SÍMAR 511 7010 - 847 1600


Stórþjóðir fordæma hvalveiðar Íslendinga og vilja sumar beita okkur þrýstingi:

# Ísland þarf að hætta hvalveiðum til að fá aðild að Evrópusambandinu

**STJÓRNMÁL** „Við erum afar vonsvikin yfir ákvörðun fyrrverandi ríkisstjórnar Íslands um að heimila veiðar á langreyðum og hrefnum,“ segir í yfirlýsingu 26 þjóða sem fordæma hvalveiðistefnu Íslendinga.

Breska dagblaðið The Guardian segir frá yfirlýsingu þjóðanna 26. Meðal þeirra eru Bandaríkin, England, Þýskaland, Frakkland, Portúgal og Spánn. Í fréttinni segir að nokkur lönd hafi sagt að þau muni leggjast gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu láti Íslendingar ekki af hvalveiðum í atvinnuskyni.

Í yfirlýsingunni segir að þjóðirnar fagni og styðji ákvörðun núverandi ríkisstjórnar um að ætla að endurskoða úthlutun hvalveiðiheimildanna frá í janúar á þessu ári en gagnrýna þann fjölda hvala sem leyft hefur verið að veiða. „Við hvetjum Ísland til að fara að alþjóðlegum samþykktum um hvalveiðar í atvinnuskyni og endurskoði ákvörðunina um að auka kvóta á langreyðum og hrefnu.“

„Við spyrjum Ísland, hver er tilgangurinn með því að slátra hvölum? Íslendingar hafa drepið meira en 200 hvali, þar af 125 langreyðar sem eru í útrýmingarhættu. Samt er enginn markaður fyrir kjöt af langreyðum,“ hefur The Guardian eftir Robbie Marshall, yfirmanni alþjóðlegu dýraverndarsamtakanna IFAW. **- gar**



**HREFNUVEIÐAR** Þrýst er á Íslendinga að breyta ákvörðun fyrri ríkisstjórnar um hvalveiðiheimildir. MYND/GUNNAR BERGMANN







# PUNG FRELSI






## Ódýr nettenging sem kemur þér í gott samband



Nýtt!

**Pungfrelsi** er hefðbundin nettenging sem hentar vel ef þú notar netið að mestu fyrir tölvupóstinn og til að vafra um netið. 3G internet er hægt að nota í stað ADSL sambands.

**Fylltu á punginn fyrir 1.490 kr.**
Allt að 5 Mb/s hraði og 2 GB innifalin eða 5 GB fyrir aðeins 2.490 kr.
Áfyllingin gildir í 30 daga!




**3G pungurinn** er USB módem sem tengir fartölvuna þína við netið. Þú getur unnið á fartölvuna heima og tekið hana með þér hvert sem þú ferð innanlands.

Verð 9.900 kr.



**3G boxið** er sniðug leið fyrir þá sem vilja vera í góðu sambandi heima hjá sér. Boxið er „router“ sem hægt er að tengja við fleiri en eina tölvu.

Verð 19.900 kr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

DAGUR & STEINI

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað heitir forsætisráðherra Finnlands?
2. Upp á hvað héldu Kínverjar í vikunni með miklum bravúr?
3. Hver er þjálfari Fylkis í efstu deild karla í knattspyrnu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 74

Írar kusu öðru sinni um Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins í gær:

# Örlög sáttmálans eru ráðin

**ÍRLAND, AP** Írar gengu í gær að kjörborðinu til þess að greiða atkvæði um Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins. Talning atkvæða hefst í dag og úrslit verða ekki ljós fyrr en seinni partinn, en allar líkur þóttu á því að sáttmálinn yrði samþykktur.

Töluverð spenna var í landinu vegna kosninganna, en kosningaþátttakan virtist þó ætla að verða dræm.

Allt benti til þess að Írar hafi samþykkt Lissabon-sáttmálann í þessari umferð. Þar með tekur nýtt skipulag við um áramótin með sérstökum utanríkisráðherra og forseta framkvæmdastjórnarinnar.

Hafi úrslitin hins vegar orðið þau, að Írar hafi fellt sáttmálann, þá er Evrópusambandið aftur komið nánast á byrjunarreit. Lissabon-sáttmálinn verður að engu og varla vilji til að semja um nýjan í bráð. Styðjast þarf við gamla sáttmálann frá 1992 sem er óhentugur nú þegar aðildarríkjunum hefur fjölgað í 27.

Enn eiga þó bæði Pólverjar og Tékkar eftir að staðfesta samninginn, en til þess þarf aðeins undirritun forseta ríkjanna. Þeir eru báðir andvígir sambandinu og Vaclav Klaus Tékklandsforseti mun vafalaust reyna að draga í lengstu lög að undirrita hann. **- gb**





**KOSIÐ Á ÍRLANDI** Írar höfnuðu Lissabon-samningnum á síðasta ári, en breyttur sáttmáli var borinn undir þá í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bjartsýni í viðræðum við ESB:

# Viðræður taki hálft ár í viðbót

**BELGÍA, AP** Bjartsýni ríkir í viðræðum fulltrúa Evrópusambandsins (ESB) við Króatíu, eftir viðræður í gær. Vonast stjórnvöld í Króatíu eftir því að viðræðum geti lokið um mitt næsta ár.

Mestu munar um að hreyfing virðist komin á viðræður við Slóveníu vegna landamæradeilu þjóðanna sem staðið hefur í átján ár. Deilan hefur staðið í vegi fyrir ESB-aðild Króatíu.

Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, leiðir viðræður ESB við Króatíu. Hann varaði í gær við of mikilli bjartsýni, þó að vel hafi gengið í gær, og sagði ýmis mál enn óútkljáð. **- bj**

Lögregluníðingur í gæslu:

# Kvaðst hafa leyfi lögreglu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms þess efnis að karlmaður sem er í endurkomubanni vegna árásar á tvo lögreglumenn skuli sæta gæsluvarðhaldi til 14. október.

Maðurinn fannst fyrir tilviljun í vikunni. Sjálfur kveðst hann hafa dvalið hér síðan í apríl. Lögregla hefði leyft sér að koma inn í landið. Í rökstuðningi með kröfu um gæsluvarðhald segir lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins að hugsanleg mistök einstakra löggæslumanna við að heimila honum komu hingað til lands breyta ekki stöðunni hvað varðar gæsluvarðhaldskröfuna.

Einkaspítali rís í Mosfellsbæ:

# Starfsemi hefst í árslok 2011

**HEILBRIGÐISMÁL Ákveðið hefur verið að einkasjúkrahús sem fyrirtækið PrimaCare hyggst reisa hér á landi rísi við Tungumela í Mosfellsbæ. Skrifað var undir yfirlýsingu þess efnis í gær.**

**Spítalinn mun sérhæfa sig í hnjá- og mjaðmaliðaaðgerðum fyrir útlendinga, og verður hótel tengt spítalanum. Ætlanir PrimaCare gera ráð fyrir því að fyrstu sjúklingarnir komi á spítalann í árslok 2011.**

**Reiknað er með að kostnaður við uppbygginguna kosti 13 til 20 milljarða króna. Milli 600 og 1.000 störf munu skapast vegna sjúkrahússins í bæjarfélaginu. - bj**



**BJARGAÐ ÚR RÚSTUNUM** Tveimur var bjargað úr rústum húsa á Indónesíu í gær. Hér sjást björgunarmenn koma stúlkunni Ratna Kurnia Sari til bjargar en hún gróftst undir byggingu í borginni Padang. NORDICPHOTOS/AFP

# Bjargað úr rústum eftir tvo sólarhringa

**Óttast er að þrjú þúsund manns kunni enn að vera grafnir í rústunum eftir jarðskjálftann á Indónesíu á miðvikudag. Ólíklegt er að neinn þeirra finnist á lífi. Nú þegar hafa meira en 700 lík fundist. Björgunarfólk í kappi við tímann.**

**INDÓNESÍA, AP** Tveimur var bjargað úr rústum húsa á Indónesíu í gær, nærri tveimur sólarhringum eftir að þær gróftst undir. Önnur þeirra var nægilega hress til að bjóða fram fimm fingur í kveðjuskyni á móti hönd björgunarmanns meðan hún var borin burt.

Björgunarfólk vann í kappi við tímann, en litlar vonir þykja til að fleiri finnist á lífi úr því sem komið er.

Óttast er að þrjú þúsund manns eigi eftir að finnast látnir, en sá fjöldi bætist þá við þau rúmlega 700 lík sem nú þegar hafa fundist á vestanverðri eyjunni Súmötru. Rotnunarlyktin var stæk þegar tugir líka voru lagðir í röð á stéttar borgarinnar Padang, þar sem tjónið varð mest.

Erfitt hefur reynst að veita fólki nauðsynlega læknishjálp og víða hafa ekki einu sinni björgunarmenn komist á staðinn.

Ástæða var þó til að fagna þegar konurnar tvær fundust á lífi í rústum skólabyggingar í Padang. Ratna Kurnisari Virgo er 19 ára enskunemi en hin er kennari í málaskólanum, Suci Revika Wulan Sari.

Sari hafði legið innan um lík nemenda sinna í nærri tvo sólarhringa, en virtist ekki hafa orðið mikið meint af.

„Hún var með meðvitund, en fætur hennar og fingur voru bólgnir vegna þess að hún var undir þrýstingi," sagði skólastjóri hennar, Teresia Lianawaty.

Jarðskjálfti, sem mældist 7,6 stig, varð á miðvikudag skammt frá Padang, sem er 900 þúsund manna borg á vestanverði Súmötru. Á fimmtudagsmorgun varð síðan annar stór skjálfti, sem mældist 6,7 stig.

**gudsteinn@frettabladid.is**

**TIL SÖLU FATALAGER.**

Lagerinn er úr þrotabúi brúðarkjólaleigu að mestu karlmannaföt, einnig nokkrir kjólar og sitthvað fleira. Aðeins er tekið við tilboðum í lagerinn í heild sinni. Öllum tilboðum verður svarað. Skiptastjóri ákveður hverju eða hvort einhverju tilboðanna verður tekið, aðstoðarmaður hans svarar fyrirspurnum í síma 892-0125 (Gunnar) eða með tölvupósti go@fgo.is

**Það er dýrmætt fyrir unglinga að eiga val**
**BORGARALEG FERMING 2010**

**Skráning er í fullum gangi.**

SIÐMENNT

Upplýsingar á heimasíðu félagsins: www.sidmennt.is og í símum **567 7752, 557 3734 eða 553 0877.**

Skráning í sömu símum eða á eyðublaði á heimasíðunni. Boðið verður upp á helgarnámskeið, ætlað landsbyggðarfólki.

Alltaf ferskt
**Kjöt&Fisktorgið**
í Kringlunni & Garðabæ



**Lambahryggur**
af nýslátruðu

**1.398kr/kg**

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

Björgólfur Guðmundsson og Magnús Þorsteinsson eru gjaldþrota í málaferlum:

# Gert að reiða fram tryggingu

**DÓMSMÁL** Tveir gjaldþrota útrásarvíkingar, Björgólfur Guðmundsson og Magnús Þorsteinsson, hafa verið krafðir um hundruð þúsunda króna málskostnaðartryggingu vegna meiðyrðamáls þeirra á hendur fréttastofu Stöðvar 2.

Björgólfur og Magnús stefndu báðir Gunnar Erni Jónssyni, fréttamanninum sem fullyrti í fréttum Stöðvar 2 að þeir hefðu staðið að miklum fjármagnsflutningum úr landi dagana eftir hrun.

Björgólfur stefndi einnig Óskari Hrafni Þorvaldssyni fréttastjóra fyrir umfjöllun hans um fréttina á Bylgjunni. Báðir kröfðust einnar milljónar króna í bætur.



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON

MAGNÚS ÞORSTEINSSON

Í ljósi þess að bú Björgólfs og Magnúsar hafa bæði verið tekin til gjaldþrotaskipta fóru Óskar og Gunnar fram á það við héraðsdóm að þeim yrði gert að reiða fram tryggingu fyrir því að þeir gætu greitt málskostnað, ef svo færi að hann félli að lokum á þá sjálfa. Á þá kröfu var fallist. Magnús þarf að reiða fram 700 þúsund krónur og Björgólfur 1,4 milljónir, 700 þúsund fyrir hvorn sem hann stefnir. **- sh**




Orkusalan | 422 1000 | Bíldshöfða 9 | 110 Reykjavík



**APAR Í KÖLN** Tenja er aðeins tveggja mánaða og hjúfrar sig þarna að móður sinni í dýragarði í borginni Köln í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Ögmundur Jónasson segir bresk og hollensk stjórnvöld beita Ísland fjárkúgun:

# Össur varar við stjórnarkreppu

**EFNAHAGSMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra varaði í gær bresk og hollensk stjórnvöld við því að með því að samþykkja ekki fyrirvara Alþingis við Icesave geti þau verið að ýta Íslandi út í stjórnarkreppu.

Össur ræddi Icesave-málið í viðtali við BBC í gær. Hann ítrekaði að fyrirvarar Alþingis geri ráð fyrir því að skuldin verði greidd til baka.

Össur sagði megna óánægju með það á Íslandi að viðsemjendur taki ekki í mál að taka upp viðræður að nýju komist dómstólar að því að Íslandi beri ekki að greiða umsamdar upphæðir.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Ögmundur Jónasson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, var ómyrkur í máli við BBC í gær. Hann sagði Íslendinga afar ósátta með að bresk og hollensk stjórnvöld leyfi ekki íslenskum stjórnvöldum að fara með málið fyrir evrópska dómstóla.

Ögmundur sagði bresk og hollensk stjórnvöld hafa kallað Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til að aðstoða sig við að ná fram sínum kröfum, og einnig beitt Evrópusambandinu fyrir sig gegn Íslandi.

Spurður af fréttamanni BBC hvort hann sé að saka bresk og hollensk stjórnvöld um fjárkúgun játti Ögmundur því. Þau séu grímulaust að nota AGS til að neyða Ísland til að samþykkja skilyrðislaust kröfurnar vegna Icesave. - bj

Kosningar í Grikklandi í dag:

# Búist við að stjórnin falli

**GRIKKLAND, AP** Flest bendir nú til að stjórn Costas Karamanlis, forsætisráðherra Grikklands og formanns grískra sósíalista, falli í þingkosningum sem fara fram í landinu í dag.

Karamanlis ákvað að boða til kosninga á miðju kjörtímabili til að freista þess að ná endurkjöri. Talið er líklegt að óánægja kjósenda vegna hneykslismála sem upp hafa komið, sem og bágborins efnahags landsins, leiði til þess að stjórnin missi meirihluta.

Kannanir benda til þess að flokkur George Papandreou, fyrrverandi utanríkisráðherra, sigri í kosningunum. - bj

Lögreglan í höfuðborginni:

# Handtók þrjá meinta þjófa í höfuðborginni

**LÖGREGLUMÁL Tveir karlmenn á þrítugsaldri voru handteknir á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt. Lögregla taldi fullvíst að þeir hefðu sitthvað misjafnt á samviskunni, meðal annars tvö innbrot í Kópavogi.**

**Þá var karlmaður á fertugsaldri sömuleiðis handtekinn í tengslum við rannsókn lögreglu á innbroti í vesturbæ Reykjavíkur en þýfi fannst í bíl mannsins.**

**Þremenningarnir hafa allir komið við sögu hjá lögreglu áður.** - jss

Ríflega 110 manns misstu vinnuna í september:

# Fjórar hópuppsagnir í síðasta mánuði

**ATVINNUMÁL** Fjórar hópuppsagnir voru tilkynntar til Vinnumálastofnunar í september. Alls misstu ríflega 110 manns vinnuna í þeim uppsögnum.

Stærsta hópuppsögnin var hjá Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Þar var 40 manns sagt upp störfum.

Sú næststærsta var hjá Jarðborunum, þar sem 30 manns misstu vinnuna.

Um tuttugu manns var sagt upp hjá fyrirtæki í byggingariðnaðinum. Þá var tólf af sextán starfsmönnum Sæferða, sem reka Breiðafjarðarferjuna Baldur, sagt upp.

Samtals hefur um 1.370 manns verið sagt upp með hópuppsögnum það sem af er þessu ári.

Uppsagnirnar hafa að stærstum hluta verið í mannvirkjagerð, eða um 42 prósent þeirra. Næstur kemur fjármálageirinn, en um 23 prósent hópuppsagna hafa verið hjá fjármálafyrirtækjum. - sh



**HÁ SPARNAÐARKRAFA** Landspítalanum er gert að skera niður um samtals 3,2 milljarða á næsta ári, um níu prósent af því sem kostar að reka hann á ársgrundvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hátt í fimm hundruð missa vinnuna á LSH

**Uppsagnir hundraða starfsmanna á Landspítalanum og skerðing á þjónustu blasa við ef frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár nær fram að ganga.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ef þessi krafa um niðurskurð á rekstrarfjármagni spítalans gengur eftir mun hún gera það að verkum að segja þarf upp hundruðum starfsmanna og minnka þjónustuna.“

Þetta segir Björn Zöega, forstjóri Landspítalans, um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2010. Þar er Landspítalanum gert að skera niður um samtals 3,2 milljarða á næsta ári, eða um níu prósent af því sem kostar að reka hann. Í ár var honum gert að spara 2,8 milljarða króna, eða sem nemur 8,4 prósentum af rekstrarfjármagni

„Ekki hefur verið útfært hjá okkur hvernig við minnkum þjónustuna,“ segir Björn. „Eins og fyrr verður reynt að skerða öryggi sjúklinga og bráðastarfsemina eins lítið og hægt er. En það munu allir finna fyrir þessu með einum eða öðrum hætti. Það er ekki hægt að gera þetta öðruvísi en með uppsögnum úr öllum starfshópum spítalans.“

Björn bendir á að ekki hafi þurft að segja upp nema örfáum starfsmönnum á árinu með því að grípa til ráðstafana eins og að breyta vinnuskipulagi, lækka laun og breyta öllu sem hægt var að breyta án þess að það leiddi til uppsagna starfsfólks. Með því hafi náðst að stærstum hluta upp í sparnaðarkröfu ársins.

„Uppsagnir eru því næsta skref þegar ekki verður hagrætt lengur,“ segir Björn. Á Landspítala starfa um 5.000 starfsmenn. Ef níu prósenta sparnaðarkrafa næsta árs fælist í uppsögnum myndi það þýða uppsagnir 450 starfsmanna.

„Ég vissi að það þyrfti að spara ákveðna tölu í heilbrigðiskerfinu,“ segir Björn enn fremur. „En ég hefði vonast til þess að það yrðu frekari vísbendingar um endurskipulagningu þess í frumvarpinu og verkaskiptingu milli staða. Suðvesturlandið er langstærsti hlutinn af þessu og ekki neitt í fjárlögum sem bendir til endurskipulagningar þar. Landspítalinn er öryggisnet landsmanna. Ef enginn annar getur eða er með opið þá er það Landspítalinn sem tekur við. Við verðum alltaf að hafa opið fyrir allar sérgreinar. Ég taldi satt að segja að það yrði tekið tillit til þess við gerð fjárlaga hvað Landspítalinn er viðkvæmur fyrir ytri aðstæðum, svo sem veikri stöðu krónunnar, þar sem svo mikið er keypt af lyfjum og rekstrarvörum beint frá útlöndum.“

jss@frettabladid.is


FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ



Gerum leiðina greiðari

Við viljum hvetja íbúa borgarinnar til að huga að trjágróðri í görðum sínum, nú þegar haustið gengur í garð og síðan veturinn. Vel sprottin tré eru augnayndi en gætum þess að gróðurinn seilist ekki út á gangstéttir og stíga. Umferðarmerki þurfa að sjást vel og trjágróður má ekki byrgja götulýsingu. Skólabörn, hjólreiðafólk og aðrir vegfarendur þurfa að komast leiðar sinnar eins er mikilvægt að snjómoksturstæki geti hindrunarlaust rutt snjó af gönguleiðum.

**Tökum höndum saman** – og hugsum út fyrir garðinn, snyrtum trén svo að leiðin sé greið allt árið!

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Þjónustuver 411 1111 | www.reykjavik.is/fer



# SÓLARGANGAN ER Í DAG

## 3. október kl. 14:00

Samstíga spor þeirra sem greinst hafa með krabbamein og aðstandenda þeirra

**Gengið verður frá Skólavörðuholti (við Hallgrímskirkju) niður að Ingólfstorgi.**
**Þar verður hátíðardagskrá í tilefni af 10 ára afmæli Krafts.**

**Við hvetjum alla sem málefnið varðar að ganga sólarmegin með okkur í dag.**

## KRAFTUR 1999 - 2009

**Nánari upplýsingar á kraftur.org**

KRAFTUR

Stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra

**Söfnunarsíminn er 907 2700**

1000 kr. renna óskiptar til Krafts

Kvartað yfir hvalveiðum til umboðsmanns Alþingis:

# Telur ekki tilefni til athugasemda

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þá ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar, þáverandi sjávarútvegsráðherra, að heimila hvalveiðar.

Tvö hvalaskoðunarfyrirtæki kvörtuðu til umboðsmanns þar sem þau töldu ákvörðun ráðherra um að leyfa hvalveiðar ólöglega, sem og ákvörðun Steingríms J. Sigfússonar, sem tók við ráðherradómi af Einari, að hrófla ekki við þeirri ákvörðun.



EINAR K. GUÐFINNSSON

Töldu fyrirtækin leyfisveitingarnar ekki hafa byggst á haldbærum rökum. Á það féllst umboðsmaður Alþingis ekki. **- bj**



**AKRANES** Enn er deilt um samninga um tölvuþjónustu bæjarins. Nú hefur ákvörðun bæjarstjórnar verið kærð til kærunefndar útboðsmála. Kærandi segir upphæð samningsins gera hann útboðsskyldan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kærir Akranesbæ vegna tölvusamnings

**Tölvufyrirtækið Omnis hefur kært Akraneskaupstað til kærunefndar útboðsmála fyrir að framlengja samninga um tölvuþjónustu í bænum. Í tvígang hefur verið fallið frá útboði.**

**AKRANES** Tölvufyrirtækið Omnis hefur kært Akraneskaupstað til kærunefndar útboðsmála fyrir ákvörðun bæjaryfirvalda um að framlengja samning sinn við Tölvuþjónustuna SecurStore. Fallið var frá útboði og ákveðið að semja við fyrirtækið til 18 mánaða.

Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá hefur minnihluti bæjarstjórnar gagnrýnt meirihlutann í málinu. SecurStore er í eigu Arnar Gunnarssonar, sem er sonur Gunnars Sigurðssonar forseta bæjarstjórnar, og Bjarna Ármannssonar. Bæjarráð fól bæjarstjóra í sumar að undirbúa útboð á tölvuþjónustunni. Á öðrum fundi var bæjarstjóra einnig falið að leita eftir afslætti á fyrirliggjandi samningum. Bæjarstjórn samþykkti síðan framlengdan samning við SecurStore með 25 prósenta afslætti, í stað þess að fara í útboð.

Omnis krefst þess að sá samningur verði stöðvaður, eða gerður ógildur hafi hann þegar verið gerður, og bæjaryfirvöldum gert að bjóða þjónustuna út. Þá er nefndin beðin að láta í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu bæjarfélagsins.

Eggert Herbertsson, framkvæmdastjóri Omnis, segir fyrirtækið hafa unnið forvinnu vegna fyrirhugaðs útboðs sem aldrei varð af. Tilboð þess hefði sparað bæjarfélaginu rúmar 11 milljónir króna á samningstímanum. Hann hafi sent inn tilboð sem aldrei hafi verið svarað.



GÍSLI S. EINARSSON



EGGERT HERBERTSSON

Nokkuð hefur verið deilt um kostnað við tölvuþjónustuna. Gísli sagði við Fréttablaðið 12. september að kostnaður við hýsingu og afritun væri um sex milljónir. Það er undir viðmiðunarmörkun um útboð í innkaupastefnu bæjarins og lögum um opinber útboð, sem er 10 milljónir króna.

Eggert segir hins vegar að það sé ekki nema brot af kostnaði bæjarins við samninginn. Mun fleira felist í þjónustunni og heildarkostnaður sé yfir 20 milljónir á ársgrundvelli. Samningur til 18 mánaða sé því um 30 til 35 milljóna króna virði og útboðsskyldur.

Þetta er í annað skipti sem fallið er frá því að bjóða tölvuþjónustu bæjarins út. Árið 2008 var samið við SecurStore og bókun bæjarráðs frá 25. október 2007 um útboð var þar með snúið við. Eyjólfur R. Stefánsson tölvunarfræðingur kærði þá ákvörðun til samgönguráðuneytis sem úrskurðaði hana lögmæta. **kolbeinn@frettabladid.is**






# Útsalan í fullum gangi

**30% afsláttur af öllum vörum!**




HEIMA HÚSIÐ

mood heima Öndvegi BÚUM BETUR

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

PIPAR • SÍA • 91618

# RISA




**Office1**




Minnislyklar
2GB á
**kr. 1.490**

4GB á
**kr. 1.990**

Föndurstemning
alla helgina.

Mini Kits föndurdót
**kr. 590**

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ



COLORADO
hægindastóll með nuddi.
Verð áður kr. 39.900

Verð nú
**kr. 24.900**
Sparið kr. 15.000

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ



HØIE GREENFIRST
thermosæng.
Verð áður kr. 12.900

Verð nú
**kr. 7.900**
Sparið kr. 5.000

Art2b
Listsmiðja



**50%**
afsláttur
af öllum
málverkum.

**ILVA**

**20%**
afsláttur af
öllum sófum.





ILVA kaffi

Komdu og fáðu þér köku
og kaffi í boði ILVA
dagana 3.-4. okt.

**Europris**

Allt garn í Europris
á **20%** afslætti
um helgina.



KRAKKAHÖLLIN
2-12 ára



# afmælishátíð Korputorgs alla helgina




**Afmælistilboð í öllum verslunum, nammi og blöðrur fyrir börnin og frítt í Krakkahöllina þar sem Ölgerðin býður börnum uppá Frissa fríska.**
**Mætið í afmælisskapi á afmælishátíð Korputorgs um helgina.**

## BÓNUS

KS ferskt lambalæri af nýslátruðu.
**1.189** kr./kg.



SS frosið ósoðið slátur nú á
**40% afslætti.**

## MERKJA OUTLET



Herrajakkaföt
**kr. 14.995**
Dökkblá og svört.
Stærðir 46-64.

hummel

Einnig verður **25%** afsláttur af öllum HUMMEL íþróttafatnaði.

## TOYS "R" US

Læknasett á afmælistilboði.

Verð áður
kr. 4.999

Verð nú
**kr. 2.499**




## ILVA



**15-30%**
afsláttur af Silence rúmum og dýnum.

## the PIER

Glæsilegt úrval af kertum með langan líftíma á frábæru verði.
**20-40%**
afsláttur.



## RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ



SAMIRA og NATURA mottur
**30%** afsláttur.

Kaffi og kleinur í boði Rúmfatalagersins og Svali fyrir börnin.



**Frítt í Krakkahöllina þar sem Ölgerðin býður börnum uppá Frissa fríska.**

Tilboð gilda aðeins í Korputorgi.

**KORPUTORG**

FRÉTTAVIÐTAL: GUNNSTEINN SIGURÐSSON, BÆJARSTJÓRI Í KÓPAVOGI

# Ákvörðun um prófkjörsslag bíður síns tíma

**Verðmæti úthlutaðra lóða sem skilað hefur verið til Kópavogsbæjar í ár og í fyrra er 15 milljarðar króna. Mikill niðurskurður er fram undan hjá bænum eins og í öðrum sveitarfélögum en nýr bæjarstjóri, Gunnsteinn Sigurðsson, segir að bærinn muni njóta góðs af því að tilbúið gatnakerfi, grunnskólar og íþróttaaðstaða séu til staðar fyrir nýja íbúa. Hann er ekki búinn að ákveða hvort hann ætlar að skella sér í prófkjörsslag við Gunnar I. Birgisson sem vill snúa aftur sem leiðtogi sjálfstæðismanna í bænum.**



GUNNSTEINN SIGURÐSSON Hann var skólastjóri í Kópavogi, en tók við embætti þegar Gunnar I. Birgisson vék sæti í kjölfar hneykslismála. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gunnsteinn Sigurðsson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir að búið sé að skera alla fitu af í rekstri sveitarfélagsins; frekari niðurskurður muni bitna á þjónustu. Kópavogur og önnur sveitarfélög þurfa að skera mikið niður í rekstri sínum á næsta ári.

„Svigrúmið er ekki mikið. Við höfum farið ofan í flesta liði og tálgað burt það sem hægt var. Það verður ekki hægt að ganga lengra í niðurskurði án þess að það bitni á þjónustu,“ segir Gunnsteinn. Hann er ekki tilbúinn að nefna tölur um samdrátt næsta árs en gefur til kynna að það sé á svipuðu bili og í öðrum sveitarfélögum, þar sem gjarnan er rætt um 5,6-7 prósenta niðurskurð rekstrargjalda.

### Niðurskurður bitnar á þjónustu

Gunnsteinn segir að sveitarstjórnarmenn beri mikið saman bækur sínar og séu sammála um að þörf sé á því að stjórnvöld taki „stórar ákvarðanir“. Þegar spurt er hvort hann sé að kalla eftir lagabreytingum svo að hægt verði að skera niður þá þjónustu sem nú er lögbundin varðandi til dæmis rekstur grunnskóla og leikskóla svarar hann hvorki játandi né neitandi. Rekstur grunnskólanna er langstærsta verkefni sveitarfélagsins og Gunnsteinn, sem er sjálfur skólamaður og var skólastjóri áður en hann varð bæjarstjóri, segir erfitt að skera meira niður í skólunum án þess að það bitni á þjónustu.

### Sundlaugar og söfn

Eins segir hann óhjákvæmilegt að „tekið verði til“ í þjónustuþáttum sem ekki eru lögbundnir, til dæmis rekstri sundlauga og safna. Endurskoðun á afgreiðslutíma þeirra stofnana er til skoðunar. Sveitarfélögin styrkja rekstur tónlistarskóla og myndlistarskóla, íþróttafélaga, auk þess að niðurgreiða æfingagjöld barna. Styrkir til tónlistarskóla eru að einhverju leyti lögbundnir en að öðru leyti er þessi þjónusta umfram skyldu sveitarfélaganna. Þess vegna má búast við að horft verði til þeirra þegar verið er að skera niður kostnað. „Önnur leið er að hækka gjaldskrár,“ segir Gunnsteinn, „en menn forðast það í lengstu lög.“

Gunnsteinn segir að niðurskurður muni þó ekki bitna á félagsþjónustu sveitarfélagsins, þvert á móti verði framlög til hennar aukin. Í kreppunni hafa mun fleiri leitað til sveitarfélagsins um aðstoð. Bærinn hefur rýmkað reglur um húsaleigubætur og aukið framlög í samræmi við það að leigjendum hefur fjölgað meðal íbúa bæjarins. Einnig hafa mun fleiri fengið framfærsluaðstoð en áður.

Fjárhagsáætlanir gerðu ráð fyrir 90 milljóna króna framlagi í félagsaðstoð af ýmsu tagi á þessu ári en kostnaðurinn er þegar orðinn 180 milljónir og bætt verður í fjárheimildirnar við endurskoðun rekstraráætlunar og aftur á næsta ári.

### Lóðum fyrir 15 milljarða skilað

Kópavogsbær hefur byggst hratt upp undanfarin ár og fjölgunin hefur haldið áfram eftir hrun. Íbúar eru 600 fleiri í ágúst í ár en í ágúst í fyrra. Við hrunið stöðvaðist engu að síður sú uppbygging sem verið hefur í bænum undanfarin ár. Gunnsteinn upplýsir að alls hafi 459 úthlutuðum lóðum verið skilað inn til bæjarins í ár og í fyrra. 67 af þessum lóðum hefur verið endurúthlutað, þar af þremur atvinnulóðum. Verðmæti skilaðra lóða nemur um 15 milljörðum króna. Endurgreiðsla bæjarsjóðs er þó lægri tala og nemur þeirri greiðslu sem kaupendur höfðu greitt inn á lóðir sínar. Þær tölur liggja ekki fyrir.

Gunnsteinn segir að lóðaskilin hafi verið bænum erfið. „En á móti kemur að við erum búnir að byggja upp gríðarlega mikla þjónustu í þessum hverfum. Hverfin eru fullbúin og tilbúin að taka við fleiri íbúum.“ Uppbygging gatnakerfis og innviða sé nánast lokið. Fólk muni sækjast í hverfi þar sem fyrir eru fullgerðar götur og fullgerðir skólar. Hörðuvallaskóli verði fullbúinn öðru hvorum megin við áramót og vinna við Vatnsendaskóla sé nú á síðustu metrunum. Þessir skólar geti tekið við töluvert fleiri nemendum á næstu árum. „Til viðbótar erum við með fullgerða íþróttaaðstöðu, knatthús í Vallakór. Stórt íþróttahús sem verður tekið í notkun von bráðar. Við erum með tvo grasvelli og sandgrasvöll tilbúinn á þessu svæði: Ég held að öll þessi aðstaða verði til þess að fólk muni leita inn á þessi svæði. Uppbyggingin þýðir líka að það hefur í för með sér að því fylgir bara ávinningur fyrir okkur að fá fólk inn á svæðið.“ Hann segir að þessi staðreynd, að innviðir fyrir framtíðaruppbygginguna eru fyrir hendi, geri líka að verkum að bærinn sé bjartsýnn á að honum takist vel að sækja sér nýtt lánsfé út á markaðinn en bærinn er með skuldabréfaútboð í undirbúningi fyrir þetta ár og hið næsta.

Hrunið hefur leitt til þess að mál sem voru í mikilli umræðu meðal almennings hafa legið í láginni undanfarna mánuði. Það á til dæmis við um skipulagsmál í Kársnesi. Áform bæjarins um byggð á miklum landfyllingum mættu mikilli andstöðu íbúa. Gunnsteinn segir að fyrirsjáanlegt sé að ekki verði farið í framkvæmdir þarna á næstu árum enda sé nóg til af fullskipulögðum hverfum í bænum. Skipulagshugmyndirnar eru hins vegar enn til meðferðar og verða teknar fyrir á fundi með Íbúasamtökum Kársness á næstu vikum.

### Álitshnekkir fyrir bæjarfélagið

Gengið verður til sveitarstjórnarkosninga næsta vor en Gunnsteinn segir að þetta verði óvenjulegur kosningavetur, meirihluti og minnihluti standa saman að gerð fjárhagsáætlunar, allar framkvæmdir eru í lágmarki og aðhald og sparnaður í fyrirrúmi í rekstrinum. Endurskoðuð fjárhagsáætlun þessa árs verður rædd á næsta bæjarstjórnarfundi og hún verður síðan lögð til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Frá því að bankahrunið varð hafa meirihluti og minnihluti bæjarstjórnarinnar átt samstarf um fjármálastjórn bæjarins; stóðu saman að gerð fjárhagsáætlunar, vinna saman að endurskoðuninni og ætla að halda áfram samstarfi við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Gunnsteinn segir að samstarfið hafi gengið vel hingað til og á ekki von á öðru en að samstaða náist um fjárhagsáætlun næsta árs.

Gunnsteinn hefur verið þrjá mánuði í stól bæjarstjóra. Hann tók við þegar Gunnar I. Birgisson dró sig í hlé sem bæjarstjóri og fór í leyfi frá starfi bæjarfulltrúa.

Eins og kunnugt er hafði Gunnar Birgisson verið harðlega gagnrýndur vegna viðskipta bæjarins við fyrirtæki í eigu dóttur hans en það sem olli því að hann vék úr bæjarstjórastóli var rannsókn Fjármálaeftirlitsins á Lífeyrissjóði Kópavogs. Í vikunni boðaði Gunnar endurkomu sína í bæjarpólitíkina í viðtali við Pressuna. Hann ætlar að sækjast eftir 1. sæti í prófkjöri fyrir sveitarstjórnarkosningarnar næsta vor. Ætlar Gunnsteinn að keppa við Gunnar um oddvitasætið?

„Ég hef ekki tekið neina ákvörðun um það, mér finnst það ekki tímabært. Ég tók að mér þetta verkefni og ætla að klára það. Ég geri ráð fyrir að prófkjörið verði í febrúar og fyrir þann tíma þarf ég að gera upp við mig hvað ég geri.“

Kemur þér á óvart að Gunnar ætli að snúa aftur?

„Nei, Gunnar verður að ákveða það en tímasetningin er óvænt. Hann vék úr sæti og tók sér leyfi frá starfi bæjarfulltrúa meðan rannsókn færi fram á störfum stjórnar Lífeyrissjóðs Kópavogsbæjar. Sú rannsókn er enn í gangi en það er nauðsynlegt að henni ljúki sem fyrst. Fjármálaeftirlitið greip til mjög þungbærra aðgerða og öll þessi umræða hefur ekki verið góð fyrir bæjarfélagið.“

Gunnsteinn segir að leiði rannsóknin ekki til frekari aðgerða af hálfu FME hljóti bærinn að íhuga að krefjast bóta vegna þess skaða og álitshnekkis sem málið hefur valdið.

„Það hefur verið óþægilegt að Gunnar hafi þurft að fara frá við þessar aðstæður; umræðan hefur verið erfið fyrir alla aðila, bæði fyrir bæjarfélagið sjálft, en ekki síst Gunnar. Hann er ósáttur en ég kem inn í starfið við þessar aðstæður og þarf fyrst og fremst að fá menn til að vinna saman. Það hefur gengið ágætlega og ég hef ekki undan neinu að kvarta.“



FRÉTTAVIÐTAL
PÉTUR GUNNARSSON
peturg@frettabladid.is

HEILSUGÆSLAN

**Bólusetning gegn árlegri inflúensu**

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins vill vekja athygli á því að skipulögð bólusetning gegn inflúensu (*ekki svonefndri svínainflúensu*) hefst á heilsugæslustöðvum mánudaginn 5. október 2009.

Hverjum er einkum ráðlagt að láta bólusetja sig?

- Öllum sem orðnir eru 60 ára
- Öllum, bæði börnum og fullorðnum, sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Starfsfólki heilbrigðisþjónustu og öðrum sem daglega annast fólk með aukna áhættu.

Þeir sem tilheyra ofangreindum hópum fá bóluefnið sér að kostnaðarlausu en greiða komugjald samkvæmt reglugerð nr. 1204 / 2008. Í síðasttalda hópnum eru það þó *einungis heilbrigðisstarfsmenn* sem ekki greiða fyrir bóluefnið. Fyrirkomulag bólusetningar getur verið mismunandi milli heilsugæslustöðva. Vinsamlegast leitið upplýsinga á vef Heilsugæslunnar www.heilsugaeslan.is, eða hafið samband við hlutaðeigandi heilsugæslustöð.

| | |
|---|---|
| Heilsugæslan Árbæ, Reykjavík | s: 585 7800 |
| Heilsugæslan Efra-Breiðholti , Reykjavík | s: 513 1550 |
| Heilsugæslan Efstaleiti, Reykjavík | s: 585 1800 |
| Heilsugæslan Fjörður, Hafnarfirði | s: 540 9400 |
| Heilsugæslan Garðabæ | s: 520 1800 |
| Heilsugæslan Glæsibæ, Reykjavík | s: 599 1300 |
| Heilsugæslan Grafarvogi, Reykjavík | s: 585 7600 |
| Heilsugæslan Hamraborg, Kópavogi | s: 594 0500 |
| Heilsugæslan Hlíðum, Reykjavík | s: 585 2300 |
| Heilsugæslan Hvammi, Kópavogi | s: 594 0400 |
| Heilsugæslan Miðbæ, Reykjavík | s: 585 2600 |
| Heilsugæslan Mjódd, Reykjavík | s: 513 1500 |
| Heilsugæsla Mosfellsumdæmis | s: 510 0700 |
| Heilsugæslan Seltjarnarnesi | s: 561 2070 |
| Heilsugæslan Sólvangi, Hafnarfirði | s: 550 2600 |
| Heilsugæslan Lágmúla 4, Reykjavík | s: 595 1300 |
| Heilsugæslan Salahverfi, Kópavogi | s: 590 3900 |

Búast má við að bólusetning geti veitt a.m.k. 70% vörn gegn sjúkdómnum auk þess sem hann verður vægari hjá þeim í hópi bólusettra sem veikjast. Þeim sem leita vilja ráðgjafar er bent á sína heilsugæslustöð.

Frekari upplýsingar er að finna á vef Heilsugæslunnar, www.heilsugaeslan.is
Fræðsluefni um inflúensu má finna á vef landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is

Reykjavík, 3. október 2009

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
Álfabakka 16, 109 Reykjavík sími 585 1300 www.heilsugaeslan.is

# jakkaföt

*í október*

***Þú kaupir þér Armani eða Joop! jakkaföt og færð Stenström skyrtur að eigin vali í kaupbæti***




*Með hverjum*
ARMANI *jakkafötum*
*fylgja 2 Stenström skyrtur*

*Með hverjum*
JOOP! *jakkafötum*
*fylgir 1 Stenström skyrta*

bankastræti 7 101 reykjavík sími 551 3470

**sævar karl.** *reykjavík*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvar eru hugmyndir um atvinnuuppbyggingu?

## Þjóðin þarf nýtt sóknarskeið strax

ÞORKELL SIGURLAUGSSON SKRIFAR

Forseti Íslands sagði við setningu Alþingis á fimmtudag að sóknarskeið fyrir Ísland væri raunhæft haustið 2010 og nú þyrfti að hætta flokkadráttum. Hvernig á að eyða flokkadráttum í þjóðfélagi sem byggir á stjórnmálaflokkum og mismunandi lífsviðhorfum fólks? Af hverju eigum við að bíða til haustsins 2010 með sóknarskeið? Fjárlagafrumvarpið boðar niðurskurð á útgjöldum og skattahækkanir sem endurspeglar stefnu stjórnvalda. Forsvarsmenn samtaka í atvinnulífinu og fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar eru langeyg eftir vonarneista og trú á að ástandið sé að lagast. Það er ekki hægt að bíða haustsins 2010 með að spila sóknarleik.

*Þarna eru þúsundir starfsmanna, yfirleitt vel menntað fólk sem er að bera ávöxt vegna góðrar menntunar og dugnaðar.*

Fjárlagafrumvarp næsta árs lofar ekki góðu. Það versta við núverandi aðstæður er að hækka verulega skatta á fyrirtæki og einstaklinga. Það dýpkar kreppuna. Tekjuaukning þjóðarinnar má ekki byggja á því að taka mikla fjármuni af fyrirtækjum og einstaklingum til að auka tekjur ríkissjóðs. Þá er verið að færa fjármuni úr vasa almennings og athafnafólks í vasa ríkissjóðs. Það mun ekki auðvelda sóknarleikinn og atvinnuuppbygginu.

Fjöldi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og einstaklinga er með frábærar hugmyndir um atvinnuuppbygginu og tekjuöflun með útflutningi á vöru og þjónustu. Mörg þessara fyrirtækja hafa tengst rannsóknum innan háskólanna og það er oft vanmetið hve stórt hlutverk háskólarnir geta leikið í nýsköpun og þróunarstarfi. Þessi litlu og meðalstóru fyrirtæki og starfsfólk þeirra eru mikilvægur hluti sóknarleiksins enda eru vel yfir 90 prósent fyrirtækja í landinu með færri en 50 starfsmenn. Þarna eru þúsundir starfsmanna, yfirleitt vel menntað fólk sem er að bera ávöxt vegna góðrar menntunar og dugnaðar. Við eigum nokkur fyrirtæki í sömu sporum og Marel og Össur fyrir 10 til 15 árum og þurfum að hlúa að þeim.

Það eru einstaklingar og lítil og meðalstór fyrirtæki sem þurfa að vera drifkraftur íslensks atvinnulífs um þessar mundir. Atvinnuuppbygging verður ekki til við ríkisstjórnarborðið eða í ríkisbönkunum, en ríkisvaldið, bankarnir og lífeyrissjóðirnir þurfa að veita stuðning og vinna með í endurreisninni. Lagning vega og jarðganga og bygging háskólasjúkrahúss eru áhugaverð verkefni, en búa ekki til nýjar útflutningstekjur og nýtt sóknarskeið. Þjóðin þarf atvinnuuppbyggingu sem byggir á útflutningstekjum, öflun gjaldeyris, til að koma okkur út úr vandanum. Við þurfum sóknaráætlun strax, en ekki starf sóknarnefnda sem skila skýrslum síðla árs 2010! Sóknarnefndir gegna mikilvægu hlutverki í kirkjulegu starfi, en við þurfum annars konar vinnulag við endurreisn atvinnulífsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Glíman við samviskuna


ÞORSTEINN PÁLSSON

Hvað þýðir afsögn Ögmundar Jónassonar? Sjálfur segist hann hafa vikið af ráðherrabekknum til þess að verða ekki viðskila við samviskuna. Er það rétt? Á sama tíma heitir hann fullum stuðningi við ríkisstjórnina. Forystumenn hennar segja hins vegar að hún fari frá fái hún ekki meirihluta Alþingis til að rjúfa samkomulagið um lyktir Icesave-málsins frá því í ágúst.

Fari svo að Ögmundur Jónasson og fylgismenn hans í þingflokki VG neiti að rjúfa Icesave-samkomulag Alþingis nema í sátt við alla þá sem að því stóðu segir hann satt um vegferðina með samviskunni. Greiði hann fyrir framgangi nýju Icesave-niðurstöðunnar með atkvæði sínu eða hjásetu segir hann ósatt. Þá er afsögnin í besta lagi friðþæging gagnvart samningsrofi.

Enginn vafi er á að Ögmundur Jónasson styrkti pólitíska stöðu sína með því að hafa forystu um breiða samstöðu á Alþingi um Icesave-málið. Svarið við þeirri spurningu hvort afsögnin efli hann sem staðfastan stjórnmálamann fer alfarið eftir því hvaða afstöðu hann tekur þegar málið kemur til kasta þingsins á ný. Það er einfaldlega óskýrt enn sem komið er.

Veikti forsætisráðherra stöðu sína með því að þvinga Ögmund Jónasson til afsagnar? Krafan um einingu í ríkisstjórninni var réttmæt. Hún kom hins vegar of seint fram. Ríkisstjórnin lenti í hafvillum með málið þegar á frumstigi. Annars vegar hefði forsætisráðherra í vor sem leið átt að taka málið upp við forsætisráðherra Bretlands og Hollands. Hins vegar hefði sú eðlilega krafa þá þegar átt að liggja ljós fyrir að einingar væri krafist í ríkisstjórninni.

Icesave-málinu þurfti að ljúka með samningum. Vinnubrögðin sem nú hafa leitt til þess að ríkisstjórnin þarf að ganga á bak orða sinna bæði gagnvart viðsemjendunum og Alþingi munu á hinn bóginn hafa margvíslegar afleiðingar. Eftir þessa atburði er stjórnin líkari skipi bundnu við bryggju en fleyi á siglingu.

Um réttmæti þess að semja á ný er ekki unnt að dæma fyrr en staðreyndir málsins eru opinberaðar.

## Málefnalegur afsláttur

Augljósasta afleiðingin af Icesave-óförunum er sú að stjórnarflokkarnir munu eiga mun erfiðara með að ná saman um markvissar ráðstafanir í mikilvægum málum. Það helgast af því að örðugra verður fyrir VG að víkja frá grundvallarstefnu sinni eftir að andófshópurinn í Icesave-málinu hefur verið knúinn til að breyta samkomulaginu sem gert var á Alþingi.

Þegar fyrir afsögn Ögmundar Jónassonar var komið upp á yfirborðið að VG ætlaði að bregða fæti fyrir allar framkvæmdir í orkunýtingarmálum sem kostur væri á, jafnvel með ólögmætum stjórnvaldsákvörðunum. Samfylkingin hefur þegar þurft að kyngja tafaleikjum á þessu sviði og mun þurfa að ganga lengra eftir því sem líður á stjórnarsamstarfið. Það væri í góðu lagi ef þessar framkvæmdir væru ekki einn af hornsteinum endurreisnarinnar.

Við afsögn sína tók Ögmundur Jónasson tvennt fram sem lýtur að grundvelli stjórnarstefnunnar: Segja yrði upp samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og hverfa yrði frá stefnunni í ríkisfjármálum á miðju næsta ári.

Ólíklegt er að Ögmundur Jónasson hafi styrk til þess að knýja fram slíka kúvendingu á stjórnarstefnunni með formlegum hætti. Hitt er sennilegt að honum muni takast að hafa forystu fyrir því að í samningum stjórnarflokkanna um framgang efnahags- og ríkisfjármálastefnunnar verði veittur svo mikill afsláttur að þau markmið náist ekki sem að er stefnt. Pólitískar undirstöður endurreisnarstarfsins eru því mun veikari nú en við stjórnarmyndunina.

## Hvar er miðjan?

Við afsögnina herti Ögmundur Jónasson mjög á þeirri einangrunarhyggju sem lengst af var einungis borin uppi af sósíalistum lengst til vinstri. Þessir atburðir munu því dýpka gjána milli stjórnarflokkanna varðandi umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Aðildarspurningin er framtíðarmál fremur en augnabliksmál. Hún hefur þó að einu leyti bein tengsl við endurreisn efnahagslífsins. Stöðugleiki á fjármálamarkaði með frjálsum og haftalausum viðskiptum er borin von með svo lítinn gjaldmiðil sem krónan er.

Stólparót efnahagshrunsins liggur í ofrisi og síðar falli gjaldmiðilsins sem var undanfari bankahrunsins. Úrslitin í endurreisnarglímunni ráðast af því hvort fólkið og fyrirtækin fá samkeppnishæfa mynt.

Enginn stjórnmálaflokkur hefur enn sem komið er kynnt trúverðuga stefnu í peningamálum með íslenskri krónu. Eini sjáanlegi möguleikinn í þeim efnum er evran. Það aukna málefnavægi sem VG fær í kjölfar síðustu atburða veikir baráttuna fyrir samkeppnishæfum gjaldmiðli.

Þá vaknar spurningin: Hvar er miðjan í íslenskri pólitík? Er ekki meirihluti á miðjunni fyrir nauðsynlegri aðhaldspólitík í ríkisfjármálum, brýnum orkunýtingarframkvæmdum, mikilvægi þess að fá samkeppnishæfa mynt og gildi þess að Ísland eigi aðild að öflugustu samtökum Evrópuþjóða?

Ríkisstjórnin var beinlínis mynduð til að skerpa andstæður í pólitíkinni. Hún hefur öruggan þingmeirihluta til að sitja áfram í þeim tilgangi. Atburðir liðinnar viku gætu hins vegar leitt til þess að á næstu misserum verði það sjónarmið ríkara í grasrót samfélagsins að miðjunni í íslenskum stjórnmálum beri að taka höndum saman til að tryggja samstöðu og stjórnfestu við endurreisnina.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



oryggi.is

# Hollráð gegn innbrotum

## 1 Hurðir og gluggar
Hafið hurðir ætíð læstar og glugga lokaða og krækta aftur.

## 2 Læsingar og krækjur
Mikilvægt er að krækjur á gluggum séu traustar og læsingar sterkar og af viðurkenndri gerð.

## 3 Lýsing
Góð lýsing utandyra fælir þjófa frá. Hugið sérstaklega að bakgarðinum þar sem þjófur hefur e.t.v. mest næði til að athafna sig.

## 4 Verðmæti utandyra
Hafið öll áhöld, reiðhjól og önnur tæki læst inni.

## 5 Stigar og verkfæri til innbrota
Læsið inni stiga og önnur verkfæri sem hægt er að nota til innbrota.

## 6 Verðmæti innandyra
Ekki láta þá sem standa fyrir utan húsið sjá verðmæti eins og fartölvur, myndavélar og annað sem auðvelt er að koma í verð.

## 7 Varist að auglýsa ferðalagið
Farið varlega í að tilkynna ferðalög og fjarveru af heimili, t.d. á símsvara eða internetinu (t.d. Facebook).

## 8 Sérstakar ráðstafanir fyrir verðmætustu hlutina
Heppilegt er að koma dýrmætum hlutum eins og frímerkja- eða myntsöfnum, dýrum skartgripum o.þ.h. fyrir á öruggum stað, t.d. í traustum verðmætaskáp eða bankahólfi. Takið einnig myndir af verðmætum hlutum og skráið raðnúmer þeirra.

## 9 Látið líta út fyrir að einhver sé heima
Ef þið eruð fjarverandi af heimilinu í einhvern tíma:

- **Hafið ljós kveikt eða útvarp í gangi.**
- **Gætið þess að blöð og póstur safnist ekki saman á sýnilegan hátt fyrir utanaðkomandi.**
- **Ef þið eruð fjarverandi um vetrartíma er gott að fá nágranna til að setja fótspor að inngangi.**

## 10 Setjið öryggiskerfi ávallt á vörð
Jafnvel þó heimilið sé einungis yfirgefið í skamma stund. Setjið öryggiskerfi á „næturstillingu“ þegar fjölskyldan fer að sofa.

***Ímyndið ykkur að þið séuð læst úti - hvernig mynduð þið komast inn?***
***Þjófurinn notar líklegast sömu aðferð!***

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

**Hringdu í 570 2400 og fáðu ókeypis öryggisráðgjöf heim!**

PIPAR • SÍA • 91340

# Hagræðing á háskólastigi

UMRÆÐAN
Björg Thorarensen skrifar um niðurskurð hjá háskólum



BJÖRG THORARENSEN

Eftir kröftuga uppbyggingu og útþenslu í íslensku háskólaumhverfi á tímum góðæris þurfa háskólar eins og aðrar stofnanir samfélagins að grípa til umtalsverðs niðurskurðar í rekstri. Fjárframlög til háskóla lækka um 8,5% frá síðasta ári. Þetta þýðir að þrátt fyrir 20% fjölgun nemenda í Háskóla Íslands á þessu skólaári fær hann 200 milljónum króna lægri fjárveitingu árið 2010. Horfur eru á áframhaldandi niðurskurði framlaga til háskóla, um meira en tvo milljarða króna næstu þrjú ár. Þessar aðstæður kalla á endurskipulag háskólastigsins og nýja forgangsröðun til þess að hægt verði að halda uppi gæðum háskólanáms í landinu fyrir mun fleiri nemendur með talsvert lægri fjárhæð en áður var til ráðstöfunar.

### Tvö markmið

Fyrsta athugunarefnið er að sjö háskólar starfa í 330 þúsund manna samfélagi, þar af fjórir sem halda úti sömu námsleiðum í lögfræði og viðskiptafræði í grunnnámi og meistaranámi og tveir í tölvunarfræði, verkfræði og nú síðast sálfræði frá haustinu 2009.

Á síðastliðnu ári hafa hvorki meira né minna en þrjár nefndir verið stofnaðar um aðgerðir í málefnum háskóla í ljósi breyttra efnahagsaðstæðna. Tvær fyrri skiluðu tillögum vorið 2009 en þeirri þriðju, sérstökum rýnihópi með fulltrúum allra háskólanna, var falið að taka afstöðu til tillagna hinna tveggja og hún skilaði niðurstöðum sínum í ágúst.

Meginniðurstaða hópsins var að auka þyrfti samstarf háskólanna. Engar útfærðar tillögur eða tölulegar forsendur hafa þó komið fram um hvernig raunverulegur sparnaður, sem þarf að nema hátt á annan milljarð króna, eigi að nást fram með auknu samstarfi eða verkaskiptingu á milli háskóla með gerólíkum rekstrarformum.

Kjarni málsins er sá að við niðurskurð og hagræðingu í opinberum útgjöldum til háskólastigsins verður að hafa tvö markmið að leiðarljósi. Í fyrsta lagi að taka mið af því hvar lögbundnar skyldur ríkisins liggja gagnvart háskólamenntun í landinu. Í öðru lagi að ná fram mestri hagræðingu, þannig að kostnaður á hvern nemanda verði sem minnstur, án þess að gæðum háskólanáms og rannsókna sé stefnt í hættu.

### Háskóli Íslands í forgang

Hvað fyrra atriðið varðar blasir við að í efnahagsþrengingum þeim sem nú standa yfir bera stjórnvöld sérstakar skyldur gagnvart Háskóla Íslands. Þeim ber því við úthlutun opinberra fjármuna að forgangsraða á þann veg að hlúð sé að þessum undirstöðuþætti fram yfir aðra.

Um margra ára skeið hafa einkareknir skólar á háskólastigi í raun verið ríkisreknir að stærstum hluta og hafa fengið greidd jafnhá kennsluframlög á hvern nemanda og nemendur HÍ. Þó hefur HÍ ekki fengið öll nemendaígildi bætt að fullu undanfarin ár og enn eykst það misræmi eftir 20% fjölgun nemenda. Auk fullra kennsluframlaga frá ríkinu hefur einkaskólum verið heimilt að innheimta skólagjöld sem eru allt að þriðjungs viðbót við tekjur þeirra. Til viðbótar þessu veitir ríkið einnig námslán fyrir skólagjöldum þeirra.

Á sama tíma hefur deildum HÍ sem eru í samkeppni við einkaskólana verið neitað um heimild til töku skólagjalda. Samkeppni er af hinu góða, en aðeins ef hún fer fram á jafnréttisgrundvelli. Það skilyrði hefur aldrei verið uppfyllt hér á landi. Sérstætt er að jafnræðissjónarmiðin verði skyndilega virk á niðurskurðartímum þannig að niðurskurður þurfi að koma jafnt niður á öllum háskólum. Enn fremur dylst engum sú ankannalega aðstaða að haldið er uppi kennslu í lögfræði, viðskiptafræði, verkfræði og sálfræði bæði í ríkisháskólanum HÍ og einkaskólanum HR, sem rekinn er fyrir ríkisframlög, þar sem báðir skólarnir standa á sama blettinum í miðborg Reykjavíkur.

### Yfirburðir HÍ

Um seinna atriðið, þ.e. hvar hægt er að ná mestri hagræðingu án þess að draga úr gæðum, ber einnig allt að sama brunni.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um kostnað, skilvirkni og gæði háskólakennslu frá árinu 2007 voru birtar niðurstöður úttektar á kennslu í viðskiptafræði, lögfræði og tölvunarfræði á tímabilinu 2003-2005 hjá Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Bifröst. Úttektin leiddi afdráttarlaust í ljós yfirburði HÍ í öllum greinum sem teknar voru til skoðunar. Lagadeild HÍ kom best út í öllum samanburðaratriðum, kostnaður hennar reyndist lægstur, akademísk staða sterkust og skilvirkni mest. Starfsmannakostnaður á hvern fullskráðan laganema var langlægstur þar, um þrefalt lægri en hjá HB og tvöfalt lægri en hjá HR. Þá var meðalkostnaður á hvert akademískt stöðugildi lægstur hjá HÍ en hæstur hjá HB og munaði þar 33%.

Eftir þetta hefur nemendum áfram fjölgað hlutfallslega langmest við lagadeild HÍ og því hefur kostnaður enn lækkað, án þess að slegið hafi verið af þeim kröfum sem gerðar eru til metnaðarfulls laganáms. Hugmyndir um að samvinna milli skóla, þar sem alger lágmarkstilkostnaður er í öðrum skólanum en tvöfalt eða þrefalt meiri kostnaður í hinum, skili verulegri hagræðingu ganga engan veginn upp í ljósi þessara staðreynda.

### Tveir kostir

Tveir kostir eru í stöðunni. Sá fyrri er að stjórnvöld taki sig til og forgangsraði í fjárveitingum og komi samkeppni á milli háskóla á jafnréttisgrundvöll. Það þýðir að framlög til einkarekinna skóla lækka í samræmi við þau skólagjöld sem þar eru innheimt. Þeir verða því að lækka rekstrarkostnað á hvern nemanda. Mismunurinn verði nýttur til að milda áhrif niðurskurðar á starfsemi Háskóla Íslands í þessari þröngu stöðu. Hinn kosturinn er að Háskóli Íslands taki yfir þær deildir þar sem sömu námsleiðum er haldið uppi að nokkru eða öllu leyti og þau ríkisframlög sem þangað renna nú, enda mest hagræðing fólgin í að kennsla fari fram þar. Augljóslega gengur þó ekki til lengdar að yfir 500 manns hefji laganám árlega, án þess að kennurum verði fjölgað verulega. Lagadeild Háskóla Íslands vinnur nú að tillögum um hvernig megi stýra inntöku nemenda í deildina þannig að skynsamlegt jafnvægi náist á þessu sviði og dregið verði úr brottfalli stúdenta. Mikilvægast er að halda áfram uppi gæðum námsins og það hefur lagadeild, eins og aðrar deildir háskólans, haft að leiðarljósi.

### Samkeppni á röngum forsendum

Árum saman hefur Háskóli Íslands verið sú stofnun samfélagsins sem nýtur mests trausts í almennings í landinu, en það hefur mælst um og yfir 85%. Það hefur sannarlega verið staðfest á undanliðnu ári þar sem sérfræðingar Háskólans hafa gegnt veigamiklu hlutverki til að aðstoða stjórnvöld við úrlausn erfiðra vandamála eftir bankarhrunið og þá uppbyggingu sem nú stendur yfir.

Nú þegar kreppir að er grundvallaratriði að stjórnvöld tryggi áfram sjálfstæði skólans og gæði í kennslu og rannsóknum og viðhaldi þannig því trausti sem hann nýtur. Skólinn hefur sett sér metnaðarfulla stefnu undir stjórn núverandi rektors, Kristínar Ingólfsdóttur, um að Háskóli Íslandi verði öflugur rannsóknaháskóli á raunverulegum samkeppnisgrundvelli við alþjóðlega háskóla. Það er óraunhæft að ríkið haldi uppi fleiri skólum af því tagi og allra síst á tímum kreppu.

Með aðgerðum sem miðast við að halda áfram uppi samkeppni á röngum forsendum er þeirri einstöku stöðu sem Háskólinn hefur áunnið sér stefnt í hættu. Íslenskt samfélag hefur ekki efni á því, ofan á allt annað sem miður hefur farið á tímum efnahagsþrenginga, að missa þá kjölfestu samfélagsins sem Háskóli Íslands er.

*Höfundur er prófessor og forseti lagadeildar Háskóla Íslands.*

# Hefjum upp umræðuna

UMRÆÐAN
Svandís Svavarsdóttir skrifar um umhverfismál



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Viðbrögð stjórnmálamanna, sér í lagi sjálfstæðismanna, við úrskurði mínum um Suðvesturlínu endurspeglar því miður þá umræðu sem oftar en ekki verður um umhverfismál hér á landi. Ég taldi þá umræðu tilheyra tímanum fyrir það samfélagshrun sem varð fyrir ári. Það hrun má að mörgu leyti rekja til þess að sérhagsmunir voru teknir fram fyrir almannahagsmuni og stjórnvöld gáfu sér ekki nægilegan tíma til að meta áhrif þeirra ákvarðana sem teknar voru. Það gleymdist að horfa til framtíðar. Ummæli sem fallið hafa um þetta mál dæma sig sjálf og endurspegla aðeins rökleysi þeirra sem grípa til orða eins og skemmdaverk og hryðjuverkaárás.

Í úrskurði mínum komst ég að þeirri niðurstöðu að nokkur atriði tengd þessu máli væru alls ekki nægilega vel upplýst til að hægt væri að taka endanlega ákvörðun um það hvort Suðvesturlína ætti að fara í sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum. Vegna þessara annmarka ákvað ég að fela Skipulagsstofnun að skoða málið betur. Það er skylda mín sem ráðherra að sjá til þess að mál séu nægilega vel upplýst áður en ég kemst að endanlegri niðurstöðu í svona mikilvægu máli.

### Stöðugleikasáttmálinn

Í umræðu í fjölmiðlum hefur verið vísað til þess að ákvörðun mín fari gegn stöðugleikasáttmálanum og að miklar tafir verði á framkvæmdum tengdum álverinu í Helguvík.

Ég er þess fullviss að engin þeirra sem kom að gerð stöðugleikasáttmálans hafi haft það í huga að afsláttur yrði gefinn á lögum um mat á umhverfisáhrifum til að flýta fyrir framkvæmdum. Markmið laganna er að tryggja að umhverfisáhrif framkvæmda hafi verið metin áður en leyfi er veitt fyrir þeim, draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum þeirra og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða. Síðast en ekki síst er markmið laganna að kynna umhverfisáhrif framkvæmda fyrir almenningi og stuðla að því að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en ákvarðanir eru teknar. Með því að óska eftir nánari upplýsingum frá Skipulagsstofnun tel ég mig hafa verið að gæta þess að allar upplýsingar liggi fyrir svo að ég og allir hagsmunaaðilar, almenningur þar á meðal, geti gert sér grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

### Óvissuþættir

Þá hefur verið látið að því liggja að með úrskurði mínum sé ég að tefja framkvæmd verkefnisins og þar með að koma í veg fyrir uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum. Þetta er beinlínis rangt.

Óvissuþættir varðandi framkvæmdina í Helguvík eru fjölmargir, svo sem orkuöflun og fjármögnun. Orka er að mestu tryggð fyrir 180.000 tonna álver en hins vegar er gert ráð fyrir að álverið verði 360.000 tonn í fullri stærð. Fátt er fast í hendi varðandi orkuöflun álversins í fullri stærð. Enn er ekki vitað hvaðan sú orka á að koma eða hvort hún sé yfir höfuð til. Ekki þarf að fara mörgum orðum um stöðu orkufyrirtækja og möguleika þeirra til að fá fjármagn til framkvæmda. Það var því ekki úrskurður minn sem setti þetta mál í uppnám, heldur er mörgum öðrum spurningum ósvarað um framkvæmdina.

Þau gildi sem núverandi ríkisstjórn hefur að leiðarljósi í störfum sínum eru m.a. aukið lýðræði, opnari stjórnsýsla, aukið gagnsæi og sjálfbær þróun. Í þessu felst að allar ákvarðanir stjórnvalda verða að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi, líka þeirra sem erfa munu landið. Ég legg því til að við sem tökum ákvarðanir sem hafa áhrif á komandi kynslóðir ræðum um umhverfismál eins og fullorðið fólk án þess að fara í þann skotgrafahernað sem allt of lengi hefur einkennt málaflokkinn.

*Höfundur er umhverfisráðherra.*

# Lán frá Noregi

UMRÆÐAN
Höskuldur Þórhallsson skrifar um efnahagsmál



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Í umræðunni um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) og Icesave-ríkisábyrgðina hefur það vakið athygli að lán frá Norðmönnum sé tengt láni frá AGS og þar með lausn á Icesave-deilunni. Þessi afstaða Noregs hefur komið mörgum spánskt fyrir sjónir þar sem ætla mætti að frændur okkar væru líklegastir til að koma Íslendingum til hjálpar í kreppunni.

Eftir heimsókn mína til Noregs flutti ég þær fréttir að afstaða þarlendra þingmanna væri að mörgu leyti á misskilningi byggð. Í umræðunni í Noregi væri því haldið fram að þar sem engin formleg beiðni um lánveitingu hefði borist frá Íslandi væri ekki inni í myndinni að lána Íslendingum óháð lánum frá AGS. Einnig sagði ég frá því að Norski Miðjuflokkurinn, Centerpartiet, hefði lýst því yfir að hann væri reiðubúinn að lána Íslendingum óháð aðgerðaáætlun AGS og lausn á Icesave-deilunni. Þetta eru jákvæð tíðindi, sérstaklega í ljósi þess að Centerpartiet hefur verið einn þriggja flokka sem mynda ríkisstjórn Noregs og komu vel út í nýafstöðnum alþingiskosningum í Noregi.

Þingmaðurinn Per Olaf Lundteigen sem er í fjárlaganefnd norska Stórþingsins staðfesti þessar fregnir. Hann bætti líka um betur og sagði frá því að það væri mikill vilji innan þingsins að lána háar fjárhæðir til Íslendinga. Hafði hann sjálfur nefnt allt að 2000 milljarða íslenskra króna í því samhengi en nefndi að það væri samningsatriði á milli þjóðanna í hvaða formi lánin væru.

Þingmaður norska Verkamannaflokksins, Marianne Aasen, sagði í fréttum Ríkissjónvarpsins sl. fimmtudag að lánin frá Noregi væru nú tengd lánveitingum AGS. Það sem hins vegar vakti athygli var að hún sagði einnig að það væri óraunhæft að lána Íslendingum ótengt AGS „án þess að Íslendingar bæðu formlega um það“. Málflutningur þessara tveggja þingmanna fer því saman að þessu leyti.

Íslensk stjórnvöld verða nú að bregðast skjótt við og senda formlega beiðni um lánveitingu til Norðmanna telji þau Íslendinga þurfa lán til að styrkja gjaldeyrisforðann. Einn þriggja ríkisstjórnarflokkanna í Noregi hefur þegar lýst yfir að hann muni taka jákvætt í slíka beiðni og ljóst að margir þingmenn annarra flokka myndu skoða slíkt með opnum huga.

Lán frá Noregi óháð AGS myndi gjörbreyta stöðu Íslendinga, ekki bara í samskiptum við sjóðinn heldur einnig í deilunni um Icesave. Íslensk stjórnvöld gætu þá líka í fyrsta skipti frá því að bankarnir hrundu staðið upprétt gagnvart öðrum þjóðum. Það er frumskilyrði við endurreisn efnahags landsins.

*Höfundur er þingmaður. Framsóknarflokksins og á sæti í fjárlaganefnd.*

EMBASSY OF THE UNITED STATES

Skráning í “Græna Korts Happdrættið” hefst.

**Skráning í “Græna Korts Happdrættið” 2011 byrjar 2. Október 2009.**

**Þeir aðilar sem vilja taka þátt í happdrættinu verða að skrá sig á sérstakri heimasíðu á vegum Bandaríska ríkisins.**

Vefslóðin fyrir skráningu í Græna Korts Happdrættið 2011 er www.dvlottery.state.gov og verður skráning opin frá kl 08:00, 2. október 2009 til kl. 08:00, 30. Nóvember 2009.

Vinsamlegast athugið að þetta er eina heimasíðan á vegum Bandaríska ríkisins fyrir skráningu í Græna Korts Happdrættið.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á heimasíðu Bandaríska Sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov


Serta®
BETRI SVEFN MEÐ SERTA
Í tilefni þess að Serta er aftur fáanlegt á Íslandi bjóðum við allt að 35% kynningarafslátt í samstarfi við Serta
VERA WANG BY SERTA®
Allt frá upphafi hefur Serta lagt sig fram að bjóða upp á mikil gæði og þægindi, það er einmitt þess vegna sem Serta er með stærstu dýnuframleiðendum í Bandaríkjunum. En til að gera góðan svefn betri fékk Serta hinn fræga hönnuð Veru Wang til að hanna nýjustu línu þeirra af dýnum.
Komdu í heimsókn og skoðaðu 2010 módelin frá Serta og leyfðu þér að dreyma um góðan svefn.
LÚR
BETRI HVÍLD
OPNUNARTÍMAR: MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA MILLI KL. 10:00 OG 18:00, LAUGARDAGA MILLI KL. 11:00 - 16:00
LÚR • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • HEIMASÍÐA: WWW.LUR.IS • NETFANG: LUR@LUR.IS

# Tíu ár með Krafti

**UMRÆÐAN**

Daníel Reynisson skrifar um stuðning fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur



DANÍEL REYNISSON

Sum okkar eru aðstandendur, önnur greind – sum meira að segja tvígreind en flest okkar þekkjum við einhvern nálægt okkur sem hefur verið krabbameinsgreindur. Þegar einstaklingur fær upplýsingar um greiningu sína er óhætt að segja að nýjar áherslur þröngvi sér inn í daglegt líf hans. Við tekur ferli sem ekki er auðvelt fyrir líkama og sál þeirra sem greinast og langt í frá að vera eitthvað sem maður óskar sér. Á slíkum stundum er gott að geta leitað upplýsinga hjá þeim sem á undan hafa gengið.

Þann 1. október 1999 var formlega stofnað Stuðningsfélagið Kraftur (www.kraftur.org). Félagið var stofnað af hópi ungs fólks sem hafði greinst sjálft eða voru aðstandendur krabbameinsgreindra. Þau vildu nýta þá reynslu sem þau höfðu aflað sér til góðs fyrir aðra sem stæðu í svipuðum sporum og þau sjálf höfðu gert. Þetta voru einstaklingar sem höfðu fengið mismunandi krabbamein – gengið í gengum mismunandi meðferðir en á sinni ferð fundið hvað stuðningur skiptir miklu máli. Þau höfðu fengið mismunandi upplýsingar og ráðgjöf í meðferðum sínum og vildu nú samræma upplýsingagjöf og gera hana markvissari.

Fyrir tíu árum taldi þetta unga fólk að eitthvað vantaði upp á heildarferlið fyrir þá sem greinast með krabbamein. Þeim fannst hægt að gera betur í að sýna hvert öðru samstöðu. Félagið hafði það strax að leiðarljósi að beita sameinuðum kröftum sínum til að aðstoða þá sem þurfa á stuðningi að halda, miðla upplýsingum sem auðvelda einstaklingum að takast á við sjúkdóminn ásamt því að standa fyrir útgáfu á ýmiskonar kynningarefni.

Kraftur hefur á þeim 10 árum sem liðin eru frá stofnun félagsins, byggt upp öflugt stuðningsnet. Það byggir á vinnu sjálfboðaliða sem farið hafa í gegnum námskeið sem skipulögð eru af fagaðilum. Þessir einstaklingar eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum við að miðla af reynslu sinni til þeirra sem eru að hefja meðferð eða aðstandenda þeirra. Stuðningssími Krafts er 866-9618.

Kraftur hefur þannig þjónað sem vettvangur hugmyndasmiðju krabbameinsgreindra einstaklinga eða aðstandenda. Þetta hafa verið margvísleg samvinnuverkefni eins og Dans-Kraftur, Kraftur í kringum Ísland, útgáfa á geisladiski að ógleymdum fjölmörgum fyrirlestrum sem tengjast málefninu á einn eða annan hátt.

Við höfum staðið fyrir fjölmörgum fundum og uppákomum til að vekja athygli á hagsmunamálum krabbameinsgreindra og aðstandenda. Við höfum tekið þátt í forvarnarstarfi og hvatt til árvekni um stöðu ungs fólks ef veikindi steðja að. Kraftur gaf til að mynda út bókina Lífs-Kraftur 2003 (endurútgefin 2008) en hún fæst afhent á sjúkrastofnunum án endurgjalds og er aðgengileg á vef okkar í PDF formi (www.kraftur.org). í henni er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir þann hóp sem við teljum okkur standa fyrir. Við tókum einnig virkan þátt í undirbúningi og mótun á Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands.

Á fimm ára afmæli Krafts stóðum við fyrir göngu sem nefnist Sólarganga, þar sem við vildum minna fólk á að lífið er núna. Gangan var á þeim tíma unnin í samstarfi við Önnu Pálínu Árnadóttur sem lést árið 2004. Hún hvatti okkur öll til að ganga sólarmegin í lífinu og munum við hvetja landsmenn til að gera slíkt hið sama á morgun, laugardaginn 3. október. Þá ætla Kraftsfélagar, ættingjar, vinir og velunnarar að fjölmenna í Sólargöngu frá Hallgrímskirkju, niður Skólavörðustíg, Bankastræti og Austurstræti og enda á Ingólfstorgi. Gangan hefst klukkan 14.00 og hvetjum við alla sem málefnið varðar að taka þátt.

Á fimm ára afmæli Krafts var hafin vegferð að stofnun upplýsinga- og ráðgjafarþjónustumiðstöð í samvinnu við Lífsiðn (Ljósið) og IMG. Í dag starfa tvær miðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu en það eru Ljósið (endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð) og Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélags Íslands.

Það verður fróðlegt að sjá hvaða áherslur Kraftur leggur á næstu fimm árin en af verkefnum er nóg að taka. Skortur er á líkamlegri endurhæfingu krabbameinsgreindra sem og samþættingu fagaðila ef krabbameinsgreindur þurfa að fara milli margra sérfræðinga. Efla þarf enn frekar stuðningsnet okkar og kynna félagið sem öfluga rödd þeirra sem vilja vinna málaflokki okkar heilla. Koma þarf upp fjárhagslegu stuðningskerfi fyrir ungt fólk sem er að greinast og mörg fleiri verkefni eru á verkefnalista okkar. Á næstu vikum munum við forgangsraða og gott væri að heyra frá þér lesandi góður hvar þú telur að við gerum mest gagn. Sendu ábendingar á kraftur@kraftur.org – góðar hugmyndir fá oft flug þegar við göngum í þær saman og af Krafti.

Í lokin þakka ég öllum sem veitt hafa félaginu stuðning í gegnum árin og óska félagsmönnum og landsmönnum öllum til hamingju með tíu ára afmæli Krafts.

*Höfundur er formaður Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk með krabbamein og aðstandendur þeirra.*




Hefur þú skaðast í slysi?

Slys breyta aðstæðum í starfi og frítíma.
Gættu réttar þíns.

Við könnum rétt þinn á bótum!

FULLTINGI
slysa- og skaðabótamál

Fulltingi þér við hlið / www.fulltingi.is / sími 533 2050 / Suðurlandsbraut 18 Rvk.

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Skerðingar á kjörum öryrkja

**UMRÆÐAN**

Lilja Þorgeirsdóttir skrifar um velferðarmál



LILJA ÞORGEIRSDÓTTIR

Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum voru samþykkt á Alþingi hinn 29. júní sl. Breytingarnar voru framkvæmdar til að ná fram sparnaði í ríkisfjármálum á methraða. Tveir dagar liðu frá því að lögin voru samþykkt þar til fjöldi öryrkja og ellilífeyrisþega varð fyrir skerðingum á bótum almannatrygginga.

Lögin fólu m.a. í sér að tekjutengingar jukust þannig að bætur almannatrygginga skertust meira og fyrr en áður. Þá var einnig brotið blað í sögunni þegar lífeyrissjóðstekjur tóku að skerða „grunnlífeyri“ og einnig bótaflokkinn „aldurstengd örorkuuppbót“. Breytingin gat jafnframt leitt til þess að fólk missti ákveðin réttindi sem þeim fylgdu s.s. niðurgreiðslu á sjúkraþjálfun, tannlæknakostnað, iðjuþjálfun o.fl.

ÖBÍ mótmælti því harðlega að ráðist væri á almannatryggingakerfið með þessum hætti en stór hópur örorkulífeyrisþega varð fyrir talsverðum skerðingum á tekjum með nánast engum fyrirvara. Dæmi voru um að skerðingarnar væru hlutfallslega meiri en hátekjuskatturinn sem lagður var á launþega með yfir 700.000 kr. í launatekjur á mánuði.

Það er öllum ljóst að erfiðleikar blasa við þjóðinni í kjölfar bankahrunsins. Forsætisráðherra tilkynnti að skera þyrfti niður í ríkisútgjöldum með því að lækka hæstu launin, setja á hátekjuskatt og endurskoða fastlaunasamninga hjá ríkisstarfsmönnum. En tekið var sérstaklega fram að ekki yrði hreyft við launum undir 400.000 kr. á mánuði. Sú ákvörðun er skiljanleg, enda hafa þeir sem eru með hærri tekjur að öllum líkindum meira svigrúm til að taka á sig þyngri byrðar en hinir. Því kom það á óvart þegar bætur örorkulífeyrisþega voru skertar, þar sem tekjur flestra þeirra eru vel undir þessum mörkum.

Skerðingin á bótum almannatrygginga hófst hjá örorkulífeyrisþegum sem búa með öðrum við tæpar 160.000 kr. í heildartekjur á mánuði fyrir skatt og hjá þeim sem búa einir hófst skerðingin við rúmar 180.000 kr. á mánuði. Í dæmum sem starfsfólk ÖBÍ reiknaði út voru skerðingar af heildartekjum öryrkja, þ.e. bætur almannatrygginga og greiðslur úr lífeyrissjóði, í prósentum talið á bilinu 0,1–7,7%.

Þessar skerðingar koma sérstaklega illa við þennan hóp sem hefur litla sem enga möguleika á að auka tekjur sínar sökum fötlunar eða sjúkdóma. Hafa ber í huga að bætur lífeyrisþega eru framfærsla, oft á tíðum, til langs tíma, hjá mörgum allt lífið. Einnig er fólk með örorkumat að jafnaði með hærri útgjöld en aðrir vegna lyfja- og lækniskostnaðar, sjúkra- og iðjuþjálfunar o.fl. en þessi útgjöld hafa hækkað verulega undanfarið. Jafnframt hefur fjöldi lífeyrissjóða lækkað greiðslur til öryrkja um 7-10% í kjölfar bankahrunsins. Þá varð meirihluti lífeyrisþega fyrir allt að 10% skerðingu á bótum almannatrygginga 1. janúar sl. vegna bráðabirgðaákvæðis í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Slíkar skerðingar eru ómannúðlegar. Það er sérstaklega mikilvægt á tímum kreppu og niðurskurðar að standa vörð um þá sem standa höllum fæti í samfélaginu og hafa lægstu tekjurnar. Langtímafátækt hefur slæm áhrif á heilsu fólks, sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og eykur kostnað ríkisins til lengri tíma litið. Því er það óásættanlegt að öryrkjar og ellilífeyrisþegar taki á sig hlutfallslega meiri byrðar en aðrir. „Skjaldborgin“ um heimilin í landinu virðist ekki eiga að ná til lífeyrisþega þrátt fyrir að þeir séu, eins og aðrir, með heimili, börn á sínu framfæri og aðrar skuldbindingar eins og aðrir.

Starfsfólk skrifstofu ÖBÍ fær reglulega símtöl frá öryrkjum sem eru ósáttir við sitt hlutskipti. Margir hverjir hafa búið við kröpp kjör í mörg ár og eiga sérstaklega erfitt með að láta enda ná saman í kreppunni. Lífeyrisþegar urðu líka fyrir áföllum í hruninu. Margir hafa tapað sparifé og hlutabréf urðu að engu. Húsnæðis- og bílalán þeirra hafa líka hækkað.

Þeir stjórnmálaflokkar sem nú eru við völd lýstu því yfir fyrir síðustu kosningar að þeir ætluðu að verja velferðarkerfið. Þau loforð hafa ekki staðist nema síður sé. ÖBÍ krefst þess að stjórnvöld afturkalli þær skerðingar sem lífeyrisþegar urðu fyrir á þessu ári. Fjármálakreppan er því miður staðreynd og spara þarf í ríkisfjármálum, en það er ekki sanngjarnt að öryrkjar taki á sig hlutfallslega þyngri byrðar en aðrir, nú þegar síst skyldi. Það er hvorki stjórnvöldum né þjóðinni til sóma.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands.*

# Panasonic




## Panasonic

**Panasonic TXP46GA11**
46" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 Dynamic skerpu, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart, 3 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og PC tengi, CI rauf ofl.

**TILBOÐ 349.990**
FULLT VERÐ kr. 449.990

---



## Panasonic

**Panasonic KXTG1311**
Þráðlaus DECT SÍMI með baklýstum LCD skjá, 50 númera skrá með nöfnum, númerabirtir fyrir síðustu 50, endurval í síðustu 10, klukku og dags., 17 klst í notkun og 150 í bið.

**TILBOÐ 5.990**
FULLT VERÐ kr. 6.990

## TOSHIBA



**Toshiba SD291**
DVD SPILARI með USB, DTS, Scart, Digital Coaxial, Composite og RCA tengi. DivX, XviD, MPEG1-3, JPEG, Dolby Digital. PAL og NTSC.

**TILBOÐ 12.990**
FULLT VERÐ kr. 14.990

## JVC



**JVC UXG100**
10w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með með MP3/WMA geislaspilara, RDS útvarp með 32 minnum, heyrnartólstengi klukku og tímastilli.

**VERÐ 27.990**
FRÁBÆRT VERÐ



Fæst bleik eða silfur.

## CASIO

FACE DETECTION · 10.1MP

**Casio EXZ33**
Stafræn MYNDAVÉL með 10.1 milljón punkta uppl.n, EXILIM Engine 2.0, BESTSHOT, Face Detection, DSP hristivörn, 2.5" TFT LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, You Tube Capture Mode, 11.4MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort. Hleðslurafhlaða u.þ.b. 230 skot.

**TILBOÐ 29.990**
FULLT VERÐ kr. 34.990

## TOSHIBA




**Toshiba 32AV603PG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p punkta upplausn, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, Digital Noise Reduction, 10w RMS Nicam Stereó Bass Boost, 2x HDMI, 2x Scart, Component, Composite & Audio, PC (VGA) ofl.

**TILBOÐ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990

## Nikon

10.2 DX



**Nikon D3000 KIT1855DX**
Digital SLR MYNDAVÉL með 10.2 milljón punkta upplausn, DX-snið myndflögu með Nikon EXPEED, ISO 100 -1600, 3" LCD skjá, mjög skörpum 11 svæða sjálfvirkum fókus, Active D-Lighting, afstaða skjámyndar snýst sjálfkrafa með vél, In-Camera NEF (RAW) vinnsla, Stop-motion, Nikon 3D lita fylkisljósmæling II. Þyngd 485g.

**VERÐ 139.990**
FRÁBÆRT VERÐ

---

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# Finnur mátt í lömuðum líkama

**Þegar Þuríður Harpa Sigurðardóttir lamaðist fyrir neðan brjóst var henni tjáð að hún myndi aldrei fá mátt í neðri hluta líkamans aftur. Hún sætti sig ekki við þann dóm og fór sjálf að leita lækningaleiða. Sú leit leiddi hana til indverska læknisins Geeta Shroff sem notar fósturstofnfrumur í lækningaskyni. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hitti Þuríði þegar hún var nýkomin heim eftir níu vikna stífa meðferð á Indlandi. Hún segir dvölina í Indlandi hafa farið fram úr sínum björtustu vonum.**

Meðferðin fólst í því að ég fékk stofnfrumusprautu tvisvar á dag. Síðan var endurhæfing fyrir fætur og neðri part líkamans fyrir hádegi og æfingar fyrir efri part eftir hádegi. Nokkrum sinnum var svo stofnfrumum sprautað beint í eða við mænu, bakvöðva eða á svæðið þar sem ég er sködduð,“ segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir. Hún er nýkomin heim til Íslands eftir níu vikna stífa meðferð hjá indverska lækninum Geeta Shroff. Hún sérhæfir sig í að nota fósturstofnfrumur í lækningaskyni.

### Lömuð um fertugt

Þuríður lamaðist fyrir neðan brjóst stuttu eftir fertugsafmæli sitt, í apríl árið 2007. Hún er vön hestakona og var í útreiðatúr með manni sínum þegar slysið varð. „Ég ætlaði að henda mér af hrossinu, því ég réði ekkert við það. Við stefndum á klettana í Hegranesinu, ég var í nýjum hnakki sem var ekki orðinn bældur, sem hjálpaði ekki til. Ég var búin að losa mig við ístöðin og ætlaði að lenda á grúfu í mýrlendinu. En einmitt þegar ég ætlaði að kasta mér sekkur hryssan ofan í mýrina með þeim afleiðingum að ég kastast yfir mig. Þetta var í raun og veru lítil bylta, en ég lenti beint á hryggnum á grjótnibbu sem þarna var. Þetta gat eiginlega ekki verið klaufalegra. Ég fann það um leið að ég var lömuð, þar sem ég lá þarna í vaffi, með fæturna við hliðina á höfðinu á mér.“

Þuríður var flutt með sjúkraflugi á Borgarspítalann. Hún fór hins vegar ekki í uppskurð fyrr en daginn eftir. „Síðan er ég búin að kynna mér málin og komast að því að þegar maður lendir í svona skaða myndast vökvi í mænunni sem skemmir. Mín tilfinning er sú að það hefði átt að taka mig beint í uppskurð til að létta á þrýstingnum. Svo hefði líka átt að kæla mig strax eftir slysið, það hefði kannski hjálpað til.

### Erfiðasta stundin

Við tók endurhæfing á Grensási, þaðan sem Þuríður Harpa sneri til baka heim í hjólastól sex mánuðum seinna. Það var erfiðasta stund lífs hennar. Endurhæfingin á Grensási var góð en miðaðist öll við að Þuríður Harpa ætti að læra að bjarga sér í hjólastól. Engin von var talin á að hún fengi aftur máttinn. „Ég gat ekki þolað að vera úrskurðuð úr leik á þennan hátt. Og ég vildi ekki hlusta á það að ég væri lömuð og ætti bara að lifa við það. Mér finnst ekki mannúðlegt að læknar segi svona við fólk. Það má ekki taka af því alla von.“

Á meðan hún var í endurhæfingunni fór hún því að leita að lækningasögum fólks í svipaðri stöðu og rakst þá á sögur fólks sem leitað hafði ásjár indverska læknisins Geetu Shroff. „Ég fylgdist lengi með henni og kynnti mér hennar aðferðir vel og fullvissaði mig um að þetta gæti ekki gert mér nema gott. Maður fer ekki út í svona lagað „af því bara“.

### Stofnfrumur úr fósturvísum

Læknirinn Geeta vinnur með stofnfrumur úr fósturvísi eins og fyrr segir, sem fer fjarri að ríki nokkur sátt um í læknasamfélaginu, eða samfélagi manna, ef því er að skipta. „Læknar eru algjörlega á móti þessu,“ segir Þuríður. „Þeim finnst Geeta og hennar samstarfsfélagar hafa stytt sér leið, því ekki hafi komið nógu miklar sannanir út úr rannsóknum þeirra og þau geti ekki svarað nógu vel fyrir þær aðferðir sem þau beita. Að frumurnar séu teknar úr fóstri er svo siðferðislegt mál sem engin sátt ríkir um. En í dag eru vísindamenn um allan heim að rækta stofnfrumur úr svínum og öpum til að setja í fólk. Ég er ekki viss um að mér þyki það neitt betra siðferði. Og þeir eru ekki að fá eins góðar niðurstöður heldur að mínu mati.“

Þuríður hefur fulla trú á aðferðum Geetu og er viss um að lækningar með stofnfrumum séu framtíðin. „Þetta er það sem koma skal, ég er handviss um það. Ef læknar eða lyfjafyrirtæki meðtaka þetta ekki þá er það fólkið sjálft sem er haldið ólæknandi sjúkdómum sem hlýtur að gera kröfu. Mér finnst auðvitað að Íslendingar eigi að vera brautryðjendur á þessu sviði.“

### Varð vitni að kraftaverkum

Doktor Geeta er ófrjósemislæknir og starfaði sem slíkur áður en hún sneri sér að stofnfrumurannsóknum. Árið 2000 fékk hún til liðs við sig tvo gjafa, karl og konu, sem hún valdi með tilliti til erfðafræði og sjúkdómasögu. Frá þeim fékk hún fósturvísi. Úr honum voru teknar stofnfrumur sem hafa síðan verið ræktaðar úr stofnfrumulínum á rannsóknarstofu. Fólk með alls konar kvilla leitar til læknisins. „Þarna var mikið af fólki með vöðvarýrnunarsjúkdóma, taugasjúkdóma og sykursýki. Og líka fólk sem hafði lamast, sem eru erfiðustu tilfellin,“ útskýrir Þuríður.

Hún segir kraftaverkin hafa orðið beint fyrir augunum á henni úti í Indlandi. „Þarna voru til dæmis hjón með barn sem hafði haft sjö óvirk svæði í heilanum. Það gekk ekki, hló ekki eða tjáði sig á nokkurn hátt. Þegar ég fór gekk barnið um á spelkum og hló, og var farið að sýna virkni í þessum heilasvæðum. Þetta er bara eitt af mörgu ótrúlegu sem ég sá þarna.“

### Finnur fyrir sjálfri sér

Eftir því sem Þuríður best veit er hún fyrsta manneskjan á Norðurlöndunum til þess að reyna meðferð á borð við þessa. En hún er viss um að fleiri muni fylgja í kjölfarið, enda hafi meðferðin farið fram úr hennar allra björtustu vonum. „Ég trúi því að þó ég gangi ekki óstudd muni ég komast á fæturna aftur. Ég reiknaði ekki með því að koma heim og geta gengið í göngugrind með spelkur. Ég get gert það í dag. Ég nota vissa tækni en til þess þarf ég að lyfta mjöðmunum. Ég er að fá styrk og jafnvægi í mjaðmirnar sem ég hafði alls ekki áður en ég fór.“

Þegar hún gerir æfingar liggjandi út af, með hæl upp við hné getur hún líka fært fæturna frá einni hlið yfir til annarrar. „Þetta gat ég alls ekki áður. Staðan hjálpar auðvitað en ef ég væri ekki komin með einhverja virkni í mjaðmir og innra læri gæti ég þetta ekki. Ég finn nú samdrátt í vöðvum og þó ég sjái ekki vöðvana hnyklast finn ég að virknin er byrjuð. Ég sem sagt finn nú að ég er með líkama fyrir neðan brjóst. Ég tek fram að ég er leikmaður og það sem ég segi hér frá er samkvæmt mínum skilningi á þessu ferli sem meðferðin byggist á.“

### Ólýsanlega þakklát

Þuríður Harpa býr á Sauðárkróki og mun því halda áfram æfingum sínum á endurhæfingarstöðinni þar. Hún stefnir á að fara aftur út til Indlands fljótlega eftir áramótin. „Ég verð að halda áfram. Sumir myndu kannski halda því fram að það sé endurhæfingin sem hefur gert mér svona gott. Ég svara því þá til að þá sé sú endurhæfing ótrúlega góð. Mér er í raun alveg sama hvort það eru stofnfrumurnar eða endurhæfingin sem er að hjálpa mér, en auðvitað fer það þetta tvennt saman.“



**ÞURÍÐUR HARPA SIGURÐARDÓTTIR** Hún á sér þann draum heitastan að geta staðið aftur upp úr hjólastólnum. Og eftir að hún komst í kynni við indverska lækninn Geetu Shroff, sem notar stofnfrumur úr fósturvísi í lækningaskyni, er hún viss um að henni takist það.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### HVAÐ ERU STOFNFRUMUR?

Stofnfrumur eru ósérhæfðar, frumstæðar frumur sem geta bæði fjölgað sér og sérhæfst í sérstakar frumugerðir. Í þriggja til fimm daga fósturvísi, svokölluðu kímblöðru, mynda um þrjátíu frumur innri frumumassa sem þroskast síðan og breytast í þær hundruð sérhæfðra frumugerða sem þarf til að mynda fullvaxta lífveru.

Það sem gerir stofnfrumur sérstakar er að hægt er að fá þær til að verða að frumum með sérhæfð hlutverk, með því að rækta þær við tiltekin lífeðlisfræðileg skilyrði.

Vísindamenn hafa lengi bundið vonir við að geta ræktað stofnfrumur og stýrt þroskun þeirra í sérhæfðar frumur og vefi sem nýta mætti til að meðhöndla sjúkdóma og áverka. Sjúkdóma eins og parkinsonveiki, sykursýki og hjartasjúkdóma mætti meðhöndla með því móti.

Vísindamenn vinna með tvenns konar stofnfrumur, fósturstofnfrumur og fullorðinsstofnfrumur, sem hafa ólíka eiginleika.

Fyrir um áratug tókst vísindamönnum fyrst að einangra stofnfrumur úr fósturvísum manna. Fósturvísarnir sem hafa orðið til í þessum tilgangi hafa allir verið ræktaðir utan legs konu og gefnir til rannsókna með upplýstu samþykki gefenda.

Mörgum spurningum varðandi sérhæfingu stofnfruma er enn ósvarað og almennt er talið að rannsóknir á þeim séu of stutt á veg komnar til að þær sé hægt að nota í lækningaskyni. Inn í málið blandast svo sú siðferðislega spurning hvort menn hafi rétt á að kveikja líf til að slökkva það aftur, en andstæðingar fóstureyðinga eru upp til hópa mjög á móti tilraunum með stofnfrumur úr fósturvísum.

*Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands*

Þuríði er ofarlega í huga þakklæti til allra þeirra fjölmörgu sem hafa aðstoðað hana. Ferðin til Indlands kostaði sex og hálfa milljón, sem hún hefði ekki getað greitt án hjálpar. „Ég hef fengið hjálp frá ættingjum, vinum, Skagfirðingum, bæði börnum og fullorðnum. Svo ég tali ekki um allt það góða fólk sem hefur hjálpað mér sem ég þekki ekki neitt. Börnin í Skagafirði hafa verið með endalausar tombólur og hafa safnað hundruðum þúsunda í sumar.“

Börnin í Skagafirði létu ekki þar við sitja heldur unnu þau verkefnið Óskastein í skólanum í vor. Þau tíndu ellefu steina hvert, pökkuðu þeim í öskjur og eru þeir nú til sölu í Rammagerðinni, Isis í Kringlunni og Nýprenti á Sauðárkróki sem og á heimasíðunni oskasteinn.com. „Þessir krakkar gera þetta af svo mikilli einlægni. Ég á varla til orð til að lýsa því hvað ég er þeim, og öllum hinum sem hafa aðstoðað mig, þakklát.“

Hægt er að fylgjast með Þuríði Hörpu og lesa ítarlega ferðasögu hennar á www.oskasteinn.com.

# OPNUM Í DAG




# Frábær opnunartilboð!

## Velkomin í nýja og glæsilega verslun í Holtagörðum

**149.900 kr.**



Interbed heilsurúm
Stærð: 160x200 cm
Dýna botn og lappir

**490 kr.**

DORMA handklæði
100% bómull
Stærð: 50x100 cm
Fleiri stærðir í boði



DORMA sængurverasett
PolyCotton
Stærð: 140x200 cm

**2.900 kr.**

## Kleinur og kókómjólk fyrir börnin!

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18:30
Lau frá kl. 10-17
Sun frá kl. 13-17

# Raulaði fyrir milljarðamæringa

Bók **Ármanns Þorvaldssonar**, fyrrum bankastjóra Kaupthing Singer & Friedlander í Bretlandi, Frozen Assets, kom út í Bretlandi í gær. Íslensk útgáfa bókarinnar sem ber heitið Ævintýraeyjan – Uppgangur og endalok fjármálaveldis kemur út hérlendis næsta fimmtudag en þá er eitt ár liðið frá falli Kaupþings. Í köflunum hér að neðan má sjá að á ýmsu hefur gengið í góðærinu.



**ÁRMANN ÞORVALDSSON** Forstjóri Kaupthing Singer & Friedlander er nýbúinn að gefa út bókina Ævintýraeyjan – uppgangur og endalok fjármálaveldis. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Ég leit ofan af efsta dekki 120 feta snekkjunnar og horfði á sólsetrið við Miðjarðarhaf. Það var föstudagskvöld í lok maí við upphaf hinnar árlegu Formúlu 1 helgar í Mónakó, líklega eins mesta glamúr viðburðar heims. Fyrir framan mig voru um 80 manns, þeirra á meðal sumir ríkustu manna Bretlands, sem horfðu upp til mín með eftirvæntingu. Þeir voru að bíða eftir að ég syngi Tom Jones lagið Delilah. Það hafði orðið einkennislag mitt, það eina sem ég kunni. Ég hafði sungið það fyrir fimm manns og fyrir 1500 manns, í veiðikofum, einkaþotum, í slöngubát og í farþegaflugvél. Í þetta sinn þekkti ég ekki megnið af áhorfendunum, þeir voru flestir nær allsgáðir og það sem verra var, söngvarinn var það líka. Mér var það fullkomlega ljóst að söngur minn byggðist frekar á styrk en gæðum. Það síðasta sem ég vildi gera var að hefja upp raust mína við þessar aðstæður. Eftir að lagvilltir félagar mínir höfu að syngja bakraddir óumbeðnir gaf ég eftir. Það var ef til vill vegna þess að ég var óvanalega allsgáður að söngurinn reyndist bara þokkalega góður. Félagar mínir og viðskiptavinir voru yfir sig hrifnir. En hvernig í veröldinni hafði það gerst að ég væri að syngja Delilah á lystisnekkju í Suður-Frakklandi fyrir hóp milljarðamæringa? Rúmlega áratug áður hafði ég ætlað mér að verða sagnfræðikennari á Íslandi.

> Hispurslausar íslenskar ungmeyjar sýndu Bretunum því mikla athygli sem sumir í hópnum áttu ekki að venjast.

En veisluglеðin var við völd, sérstaklega á Íslandi, og það virtist nánast viðeigandi að syngja á snekkju í Mónakó. Um þessar mundir þaut íslenska hagkerfið áfram eins og hraðlest. Við urðum vitni að meiri fjármunamyndun en nokkru sinni áður í sögunni.

### Pabbi í sérsaumuðum Armanifötum

Hin sterka króna bjó til falskan kaupmátt og leiddi til neyslusprengingar. Fólk fékk ekki nóg af flatskjáum og nýjum bílum. Eldri kynslóðin hristi höfuðið yfir unga fólkinu sem keypti nuddpotta, trampólín og súkkulaðigosbrunna. Sala á kampavíni jókst um 82 prósent milli ára. Meira var selt í verslun Bang & Olufsen í Reykjavík en í nokkurri annarri verslun danska fyrirtækisins utan verslunarinnar í nýríkri Moskvu. Þótt ótrúlegt sé voru fleiri Range Rover bílar seldir á Íslandi árið 2006 en samanlagt annars staðar á Norðurlöndunum! Þegar ég var fimmtán ára hafði ég einu sinni farið í frí til útlanda. Venjuleg fjölskylda fór nú einu sinni til tvisvar á ári til útlanda.

Ég hefði átt að kveikja á því að eitthvað óvenjulegt væri á seyði þegar ég fór í kvöldmat heim til foreldra minna og pabbi tók á móti mér í sérsaumuðum Armani jakkafötum. Fram til þessa hafði pabbi einkum verið þekktur fyrir að girða bindið ofan í buxurnar og kaupa einungis skó ef þeir voru á útsölu. Hann lét sér það í léttu rúmi liggja þótt skórnir væru oftast nokkrum númerum of stórir – frægustu kaup hans áttu sér stað er við bjuggum um tíma í Noregi á áttunda áratugnum. Þá keypti hann skauta á flóamarkaði sem voru heilum fjórum númerum of stórir á hann. Sparnaðurinn við þessi góðu kaup hvarf snarlega þegar hann þurfti að kaupa fimm pör af ullarsokkum til að geta notað skautana. Slík var sala Armani á Íslandi að fyrirtækið hóf að senda hingað klæðskera frá Ítalíu til að sauma jakkaföt eftir máli. Bróðir minn hafði farið með pabba í búðina og keypt handa honum jakkaföt. Þetta voru mikil viðbrigði.



**TOM JONES** Hann söng í veislu Ármannsson Þorvaldssonar í Lundúnum.

### Áramótaveislurnar

Fáir á Íslandi hefðu heyrt mín getið ef ekki væri fyrir síðustu tvær áramótaveislurnar sem ég hélt í London árin 2006 og 2007. Þessar veislur áttu sér langan aðdraganda og byrjuðu í Kópavogi. Ég bauð um 60 manns í fyrstu veisluna sem haldin var heima hjá mér í Mánalind í janúar 2003. Flestir gestanna voru æskuvinir og fjölskylda en þarna voru einnig vinnufélagar og nokkrir viðskiptavinir. Allir skemmtu sér vel og vinir mínir úr Breiðholtinu þrýstu mjög á mig að halda næstu veislu í London en ég var þá nýfluttur út. Sú veisla var heldur ekki stór í sniðum. Ég bauð um 80 manns á veitingahús í London. Veislan tókst frábærlega vel. Ég varð því fljótt áhugasamur að skipuleggja nýja veislu að ári. Hún fór fram í janúar árið 2005 og nú komu rúmlega hundrað manns á veitingastaðinn Oxo Towers þar sem hápunkturinn var óvænt flugeldasýning yfir Thames ánni á miðnætti.

Nokkrum vikum eftir að ég flutti til Bretlands árið 2003 var mér boðið á góðgerðarsamkomu í náttúrugripasafninu í London. Mér fannst þetta vera einhver magnaðasti staður sem ég hafði komið á. Hét ég því að halda einhvern tíma veislu þarna. Það gerði ég síðan árið 2006. Ég hafði ég búið í tæp þrjú ár í London svo að ég bauð rúmlega 200 manns og þetta var í fyrsta sinn sem ekki einungis Íslendingum var boðið heldur einnig mörgum breskum samstarfsmönnum og viðskiptavinum.

Dálæti mitt á „Delilah" var þá orðið vel þekkt. Þegar viðstaddir sáu fjölmenna hljómsveit ganga á svið þótti mörgum sem fullmikið væri lagt í undirspilið miðað við sönghæfileika gestgjafans. Ég fór upp á svið til þeirra, gekk að hljóðnemanum og sagði: „Í staðinn fyrir ódýru íslensku útgáfuna skulum við gera þetta í alvöru og fá besta söngvara heims!" Sir Tom Jones spígsporaði upp á svið. Margir gestanna héldu að þetta væri einhver eftirherma og einn breskur vinur minn sagði mér síðar að hann hefði hlustað á ein fimm lög áður en hann áttaði sig á að þetta væri sjálfur Tom Jones. Ég hitti meistarann baksviðs fyrir uppákomuna og þegar ég var að útskýra með hvaða orðum ég myndi kynna hann, hrökk upp úr mér: „Í staðinn fyrir ódýru íslensku útgáfuna, hér er ódýra velska útgáfan!" Steinrunnin andlitin á fylgdarliði hans gáfu til kynna að þarna hefði ég gengið of langt.

### Í laxveiði með sjónvarpskokknum Gordon Ramsay

Í júlí var ég orðinn mjög bjartsýnn á framtíðina og skipulagði laxveiðiferð til Íslands með hópi viðskiptavina okkar. Ég og Henrik Gustafsson höfðum reynt að skipuleggja ferð fyrir helstu viðskiptavini okkar í Bretlandi í nokkur ár en einhvern veginn hafði aldrei orðið neitt úr því. En nú tókst okkur loks að setja saman góðan hóp sem við fórum með í tveggja daga veiðiferð í Laxá í Kjós.

Þó svo að með okkur í för hafi verið nokkuð þekktir viðskiptamenn var það koma hins fræga kokks, Gordon Ramsey [svo!], sem vakti mesta athygli í Reykjavík. Gordon hafði verið viðskiptavinur S&F í nokkur ár og hafði sterk tengsl við Iain Stewart, framkvæmdastjóra einkabankaþjónustu okkar. Iain hafði aðstoðað Gordon snemma á ferli hans og er hans getið í ævisögu kappans. Ég hafði einungis rekist á Gordon einu sinni áður en kom að laxveiðiferðinni, þegar við Iain hittum hann ásamt Chris Hutcheson, sem var bæði viðskiptafélagi hans og tengdafaðir, á hádegisverðarfundi fyrr um árið. Þar ræddum við um hvernig við gætum þróað viðskiptasamband okkar frekar.

Gordon er geðþekkur maður með mikla kímnigáfu en er frekar ör og með snert af athyglisbresti. Áður en ferðin hófst voru gestirnir beðnir um að senda upplýsingar um hæð sína og skóstærð svo að við gætum útvegað þeim rétta stærð af vöðlum. Þegar upplýsingarnar komu frá Gordon hélt ég að um að mistök væri að ræða – hann hafði skrifað að hann notaði skóstærð 50. Við erum um það bil jafn háir en ég nota bara skó í stærð 43 þannig að þetta leit undarlega út. En upplýsingarnar reyndust réttar. Eftir allmikla leit tókst okkur að finna vöðlur sem pössuðu á Gordon þó að vöðluskórnir líktust helst trúðaklossum.

Við fórum með gestina út á lífið á föstudagskvöldinu áður en veiðin hófst. Þegar ég pantaði borðið á Sjávarkjallaranum fannst mér sanngjarnt að láta framkvæmdastjórann vita að Gordon yrði einn af gestunum. Maturinn var mjög ljúffengur en þjónarnir voru ansi hreint taugaóstyrkir í nálægð við kokkinn fræga. Kaldhæðnisleg kímnigáfa hans varð síðan til þess að diskarnir skulfu enn frekar í höndum þeirra. Eftir matinn fórum við á Café Oliver þar sem við dvöldum til fimm um morguninn. Þegar við komum þangað beindist athygli margra gestanna fljótlega að borðinu okkar, sérstaklega vegna veru Gordons. Þótt hann hafi þá ekki verið mjög þekktur á Íslandi – ég þreyttist ekki á að útskýra fyrir honum að allir vissu hver Jamie Oliver væri en hann væri óþekktur – þekktu hann nógu margir til að það fréttist fljótt að það væri einhver frægur við borðið okkar. Hispurslausar íslenskar ungmeyjar sýndu Bretunum því mikla athygli sem sumir í hópnum áttu ekki að venjast. Einn af gestunum okkar sagði við þetta tækifæri: „Það hefur ekki verið reynt jafnmikið við mig síðan ég var síðast á súlustað!"

Laxveiðiferðin var sérlega vel heppnuð fyrir utan veiðina sjálfa. Það var óvenju mikið sólskin, logn og 25 gráðu hiti, sem er frábært ef þú vilt ná þér í lit en skelfilegt ef þú ætlar að ná þér í lax. En útsýnið í Hvalfirði á slíkum dögum er ótrúlegt og var gestunum okkar nokkur huggun þó veiðin væri lítil. Einn gestanna var hins vegar himinlifandi með veiðina þótt hún væri lítil. Það var reyndasti veiðimaðurinn í hópnum, Ray Kelvin sem stofnaði og á meirihluta í tískuvöruverslunarkeðjunni Ted Baker. Þrátt fyrir að Ray væri mikill stangveiðimaður hafði hann aldrei veitt sjóbirting og var því alsæll þegar honum tókst að landa einum slíkum á öðrum degi. Til að gera honum ferðina enn minnisstæðari bauðst Gordon til að elda sjóbirtinginn með því að ofnbaka hann í blautu dagblaði – sem var aðferð sem Ray mælti eindregið með. Á meðan hann horfði á Gordon elda fyrsta sjóbirtinginn sinn í veiðiskálanum leit hann út yfir sólsetrið í Hvalfirði, leit svo á mig og vitnaði í þekkta auglýsingu með því að segja: „ef Carlsberg skipulegði veiðiferðir væru þær svona!"

Seinna um kvöldið fórum við í keppni í sjómanni. Eins og alltaf tapaði ég mjög fljótlega. Þrátt fyrir að keppnin hafi verið jöfn við nokkra íslenska félaga mína stóð Gordon uppi sem sigurvegari – upphandleggsvöðvar hans höfðu greinilega styrkst við pottaog pönnuburð. Ég var síðan minntur á þessa niðurlægingu nokkrum vikum síðar þegar ég fékk persónulegt bréf frá Gordon þar sem hann hæðnislega baðst afsökunar á því að hafa unnið.

Frá íslensku laxveiðiánni fór ég með Þórdísi á frönsku Rívíeruna þar sem við hittum gamla æskufélaga úr Breiðholtinu og fórum í siglingu um Miðjarðarhafið sem ég hafði skipulagt. Fyrir gamla skólafélaga var þessi ferð draumi líkust. Síðasta dag ferðarinnar fórum við í hádegisverðarboð á La Voile Rouge, eitt frægasta strandveitingahúsið í St. Tropez. Andrúmsloftið bar sannarlega keim af því að árið var 2007. Ef til vill var það rússneski milljarðamæringurinn sem sat í hásæti með kórónu á höfðinu og drakk Chateau Lafite af stút. Jafnvel gæti það hafa verið þjónninn sem var klæddur í köngulóarmannsbúning og hélt á 20 lítra Melchizedek flösku af kampavíni sem hann spúði yfir gestina. Eða kannski var það þegar ég sá gömlu „villingana" úr Breiðholtinu drekka tekíla skot með fyrrum stjórnarformanni eins stærsta banka Bretlands.

Hver sem ástæðan var þá hvarflaði þarna að mér að þetta minnti eflaust á síðustu daga Rómarveldis.



**RANGE ROVER** Seldist eins og heitar lummur í góðærinu.




Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

# Auðvitað hrundi þetta allt saman

Ár er síðan bankarnir féllu og gjörvallt efnahagskerfið fór á hliðina með tilheyrandi áhrifum. *Björn Þór Sigbjörnsson* lítur í gömul blöð og staldrar við nokkra minnisstæða atburði.

Hrun bankanna í byrjun október í fyrra þurfti ekki að koma nokkrum manni á óvart. Þetta blasti við. Og hafði gert lengi.

Engin leið er að henda reiður á hve oft útlendingar höfðu mánuðina og misserin á undan bent á veikar stoðir íslensku bankanna. Þeir sögðu þá alltof stóra, fjármögnun þeirra dýra og útlánastefnuna varhugaverða. En við kunnum svör við þessum dylgjum, eins og við kölluðum viðvörunarorðin. Þið eruð asnar, sögðum við, og hafið ekki hundsvit á bankarekstri. Vitið ekkert um íslenskan dugnað og útsjónarsemi. Fattið ekki að andlegt atgervi okkar er á öðru stigi en annarra.

Útlensku sérfræðingarnir gátu lítið annað gert en að hrista hausinn yfir þessari veruleikafirringu smáþjóðarinnar og héldu áfram að greina stöðuna. Niðurstaðan var alltaf sú sama. Stoðir íslensku bankanna eru veikar.

Á einhvern óskiljanlegan hátt höfðum við bitið í okkur að við kynnum öðrum þjóðum betur að reka banka. Og gott betur en það; við stæðum þjóða fremst í öllum bisness.

Við, segi ég, og á þar við íslenska þjóð. Þeir sem samsinntu útlendingunum taki sjálfa sig út fyrir sviga.

Svo kom auðvitað að því. Þetta hrundi allt saman.

Aðdragandi hrunsins er í stuttu máli svona. Menn eignast litla banka og vilja gera þá stóra. Aðstæður í heiminum eru þeim hliðhollar, blússandi framboð og eftirpurn eftir peningum. Ekkert annað en kjarkur skildi milli feigs og ófeigs.

Okkar menn voru dyggilega studdir af ráðherrum og sjálfum forsetanum sem ferðaðist heimshorna á milli til að greiða fyrir hvers kyns viðskiptum. Bankarnir voru fínustu vinnustaðirnir í bænum og þangað lá leið fólks eftir háskólanám með viðkomu hjá Sævari Karli og B&L.

Allt var í fínasta lagi og unnið eftir mottóinu heimsyfirráð eða dauði. Dauðinn var samt aldrei í kortunum, það hvarflaði ekki að bankamönnunum að þetta kynni að fara illa. En auðvitað fór það þannig. Menn gleymdu sér í látunum. Og svo kom á daginn að þessi fyrirtæki voru bara skýjaborgir.

Sagt er að fjölmiðlarnir hafi sofið á verðinum. Sannleikurinn er sá að blöðin fluttu mýgrút frétta af áhyggjum manna af stöðu íslensku bankanna.

Sjáið þið forsíðu Fréttablaðsins frá 18. mars í fyrra. Einn lýsir áhyggjum af að bankarnir og ríkið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og annar segir bankana ekki njóta trausts á mörkuðum. Þarna sjást gengið og úrvalsvísitalan í frjálsu falli og bensínverð í hæstu hæðum. Á myndinni er Birgitta Jónsdóttir að mótmæla framferði Kínverja gagnvart Tíbetum. Rúmu ári síðar var hún kjörin á þing. Á þessari forsíðu er líka sagt frá því að Hreiðar Már Sigurðsson dansaði Michael Jackson-dansa á árshátíð Kaupþings helgina áður. Ætli hann dansi mikið í dag?




## Lok september

Það dró til tíðinda í lok september í fyrra. Ríkið ætlaði að taka Glitni yfir að ráði Seðlabankans. Þjóðnýting, var orð sem ekki hafði heyrst lengi. Í framhaldinu fór allt af stað.

Jón Ásgeir kallaði gjörninginn bankarán, sumir sögðu yfirtökuna óþarfa og fráleita en aðrir töldu hana nauðsynlega aðgerð. Óvissa ríkti um áhrif þessa inngrips og til marks um það sagði Geir Haarde daginn sem yfirtakan var kunngerð að hinir bankarnir stæðu vel og því ekki líklegt að þeir þyrftu aðstoðar ríkisins við. Úbbs.

Það spurðist líka í þessari viku að Davíð Oddsson hefði orðað þjóðstjórn á ríkisstjórnarfundi.

Tvær auglýsingar í Fréttablaðinu 30. september 2008 eru öðrum athyglisverðari. Í annarri auglýsa Heimilistæki flatskjái á aðeins 249.995 krónur. Í hinni boðar Glitnir viðskiptavini sína á fund til að svara spurningum þeirra um hvort þeir þurfi að hafa áhyggjur.

## Helgin 4. og 5. október

Helgina 4. og 5. október hreiðraði Geir Haarde um sig í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu og kallaði til sín aðra ráðherra, sérfræðinga, bankamenn og hagsmunaaðila víða að úr samfélaginu. Alls nokkra tugi manna.

Flestir strunsuðu upp og niður tröppurnar, ábúðafullir eftir efninu auðvitað, en þriggja skrefa stökk Björgólfs Thors varð frægt.

Ekki fengust nákvæmar upplýsingar um hvað var á seyði en einn sagði þjóðina hanga í snöru og annar lýsti verkefninu sem björgunarleiðangri.

Búist var við að Geir myndi kynna „aðgerðapakka“ á sunnudagskvöldinu ef af því varð ekki. Þvert á móti sagði hann að dregið hefði úr spennu í efnahagsmálum og því ekki þörf á sérstökum aðgerðapakka.

Fólki létti vitaskuld við þessi orð þótt mótsögn fælist í ríkri áherslu hans á að innstæður sparifjáreigenda í bönkunum væru tryggar.

Mánudaginn 6. október fór svo aftur allt á annan endann.

Geir flutti Guð blessi Íslandávarpið sitt og Alþingi samþykkti neyðarlögin svonefndu. Daginn eftir var þeim beitt með hreinni og klárri yfirtöku á Glitni og Landsbankanum og þremur dögum síðar var Kaupþing tekið yfir.

Fljótlega fóru menn að tala um Icesave, þá tæru snilld, eins og Sigurjón Árnason hafði áður kallað þessa reikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Snilldin sú var allt í einu orðið helsta vandamál Íslands. Og er enn heilu ári síðar.




Milliríkjadeila var staðreynd, Gordon Brown var herskár og beitti hryðjuverkalögum á Landsbankann. Hann taldi Ísland í raun gjaldþrota.

Viðskipti íslenskra og breskra fyrirtækja voru í uppnámi. Öll milliríkjaverslun var raunar í öngstræti þar sem Ísland naut ekki trausts í útlöndum.

Bresku blöðin spöruðu ekki stóru orðin föstudaginn 10. október eins og sjá mátti á forsíðu Fréttablaðsins þann dag.

Fram að haustdögum 2008 var Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn í hugum Íslendinga stofnun sem hjálpaði þróunarríkjum. Í kjölfar hrunsins fóru menn af fullri alvöru að tala um að forsenda endurreisnar efnahagslífsins væri samstarf við þann sama sjóð. Vorum við þá orðið þróunarríki?

Undir miðjan október unnu íslensk stjórnvöld að samningu efnahagsáætlunar til að leggja fyrir sjóðinn og hálfum mánuði síðar var óskað formlega eftir samstarfi. Nokkrum dögum síðar var skrifað undir samning þar um og nákvæm áætlun um tímasettar aðgerðir kynnt. Hún hefur ekki gengið eftir. Enn er beðið endurskoðunar sem átti að fara fram í febrúar.

## Stiklum nú á stóru

**14. okt.** Ingibjörg Sólrún vill Davíð Oddsson úr Seðlabankanum.

**15. okt.** Tryggvi Þór Herbertsson hættir sem efnahagsráðgjafi forsætisráðherra. Þeir voru ekki sammála um leiðir.

**16. okt.** Upplýst er að Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, seldi hlutabréf

FRAMHALD Á SÍÐU 30

## ÍSLAND Í TÖLUM FYRIR OG EFTIR HRUN

**Tölulegar upplýsingar endurspegla þá gríðarlegu breytingu sem orðið hefur hér á landi á síðastliðnu ári. Eins og margoft hefur komið fram gufaði bankakerfið næstum upp í einni svipan fyrir ári. Atvinnuleysi, sem var í sögulegu lágmarki í tvö ár fyrir hrun, margfaldaðist. Svipaða sögu var að segja um flesta þætti í efnahagslífinu. Allt, sem hafði verið á niðurleið fram til þessa sneri við á punktinum og virtist hækkanahrinunni um tíma engin takmörk sett. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson rýndi í talnaþróunina síðustu tólf mánuði.**












BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
479
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 598 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR 479 kr.kg.
1998
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1998 kr.kg.
1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr.kg.
698
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR 698 kr.kg.
798
K.F KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR
M/BEINI MERKT VERÐ 998 KR.KG -20% AFSLÁTTUR
798 kr.kg.
498
NAUTAVEISLU FERSKIR NAUTABORGARAR
4 stk m/brauði 498 kr.
1189
NÝSLÁTRUN HAUST 2009
K.S FERSK LAMBLÆRI AF NÝSLÁTRUÐU
MERKT VERÐ 1398 KR./KG. 15% AFSLÁTTUR 1189 kr./kg.
1398
DANSKAR GRÍSALUNDIR
frystivara 1398 kr.kg.
NÝSLÁTRUN HAUST 2009
1998
K.S FERSKT LAMBAPRIME
1998 kr.kg.
198
INNMATUR FROSINN
LAMBAHJÖRTU/LAMBALIFUR 198 kr./kg.
898
N.V FERSKT NAUTAHAKK
898 kr.kg.
598
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT
1.FLOKKUR 598 kr.kg.
NÝSLÁTRUN HAUST 2009
2998
K.S FERSKT LAMBAFILLET
2998 kr.kg.
359
E.S FROSIÐ BROCCOLI & BROCCOLIMIX
1000g 359 kr.
GREAT TEXAS PIZZUR
350g
298 kr stk.
298
MYLLU VÍNARTERTA 350g
298 kr.
69
69 kr. 1/2 ltr.
198
HEIMA JARÐARBER
820g 198 kr
BÓNUS
50% KJARNABRAUÐ
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g 159 kr.
498
E.S FROSIN JARÐARBER
1000g 498 kr.
298
PRINGLES XXL 195g
298 kr.
Opnað kl.10
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

í Landsbankanum mánuði áður en bankinn féll.

**26. okt.** Fylgið við vinstri flokkana eykst samkvæmt skoðanakönnun en fylgi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks minnkar.

**27. okt.** 70 prósent segjast vilja sækja um aðild að ESB og taka upp evru. Verðbólgan mælist tæp sextán prósent og hefur ekki verið meiri í tæp 20 ár. Hún átti enn eftir að aukast.

næsta vor. Skoðanakönnun Fréttablaðsins þar um þann 24. nóvember sýndi meirihluta fyrir vorkosningum meðal kjósenda. Önnur könnun sýndi að aðeins rúmlega 30 prósent studdu ríkisstjórnina.

Alþýðusambandið krafðist afsagna fjármála- og viðskiptaráðherra.

Frá hruni höfðu opnir borgarafundir verið haldnir, bæði innan- og utandyra. Margir þeirra voru fjölsóttir og stemningin var jafnan sú að stjórnvöld hefðu gert allt rangt og líka bankamennirnir, eftirlitsstofnanirnar og Davíð Oddsson.

Einn slíkur fundur var haldinn í Háskólabíói mánudagskvöldið 24. nóvember. Á sviðinu voru átta ráðherrar, í salnum 1.500 borgarar. Ingibjörg Sólrún sagði fundargesti ekki endurspegla vilja þjóðarinnar. Þau ummæli hengdust um háls hennar.

## ANDLEGT ÞROT OG ÓTTI UM VÖRUSKORT

„Það er búið að vera allt brjálað hérna um helgina, eins og í öðrum Krónuverslunum um allt land. Ég skil þetta ekki alveg, því framkvæmdastjóri Krónuverslananna hefur gefið það út að fólk þurfi ekki að hafa áhyggjur, og að ekkert breytist," segir Patrick Pinto, aðstoðarverslunarstjóri í Krónunni við Fiskislóð. Töluvert var um að fólk hamstraði matvörur í verslunum um helgina. Að sögn Patricks hafa viðskiptavinir aðallega birgt sig upp af vörum sem endast vel, eins og hveiti, sykri, spagettí og kotasælu.

Elfa Dögg Leifsdóttir, verkefnisstjóri Hjálparsíma Rauða krossins, segir mikla fjölgun hafa orðið á símtölum til hjálparlínunnar undanfarið. Margir hafi áhyggjur af lánum sínum sem séu í erlendri mynt. Hún segir suma sem hringja vera á barmi örvæntingar. „Fólk er í andlegu þroti. Flestir bera sig vel en sumir eru mjög örvilnaðir og jafnvel tilbúnir til örþrifaráða," segir Elfa Dögg.

**Fréttablaðið 6. október 2008**

**28. okt.** Stýrivextir hækka í átján prósent, að kröfu AGS. Sterling flugfélagið sem var í eigu Íslendinga verður gjaldþrota.

**31. okt.** Upplýst er um umfangsmiklar uppsagnir víða í samfélaginu, margvíslegar hagræðingaraðgerðir, launalækkanir, lækkun starfshlutfalls og afnám eftirvinnu. Samfylkingarráðherrar ítreka kröfur sínar um að Davíð Oddssyni verði vikið úr embætti.

**4. nóv.** Upplýst er að persónulegar ábyrgðir starfsmanna Kaupþings af lánum til hlutabréfakaupa hafi verið felldar niður í lok september. Fjárhæðirnar hlaupa á tugmilljörðum.

**6. nóv.** Fram kemur að meðal sumra ríkja er lausn Icesave sögð forsenda þess að AGS veiti Íslendingum aðstoð. Fáum dögum síðar segir forseti framkvæmdastjórnar ESB alþjóðlega fyrirgreiðslu ómögulega nema samið verði um Icesave.

**7. nóv.** Samson óskar eftir heimild til greiðslustöðvunar.

**14. nóv.** Ríkisstjórnin tilkynnir um aðgerðir fyrir heimili í vanda. Sjálfstæðismenn ákveða að flýta landsfundi sínum og fjalla sérstaklega um Evrópumál.

**16. nóv.** Stjórnvöld og Evrópusambandið ná samkomulagi um Icesave. Íslendingar ábyrgjast innistæður að upphæð rúmlega 20.877 evra.

Uppúr miðjum nóvember var komið fútt í pólitíkina. Stjórnarandstaðan var komin með upp í kok af ríkisstjórninni og lagði fram vantrauststillögu og kröfu um þingrof og kosningar. Tillagan var felld með atkvæðum þingmanna stjórnarflokkanna og Kristins H. Gunnarssonar.

Samfylkingarmenn voru líka komnir með upp í kok af Davíð Oddssyni og tveir ráðherrar, Björgvin G. og Þórunn vildu kosningar

## SPARIFÉÐ GLATAÐ

„Ég er alls ekkert miður mín vegna þessa ástands. Ég er alltaf bjartsýn og vona bara það besta," segir Sigurlaug Gísladóttir, 86 ára gamall Seltjarnarnesbúi. Sigurlaug hefur að öllum líkindum tapað sparifé sínu á krepputímum tvisvar sinnum, fyrst árið 1930 og aftur nú, en tekur fram að í hvorugt skiptið hafi verið um háar fjárhæðir að ræða.

Sigurlaug eignaðist hlutabréf í Flugfélagi Íslands sem með snúningum og sameiningum urðu að endingu að hlutabréfum í Glitni. „Þá vildi ég selja bréfin því mér leist ekkert á fyrirtækið, en kom mér aldrei að því. Nú eru bréfin líklega einskis virði," segir Sigurlaug og bætir við að hún sé pollróleg yfir þessu. Skellurinn sé ekki mikill fyrir sig.

**Fréttablaðið 10. október 2008**

### Förum aftur á hundavað

**27. nóv.** Formenn allra flokka og þingforseti leggja fram frumvarp um skipan nefndar Alþingis sem rannsaki aðdraganda og orsakir falls bankanna. Nefndin á að skila skýrslu um næstu mánaðamót. Sama dag eru samþykkt lög um gjaldeyrishöft.

**28. nóv.** Um 7.000 manns eru án avinnu. Atvinnulausum fjölgaði um 3.000 á einum mánuði.

**1. des.** Kröftug mótmæli við Seðlabankann. Eva Hauksdóttir fundar með seðlabankastjórunum. VG mælist með mest fylgi stjórnmálaflokkanna í könnun Gallup.

**2. des.** Ríkisstjórnin tilkynnir aðgerðir í tólf liðum til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja.

**3. des.** Lífeyrissjóðirnir segjast tilbúnir að taka þátt í endurreisnarstarfinu ef fleiri verða með og viðunandi samkomulag náist um gjaldmiðlavarnarsamninga. Umboðsmaður Alþingis lýsir áhyggjum af stjórnsýslu við framkvæmd neyðarlaganna.

**4. des.** Davíð Oddsson segist í viðtali við danskt blað að verði hann neyddur úr Seðlabankanum muni hann snúa í pólitíkina aftur.

**8. des.** Til ryskinga kom við Alþingishúsið eftir að mótmælendur voru með háreysti á þingpöllum.

**9. des.** Átök urðu við Ráðherrabústaðinn við upphaf ríkisstjórnarfundar. Aftur viku síðar.

**10. des.** Frumvarp um sérstakan saksóknara til að rannsaka bankahrunið verður að lögum.

**20. des.** Tekjuskattur er hækkaður og lögum breytt svo hægt sé að lækka laun æðstu ráðamanna.

**22. des.** Fjárlög með 154 milljarða króna halla samþykkt. Verðbólgan hækkar enn og mælist rúmlega 18 prósent.Alþingi breytir lögum um eftirlaun æðstu embættismanna.

Svo koma jól.
Og gamlársdagur. Mótmælendur stöðva útsendingu Kryddsíldar Stöðvar 2 með eyðileggingu á tæknibúnaði. Lögregla beitir táragasi.

Í áramótaávarpi sínu sagði Geir Haarde meðal annars:

„Ég vil á þessari stundu segja beint og milliliðalaust við ykkur, kæru landsmenn, að ég ber sem forsætisráðherra ábyrgð á stjórn landsins og þá ábyrgð axla ég, hvort sem siglt er um lygnan sjó eða þungan. Sá dagur líður ei hjá að ég spyrji mig ekki hvort stjórnvöld hefðu getað komið í veg fyrir þá atburði sem urðu hér á landi í haust. Okkur hafa vissulega orðið á mistök í þeim hamförum sem riðið hafa yfir en það er engu síður ljóst í mínum huga, að það var ekki á færi íslenskra stjórnvalda að afstýra hruni íslensku bankanna eftir að heimskreppan skall á af fullum þunga. Allar aðgerðir stjórnvalda að undanförnu hafa miðað að því að takmarka það tjón sem íslenska þjóðin mun óhjákvæmilega verða fyrir vegna bankahrunsins. Sú barátta hefur staðið dag og nótt og henni er hvergi nærri lokið."

Um kvöldið datt þjóðin í það og hló að áramótaskaupinu eins og venjulega.

Í byrjun árs var boðið upp á endurtekið efni í þjóðmálunum. Sáran raunveruleika, pólitískt karp og almenn leiðindi. Óþol almennings gagnvart stjórnvöldum jókst. Mótmælt var við þinghúsið dag eftir dag. Evrópusambandsaðild, kosningar og stjórnarskipti voru rædd.


SVANHILDUR EINARSDÓTTIR
Fjölbreytt notagildi flíkurinnar heillaði
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

ÞORRINN
Þorramatur, drykkir og hátíðabúningar
Sérblað um þorrann
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

ÁRNI RÚNAR HLÖÐVERSSON
Ætlar að kæra lögregluna
FÓLK 46

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

22. janúar 2009 — 20. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Jákvæðari viðhorf
Q-félag hinsegin stúdenta fagnar tíu ára afmæli um þessar mundir.
TÍMAMÓT 26

Sérgáfur til góðs
Thorkil Sonne vill nýta krafta einhverfra á vinnumarkaði.
TILVERA 14

Mikil spenna
Tilnefningar til Óskarsverðlaunanna verða kynntar í dag.
KVIKMYNDIR 34

Ungur og efnilegur
Hinn fjórtán ára Valur Orri Valsson hjá Njarðvík er yngsti leikmaður

VEÐRIÐ Í DAG

# Krafa um stjórnarslit og kosningar í vor

Samfylkingarfélagið í Reykjavík vill slíta ríkisstjórnarsamstarfinu. Innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins eykst krafa um að flýta kosningum. Forsætisráðherra segir glapræði að efna til kosninga nú. Mótmælt er víða um land.

Stjórnarráðið í gær:
Mótmælendur veittust að Geir

Útsala
Opið til 21

Svona var forsíða Fréttablaðsins fimmtudaginn 22. janúar. Næstu daga stóð þar: Stjórnin reynir að þrauka, Samstarfið í óvissu, Úrslitastundin er í dag, og loks 27. janúar: Sátt um að Jóhanna leiði nýja ríkisstjórn.

Geir Haarde baðst lausnar, Samfylkingin og VG mynduðu minnihlutastjórn undir forsæti Jóhönnu og ákveðið var að kjósa í apríl. Áður skyldi losnað við Davíð úr Seðlabankanum.

Í kosningunum fengu stjórnarflokkarnir þingmeirihluta og ný hreyfing, Borgarahreyfingin fékk fjóra menn kjörna. Við þekkjum sögu hennar og eins ríkisstjórnarinnar. Ögmundur farinn og allt það.

Tímamót urðu í utanríkispólitíkinni í sumar þegar Alþingi samþykkti að hefja skyldi aðildarviðræður við Evrópusambandið. Trú sumra var að við það myndi allt breytast og færast til betri vegar. En það hefur ekki gerst. Ekki frekar en svo margt annað.

Á þessu ári sem liðið er frá hruni bankanna stöndum við í sömu sporum á ótrúlega mörgum vígstöðvum. Icesave er enn í lausu lofti, skuldavandi heimilanna er óleystur, atvinnulífið er í sárum, gengi krónunnar við frostmark, vextir háir og lánstraust í útlöndum í lamasessi. Listinn er auðvitað miklu lengri.

Í Guð blessi Ísland-ávarpinu sínu fyrir rétt rúmu ári sagði Geir Haarde að með íslenska bjartsýni, æðruleysi og samstöðu myndi þjóðin standa storminn af sér. Þó það hafi eflaust verið einlæg sýn hans þá verður að segjast eins og er að ekkert af þessu hefur gengið eftir. Því miður. Þjóðin er svartsýn og samstaðan í lágmarki. Fyrir utan svo að enn er rok og lognið ekki í kortunum.

## ÍSLAND Í TÖLUM FYRIR OG EFTIR HRUN












# KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr




Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindir | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi


**KYNÞOKKAFULLT** Æðislegur stuttur kjóll frá nýstirninu Manish Arora.


**SIRKUS** Þessi ótrúlegi samfestingur hjá Manish Arora minnti á art-deco teikningar af trúðum.


**APPELSÍNUGULT** Leður og siffon gerði sumarlínuna töffaralega hjá Balenciaga.

# Litadýrð og töffaraheit

Útlitið er gott fyrir næsta vor og sumar, að minnsta kosti hvað tískuna varðar. *Anna Margrét Björnsson* tók forskot á hlýju árstíðina og skoðaði það sem bar hæst á tískuvikunni í París.

Tískuvikan í París er sú síðasta í röðinni í haust og kom í kjölfarið á tískuvikum í Mílanó og London. Á haustin eru sýndar vor- og sumarlínur hönnuða fyrir komandi ár og á tískupöllunum í höfuðborg tískunnar kenndi ýmissa grasa. Hjá Ninu Ricci var að finna afskaplega kvenlega, rómantíska og gamaldags línu sem jafnvel jaðraði við gotnesk áhrif á meðan Balmain hélt áfram með sitt vinsæla rokk og ról útlit: þröngar buxur og aðsniðnir jakkar ásamt stuttum þröngum kjólum. Stjarnan Nicolas Ghésquiere kom að vanda með frumlega og nútímalega hönnun fyrir Balenciaga og í þetta sinn var hann með mjög aðsniðna línu sem einkenndist af marglitum stykkjum úr leðri og siffonefni. Það er hins vegar indverjinn Manish Arora sem virðist vera skærasta nýja stjarnan á franska tískuhimninum um þessar mundir. Hönnun hans einkennist af ævintýralegum litum, sniðum og mynstrum sem koma eins og ferskur andvari inn í haustið.


**SMÁ GOTH** Æðislegur siffonkjóll við leggings og blúndusokka hjá Ninu Ricci.


**ÞRÖNGT** Ótrúlega töff samsetning af litum og efnum hjá Balenciaga.


**GYLLT** FLottur kjóll fyrir Pret-a-porter línu Balmain.

## STJÖRNUM PRÝDDAR STÓLARAÐIR


**STJARNA** Söngstirnið Rihanna var yfirlætisleg á sýningu Balmain.


**TÖFF** Lou Doillon, dóttir Jane Birkin í flottum leðurjakka á sýningu Givenchy.


**SÆT** Fyrirsætan Lily Cole ásamt Enrique Muricano á sýningu Balenciaga.

Tískuvikurnar eru tækifæri fyrir frægt fólk til að sýna sig og sjá aðra, auk þess sem það fær oft föt gefins frá hönnuðum sem vilja að sjálfsögðu auglýsa sig. Á tískuvikunni í París var sannkallað stjörnusamkvæmi en þar gaf að líta bæði Hollywood-leikkonur og söngstirni auk að sjálfsögðu franskra leikkvenna.


**TÝPA** Julie Depardieu, dóttir leikarans Gérard Depardieu, mætti með bleik sólgleraugu á sýningu Balmain.


**ELEGANT** Franska leikkonan Catherine Deneuve er ætíð klædd fatnaði frá Yves St Laurent. Hér er hún á sýningu Balenciaga.

# ILVA

einfaldlega betri kostur

# 1 árs afmælishátíð 1. - 11. okt.

Komdu og gerðu frábær kaup og taktu þátt í afmælishátíðinni með okkur.

**7 stk. herðatré**
**490,-**
Sparaðu 405,-

**45%** afsláttur af herðatrjám 7 stk. í pk.



**Viðarherðatré.** 7 stk. saman í pk. Verð 895,- **NÚ 490,-**

**H 30 cm**
**890,-**
Sparaðu 2.100,-

**70%** afsláttur af Louis vösum



**Louis.** Glervasi. H [illegible] cm.
Verð 3.990,- **NÚ 1.190,-**
H 30 cm. Verð 2.990,- **NÚ 890,-**
*Einnig til brúnn.*

**20%** afsláttur af öllum sófum

**2ja sæta m/legubekk**
**219.900,-**
Sparaðu 60.000,-



**Kingston.** Sófalína. Slitsterkt áklæði. 2ja sæta m/legubekk. L 271 cm. Verð 279.900,- **NÚ 219.900,-** 3ja sæta. L 232 cm. Verð 249.900,- **NÚ 199.900,-** 2½ sæta. L 198 cm. Verð 199.900,- **NÚ 159.900,-** Hægindastóll. Verð 149.900,- **NÚ 119.900,-** Skemill. 94 x 73 x 47 cm. Verð 59.900,- **NÚ 47.900,-**

**15 - 30%** afsláttur af öllum Silence rúmum og dýnum

**90 x 200 cm**
**39.900,-**
Sparaðu 20.000,-



**Silence Classic. C420.** Boxdýna með tvöfaldri fjöðrun og vattstungnu pólýesteráklæði. Pokafjöðrun lagar sig að línum líkamans og veitir hámarks hvíld. Í dýnunni eru sérstök svæði til að veita betri stuðning við axlir og mjaðmir. Fætur og yfirdýna seld sér.
90 x 200 cm. Verð 59.900,- **NÚ 39.900,-**
140 x 200 cm. Verð 99.900,- **NÚ 69.900,-**
160 x 200 cm. Verð 109.900,- **NÚ 76.900,-**

© ILVA Ísland 2009

**25-40%** afsláttur af öllum myndum og málverkum



**C.O. Simonsen.** Málverk. 50 x 50 cm. Verð 8.900,- **NÚ 6.600,-**

**málverk**
**19.995,-**
Sparaðu 14.905,-



**C.O. Simonsen.** Málverk. 40 x 100 cm. Verð 34.900,- **NÚ 19.995,-**

**svefnbekkur**
**49.900,-**
Sparaðu 18.000,-

**25%** afsláttur af Lubi og Squiz svefnbekkjum



**Squiz.** Tvöfaldur svefnbekkur með slitsterku áklæði og svampdýnu. 80 x 200 cm. Mál á rúmi 160 x 200 cm. Verð 67.900,- **NÚ 49.900,-**
**Squiz.** Tvöfaldur svefnbekkur með slitsterku áklæði og springdýnu. 80 x 200 cm. Mál á rúmi 160 x 200 cm. Verð 79.900,- **NÚ 59.900,-**

**2 fyrir 1** öll handklæði



**Base.** Handklæði. 100% bómullarfrotte 500g/m³. Ýmsir litir. 33x50 cm. **Verð 545,-** 50x100 cm. **Verð 995,-** 70x130 cm. **Verð 1.695,-** 100x150 cm. **Verð 2.695,-**

ILVA kaffi

Komdu og fáðu þér afmælisköku og kaffi í boði ILVA dagana 3. og 4. okt.



VISA Lán – VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

**Skoðaðu tilboðsbæklinginn á www.ILVA.is**

ILVA sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-19
kaffihús: laugardaga 10-17 sunnudaga 12-17 mánudaga-föstudaga 11-18



**Á VINNUSTOFUNNI** Goddur telur að tími jakkafataklæddra 35 ára hrokagikkja sé alveg örugglega liðinn. Íslenskir listamenn hafi lært af reynslunni og muni aldrei aftur hleypa peningaöflunum eins nærri sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Enginn einkaréttur á skapandi hugsun

Myndlistarmaðurinn, prófessorinn og hugvekjarinn **Guðmundur Oddur Magnússon**, best þekktur sem Goddur, hefur þann sérstaka hæfileika að kunna að setja söguna í samhengi sem er öllum auðskiljanlegt. Í tilefni af ársafmæli hrunsins heimsótti *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* Godd á vinnustofu hans og bað hann um að bregða á sig gleraugum samfélagsrýnisins.

Það er ekki ólíklegt að einmitt núna séu ódauðleg verk íslenskra listamanna og hönnuða að spretta upp úr jarðvegi kreppunnar. „Það gerist oft í kreppuástandi að þeir sem hafa ríkt ímyndunarafl og innsæi verða meira skapandi. Mörg dæmi um þetta var að sjá í kreppunni í Bandaríkjunum árið 1930. Þá ávarpaði Roosevelt forseti þjóðina með mikilli hvatningarræðu. Margir hafa síðan talað um að þessi ræða hafi vakið þá til umhugsunar um að breyta formi á hlutum, til þess að tákna nýja tíma og losa sig frá 19. öldinni. Upp úr þessu spruttu margir af fremstu hönnuðum 20. aldarinnar.“

Aðskilnaður við gamla hugsun og að forma umhverfið öðruvísi hefur sálræna þýðingu, segir Goddur. Hann segir þetta eiga vel við hér, nú þegar samfélagið er önnum kafið við að hrista af sér ástandið sem hér myndaðist á árunum eftir aldamótin. „Þegar við segjum „þetta er svo rosalega 2007“ eigum við við ímyndina af 35 ára gömlum karlmanni, með bindi, í jakkafötum og ofboðslega hrokafullan. Þetta er staðalmyndin af ákveðinni framkomu sem fjármálafyrirtækin beittu og notuðu. Þetta er táknmynd ástandsins 2007.“

## Krúttin kunna þetta

Tvennu segir Goddur öðru fremur áhugavert að fylgjast með í uppbyggingu samfélagsins. Í fyrsta lagi líði listamönnum nú upp til hópa betur, þrátt fyrir að enginn hafi lengur efni á að styrkja þá. „Ef það er einhver ein stétt manna sem þekkir tilfinningalega, tilvistarlega og fjárhagslega kreppu þá eru það listamenn. Það er eiginlega eðlilegt ástand hjá skapandi sálum. Þessi ofgnótt styrkja og yfirborðslega eyðsla í hluti sem skiptu engu máli var óeðlileg, enda eyddu margir listamenn stórum hluta styrkjanna í vitleysu. Takmörkuð fjárráð fá hugmyndaflugið af stað og skapa samhjálp sem ómögulegt er að virkja þegar nóg er af peningum.“

Í öðru lagi hafi heil kynslóð fólks forskot á aðra; „krúttin“ sem lögðu sig fram við að taka ekki þátt í öllu því sem „2007“-lífsstíllinn bauð upp á. „Upp úr aldamótunum – á sama tíma og margir hópuðust í viðskiptafræðina til að setjast á færibandið hjá bönkunum – varð til viðspyrna hjá stórum hópi ungs fólks. Það hugsar um sjálfbærni og neitar að nota merkjavörur. Það býr til tónlist með barnaleikföngum og kann að búa til gull úr vanefnum. Þetta er fólkið sem við köllum krúttkynslóðina. Einhvern veginn er hún betur innréttuð til að lifa í kreppu en nokkrir aðrir, því hún búin undir þann hugsunarhátt að þurfa ekki og vilja ekki munaðarvöru.“

## Allir dönsuðu með

Þessi kynslóð þáði nú samt styrki frá stórfyrirtækjum eins og bönkunum, eins og aðrir. „Já, margir létu glepjast, enda var auðvelt að glepjast á þessum tíma. Það var nánast undantekning ef menn dönsuðu ekki með. Landsbankinn hýsti til dæmis Klink og Bank-smiðjuna á sínum tíma, sem nýttist mörgum listamönnum. Þetta er hálfóþægilegt, svona eftir á að hyggja, jafnvel þótt maður hafi aldrei séð bein dæmi þess að menn hafi skipt sér af. Þeir gerðu ekki mikið annað en að borga rafmagn og gjöld af húsi sem stóð autt en vildu reyndar setja lógóið sitt á ýmsa atburði, sem ekki voru allir sáttir við. Að mörgu leyti var þetta verkefni Landsbankamönnum til sóma. Engu að að síður er af þessu eitthvert óþægilegt eftirbragð. Ég efast um að svona nokkuð gæti gerst hér á landi aftur. Það er klárt mál að menn munu umgangast peningaöflin á miklu varlegri hátt en þeir gerðu áður.“

## Ósérplægnin allsráðandi

Í vikunni fer fram í Reykjavík svokölluð TedX-ráðstefna, þar sem Goddur verður einn fyrirlesara. „Ég byrjaði á því að horfa á Ted fyrir tveimur til þremur árum. Þetta snýst um að dreifa fallegum hugmyndum án þess að vilja eitthvað í staðinn. Þarna opnast rásir fyrir fólk sem hefur eitthvað að segja.“ Á ráðstefnunni ætlar Goddur að fjalla um líkingamál og skilninginn.

Það er Hugmyndaráðuneytið sem útfærir viðburðinn á Íslandi en það varð til fyrir atbeina Guðjóns Más Guðjónssonar, sem kenndur er við Oz, fljótlega eftir hrunið. „Hugmyndafræði Hugmyndaráðuneytisins er altrúisminn, eða ósérplægnin, sem er andstæðan við það ástand sem hér var, þar sem hagnýta átti alla skapaða hluti. Altrúisminn gengur út á að hugsa út fyrir eyjuna – í persónulegri merkingu og þjóðernislegri merkingu. Að það sé mikill hagur í því að hugsa út fyrir sitt egó og vinna fyrir fleiri en sjálfan sig, hvort sem hagnaðurinn af því er óbeinn eða ekki. Þessi hugsunarháttur er bráðsmitandi og hann er að verða sýnilegur víða í samfélaginu. Þetta þykir mér það besta við kreppuna. Það byrjuðu allir að tala saman og samvirknin fór í gang.“

## Vitsmunirnir skapa ekki

Skapandi hugsun er nauðsynleg uppbyggingunni og hana þarf fólk að virkja hjá sjálfu sér, segir Goddur. „Listamenn hafa síður en svo einkarétt á skapandi hugsun. Og fólk má ekki vera hrætt við að prófa hlutina. Sumar hugmyndir eru andvana fæddar og standast ekki skoðun þegar farið er í að prófa þær. En þetta veit maður aldrei fyrir fram. Maður má ekki setja á sig svartan hatt í upphafi ferils síns.“

Hann segir alla geta verið skapandi, svo lengi sem hjarta fylgi máli. „Það er ekki til formúla fyrir skapandi vinnu. Gott dæmi til að lýsa því hvernig það skapandi virkar er að ímynda sér að maður sé að spila borðtennis og að skíttapa. Þá er pottþétt ráð til að snúa leiknum sér í hag að hæla að hæla andstæðingnum og spyrja hann svo snöggt: „Hvernig ferðu að þessu?“ Þá er eins og leikurinn hrynji hjá honum. Hann getur ekki lengur leikið með hjartanu. Öll bestu sköpunarverk heimsins eru samin á þessum stað. Hinum ómeðvitaða stað. Þau komu frá einhverju öðru en hinu vitsmunalega. Vitsmunirnir eru ekki það sem skapa. Það eru þeir sem jarðbinda og koma í framkvæmd. En þeir skapa ekki. Það gerir hjartað, tilfinningarnar og innsæið, sem er í öllu fólki en er ofboðslega oft bælt.“

## Ellibálið

Hæfileikinn til að finna fyrir straumum sinna tíma skilur á milli þeirra sem eiga eftir að ryðja brautina og hinna sem fylgja á eftir, segir Goddur. „Allt þetta manngerða í kringum okkur varð til í kollum skapandi fólks sem sér fyrir það óorðna. Stundum er sagt að þegar menn horfi til baka sé enginn orginal, heldur í besta falli týpískur. Þeir verða frægastir sem hafa hæfileika til að finna hvað liggur í loftinu og geta tengt sig við þetta, hvort sem það er í tónlist, myndlist, bílahönnun, arkitektúr eða einhverju allt öðru.“

En hvaða straumum finnur hann sjálfur fyrir í dag? „Það eina sem við getum verið viss um er að núna liggur straumurinn í ákveðna átt og það er pottþétt að það muni koma straumur á móti. Eitt einkenni á því fólki sem hefur verið mest áberandi á síðustu árum er að það neitar að verða fullorðið. Það er í sakleysisástandi, sem hefur sinn sjarma. Nú er þrettán ára gömul stelpa sem er með tískublogg orðin algjört fenómen. Hún bloggar um trend, nema að hún er öll í ömmutískunni. Það er engu líkara en að þessi stelpa geti ekki beðið eftir að verða gömul. Hvað ef ungdómsdýrkunin væri liðin og við færum allt í einu að dýrka gamla fólkið? Maður getur ekki hugsað sér það núna en það gæti samt skyndilega orðið. Þetta gæti orðið að báli.“

## TED Í REYKJAVÍK

Á þriðjudaginn verður liðið eitt ár frá því að Geir Haarde lét hin fleygu og ódauðlegu orð „Guð blessi Ísland“ falla þegar hann tilkynnti íslensku þjóðinni að hún sæti í súpunni. Í tilefni af þessum tímamótum verður haldin svokölluð TEDx-ráðstefna í Reykjavík. Ræðurnar þann daginn verða ekki reiðilestrar heldur fullar af innblæstri frá mörgum af skemmtilegustu fyrirlesurum landsins.

Goddur er einn þeirra en á ráðstefnunni ætlar hann að tala um skilninginn. Edda Björgvinsdóttir leikkona mun fjalla um húmor í stjórnun og Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur mun flytja fyrirlesturinn „Víða er þvottur brotinn“. Fjöldi annarra kemur fram en í heild munu á bilinu fimmtán og tuttugu manns taka til máls.

TED stendur fyrir Technology, Entertainment and Design – tækni, afþreyingu og hönnun. TED-viðburðirnir hafa farið sigurför um heiminn og eru áhugasamir hvattir til þess að fara inn www.ted.com þar sem sjá má fjöldamörg dæmi um eðli fyrirlestranna.

TEDx Reykjavík fer fram á Hótel Loftleiðum á þriðjudaginn og hefst klukkan 10. Aðgangur er ókeypis.

# BÓKA LAGERSALA




Opið alla daga 11–19, nema fimmtudaga 11–21. ATH. Aðeins í takmarkaðan tíma!

## Við flytjum lagerinn!
## Risamarkaður Forlagsins
# Fiskislóð 39

Verið velkomin á nýja staðinn!



**Allar krakkar** sem koma í dag fá að gjöf bókina *Dvergurinn Rauðgrani*

**Opið** alla daga 11–19 fimmtudaga 11–21

**Yfir 3.000 titlar**
**Ný tilboð daglega!**



50% afsláttur

**2 FYRIR 1**
Góða nótt, Einar Áskell og Svei-attan, Einar Áskell
**1.290 kr.**
verð áður 4.980



50% afsláttur

Pétur og úlfurinn
**1.590 kr.**
verð áður 3.190



66% afsláttur

Heimsmetabók Guinness 2009
**1.990 kr.**
verð áður 5.790



74% afsláttur

Bert og kalda stríðið
**690 kr.**
verð áður 2.690



57% afsláttur

Svart & hvítt
**1.490 kr.**
verð áður 3.490



55% afsláttur

Artemis Fowl – Tímaþversögnin
**1.690 kr.**
verð áður 3.790



66% afsláttur

Ástfangin prinsessa
**990 kr.**
verð áður 2.890



67% afsláttur

Sagan af Tracy Beaker
**990 kr.**
verð áður 2.980



40% afsláttur

Atlas barnanna
**1.790 kr.**
verð áður 3.290



57% afsláttur

Rosalegar risaeðlur
**1.490 kr.**
verð áður 3.490

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

# Pólskir innflytjendur fylgjast vel með íslenskum fjölmiðlum

Yfir sjötíu prósent Pólverja skoða íslenska fjölmiðla á degi hverjum. Þetta er meginniðurstaða nýrrar rannsóknar **Helgu Ólafs** í námi í blaða- og fréttamennsku í Háskóla Íslands. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** rýndi í rannsóknina og ræddi við Helgu, sem sagði henni meðal annars frá því að flestir Pólverjar skoðuðu dagblöð í hverri viku og að Fréttablaðið væri vinsælasta dagblaðið.



HELGA ÓLAFS Ætlar að halda áfram rannsóknum sínum á notkun innflytjenda á fjölmiðlum. Notkunin er meiri en hún hafði búist við fyrir fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stærstur hluti þeirra Pólverja sem búsettir eru hér á landi skoðar íslenska fjölmiðla reglulega. Meirihlutinn notar íslenska fjölmiðla daglega en fimmtungur tvisvar til þrisvar í viku. Þetta er niðurstaða rannsóknar Helgu Ólafs í MA-námi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands. Notkunin er meiri og almennari en Helga hafði búist við áður en hún tók til við úrvinnslu könnunar sem hún lagði fyrir ríflega 600 pólska innflytjendur.

**Áhuginn kviknaði í Alþjóðahúsinu**

Helga starfaði um tíma í Alþjóðahúsinu og fékk þannig áhuga á fjölmiðlanotkun innflytjenda. Hún afréð að beina sjónum sínum einungis að Pólverjum vegna þess að þeir eru langstærsti hluti innflytjenda; um 45 prósent þeirra. Í tölum þýðir það að um ellefu þúsund Pólverjar búa hér á landi. „Það eru tengsl á milli íslenskukunnáttu Pólverja og notkunar á íslenskum fjölmiðlum; hún verður meiri eftir því sem að íslenskukunnáttan eykst. Segja má að kunnátta í íslensku sé lykillinn að íslenskum fjölmiðlum enda hafa þeir að litlu leyti birt efni á öðrum tungumálum.“

Undantekningin hér er fréttir dv.is á pólsku sem voru vinsælar á meðal Pólverja en þeirri þjónustu var hætt nýverið í sparnaðarskyni. Einnig gaf Alþjóðahúsið út blaðið Fólk á pólsku, sem er lesið af meirihluta þátttakenda. „Svo hafa verið birtar auglýsingar í fjölmiðlum á erlendum tungumálum og þær hitta greinilega markhópinn fyrir miðað við mínar niðurstöður.“

Þess má geta að tæp þrjátíu prósent þátttakenda telja íslenskukunnáttu sína vera góða eða sæmilega, tæp fimmtíu prósent telja hana vera slæma og 22 prósent segjast ekki skilja íslensku. Mikill meirihluti vill bæta kunnáttu sína í íslensku.

**Dagblaðanotkun er mikil**

Helga spurði þá sem sögðust skoða dagblöð hvað þeir skoðuðu og kom í ljós að yfir sextíu prósent skoðuðu auglýsingar. Þar fyrir utan voru fréttir af gengi, veðurfréttir, fyrirsagnir og myndir á meðal vinsælustu liða. Fréttablaðið hafði mikla yfirburði í dagblaðalestri en næst því kom fríblaðið 24 stundir sem var til þegar könnunin var framkvæmd. „Það kom mér á óvart hve mikil dagblaðanotkunin var, en erlendis hefur mest verið fylgst með sjónvarpsnotkun innflytjenda. Annars er samanburður erfiður því rannsóknir á fjölmiðlanotkun innflytjenda eru skammt á veg komnar.“

**Lifa í þverþjóðlegu rými**

Helga bendir á að Pólverjarnir fylgist flestir einnig með pólskum fréttamiðlum og lifi í því sem í fræðunum er kallað þverþjóðlegt rými. Yfir 94 prósent þátttakenda eru með aðgang að netinu og þar eru hæg heimatökin að fylgjast með fréttum a pólsku. Ríflega sextíu prósent eru með aðgang að pólskum sjónvarpsstöðvum.

Helga segir eina af ályktunum sem draga megi af niðurstöðunni þá að mikilvægt sé fyrir íslenska fjölmiðla að endurspegla það fjölmenningarlega samfélag sem sé orðið til á Íslandi, en það geri þeir ekki eins og sakir standi. „Það hefur gerst til dæmis í Danmörku að sumir hópar innflytjenda eru hættir að nota danska fjölmiðla vegna þess að umfjöllunin um þá er svo neikvæð í fjölmiðlunum.“

Helga segir líklega geri forystumenn fjölmiðla sér ekki grein fyrir því hversu fjölmiðlanotkun innflytjenda er mikil, í íslenskum fjölmiðlum í dag sé að minnsta kosti lítið gert til að höfða til þessa hóps.

„Það er til að mynda engin fjölmenningarleg dagskrá og engin skoðanaskipti en fjölmiðlar á Norðurlöndum hafa brugðist við breyttum samfélögum með útgáfu dagblaða, sjónvarpsþátta og fleira. Vissulega eiga þeir lengri sögu um innflytjendur við. Reyndar er fjölmenningarlegra samfélagið á Íslandi ungt og eflaust gera blaða- og fréttamenn ekki sér grein fyrir hve samfélagið er fjölbreytt.“

> Það hefur gerst til dæmis í Danmörku að sumir hópar innflytjenda eru hættir að nota danska fjölmiðla vegna þess að umfjöllunin um þá er svo neikvæð í fjölmiðlunum

**Tengsl vantar við innflytjendur**

Helga segir að ef miðlarnir ættu að endurspegla þjóðfélagið þyrftu þeir að vera í betri tengslum við innflytjendur. „Ég hef til dæmis orðið vör við það í gegnum starf mitt í Alþjóðahúsi að blaða- og fréttamenn vantar tengsl við innflytjendurna sem búa í landinu. Þeir vita ekki hvar og hvernig hægt er að ná í þá. Ein leiðin til þess að brúa þetta bil er að fólk er erlendum uppruna starfi á miðlunum og þannig fást betri tengsl við fólkið í landinu og möguleikar fjölmiðla aukast með að endurspegla fjölmenningarlegt samfélag.“

Helga bendir á að hugmyndafræðin sem ráði ríkjum í dag byggist á samþættingu eða gagnkvæmri aðlögun. Samkvæmt henni sé reynt að koma á móts við þarfir innflytjenda til að gera þeim kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Einnig sé mikilvægt að þeir missi ekki tengsl við sína menningu og tungumál, heldur eiga þessir þættir að fá að njóta sín í samfélagi sem einkennist af fjölmenningu.

Samþætting virki í báðar áttir að því leyti að samfélög þurfi að sjá til þess að innflytjendur hafi jafnan rétt á við aðra íbúa samfélagsins, og að gera þeim kleift að hafa þau tækifæri. „Það er ekki mótsögn að Pólverjar fylgist með pólskum sjónvarpsfréttum og fylgist með pólskum fréttum í gegnum netið. Það væri aftur á móti neikvætt ef þeir myndu sniðganga íslenska fjölmiðla,“ segir hún.

„En ef við lítum á íslenska fjölmiðla þá er ekki hægt að segja að þeir endurspegli fjölmenningarlegt samfélag. Það er til að mynda enginn að því er ég best veit sem vinnur á fjölmiðlum sem er af erlendum uppruna og við sjáum ekki marga viðmælendur af erlendum uppruna í þjóðmálaumræðunni og erum því ekki vön að heyra útlendinga tala íslensku.“

## LESA AUGLÝSINGAR OG FYRIRSAGNIR

649 tóku þátt í könnun Helgu Ólafs og endurspeglar hópurinn búsetu og aldur Pólverja hér á landi, Fleiri konur tóku hins vegar þátt í könnuninni hlutfallslega en búa hér á landi. Til að fá þátttakendur í könnunina hafði Helga samband við fyrirtæki um land allt þar sem margir Pólverjar starfa og fékk leyfi til að leggja könnunina, sem var á pólsku, fyrir þá. Einnig útbjó hún rafræna könnun.

Þegar fjölmiðlanotkunin er greind nánar kemur í ljós að meðal mest lesnu liða í dagblöðum eru gengisfréttir með 72 prósenta lestur, auglýsingar, þar með talið smáauglýsingar, með 66 prósenta lestur, veðurfregnir með 58 prósenta lestur og myndir og fyrirsagnir með 55 prósenta lestur.

Í sjónvarpi voru fréttir vinsælasta efnið með sjötíu prósenta áhorf, þá afþreying með tæp fimmtíu prósenta áhorf og loks íþróttir með 44 prósenta áhorf. Tónlist var langvinsælasta efni útvarpsstöðvanna.

Helga bar notkun þátttakenda saman við notkun þeirra á pólskum fjölmiðlum og er meginniðurstaðan þar að lestur á fréttum í blöðum er meiri í pólskum blöðum en íslenskum. 85 prósent þeirra sem að lesa pólsk blöð lesa til dæmis innlendar fréttir en einungis 41 prósent þeirra sem lesa íslensku blöðin lesa í þeim innlendu fréttirnar. Slúður og menningarfréttir eru líka mun meira lesnar í pólskum miðlum svo dæmi séu tekin.

Notkun á sjónvarpi var líkari að uppbyggingu í íslenskum og pólskum miðlum. Fréttir eru vinsælasta efnið og svo afþreying. Fróðleikur er hins vegar vinsæll meðal innflytjenda í pólskum sjónvarpsstöðvum en ekki íslenskum og hefur tungumálakunnátta þar eflaust sitt að segja.

**Hvaða íslensku fjölmiðlum fylgist þú með?**




**Hvaða dagblöð verða fyrir valinu?**




**Notar þú íslenska fjölmiðla?**



// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR //

VERÐHRUN!

# RISA LAGERSALA FORLAGANNA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ **KL. 11-19**

Komdu og sparaðu!

NÝIR TITLAR DAGLEGA!

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

## GLÆSILEGAR JÓLAGJAFIR - ALLT Á EINUM STAÐ

## VANDAÐAR BARNABÆKUR

FULLT AF NÝJUM TITLUM!




~~1.790,-~~ 590,-

~~1.980,-~~ 690,-

~~2.490,-~~ 990,-

~~2.490,-~~ 790,-

~~1.990,-~~ 900,-




~~2.480,-~~ 790,-

~~2.480,-~~ 590,-

~~3.990,-~~ 1.490,-

~~5.490,-~~ 990,-

~~9.980,-~~ 4.490,-

UPPHEIMAR · sögur · Veröld · Salka · heimur · SKRUDDA · opna · BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR · BJARTUR

# Tveir heitustu leikmennirnir í dag





**Fernando Torres** og **Didier Drogba** hafa verið sjóðandi heitir í byrjun tímabilsins í ensku úrvalsdeildinni og því verða allra augu á þessum köppum þegar Chelsea og Liverpool mætast í stórleik helgarinnar á morgun.

Margir bíða spenntir eftir því að sjá hvort Didier Drogba eða Fernando Torres hafi betur þegar Chelsea og Liverpool mætast á sunnudaginn í einum af leikjum tímabilsins í ensku úrvalsdeildinni. Leikur fer fram á Brúnni í London og hefst klukkan 15 að íslenskum tíma.

Drogba og Torres eru almennt taldir vera tveir af allra bestu framherjum heims og nú koma þeir báðir til leiks sjóðandi heitir og lausir við öll meiðsli. Samkvæmt tölfræðinni og Actim Index-heimasíðu ensku úrvalsdeildarinnar eru þarna á ferðinni tveir bestu leikmenn ensku úrvalsdeildarinnar í fyrstu sjö umferðunum.

Þeir Fernando Torres og Didier Drogba eru báðir miklir markaskorarar og framherjar í heimsklassa en þeir eru samt mjög ólíkir leikmenn. Vissulega hjálpa líkamlegir hæfileikar þeim í viðskiptum sínum við varnarmennina en á meðan Drogba fer meira áfram á gríðarlegum krafti og brjáluðu keppnisskapi er Torres meira í því að rugla varnarmenn í ríminu með útsjónarsemi og óvæntum stefnubreytingum.

Fernando Torres er markahæstur í deildinni í fyrstu sjö umferðunum en hann hefur skorað 8 mörk í 7 leikjum, þar af fimm mörk í síðustu tveimur leikjum liðsins, á móti West Ham (3-2) og Hull (6-1). Hann er markaskorari af guðs náð og sérfræðingur í að nýta sér smá pláss í vítateignum. Hann sameinar hraða, sprengikraft og tækni til að skapa sér forskot á varnarmennina en hann fer þó lengst á því hversu marksækinn og útsjónarsamur hann er að búa sér til skotfæri inni í vítateignum.

Torres getur líka skorað mörk í öllum regnbogans litum, með vinstri, hægri eða skalla, inni í markteig eða utan teigs. Torres hefur aðeins gefið eina stoðsendingu á tímabilinu enda leitar hann fyrst og fremst að skotfæri fyrir sjálfan sig þegar hann er kominn inn á hættusvæðið.

Didier Drogba hefur skorað tveimur mörkum færra en Torres en hann hefur samt komið að fleiri mörkum þökk sé fjórum stoðsendingum á félaga sína í Chelsea-liðinu. Aðeins Ryan Giggs hjá Manchester United hefur átt fleiri stoðsendingar til þessa á tímabilinu.

Dider Drogba er gríðarlega kraftmikill leikmaður sem hefur mikinn hraða og styrk sem gerir hann erfiðu við að eiga fyrir alla varnarmenn. Hann hefur verið gagnrýndur fyrir að láta sig mikið detta og fara illa með færin en á góðum degi standast honum fáir snúning.

Mörkin sem hann skorar eru oftast af glæsilegri gerðinni en margir eru á því að hann hafi ekki neitt sérstakt markanef heldur komist svo langt á einstökum líkamlegum hæfileikum og rosalegu keppnisskapi. Á þessu tímabili hefur Drogba einnig skapað mikið af færum fyrir félaga sína og hefur samvinna hans og Nicolas Anelka gengið sérstaklega vel.

Það hefur verið ólíkt gengi hjá þeim félögum í innbyrðisleikjum Chelsea og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni síðustu tímabil. Torres hefur skorað í báðum deildarleikjum sínum á móti Chelsea, samtals 3 mörk, en Drogba hefur ekki náð að skora í síðustu þremur deildarleikjum sínum á móti Liverpool.

Það verður örugglega gaman að fylgjast með tveimur heitustu framherjum ensku úrvalsdeildarinnar mæta til leiks fullfríska og í fanta formi. Það er því engin ástæða til þess að missa af leiknum á sunnudaginn.

## FERNANDO TORRES

**25 ára framherji Liverpool**

| | |
|---|---|
| Leikir | 7 |
| Mínútur | 583 |
| Mörk | 8 |
| Stoðsendingar | 1 |
| Þáttur í mörkum | 9 |
| Mín. á milli skoraðra marka | 72,9 |
| Mín. á milli skapaðra marka | 64,8 |

## DIDIER DROGBA

**31 árs framherji Chelsea**

| | |
|---|---|
| Leikir | 7 |
| Mínútur | 601 |
| Mörk | 6 |
| Stoðsendingar | 4 |
| Þáttur í mörkum | 10 |
| Mín. á milli skoraðra marka | 100,2 |
| Mín. á milli skapaðra marka | 60,1 |

## PETR CECH Í BANNI



Petr Cech mun ekki spila með Chelsea í leiknum og mun því Portúgalinn Henrique Hilario að öllum líkindum standa í marki þeirra bláklæddu. Það er þó ekki útilokað að Russ Turnbull fái sitt fyrsta tækifæri hjá Chelsea síðan hann kom frá Middlesbrough í sumar. Cech fékk að líta rauða spjaldið í leik við Wigan um síðustu helgi og tapaði Chelsea leiknum óvænt, 3-1. Þetta var fyrsta tap liðsins á tímabilinu og missti það þar með toppsæti deildarinnar til Manchester United. Michael Ballack missti af leiknum gegn Wigan en hefur jafnað sig af meiðslum sínum og ætti því að tekið þátt í leiknum á morgun. Hið sama má segja um Javier Mascherano hjá Liverpool en hann missti af leik sinna manna gegn Fiorentina þar sem hann hefur verið meiddur í vöðva aftan á læri. Daniel Agger er nýkominn aftur af stað eftir að hafa gengist undir aðgerð á baki og spilaði með varaliði félagsins í vikunni. Það er þó ólíklegt að hann komi við sögu á morgun. John Obi Mikel er fjarverandi hjá Chelsea vegna meiðsla og þeir Alex og Daniel Sturridge eru báðir tæpir.

## BENITEZ OG ANCELOTTI MÆTAST Á NÝ



Carlo Ancelotti tók við Chelsea í sumar en hann var áður þjálfari AC Milan í átta ár. Á þeim tíma mætti hann Liverpool tvívegis í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu en Rafael Benitez var stjóri liðsins í bæði skiptin og er vitanlega enn í dag. Árið 2005 vann Liverpool ævintýralegan sigur í úrslitaleiknum eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni. AC Milan hafði komist 3-0 yfir í leiknum en Liverpool tókst að jafna metin áður en leiknum lauk. Tveimur árum síðar mættust þessi lið á nýjan leik og þá náðu Ancelotti og hans menn fram hefndum. Það er þó líklegt að þessir leikir verða ekki ofarlega í huga stjóranna enda vilja þeir báðir fyrst og fremst koma sínum liðum aftur á beinu brautina. Chelsea tapaði nefnilega óvænt fyrir Wigan í deildinni um síðustu helgi og var allt annað en sannfærandi gegn APOEL Nicosia frá Kýpur í Meistaradeild Evrópu á miðvikudaginn. Liverpool vann að vísu stórsigur á Hull, 6-1, í deildinni um síðustu helgi en rann svo heldur betur á rassinn í Meistaradeildinni í vikunni er liðið tapaði fyrir Fiorentina á útivelli, 2-0.

## STAÐREYNDIR UM CHELSEA - LIVERPOOL

- Þetta er 25. viðureign félaganna á aðeins fimm árum.
- Chelsea hefur unnið tíu leiki, Liverpool sjö og sjö hefur lyktað með jafntefli.
- Liverpool hefur ekki tapað fyrir Chelsea í deildinni síðan í apríl 2007.
- Chelsea hefur ekki skorað í síðustu þremur deildarleikjum sínum gegn Liverpoool, í samtals 298 mínútur.
- Ef Chelsea tapar verður það í fyrsta sinn síðan í maí 2006 sem liðið tapar tveimur deildarleikjum í röð.
- Didier Drogba hefur skorað í þremur deildarleikjum í röð. Hann hefur aldrei skorað í fjórum deildarleikjum í röð.
- Frank Lampard hefur skorað í fjórum af síðustu fimm heimaleikjum Chelsea gegn Liverpool.
- Fernando Torres hefur skorað fimm mörk í alls sex leikjum sínum með Liverpool gegn Chelsea.
- Liverpool hefur ekki skorað jafn mörg mörk í fyrstu sjö leikjum tímabilsins (22) síðan 1895.
- Fernando Torres (8 mörk) og Didier Drogba (6 mörk) eru markahæstu leikmenn sinna liða en hafa bara skorað í deildinni til þessa.

## LIVERPOOL VAR MEÐ FULLT HÚS Á MÓTI MAN. UNITED OG CHELSEA Á SÍÐASTA TÍMABILI

Liverpool gekk einstaklega vel í innbyrðisbaráttu efstu liðanna í ensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili og átti það mikinn þátt í velgengi liðsins. Liverpool fékk fullt hús út úr fjórum leikjum sínum á móti Manchester United og Chelsea, sem á sama tíma fengu aðeins fjögur (United) og eitt stig (Chelsea) út úr innbyrðisleikjum þriggja efstu liða deildarinnar.

Á morgun heimsækja Liverpoolmenn Chelsea á Stamford Bridge, þar sem þeir unnu sögulegan sigur í lok október í fyrra. Liverpool varð þá fyrsta liðið í 86 leikjum til þess að vinna Chelsea á Brúnni. Seinna á tímabilinu mættust liðin reyndar aftur í Meistaradeildinni á Brúnni og sá leikur endaði með 4-4 jafntefli. Chelsea sló Liverpool þar með út úr Meistaradeildinni en þegar kom að deildinni tóku Liverpool-menn öll stigin.

Xabi Alonso tryggði Liverpool 1-0 sigur á Chelsea á Stamford Bridge 26. október með marki strax á tíundu mínútu leiksins en í seinni leiknum á Anfield voru það tvö mörk Fernando Torres á síðustu tveimur mínútum sem tryggðu Liverpool 2-0 sigur. Liverpool vann Manchester United 2-1 á Anfield 13. september þar sem Hollendingurinn Ryan Babel skoraði sigurmarkið á 77. mínútu og Liverpool vann síðan 4-1 stórsigur á Old Trafford þar sem Fernando Torres, Steven Gerrard, Fábio Aurélio og Andrea Dossena skoruðu mörkin. Man. United vann síðan 3-0 sigur á Chelsea á heimavelli og liðin gerðu 1-1 jafntefli á Brúnni. Leikurinn á morgun verður fyrsti leikur tímabilsins milli þriggja efstu liðanna frá því á síðasta tímabili og það verður því fróðlegt að sjá hvort Liverpool-menn hafi enn tak á hinu toppliðum ensku úrvalsdeildarinnar.



### LEIKIR INNBYRÐIS MILLI ÞRIGGJA EFSTU LIÐANNA 2008-09

**2008**

| | |
|---|---|
| 13. september | Liverpool-Man. Utd 2-1 |
| 21. sept. | Chelsea-Man. Utd 1-1 |
| 26. október | Chelsea-Liverpool 0-1 |

**2009**

| | |
|---|---|
| 11. janúar | Man. Utd-Chelsea 3-0 |
| 1. febrúar | Liverpool-Chelsea 2-0 |
| 14. mars | Man. Utd-Liverpool 1-4 |

**Stig liðanna:**

| | |
|---|---|
| Liverpool | 12 stig (9-2) |
| Manchester United | 4 stig (6-7) |
| Chelsea | 1 stig (1-6) |

# fjölskyldan

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]
október 2009

## Heilbrigði og hamingja

Sólfríður Guðmundsdóttir bendir á góðar leiðir að heilbrigðari fjölskyldulífsstíl.
SÍÐA 7





## Samstillt mæðgin

Þau Myrra Leifsdóttir og Eldur Lynx eru saman í taekwondo. SÍÐA 2



**Hálfsystkini hittast** Ólafur Elfar Stefánsson, Cindy Huse og Dan Kragh við ánægjulegan fjölskyldufund.

# Fann systkinin á Facebook

Ólafur Elfar Stefánsson vissi alltaf að hann ætti sér yngri bróður sem byggi í Noregi. Hann hugsaði oft til hans en steig ekki skrefið til að ná sambandi fyrr en hann sá bróðurinn á Facebook. Eftir að bræðurnir náðu saman fréttu þeir af tveimur systkinum til viðbótar.

Samskiptavefur á borð við Facebook getur gert flókna hluti einfalda. Margir eiga hálfsystkini sem þeir hafa ekki samband við af einhverjum ástæðum og með tilkomu samskiptavefjanna er skyndilega orðið miklu einfaldara að nálgast fólk, kannski án þess að það verði svo dramatískt og erfitt eins og að leita í gegnum manntalsskrifstofur.

Ólafur Elfar Stefánsson er sannarlega gott dæmi um mann sem að notaði sér tæknina til að ná sambandi við hálfsystkini sín, og þau reyndar fleiri en hann hafði í upphafi haldið. Forsaga málsins er sú að Ólafur Elfar, eða Elfar eins og hann er kallaður, er ekki alinn upp af blóðföður sínum, Stefáni Gunnari Kragh. Faðir hans flutti til Noregs þegar Elfar var ungur og hafa þeir ekki verið í sambandi. Elfar vissi að hann átti hálfbróður í Noregi, Dan að nafni, enda hafði Elfar hitt hann þegar hann var unglingur og Dan nokkrum árum yngri.

„Okkur langaði til þess að halda sambandinu en það datt upp fyrir. Svo datt mér í hug í fyrra, mörgum árum síðar, að finna föður minn á Facebook. Eftir að við höfðum tekið upp samband þar leið ekki langur tími þangað til Dan, sem hafði alltaf vitað af mér, sendi mér vinabeiðni. Ég gerði hann að sjálfsögðu strax að vini mínum og hringdi um leið í meðfylgjandi númer.“

### Systir bættist í hópinn

Bræðurnir sem aldrei höfðu hist náðu strax vel saman. Elfar ákvað því að nota strax tækifærið og spyrja bróður sinn um hvort að hann þekkti til systur þeirra sem hann hafði heyrt að þeir ættu en þó aldrei fengið staðfest. „Dan spurði móður sína um málið og þá kom í ljós að hafði fengið bréf frá föðurömmu okkar tuttugu árum fyrr þar sem tilvera stúlkunnar var staðfest og nafnið fylgdi með.“

Dan tók næsta skref að sér – og það var einnig stigið á Facebook.

FRAMHALD Á SÍÐU 4

JANUS
Janusbúðin
Laugavegi 25, 101 Reykjavík s. 552-7499, fax. 562-7499 & Hafnarstræti 99-101, 600 Akureyri s. 461-3006, fax. 461-3007
www.janusbudin.is
Nýjar vörur!
Hlý og falleg ullarföt á alla fjölskylduna!


**Sólveig Gísladóttir** skrifar



# Dvel ég í draumahöll

Í upphafi meðgöngu hafði ég sterkar skoðanir á því hvernig svefnvenjum verðandi erfingja skyldi háttað. Það skyldi verða rútína, barnið myndi sofna í eigin rúmi og svei því ef ég ætlaði að standa í því að fá gríslinginn upp í rúm til mín í tíma og ótíma.

Svo kom hún í heiminn þessi litla dásemd og allur góður ásetningur fór forgörðum. Allt var gert til að halda barninu góðu, kannski ekki síst vegna síþreytu okkar foreldranna sem höfðum ekki þrek til að hlusta lengi á vol og væl.

Stúlkan komst fljótt upp á lagið að vefja foreldrunum um fingur sér. Eitt lítið bofs og við stukkum til, til að hugga, sussa, bía og vagga aftur í svefn.

Smám saman þróaðist kvöldskipanin út í það að ég eða maðurinn minn fórum með barnið inn í rúm, leyfðum því að drekka pela í hjónarúminu og lágum svo hjá því þangað til það sofnaði. Síðan færðum við hana, ofurvarlega, úr stóra rúminu í rimlarúmið og læddumst á tánum út úr herberginu.

Yfirleitt gekk þessi rútína nokkuð vel, stúlkan sofnaði án mikilla vandræða og við vorum glöð að eiga svona þægt barn. Þegar leið fram yfir eins árs aldur fór að bera á þrjósku, sjálfstæði og frámuna frekju hjá englinum ljúfa sem virtist nú fallinn. Kvöldskipanin breyttist úr þægilegu ferli í martröð. Stúlkan velti sér og bylti, settist upp og spjallaði rétt í þann mund sem ég hélt að hún væri sofnuð. Þetta myndaði togstreitu milli okkar foreldranna og við vorum farin að velta fyrir okkur að draga strá að kvöldi til að ákveða hvort okkar skyldi eyða drjúgum tíma í svæfingar.



Svo var það eitt kvöldið að móðirin fékk nóg. Eftir klukkutíma armæðu og sjálfsefa ákvað ég að taka stórt skref. Skellti barninu í rúmið sitt, gekk út og hallaði hurðinni. Svo beið ég meðan barnið öskraði yfir þessu óréttlæti heimsins. „Ég gef þessu tíu mínútur,“ hugsaði ég með hnút í maganum. Fimm mínútum síðar sló þögn á svefnherbergið. Krakkinn var sofnaður. Hallelúja!

Næstu kvöld voru gerðar tilraunir með þetta fyrirkomulag enda töldum við að þetta væri of gott til að vera satt. En stundum er maður bara heppinn í lífinu og í dag sofnar barnið mitt eitt á hverju kvöldi.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Í einkaeigu Pennar: Vera Einarsdóttir, Karen Kjartansdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Benedikt Jónsson benediktj@365.is*



**Samstillt mæðgin** Eldi líkar það vel að mamma hans skuli æfa sömu íþrótt og hann sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Saman í taekwondo

**Mæðginin Eldur og Myrra deila sama áhugamáli en þau æfa bæði taekwondo. Það gefur Myrru góða innsýn í reynsluheim Elds og hann er hæstánægður með mömmu sína.**

Mæðginin Myrra Leifsdóttir og Eldur Lynx æfa bæði taekwondo með Glímufélaginu Ármanni. Myrra er að hefja sitt annað ár en Eldur er kominn önn lengra. En hvernig kom það til að móðirin fetaði í fótspor sonarins?

„Eld langaði að byrja að æfa einhverja bardagaíþrótt. Ég fór að skoða það sem var í boði og leist best á taekwondo-deild Ármanns. Þar var einstaklega vel tekið á móti honum og yfirþjálfarinn Írunn Ketilsdóttir er frábær með börn. Ég sat og fylgdist með Eldi á æfingum og fann að mig langaði líka að prófa. Ég fór að spyrjast fyrir um fullorðinsæfingar og var bara sagt að mæta. Írunn, sem er með svarta beltið, sagði mér að hún hefði sjálf smitast af syni sínum, komin eitthvað yfir tvítugt. Það var mér mikil hvatning,“ segir Myrra. Hún bendir á að taekwondo sé íþrótt sem hægt sé að byrja að æfa á hvaða aldri sem er. „Pabbi minn er meira að segja að velta því fyrir sér að koma með okkur.“

Eldur er nú kominn með gula beltið og stefnir að því appelsínugula en Myrra stefnir að því að taka gula beltið í vetur. Hún segir íþróttina fela í sér jákvæðan kraft. „Taekwondo gengur mikið út á að brjóta og veitir það sjö ára strákum mikið öryggi í að ráða við að brjóta þykka viðarspýtu eða að sjá kennarana fara í gegnum múrstein. Eins fylgir því mikil hvatning að taka nýtt og nýtt belti.“

En hvernig líkar Eldi það að þú skulir æfa sömu íþrótt og hann? „Honum finnst það frábært. Það er svo mikil speki í kringum taekwondo. Hann þarf að læra orð og tölur á kóresku og nú þegar ég er byrjuð að æfa á ég auðveldara með að hjálpa honum. Ég er líka betur inni í hugmyndafræðinni og því sem hann er að gera og það hefur reynst mjög vel. Þá er mikið félagslíf og foreldrastarf í kringum íþróttina og honum finnst mikið öryggi í því að sjá mig vera að mausa eitthvað í kringum starfið, en ég hef meðal annars tekið að mér að gera grafík og annað fyrir félagið,“ segir Myrra, sem er listakona.

Myrra er um þessar mundir að leggja lokahönd á búninga fyrir Nemendaleikhúsið en útskriftarnemar á fjórða ári í leiklistardeild Listaháskóla Íslands munu frumsýna Eftirlitsmanninn eftir Nikolai Gogol hinn 9. október næstkomandi. Eins er Myrra með þriðju Dagatalsbókina Konur eiga orðið allan ársins hring á prjónunum en hún gerir myndskreytingar við 64 setningar íslenskra kvenna og kemur bókin út hjá Sölku hinn 20. nóvember næstkomandi. *- ve*




POLARN O. PYRET
Kringlunni • Sími 568 1822 og Smáralind • sími 564 1822
www.polarnopyret.is

## BÓKIN

**Bangsímon snýr aftur** Bókin um Bangsímon er nú komin út í íslenskri þýðingu – í annað sinn. Bókin kom út í þýðingu Guðmundar Andra Thorssonar fyrir ári en seldist upp og var uppseld þegar Guðmundur Andri hlaut barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar fyrir best þýddu barnabókina síðastliðið vor. Aðdáendur gátu í þetta sinn tryggt sér eintak í forsölu til að gulltryggja að þeir eignuðust bókina góðu og nýttu nokkur hundruð manns sér það tækifæri að sögn Jóhönnu Ásmundsdóttur markaðsstjóra Eddu sem gefur bókina út.

Bók númer tvö í bókaflokknum, Húsið á bangsahorni, er einnig væntanleg í verslanir, nú um helgina eða rétt eftir helgi.

Bækurnar eru með upphaflegum myndum og í vandaðri útgáfu sem augljóslega hittir í mark hjá lesendum sem þekkja hann ef til vill margir hverjir í stílfærðri útgáfu Disney.

Bangsímon, sem á frummálinu heitir Winnie the Pooh, birtist lesendum fyrst árið 1926 og er bangsinn því orðinn rúmlega áttræður. Höfundurinn A.A.Milne notaði son sinn og tuskudýrin hans sem fyrirmyndir þegar hann stakk niður penna.




Ég mæli með
námskeiðum í Baðhúsinu sem henta öllum konum.
Nú er rétti tíminn til að huga að eigin heilsu.
Skráðu þig á eitt eftirtalinna
námskeiða og komdu þér í betra form.
Þú átt það skilið.
Vertu í fyrsta sæti.
Linda Pétursd.
Ljósmyndari Vera Pálsdóttir
-GRAVITY
30-45 mínútna einfaldir, alhliða og öflugir styrktarþjálfunartímar. Unnið er í sérhönnuðum bekk undir stjórn kennara þar sem allar ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Gravity kerfið hentar öllum, byrjendum sem lengra komnum og er í senn mjög öflugt, fljótlegt og árangursríkt. Gott fyrir þær sem eru lítið fyrir að lyfta og vantar að styrkja sig á einfaldan en öruggan hátt.
2 SINNUM Í VIKU:
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12.00, 17.15 og 18.35.
Hefst 6. október og er til 29. október.
3 SINNUM Í VIKU:
Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 06.45, 09.15, 12.10, og 19.30.
Námskeið hefjast 5. október og eru til 30. okt. nema 9.15 námskeiðið hefst 9. október og er til 6. nóvember.
-MÓÐIR & BARN
Fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar bæði fyrir mæður og ungabörnin þeirra ásamt verðandi mæðrum.
Aðaláhersla er lögð á styrkingu líkamans á meðgöngu og eftir barnsburð svo og fitubrennslu og þol.
Lokaðir tímar á þri., og fimmtudögum kl. 09.15.
Hefst 20. október og er til 1. desember.
-FIT PILATES
Styrkjandi leikfimi fyrir þær sem vilja byrja rólega, engin flókin spor. Næringaþerapisti kennir tímana og fræðir um mataræði. Lokaðir tímar á þri., og fimmtudögum kl. 16.30.
Hefst 20. október og er til 1. desember.
Innifalið í námskeiðunum er frjáls aðgangur að öllum opnum tímum, tækjasal, heitri laug, vatnsgufu og hvíldarhreiðri.
Skráning í gangi, hringdu núna!
BAÐHÚSIÐ
heilsulind fyrir konur
www.badhusid.is
Sími 515 1900

# fjölskyldur
*eru af öllum stærðum og gerðum...*

**ATHUGASEMDIR** Foreldrar stálpaðra unglinga ættu að fara sparlega í athugasemdir við færslur unglinganna á Facebook – ef þeir vilja halda netvinskapnum það er að segja.



## Léttara fyrsta skref

Fjölskyldublaðið veit um nokkur dæmi þess að fólk hafi tekið fyrsta skrefið að kynnum við fjölskyldumeðlimi í gegnum samskipasíðuna Facebook. Árný Ingvarsdóttir sálfræðingur segir það tvímælalaust auðveldara og þægilegra fyrsta skref í áttina að því að hafa samband að senda línu með tölvupósti eða skeyti á samskiptasíðu heldur en að hafa samband í gegnum síma eða augliti til auglitis. „Ef fyrsta skrefið að samskiptum er tekið með þeim hætti er hægt að móta það sem maður ætlar að segja í sínu örugga umhverfi, heima. Hinn aðilinn fær líka tíma til þess að melta bréfið og svara því.“ Árný bendir einnig á að auðveldara er að takast á við skriflega höfnun en munnlega.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Hann sendi einfaldlega öllum sem báru nafnið Cindy Huse bréf og spurði hvort að það gæti verið að viðkomandi væri dóttir Stefáns og ef svo væri hvort að hún myndi vilja gerast vinkona sín. Það skipti engum togum, ein konan, hin 22 ára Cindy svaraði nokkrum dögum síðar. „Dan hringdi í mig í einum grænum og ég hringdi heim til hennar, fyrst talaði ég við móður hennar og svo Cindy, sem var feimin í fyrstu en svo náðum við saman.“

### Enn einn hálfbróðir

Cindy lumaði aldeilis á viðbótarupplýsingum fyrir sinn nýfengna hálfbróður. Það var enn einn hálfbróðir í spilinu. Sá hét Tommy Bronstad og það var sama sagan, enn var leitað á náðir Facebook til að komast í samband.

Elfar segir að í kjölfar þess að systkinin voru öll komin í samband fyrir tilstuðlan tækninnar og þá var stefnan tekin á það að hittast. „Við vorum búin að vera í sambandi í næstum ár og spennan var orðin mikil. Svo áttum við Dan báðir frí í ágúst síðastliðnum og ákváðum að kíla á það.“ Elfar býr í Lúxemborg og Dan í London en þeir ákváðu að hittast í Noregi enda búa hin systkinin þar.



**Feðgar** Stefán og Dan þegar þeir hittust í fyrsta sinn.



**Tommy sóttur heim** Elfar með Tommy og Cindy.



**Sami húmorinn** Elfar, Dan og Cindy bregða á leik. Þrátt fyrir að hafa hist fyrst nýverið þá ná hálfsystkinin mjög vel samam.

„Þar hittumst við í fyrsta sinn í tuttugu ár og það var ótrúlegt, við þekktumst náttúrulega ekki neitt en samt var strax eins og við þekktumst afar vel, það var sami húmorinn í gangi til dæmis.“

Eftir stutta dvöl hjá móður Dans í Osló var sest upp í bíl og ekið til Haugasund, til óundirbúins fundar við föður þeirra.

„Ég hringdi bara í hann þegar ég var komin í bæinn, sagði við hann að ég væri í ferð með félaga mínum og hvort við ættum ekki að hittast. Hann var til í það og þegar að því kom þá kynnti ég bara félagann sem son hans.“ Elfar segir frá öllum þessum stórviðburðum léttur í skapi, enda er hann hress maður og er ekkert að dramatísera málið. Hann segir þá feðga hafa haft gott af kynnunum en þeir dvöldu sólarhring hjá Stefáni.



LINDBERG barnagleraugu
3 ára ábyrgð

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



**HAUKUR SNORRASON** ljósmyndari spjallar við gesti um ljósmyndasýningu sína í forsal Galleríς Foldar sunnudaginn 4. október frá klukkan 14 til 16. Er þetta síðasta sýningarhelgin. Verk Hauks eru ekki hefðbundnar landslagsmyndir heldur tekur landið á sig ýmsar birtingarmyndir, liti og form sem eru ráðandi þáttur í verkum hans.










Guðni Franzson ásamt nokkrum nemendum Tóneyjar. Fyrir miðju situr Huginn Sveinbjörnsson sem lærir á klarinett hjá Guðna og mun einnig spila lag á tónleikunum á morgun. Þær Hjördís Þóra, Kristín Sesselja og Katla Rún eru nýbyrjaðar í skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Verður í hlutverki Tóneyjarjarlsins um helgina

**Haustið er annasamur tími hjá tónlistarmanninum Guðna Franzsyni. Um helgina leikur tónlistin að vanda stórt hlutverk í dagskránni en aðalverkefnið tengist alþýðlegum tónleikum í Gerðubergi. Þar geta foreldrar, afar og ömmur komið með börnin og átt saman músíkalska stund á léttum nótum.**

„Fyrri hluta laugardagsins verð ég staddur í stúdíói með hluta af Kaput-hópnum. Við erum að vinna verkefni með Þorvaldi Bjarna og Ingveldi Ýr söngkonu og ætlunin er að gefa út plötu fyrir jólin," segir Guðni Franzson um helgarplön sín. Inntur nánar eftir innihaldi plötunnar gefur hann upp að þetta verði létt klassísk tónlist með poppuðu ívafi. „Þarna verða lög eftir tónskáld á borð við Bizet og Poulenc en íslenskar perlur verða inni á milli."

Síðari hluti laugardagsins fer í að undirbúa tónleika sem verða í Gerðubergi klukkan 14 á sunnudaginn. Tónleikarnir kallast Tóney og mun Guðni þar spila hlutverk Tóneyjarjarlsins sem kynnir dagskrána auk þess sem hann grípur í einhver hljóðfæri.

„Þetta verða alþýðlegir tónleikar fyrir fólk á öllum aldri. Þar geta foreldrar, afar, ömmur, frændur og frænkur komið með börnin og átt músíkalska stund saman," útskýrir Guðni og bendir á að þetta séu alls ekki formlegir tónleikar þar sem allt sé uppstillt og stýrt. „Svo koma gestir eins og rokkbandið Agent Fresco og tveir dansarar úr Listdansskóla Íslands. Ætlunin er að Tóney verði með eina tónleika í Gerðubergi einn sunnudag í mánuði."

Tóney er þó fyrst og fremst tónmenntaverkefni sem Guðni setti af stað fyrir tveimur árum. Hann rekur lítinn skóla undir því nafni og setur upp námskeið í hljóðfæraleik. „Við komum einnig að tónmenntakennslu í nokkrum grunnskólum á borð við Sæmundarskóla og Langholtsskóla. Við höfum einnig starfað mikið í Fellaskóla, sem er sérstakur fyrir þær sakir hvað hann er alþjóðlegur," segir Guðni en nokkrir krakkar úr skólanum munu taka þátt í tónleikunum á sunnudag.

Á sunnudagsmorguninn ætlar Guðni að sofa út, alveg til klukkan níu. Eftir tónleikana á hann örlítinn tíma fyrir fjölskylduna. „Ég hugsa að ég fari í sundlaugina og slaki á," segir Guðni en stefnan er sett á Vesturbæjarlaugina, sem er nánast í bakgarðinum hjá tónlistarmanninum. Hann telur líklegt að hann muni liggja í pottunum að þessu sinni. „Ég hef svo verið sem tekið sundtímabil en nú er ég á pottastiginu," segir hann glettinn.

Um kvöldið verður fjölskylduverður sem er fastur liður í hverri viku. „Það er eina máltíðin sem öll fjölskyldan borðar saman en aðra daga eru flestir út og suður og með sitt eigið prógramm í gangi," segir Guðni.

*solveig@frettabladid.is*





HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE (VITUS BERING DENMARK) Í HORSENS BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

Í BOÐI ER:

| Á ENSKU OG DÖNSKU | Á ENSKU | Á DÖNSKU |
|---|---|---|
| • Byggingafræði | • Tölvutæknifræði | • Véltækni |
| • Véltæknifræði | • Framleiðslutæknifræði | • Landmælingar |
| • Byggingaiðnfræði | • Útflutningstæknifræði | • Aðgangsnámskeið |
| • Markaðshagfræði | | |
| • Byggingatæknifræði | | |

Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi: 02.10-09.10.2009.
Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715.

WWW.VIAUC.DK

VIA UNIVERSITY COLLEGE
CHR. M. ØSTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSENS
TEL. +45 8755 4000
FAX: +45 8755 4001
MAIL: TEKMERK@VIAUC.DK

VIA UNIVERSITY COLLEGE

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

friendtex

Lagersala um helgina

Opið laugardag 11-16:00
sunnudag 12-16:00

ATH. Vörur úr haustlista eru engöngu til sölu hjá sölufulltrúum

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík,
sími: 568 2870 - www.friendtex.is

OLANG
Þeir eru komnir



Vinsælu kuldaskórnir með mannbroddunum

B/A/S/L/E/R
Skipholt 29b, s:551-0770

**FYRIRLESTRAR** um merkar athuganir stjörnufræðingsins Rasmus Lievog í Lambhúsum á ofanverði 18. öld verða haldnir í Bessastaðakirkju í dag. Dagskráin hefst klukkan 14 en upplýsingar um hana er að finna á vefsíðunni www.alftanes.is.



## Flóamarkaður í Kaffi Hljómalind

MYNDLISTARNEMAR SAFNA FYRIR FERÐ TIL PRAG.

Fornámsdeild Myndlistarskólans í Reykjavík heldur flóamarkað í dag í Kaffi Hljómalind á Laugavegi 23. Markaðurinn stendur yfir frá 11-17.30.



Markmið flóamarkaðarins er að safna fyrir ferð fornámsdeildarinnar til Prag. Verkefnið gengur út á samvinnu íslenskra og tékkneskra nema í formi fræðsluefnis frá Tékkunum og heimasíðugerðar og listrænnar uppsetningar af hálfu íslensku nemendanna. Tékknesku nemendurnir eru 20 talsins en þeir íslensku eru 32.


BYLGJAN
Í FYRSTA SÆTI




BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Hlustendur Bylgjunnar eru í eftirsóttasta markhópnum og stærsta neysluhópnum. Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 33, 2009.

LÉTT BYLGJAN 967
GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!




Ómar Ragnarsson, sem skemmtir í Tjarnarborg í Ólafsfirði í kvöld, festi kaup á eðal vestur-þýskum NSU Prinz, svörtum að lit, fyrir réttum fimmtíu árum. Ómar segir hann hafa verið sparneytnasta og umhverfisvænasta bíl á Íslandi á sínum tíma. Gula bílinn keyrði hann meðal annars í Gay Pride-göngunni í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fátt breyst í fimmtíu ár

**Ómar Ragnarsson heldur upp á hálfrar aldar skemmtanaafmæli úti á landi í Tjarnarborg í Ólafsfirði í kvöld. Áður hafði hann rifjað upp fyrstu skemmtun sína í Reykjavík. Ómar lofar alvöru prógrammi.**

„Það hefur voðalega fátt breyst á þessum fimmtíu árum. Þá endaði ég lag um stjórnmálamenn á að syngja um Bjarna Ben, og það geri ég enn í dag," segir Ómar Ragnarsson og hlær sínum landsþekkta hlátri. Ómar heldur upp á hálfrar aldar skemmtanaafmæli úti á landi í Tjarnarborg í Ólafsfirði í kvöld klukkan 20.30. Áður hafði Ómar rifjað upp fyrstu skemmtun sína í Reykjavík á sama stað.

Ómar skemmti í fyrsta sinn í Reykjavík um áramótin 1959, en utan höfuðborgarsvæðisins skemmti hann fyrst í Ólafsfirði. Hann segir áhorfendur eiga von á góðu. „Þetta verður tveggja tíma skemmtidagskrá, alvöru prógramm. Ég byrja á að rifja upp fyrstu skemmtunina mína á staðnum og feta mig svo eftir áratugunum fram til dagsins í dag. Það verður glens og grín og líka fjöldasöngur, sem er einstakur vegna þess að ég og enginn annar hefur hann á prógramminu hjá sér. Og svo mun ég flytja skemmtidagskrá sem Haraldur Á. Sigurðsson, guðfaðir minn og höfuðpaur revíanna, flutti í Ólafsfirði á sama héraðsmóti og ég steig mín fyrstu spor í bransanum," segir Ómar.

Haukur Heiðar Ólafsson, undirleikari Ómars til margra ára, verður með Ómari í för í Ólafsfirði. Einnig er von á ýmsum fleiri gestum. Ekki er loku fyrir það skotið að Hafliði Jónsson, sem spilaði undir hjá Ómari fyrir hálfri öld og er nú á tíræðisaldri, taki upp þráðinn og rifji upp gamla takta. Þá er hugsanlegt að Ragnhildur Helgadóttir láti sjá sig, en sem nýkjörinn þingmaður hélt hún aðalræðuna á héraðsmótinu fyrir fimmtíu árum.

Húsið opnar klukkan 20.30 og verð aðgöngumiða er 2.500 krónur. Vakin er athygli á því að aðeins þessi eina skemmtun er í boði.

*kjartan@frettabladid.is*

## Sólarganga Krafts

GENGIÐ VERÐUR FRÁ HALLGRÍMSKIRKJU OG NIÐUR Á INGÓLFSTORG Í DAG TIL AÐ MINNAST ÞEIRRA SEM GREINST HAFA MEÐ KRABBAMEIN.

Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein, stendur fyrir sólargöngu í miðbæ Reykjavíkur í dag.

Gangan er farin í tilefni af tíu ára afmæli Krafts. Hún hefst klukkan 14 og gengið verður frá Hallgrímskirkju niður að Ingólfstorgi þar sem tekið verður á móti göngumönnum með hátíðardagskrá.

Í lokin verður 1.300 blöðrum sleppt, en það er sá fjöldi sem greinist árlega með krabbamein.



Lagt verður af stað frá Hallgrímskirkju klukkan 14.



Schäferhundurinn Caty von Oxalis ásamt eiganda sínum, Örnu Rúnarsdóttur. Caty var valinn besti hundur afmælissýningar HRFÍ 23. ágúst síðastliðinn.

# Hundasýning í Reiðhöllinni um helgina

**Yfir 750 hreinræktaðir hundar af yfir áttatíu hundakynjum mæta í dóm á hundasýningu Hundaræktarfélags Íslands um helgina.**

Hundasýningin er haldin í Reiðhöllinni í Víðidal í dag og á morgun. Megintilgangur hundasýninga er að meta hundana út frá ræktunarmarkmiði hvers kyns og leiðbeina ræktendum þannig í starfi sínu.

Dómar hefjast klukkan 9 árdegis báða daga og standa fram eftir degi. Fimm dómarar frá þremur löndum, Belgíu, Danmörku og Írlandi, dæma í fimm sýningarhringjum samtímis. Úrslit á morgun hefjast upp úr klukkan 14 og kemur þá í ljós hvaða hundar bera af að mati dómara.

Í dag verða heiðraðir stigahæsti hundur og öldungur ársins ásamt afreks- og þjónustuhundi ársins 2009.

Í anddyri Reiðhallarinnar verða kynningarbásar um ólík hundakyn. Þar gefst gestum kostur á að kynnast hundum og ræða við hundaeigendur, auk þess sem á staðnum verður fjöldinn allur af sölu- og kynningarbásum þar sem ýmis tilboð verða.

# Um 200 hrútar til sölu

**Hrútadagurinn á Raufarhöfn er haldinn í dag í Faxahöll, í þriðja sinn. Allt gistirými er upppantað í bænum en fólk kemur víðs vegar að til að velja sér hrúta og taka þátt í kjötsúpukeppni.**

„Upphaflega var farið af stað með Hrútadaginn því þetta svæði hér, Melrakkaslétta, Axarfjörður og Þistilfjörður, er það eina á landinu sem ekki hefur verið sýkt af einhverri búfjárveiki og því getur fólk úr öðrum landshlutum keypt lifandi fé héðan. Við hins vegar megum ekki kaupa fé né hey neins staðar annars staðar af landinu,“ segir Einar E. Sigurðsson, einn þeirra sem halda utan um Hrútadaginn. Framtakssamir bændur á svæðinu hleyptu Hrútadeginum af stokkunum.

„Hér áður fyrr voru menn að koma og fara á milli bæja í leit að hrútum en nú hefur fólki verið gert auðveldara fyrir með því að halda Hrútadaginn þar sem allir geta komið og skoðað hrútana á einum stað í október.“

Setning Hrútadagsins verður klukkan 14 og sala á hrútum hefst upp úr því en klukkan 15 hefst Íslandsmeistarakeppni í kjötsúpugerð. Allir sem vilja taka þátt í kjötsúpukeppninni eiga að koma með sex lítra af kjötsúpu með sér og gefa gestum sem ásamt fimm sérstökum kjötsúpudómurum skera úr um hver sé besta súpan. Keppnisreglur kveða á um að nota verður íslenskt kjöt og allra helst af hrútum.

„Markaðsstemning er svo ríkjandi allan daginn þar sem handverk í kringum sauðkindina og aðrar listavörur eru til sýnis og sölu. Síðustu þrjú árin höfum við staðið fyrir hagyrðingakeppni en í ár var ákveðið að breyta til og hafa söngskemmtun þess í stað í félagsheimilinu Hnitbjörgum sem hefst klukkan níu um kvöldið og þar munu Álftagerðisbræður fara með söng og gamanmál. Það ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi því um kvöldið er svo slegið upp dansleik.“ Dansleikurinn hefst klukkan ellefu um kvöldið og mun Hrútabandið leika fyrir dansi. *juliam@frettabladid.is*



Myndarlegur hrútur líkt og þeir sem verða til sölu á Raufarhöfn í dag.

# Forvitnilegt sjónarhorn á frændþjóð

**Írsk menningarhátíð stendur yfir í Kópavogi fram til 11. október.**

Segja má að írsk stemning ríki í Kópavogsbæ þessa daga, enda stendur yfir írsk menningarhátíð sem gefur forvitnilegt sjónarhorn á menningu og listir frændþjóðar okkar Íra.

Setning menningarhátíðarinnar fór fram í gær við opnun þriggja sýninga í Gerðarsafni: á samtímagrafík úr safneign Listasafns Írlands, kúrökkum, það er skinnbátum frá vesturströnd Írlands, og veggspjöldum frá 20. öld með auglýsingum um Írlandsferðir.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, opnaði sýningarnar en Gunnsteinn Sigurðsson, bæjarstjóri í Kópavogi, setti menningarhátíðina.

Af nógu verður að taka meðan á hátíðinni stendur. Má þar nefna hinn heimsþekkta RAGÚS hóp, sem syngur og dansar að írskum sið, fiðlusnillingarnir FIDIL koma fram í Salnum, boðið verður upp á ljóðakvöld, stuttmyndir og fræðslukvöld svo fátt eitt sé nefnt. Síðast en ekki síst má nefna írska píanósnillinginn John O´Conor sem heldur tónleika í Salnum í dag klukkan 17.

Dagskrána í heild sinni má finna á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is. Þar er sömuleiðis að finna fyllri upplýsingar um einstök atriði menningarhátíðarinnar. *- rve*



Eitthvað verður við allra hæfi á írskri menningarveislu í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Talið er að hláturjóga þjálfi líkama, hugsun og sál.

# Opinn hláturjógatími

**Boðið er upp á opinn kynningartíma í hláturjóga í heilsumiðstöðinni Manni lifandi, Borgartúni 24, í dag frá klukkan 10.30 til 11.30.**

Þeir eru líklega ófáir sem velt hafa fyrir sér spurningunni „Hvað er hláturjóga?“ í gegnum tíðna. Áhugasömum er boðið upp á svör við þeirri spurningu í máli, myndum og verklegum æfingum í dag. Ásta Valdimarsdóttir, hláturjógakennari og hláturambassador, fullyrðir að hláturjóga þjálfi líkama, hugsun og sál, efli jákvæðni og sé kjörinn vettvangur til að virkja samheldni í fjölskyldunni, meðal vina og að njóta góðrar stundar í góðum hópi.

Allir eru velkomnir í Mann lifandi í dag. Tíminn kostar 1.000 krónur fyrir fullorðna. *- kg*




SKÓLALÍFIÐ ER Á VISIR.IS

» Fréttavefur framhaldsskólanna

Skólalíf er fyrsti fréttavefur sinnar tegundar á Íslandi þar sem framhaldsskólanemar birta fréttir og myndir frá félagslífi skólanna, auglýsa viðburði og þú getur nálgast vefútgáfur skólablaðanna.
Við viljum bjóða þinn skóla velkominn á fréttavef framhaldskólanna á visir.is.

visir.is

...ég sá það á visir.is

Auglýsingasími
512 5473
ALLT



# Uppskeruhátíð Norðlendinga

**Norðlendingar bera uppskeru sína á borð á sýningunni Matur-inn 2009 sem verður haldin í Íþróttahöllinni á Akureyri um helgina. Þar verða sýningarbásar, markaðstorg, matreiðslukeppnir og málþing meðal dagskrárliða.**

Búist er við þúsundum gesta á sýninguna Matur-inn 2009 sem verður haldin í Íþróttahöllinni á Akureyri í dag og á morgun en þar verða sýningarbásar frá á fjórða tug aðila, markaðstorg, matreiðslukeppnir og margt fleira.

Sýningin hefur verið haldin á tveggja ára fresti frá árinu 2003 þó að fyrsti vísir að henni hafi orðið til fyrir um tíu árum. „Þá fengum við keppnina Matreiðslumaður ársins hingað norður og héldum smá hóf í kringum hana en fyrsta stóra sýningin fór fram árið 2005. Þá tók á þriðja tug aðila þátt og í kjölfarið varð félagið Matur úr Eyjafirði – Local food til,“ segir Friðrik V. Karlsson, stjórnarmaður Matar í Eyjafirði og eigandi veitingastaðarins Friðriks V.

Félagið stendur að sýningunni í góðu samstarfi við Þingeyska matarbúrið og Matarkistuna Skagafjörð. Hún hefur fram að þessu verið haldin í Verkmenntaskólanum á Akureyri en þar sem gestafjöldinn fór yfir tíu þúsund árið 2007 var ákveðið að flytja viðburðinn í Íþróttahöllina.

Friðrik segir um sannkallaða uppskeruhátíð að ræða í takt við árstíðina. „Þarna verður hægt að kaupa sunnudagssteikina, kartöflur og ferskt grænmeti en líka slátur og skólabjúgu í frystinn. Þá munu fyrirtæki og félög kynna það besta sem þau hafa upp á að bjóða auk þess sem við stöndum fyrir þrenns konar keppnum sem við væntum að muni vekja athygli gesta. Fyrst má nefna keppni í borgaragerð sem er öllum opin. Þá er keppni á milli Þingeyinga, Skagfirðinga og Eyjafirðinga í fiskisúpugerð og síðast en ekki síst keppni þar sem þjóðþekktir einstaklingar reyna með sér,“ upplýsir Friðrik. Að þessu sinni eru það þau Kristján Þór Júlíusson alþingismaður, Sigrún Stefánsdóttir bæjarfulltrúi, María Sigurðardóttir, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar, og Svavar Jónsson sóknarprestur sem munu keppa.

Samhliða sýningunni verður efnt til málþings um íslenskan mat en markmið þess er að efla umræðu um íslenskan mat og matarhefðir meðal fagfólks og almennings. „Áhugi á íslenskum mat hefur aukist í kreppunni en mér finnst við þurfa að skilgreina hann betur. Þetta snýst ekki bara um slátur og hrútspunga heldur þurfum við að færa allar þessar fallegu hefðir eins og kjötsúpuna og plokkfiskinn til nútímans. Það er í það minnsta mitt mat og verður fróðlegt að sjá hvað kemur út úr málþinginu.“

Friðrik, sem er mikill áhugamaður um matarsýningar, sér fyrir sér að hátíðin muni breiða úr sér út um allan bæ þegar fram líða stundir. „Ég sé fyrir mér Íþróttahöllina fulla af kjöti, höfnina fulla af fiski, í leikhúsinu verði leiksýning um mat, í listasafninu verði myndlistarsýning um mat og í bíóinu kvikmynd um mat.“

*vera@frettabladid.is*







Rúmlega tíu þúsund manns mættu á sýninguna þegar hún var síðast haldin, árið 2007, og var því ákveðið að færa hana úr Verkmenntaskólanum á Akureyri yfir í Íþróttahöllina að þessu sinni. Friðrik sér fyrir sér að hátíðin muni breiða úr sér út um allan bæ þegar fram líða stundir. MYND/ÚR EINKASAFNI

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Gengið verður frá Reykjavík, Ísafirði, Bolungarvík, Varmahlíð, Egilsstöðum, Eskifirði og Reykjanesi.

# Alþjóðlegur göngudagur

**Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) stendur fyrir alþjóðlegum göngu- og stafgöngudegi í fimmta sinn í dag.**

Gengið verður frá Reykjavík, Ísafirði, Bolungarvík, Varmahlíð, Egilsstöðum, Eskifirði og Reykjanesi. ÍSÍ hvetur fólk til að mæta og taka þátt í þessum degi þar sem stafgönguleiðbeinendur ÍSÍ taka á móti þátttakendum og leiðbeina um rétta notkun stafa. Allir eru velkomnir og þátttaka er ókeypis.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er aðili að TAFISA (Trim & Fitness International Sport for All Association), sem hefur staðið fyrir alþjóðlegum göngudegi frá árinu 1991.

Nánari upplýsingar um alþjóðlega göngudaginn, TAFISA og stafgöngu er að finna á vef ÍSÍ www.isi.is.

*- kg*

# Mexíkóskur matur og lifandi tónlist

**Mexíkóskur matur og blústónlist verða allsráðandi á veitingastaðnum Kryddlegnum hjörtum í kvöld.**

„Ég ætla að fá hingað til mín nokkra frábæra tónlistarmenn sem ætla að töfra fram seiðandi tóna fyrir gesti og gangandi,“ segir Íris Hera Norðfjörð, eiganda veitingastaðarins Kryddleginna hjartna við Skúlagötu 17, þar sem blúshljómsveitin Bandið hans pabba stígur á stokk í kvöld klukkan 21.

Íris segist allt frá opnun staðarins hafa alið með sér þann draum að hafa þar lifandi tónlist um helgar. Nú sé draumurinn orðinn að veruleika. „Þegar ég stofnaði Kryddlegin hjörtu keypti ég flottar hljómgræjur, en hafði ekki fjármuni fyrr en nú til að koma þeim upp,“ útskýrir hún.

Að sögn Írisar eru tónleikarnir í kvöld aðeins upphafið. Ætlunin sé síðan að halda svokölluð „open mike“-kvöld að bandarískri fyrirmynd um helgar í vetur. „Þetta er alls ekkert karíókí. Þarna gefst upprennandi tónlistarfólki færi á að spreyta sig. Í leiðinni hefst leit að fólki í húsband, þar sem áherslan verður á blús og jafnvel djass, enda nóg komið af poppi og rokki,“ segir hún og hlær.



Mexíkóskur matur verður á boðstólum á Kryddlegnum hjörtum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þar að auki breytist matseðillinn um helgina og verður mexíkóskur matur allsráðandi. „Ég hef fengið til mín tvo gestakokka, Alberto Marquez og Lilju Hallgrímsdóttur, til að elda ofan í gestina,“ útskýrir Lilja, „þannig að hér verður mexíkósk veisla og músík allsráðandi.“

*- rve*

Ísbíltúrinn er löngu orðinn hefð hjá mörgum fjölskyldum. Mekka íssins er líklega Hveragerði þar sem Kjörís rekur verksmiðju sína auk þess sem enn er hægt að fá góðan ís í Eden þótt staðurinn heiti í dag Iðavellir.

www.idavellir.is

## GLYMUR SMIÐJA

Glymur Smiðja er undirverktaki hjá Ístak með stálsmíði á handriðum fyrir Háskólann í Reykjavík undir Öskjuhlíð. Þetta verkefni á að klárast sumarið 2010. Okkur vantar stálsmiði með reynslu í tiggsuðu og fínni smíði.

**Áhugasamir sendi skriflega umsókn á netfangið svalir@svalir.is. Góð laun í boði fyrir góða menn**

Café/Restaurant
KRINGLU KRÁIN
—á góðri stund

## MATREIÐSLUMAÐUR ÓSKAST

Kringlukráin vill bæta við metnaðarfullum matsveini.

**Ef að þú uppfyllir eftirfarandi skilyrði þá gætir þú verið rétti maðurinn.**

- Reglusamur, stundvís og skipulagður.
- Hugmyndaríkur og skapandi.
- Nýtinn, vinnusamur og agaður.
- Góður stjórnandi sem á auðvelt með að vinna með fólki.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Fullum trúnaði heitið.
**Áhugasamir hafið samband við Sophus 893-2323 eða netfang: sophus@kringlukrain.is**

HUGSMIÐJAN LEITAR AÐ
## VIÐMÓTSFORRITURUM
Í FULLT STARF

eplica

Umsækjendur þurfa hvoru tveggja að geta ofið útlit vefsvæða með CSS ásamt því að geta forritað lifandi viðmótsvirkni í Javascript. Yfirgripsmikil þekking á nýjustu veftækni er lykilatriði.

Starfsreynsla, sköpunargáfa, útsjónarsemi, öguð vinnubrögð og brennandi áhugi á faginu eru kostir sem jafnframt verður horft til. Reynsla af Flash, PHP, Python, Java, ASP eða öðru forritunarumhverfi er einnig kostur.

Hugsmiðjan er öflugt og traust fyrirtæki og hefur síðustu 8 ár verið þekkt fyrir að hafa yfir að ráða einu öflugasta teymi viðmótsforritara á Íslandi. Verkefnin eru fjölbreytt og krefjandi og duglegu starfsfólki bjóðast ótal tækifæri til nýsköpunar og sjálfsnáms.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Hugsmiðjunnar, www.hugsmidjan.is eða senda umsókn á umsokn@hugsmidjan.is ásamt ferilskrá.

hugsmiðjan
Snorrabraut 56 | 101 Reykjavík Sími 5 500 900 | Fax 552 4368
www.hugsmidjan.is

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið

MULTICONSULT

*Multiconsult er et ledende, landsdekkende og internasjonalt selskap innen rådgivning og prosjektering med over 1000 ansatte. I Stavanger er det litt over 100 ansatte, derav 2 fra Island. Vi utfører varierte prosjekteringsoppgaver.*

Formfabrikken

## Verkfræðingar til
# Multiconsult í Stavanger, Noregi

Vi søker etter sivilingeniører/ingeniører med kvalifikasjoner og erfaring innen disse fagområdene:

- **Byggeteknikk** — Burðarþol og ledelse
- **Landskapsarkitekt** — Landslagsarkitekt
- **VA-teknikk** — Bygðartækni á sviði vatns- og fráveitulagna
- **VVS-teknikk** — Lagnir og loftræsing

**For ytterligere opplysninger om stillingene se vår hjemmeside: www.multiconsult.no**

MULTICONSULTs forretningsområder:
BYGG OG EIENDOM · INDUSTRI · OLJE OG GASS · SAMFERDSEL OG INFRASTRUKTUR · ENERGI · MILJØ OG NATURRESSURSER



# Sérfræðingur í öryggismálum

Norðurál leitar að sérfræðingi í öryggismálum til að sinna áframhaldandi þróun og eftirliti öryggismála fyrirtækisins. Verkefnastjórinn mun heyra beint undir öryggisstjóra og vera staðgengill hans.

Við leitum að einstaklingi með eftirfarandi hæfni og bakgrunn:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Sérhæfingu í áhættugreiningu og áhættumati
- Góða íslensku- og enskukunnáttu, bæði á töluðu og rituðu máli
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum og getu til að örva samstarfsfólk til dáða
- Góða almenna tölvukunnáttu
- Töluverða reynslu af öryggisstjórnun/eftirliti
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af vinnu í iðnaði

**Jafnrétti**
Áhersla er lögð á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli

**Trúnaður**
Við förum með umsókn þína og allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál.

**Hvernig sækir þú um?**
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 14. október næstkomandi. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins www.nordural.is eða póstlagt umsóknina merkta: Sérfræðingur í öryggismálum.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Trausti Gylfason, öryggisstjóri í síma 430-1000.

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru ríflega 500 talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, rafvirkjar, vélvirkjar & rafsuðumenn, auk ófaglærðra starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM
Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

# Verkefnastjóri

## á skrifstofu Hugvísindasviðs

HUGVÍSINDASVIÐ

**Á skrifstofu Hugvísindasviðs er laust til umsóknar starf verkefnastjóra deilda.**

Verkefnastjóri er tengiliður milli deilda og stjórnsýslusviðsins og sinnir margvíslegri þjónustu við nemendur og kennara, ásamt tilfallandi verkefnum.
Starfið felur meðal annars í sér umsjón með námsferlum nemenda, upplýsingagjöf til nemenda um reglur og uppbyggingu náms, vinnu við kennsluskrá og brautskráningu, liðveislu við kennara, kynningarstarf og tengsl milli deildarstjórnenda og skrifstofu.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Krafist er háskólaprófs, æskilegt að það sé á sviði hugvísinda
- Mjög góð íslenskukunnátta og færni í rituðu máli
- Góð enskukunnátta
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður, sjálfstæði í störfum og sveigjanleiki er skilyrði
- Þekking á háskólaumhverfinu er kostur

Nánari upplýsingar veitir Óskar Einarsson rekstrarstjóri; netfang: oe@hi.is; sími: 525 5236.

Um er að ræða krefjandi og áhugavert starf í metnaðarfullu umhverfi.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til 12. október 2009.**

Sjá nánar á www.starfatorg.is
og www.hi.is/is/skolinn/laus_storf

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA 096001

Reykjalundur

# Iðjuþjálfun

Lausar eru 2 afleysingarstöður vegna fæðingarorlofa í iðjuþjálfun á Reykjalundi. Annars vegar er um að ræða 90% stöðu á lungasviði frá 1. janúar n.k. til ársloka 2010. Á lungasvið koma skjólstæðingar með margbreytilega lungnasjúkdóma sem krefjast einstaklingsmiðaðrar íhlutunar.
Hins vegar er um að ræða 90% stöðu á gigtarsviði frá 1. janúar til ársloka 2010. Á gigtarsvið koma skjólstæðingar með ýmsa gigtarsjúkdóma og færnivanda tengda þeim sem krefjast fjölbreyttrar íhlutunar.
Á Reykjalundi er starfað í öflugri teymisvinnu þar sem lögð er áhersla á skjólstæðingsmiðaða nálgun, fræðslu í hópum og heildræna sýn.

**Hæfnikröfur:** Próf í iðjuþjálfun frá skóla viðurkenndum af Heimssamtökum iðjuþjálfa (WFOT) og með íslenskt starfsleyfi og löggildingu. Launakjör samkvæmt kjarasamningi Iðjuþjálfafélags Íslands.

**Á Reykjalundi fer fram endurhæfing á 9 sviðum.**
**Á iðjuþjálfunardeildinni starfa 17 iðjuþjálfar og 4 aðstoðarmenn.**
**Nánari upplýsingar veitir Lilja Ingvarsson forstöðuiðjuþjálfi |**
**í síma 585-2153 og með tölvupósti, liljaing@reykjalundur.is**

**Umsóknarfrestur er til 17.október 2009.**

Iceland Travel

# Fjármálastjóri

**Iceland Travel** er leiðandi fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi. Fyrirtækið er hluti af Icelandair Group og hefur í rúm 30 ár sérhæft sig í móttöku erlendra ferðamanna frá öllum heimshornum sem og skipulagningu ráðstefna á Íslandi.

**Ferðaskrifstofan VITA** var stofnuð í júní 2008 og er rekin af Iceland Travel. Helsta markmið ferðaskrifstofunnar er að bjóða upp á fjölbreytt úrval ferða í leiguflugi með góðri þjónustu og tryggum flugkosti á samkeppnishæfu verði..

Hjá Iceland Travel og VITA starfa um 70 manns sem þjóna rúmlega 40 þúsund viðskiptavinum á ári hverju.

Umsóknarfrestur er til 12. október.

Frekari upplýsingar veita Helgi Eysteinsson framkvæmdarstjóri eða Ragnheiður Valdimarsdóttir starfsþróunarstjóri.

Umsóknir skal senda á ragnheidurv@icelandtravel.is

Iceland Travel óskar eftir að ráða öflugan fjármálastjóra. Leitað er að einstaklingi sem getur starfað sjálfstætt og hefur víðtæka fjármála- og rekstrarþekkingu. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á bókhaldi og uppgjöri fyrirtækja.

### Starfssvið

- Almenn fjármálastjórnun
- Áætlunargerð
- Umsjón með fjárhags- og stjórnendaupplýsingum
- Fjárstýring og áhættustýring
- Samskipti við endurskoðendur og eftirlitsaðila
- Þátttaka í tekjustýringu og verðlagningu
- Þátttaka í stefnumótun
- Fjármálastjóri tilheyrir yfirstjórn fyrirtækisins

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun – áhersla á reikningshald og fjármál æskileg
- Reynsla af fjármálastjórnun og áætlunargerð skilyrði
- Þekking á reikningsskilum og bókhaldi nauðsynleg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 47496 10/09

Iceland Travel og VITA eru hluti af Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Iceland Travel

vita

Skútuvogi 13 a
104 Reykjavík
585 4300

icelandtravel.is

**Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu og stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Jafnframt eru stundaðar hagnýtar rannsóknir og unnið að tækniþróun á sviði framleiðslu, ferla, orku, byggingar og mannvirkja.**

**Impra er annað kjarnasviða Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Impra veitir upplýsingar og stuðning í tengslum við viðskiptahugmyndir og stofnun og rekstur fyrirtækja. Á vegum Impru er rekinn fjöldi verkefna með áherslu á nýsköpun, þekkingu og uppbyggingu frumkvöðlastarfs.**

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands

# Verkefnisstjóri á Húsavík

### Starfssvið

- Móta og vinna hugmyndir að nýjum þróunarverkefnum
- Umsjón með framkvæmd, þróun og eftirfylgni verkefna
- Greining á nýtingarmöguleikum orkuauðlinda með áherslu á jarðvarma
- Samstarfsverkefni með innlendum og erlendum fyrirtækjum og háskólum
- Fjármögnun verkefna og sókn í innlenda og erlenda samkeppnissjóði
- Verkefnisstjórnun á sviði klasasamstarfs
- Verkefni á sviði ferðaþjónustu og heilsutengdrar ferðaþjónustu í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga
- Vinna við stuðningsverkefni Impru
- Handleiðsla frumkvöðla og fyrirtækja

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, tæknifræði, viðskipta, stjórnunar eða á sambærilegu sviði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af íslensku atvinnulífi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði og dugnaður
- Færni í töluðu og rituðu máli

Upplýsingar um starfið veitir **Sólveig Sigurgeirsdóttir**, **solveig@nmi.is** og í síma **522 9492**.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Umsóknum skal skila fyrir **19. október** n.k. merktum:

**Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands**
**Keldnaholti, 112 Reykjavík**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Keldnaholti, 112 Reykjavík ● Sími 522 9000 ● Fax 522 9111 ● www.nmi.is

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**
**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



## Ertu í tísku?

Þekkt kvenfataverslun í Kringlunni óskar eftir að ráða starfskraft í hlutastarf.

Vinnutími er 1–2 virkir dagar í viku, 2 laugardagar og 1 sunnudagur í mánuði. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af verslunarstörfum og áhuga á tísku, búa yfir þjónustulund og lipurð í samskiptum. Leitað er að starfskrafti á aldrinum 25–50 ára.

Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið hallar@simnet.is

## VILTU VINNA SJÁLFSTÆTT

Til sölu sérverslun/fataleiga ásamt saumaaðstöðu. Eiginn innflutningur 24 ára fyrirtæki í langtímaleiguhúsnæði. Skoðum uppítöku á sumarhúsi.

**Áhugasamir hafið samband**
**vinna-2009@hotmail.com**

vísir.is
*"...ég sá það á vísi"*

## FRÁBÆRT TÆKIFÆRI!

Umboð og lager er til sölu af sérstökum ástæðum Þetta umboð er með ýmiskonar fatnað og heilsuskó. Með einstakan viðskiptamannahóp. Mjög vel þekkt innan Heilbrigðisgeirans fyrir þægindi og gæði.

***Hentar vel fyrir duglegt fólk sem vill vinna sjálfstætt. Miklir tekjumöguleikar***

**UPPLÝSINGA Í SÍMA 895-8144**

## Framhaldsskólakennarar og áfangastjóri óskast

MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Eftirtalin kennslustörf eru laus til umsóknar við Menntaskólann á Ísafirði frá 1. janúar 2010:

| | |
|---|---|
| Danska | 60% starf |
| Raungreinakennari (eðlis-, efna-, jarð- og landafræði) | 100% starf |

Einnig er laust til umsóknar 75% staða áfangastjóra frá 1. nóvember 2009 (sjá auglýsingu dags. 18/9/2009 á starfatorg.is). Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi háskólapróf og kennsluréttindi (sbr. lög nr. 86/1998). Leitað er að kennurum sem hafa áhuga á að taka þátt í þróunarstarfi í kennsluháttum og eiga gott með að vinna með nemendum og kennurum.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra og stofnanasamningi skólans. Umsókn þarf ekki að vera á sérstökum eyðublöðum. Með umsókn skal fylgja ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf og meðmælendur. Umsóknir skal senda til skólameistara á netfangið jon@misa.is eða á heimilisfang skólans: Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi, 400 Ísafirði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvarðanir um ráðningar liggja fyrir. Umsóknarfrestur er til 18. október n.k. Umsókn getur gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari jon@misa.is, eða í síma 4504400.

*Menntaskólinn á Ísafirði er framsækinn skóli sem býður upp á fjölbreytt nám, bæði bók- og verknám. Í MÍ er öflugt og fjölbreytt þróunarstarf og skólaandi MÍ er góður og andrúmsloftið í starfsmannahópnum er gott. Reisulegar byggingar Menntaskólans á Ísafirði eru rúmgóð og björt húsakynni. Þar er ein besta vinnuaðstaða til náms og kennslu sem þekkist á landinu. Menntskólinn á Ísafirði er meðal fremstu framhaldsskóla landsins í notkun upplýsingatækni. Skólinn getur boðið íbúðir á góðum kjörum.*

*Skólameistari*

# SECURITAS ÓSKAR EFTIR RAFIÐNAÐARMANNI

## RAFVIRKI / RAFEINDAVIRKI

Vilt þú vinna í fjölbreyttu, skemmtilegu og hreinlegu umhverfi? Á meðal verkefna eru myndavélakerfi, brunaviðvörunarkerfi, hússtjórnarkerfi og innbrota- og aðgangsstýrikerfi, ásamt því að aðstoða viðskiptavini.

**Hæfniskröfur:**

- Sveinspróf
- Almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta
- Þjónustulund og ánægja af samvinnu
- Áhugi á aukinni þekkingu í starfi

**Nánari upplýsingar veitir Pétur Már Kristjánsson þjónustustjóri. Umsækjendur fylli út umsóknir á heimasíðu fyrirtækisins www.securitas.is eða sendi fyrirspurn á netfangið petumar@securitas.is. Umsóknarfrestur er til 12. október.**

Securitas hf. fer fram á að allir starfsmenn leggi fram sakavottorð og að þeir séu reiðubúnir til að leggja fram upplýsingar úr málaskrá lögreglu.

SECURITAS

Síðumúli 23 | 108 Reykjavík | 580 7000 | securitas.is

Capacent Ráðningar

## FORSTJÓRI

Bankasýsla ríkisins er ný ríkisstofnun sem fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Stofnunin skal í starfsemi sinni leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu íslensks fjármálamarkaðar í samræmi við eigandastefnu ríkisins á hverjum tíma. Stofnunin starfar á grundvelli laga nr. 88/2009 og innihalda þau nánari upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi. Lögin er að finna á vef Alþingis, www.althingi.is

**Stjórn Bankasýslu ríkisins auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra Bankasýslu ríkisins. Forstjóri skal uppfylla hæfisskilyrði 2. og 3 mgr. 6 gr. laga nr. 88/2009.**

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Stefnumótun stofnunarinnar
- Stjórnun og daglegur rekstur
- Samskipti við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhluti í
- Samningagerð
- Eftirlit með framkvæmd eigandastefnu ríkisins

Kjararáð ákvarðar starfskjör forstjóra.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Sérþekking á banka- og fjármálum
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

## Starfsmaður í atferlismeðferð

**Óskum eftir að ráða starfsmann í atferlisþjálfun með einhverfu barni.**

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu/menntun við hæfi, t.d. sálfræðinemi, þroskaþjálfi eða hafi unnið við atferlismeðferð áður. Unnið er undir handleiðslu Greiningarstöðvar Ríkissins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Ída Jensdóttir leikskólastjóri í síma 578 1220 eða á netfangið: ida@sjaland.is. Einnig er hægt að sækja um á vefslóðinni www.sjaland.is

LEIKSKÓLINN SJÁLAND – náttúruleg gleði

## Lögfræðistofa Reykjavíkur

**Lögfræðistofa Reykjavíkur óskar eftir að ráða tvo löglærða fulltrúa til starfa.**

Í boði er áhugavert framtíðarstarf hjá öflugri lögmannsstofu. Starfið hentar metnaðarfullum og dugmiklum einstaklingum.

**Starfssvið:**
Starfssvið löglærðs fulltrúa er m.a. fólgið í vinnu að lögfræðilegum álitsgerðum, skjalagerð, málflutningi, stefnugerð ofl.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Skilyrði er að umsækjendur hafi lokið fullnaðarprófi á sviði lögfræði - hdl. réttindi eru æskileg en ekki skilyrði. Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu, trausta og fágaða framkomu, vera sjálfstæður í vinnubrögðum, sýna frumkvæði í starfi og búa yfir góðri færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 11.október 2009 og þurfa umsækjendur að geta hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið lr@icelaw.is merkt starfsumsókn. Nánari upplýsingar veitir faglegur framkvæmdarstjóri, Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hdl.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Auglýsingasími
512 5050

– Mest lesið

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# bleika slaufan

LAUGARDAGUR 3. OKTÓBER 2009



**Árveknisátak Krabbameinsfélagsins**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





ÁVARP VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR

# Getur hent okkur öll


MYND/ÓMAR ÓSKARSSON

Þeir sem áttu frumkvæði að stofnun Krabbameinsfélagsins og allir sem á eftir hafa komið eiga miklar þakkir skildar fyrir mikið hugsjónastarf. Það er starfi þessa fólks að þakka og góðri heilbrigðisþjónustu að margir merkir sigrar hafa unnist, enda hefur Krabbameinsfélagið alla tíð notið mikillar og verðskuldaðrar virðingar meðal fólksins í landinu. Þjóðin kann sannarlega að meta allt sem gert hefur verið, hvort sem það er á sviði fræðslu, stuðnings við sjúklinga, vísindarannsókna eða leitarstarfs. Og leitin að krabbameini í leghálsi og brjóstum hefur bjargað mörgum mannslífum.

Ég fagna því að tekist hefur að búa Leitarstöð Krabbameinsfélagsins fullkomnustu tækjum sem völ er á til að greina krabbamein í brjóstum á byrjunarstigi. Íslenskar konur eiga að vera duglegar að nýta sér þá þjónustu sem þeim stendur til boða. Og minnumst þess að árangur af leit og meðferð þessa sjúkdóms hér á landi er á heimsmælikvarða.

Það er mikil lífsreynsla að greinast með krabbamein. Þegar ég sjálf fékk þessa frétt flaug mér fyrst í hug: Hvers vegna ég? En síðan um leið: Hvers vegna ekki ég? Þetta getur hent okkur öll. Ég fór í aðgerðina 1. febrúar 1977 og þann dag ár hvert þakka ég fyrir að vera enn á þeirri ferð í lífinu sem raun ber vitni.

Ég hvet Íslendinga til að leggja félaginu lið, nú sem áður, með því að kaupa Bleiku slaufuna og bera hana með stolti.

*Vigdís Finnbogadóttir,*
*verndari Krabbameinsfélags Íslands.*

## ● UPPHAF BLEIKU SLAUFUNNAR

Víða um heim er októbermánuður tileinkaður baráttunni gegn brjóstakrabbameini, og hefur bleika slaufan hefur verið tákn þeirrar baráttu í tæp tuttugu ár. En hvert er upphaf bleiku slaufunnar?



■ Árið 1991 efndi Stofnun Susan G. Komen til árlegs hlaups í New York til styrktar fólki sem hafði lifað af brjóstakrabbamein. Bleikum slaufum var dreift til þátttakenda hlaupsins sem tákn um árvekni gagnvart brjóstakrabbameini.

■ Árið 1992 ákvað hin bandaríska Charlotte Hayley að búa til ferskjulitaðar slaufur sem hún seldi ásamt korti með upplýsingum um brjóstakrabbamein og stöðu rannsókna í heilbrigðiskerfinu.

■ Síðar sama ár unnu ritstjórinn Alexandra Penney og gestaritstjórinn Evelyn Lauder (varaforstjóri Estée Lauder) að októberútgáfu heilsutímaritsins Self, sem að þessu sinni var tileinkuð brjóstakrabbameini. Þeim leist vel á hugmynd Hayley um að hafa ferskjulita slaufu sem tákn samstöðu og baráttu gegn brjóstakrabbameini. Hayley leit þó á framtak sitt sem grasrótarhreyfingu og vildi ekki tengjast fyrirtækjum. Því varð slaufan bleik í höndum Penney og Lauder og er nú alþjóðlegt tákn fyrir baráttu gegn brjóstakrabbameini.

**Útgefandi:** Krabbameinsfélag Íslands **Heimilisfang:** Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík
**Vefsíða:** www.krabb.is **Netfang:** krabb@krabb.is **Ritstjóri** Gústaf Gústafsson
**Ábyrgðarmaður:** Guðrún Agnarsdóttir
**Auglýsingar:** Fréttablaðið/Hlynur Þór Steingrímsson. Sími 5125439.




# Leitarstarf á tímamótum

**Sannkölluð tæknibylting varð hjá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands á síðasta ári þegar gömlu röntgenvélunum var skipt út fyrir stafrænan myndbúnað.**


**„Hvergi annars staðar sem ég þekki til er boðið upp á þessar skoðanir vegna legháls- og brjóstakrabbameinsleitar í einni heimsókn. Ekki einu sinni meðal nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndum eru konur kallaðar í reglulega skoðun með þessum hætti," segir Guðrún.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Nýju tækin voru geysilega dýr en sem betur fer tókst okkur að safna fyrir þeim áður en efnahagshrunið dundi yfir, og erum við afar þakklát þeim mörgu sem lögðu okkur lið," segir Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands. Stafrænu myndirnar fara beint inn á tölvur til úrlestrar og hægt er að lesa úr myndunum hvar sem er á jarðarkringlunni. Betri og nákvæmari myndir nást af brjóstum ungra kvenna og þéttum brjóstvef, auk þess sem tækjabúnaðinum fylgir lítil mengun miðað við framköllun áður.

„Þetta hefur þýtt algjöra byltingu í verklagi og verkferlum hjá starfsfólki á Leitarstöðinni. Ferlið er ekki bara stafrænt, heldur líka rafrænt; nú er enginn pappír og allt fer inn í tölvukerfi."

Allur ágóði af sölu Bleiku slaufunnar í ár fer til styrktar leitarstarfi Krabbameinsfélagsins en það á stóran þátt í þeim frábæra árangri sem Íslendingar hafa náð í baráttunni við krabbamein.

„Til að byrja með hefur rekstrarkostnaður nýju tækjanna verið hærri en með gamla laginu, en hann mun lækka töluvert með tímanum," segir Guðrún. „Heilbrigðisráðuneytið hefur hins vegar ekki séð sér fært að auka fjármagn til leitarinnar og dregið hefur verið úr framlagi eins og víðast í heilbrigðisþjónustunni. Við urðum því að endurskipuleggja alla verkferla en höfum haft það að leiðarljósi að skerða ekki þjónustu og segja ekki upp starfsfólki. Það hefur verið mjög erfitt og ekki alltaf gengið upp."

Leitarstöðinni hefur meðal annars verið lokað tvo daga í viku því það sýndi sig að nýju tækin gátu annað sama fjölda skoðana á þremur dögum og þau gömlu gerðu á fimm dögum. Einnig var tekin upp sú nýbreytni að bjóða upp á leghálskrabbameinsskoðun á fjögurra ára fresti, í stað tveggja áður, fyrir þær konur sem eru orðnar fertugar og hafa að minnsta kosti fimm eðlileg leghálsstrok, þar af tvö á síðustu sex árum.

GRÍÐARLEGUR ÁRANGUR AF LEITARSTARFI

Landsbyggðarkonur eru mun duglegri en kynsystur þeirra á höfuðborgarsvæðinu að mæta í skoðun og hefur Guðrún nokkrar áhyggjur af því að mæting virðist vera að dala í kreppunni. Hvetur hún konur til að mæta í skoðun og minnir jafnframt á að mörg stéttarfélög niðurgreiði kostnað.

„Ef konur mæta reglulega í skoðun ber það árangur í greiningu snemma – með minni lýtum og auknum lífslíkum. Tæplega níutíu prósent kvenna hér á landi eru á lífi fimm árum eftir greiningu brjóstakrabbameins og tæplega áttatíu prósent tíu árum eftir greiningu. Hvergi annars staðar sem ég þekki til er boðið upp á þessar skoðanir vegna legháls- og brjóstakrabbameinsleitar í einni heimsókn, ekki einu sinni í nágrannalöndum okkar, þannig að þetta er einstakt tilboð sem konur ættu hiklaust að nýta sér." *- bn*

# Fallegt í bleikum bjarma

„Bleika svítan hefur verið sérstaklega innréttuð fyrir októbermánuð í tilefni af Bleiku slaufunni og við erum stolt af því að geta lagt þessu málefni lið," segir Gaute Birkeli, hótelstjóri Radisson SAS Hótel 1919. Hótelið er baðað bleikri birtu í október til stuðnings átaki Bleiku slaufunnar og er fólki velkomið að heimsækja hótelið og skoða lýsinguna að innan jafnt sem utan. Að þessu tilefni mun hótelið bjóða gestum sínum upp á að gista í bleiku svítunni en ágóðinn af leigu hennar rennur til styrktar átakinu.


**Á Radisson SAS Hótel 1919 verður sérstakur bleikur matseðill í boði.**

„Í fyrra var Ráðhúsið lýst upp með bleikum ljósum og var lýsingin þá sem og nú í höndum nemenda í lýsingarhönnun við Tækniskólann og hafa mörg fyrirtæki stutt okkur vel, sér í lagi Luxor," segir Guðjón L. Sigurðsson, lýsingarhönnuður hjá VST rafteikningu og kennari nemendanna, lýsinguna kjörið verkefni fyrir verðandi ljósahönnuði. Margir átti sig ekki á því hve mikil vinna er lögð í verkefnið en nemendur sýni mikinn metnað og útsjónarsemi til að draga það fallegasta fram í arkítektúr og hönnun húsanna jafnt að innan sem utan. „Þetta er líklega viðamesta verkefni sem við höfum farið í og það skemmtilegasta," segir Guðjón og segir gleðilegt að geta lagt fram vinnu við jafn áhugavert verk og þetta, auk þess sem það sé gert til að vekja athygli á verðugu málefni. Þá ætla forsvarsmenn hótelsins að bjóða sigurvegurum golfmótsins Bleika Toppbikarsins að gista í svítunni. Sú keppni er fjáröflunarverkefni Krabbameinsfélagsins og minnir konur á árvekni um eigin heilsu og mætingu í brjóstakrabbameinsleit. *- kdk*

**TÆKNISKÓLINN ÞAKKAR EFTIRTÖLDUM AÐILUM:**

**Ensó**
**AM-Events**
**Luxor**
**Adam og Eva**
**Osram**
**Rafkaup**
**N1**
**Álnabær**
**S. Guðjónsson**
**Dengsi**
**Pfaff**
**Smith og Norland**
**Lumex**
**Atli Hilmar Hrafnsson**
**Gísli Gíslason**

# Slaufan bleika fyrir brjóstið veika

## Lífsnauðsynlegar upplýsingar varðandi tölurnar 175, 60, 38 og 10



Hér á landi eru konur á aldrinum 40 til 69 ára boðaðar til brjóstamyndatöku annað hvert ár en eldri konur eru einnig hvattar til að fara í skoðun

Ár hvert greinast að meðaltali 175 konur með brjóstakrabbamein

Ár hvert deyja að meðaltali 38 konur á Íslandi af völdum brjóstakrabbameins

Talið er að 15% brjóstakrabbameina megi rekja til arfgengra þátta

Erlendar og innlendar rannsóknir benda til þess að með reglulegu eftirliti megi lækka verulega dánartíðni vegna krabbameins í brjóstum.

Um 50% kvenna sem greindust með brjóstakrabbamein fyrir fjörutíu árum lifðu í fimm ár eða lengur en nú geta um 90% vænst þess að lifa svo lengi

Samkvæmt útreikningum frá Krabbameinsskránni á tíunda hver kona á hættu að fá brjóstakrabbamein

Meðalaldur við greiningu sjúkdómsins er 60 ár

íslenskt grænmeti

islenskt.is

Stoltur styrktaraðili bleiku slaufunnar



Rík áhersla er lögð á einstaklings- og fjölskylduviðtöl, aðstandendur og vini. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Veita fjölþættan stuðning

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins býður upp á stuðning fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein, aðstandendur þess og vini en þar er hægt að óska eftir sérfræðiviðtölum og fá upplýsingar og fræðslu.

Þjónustan tók til starfa fyrir tveimur árum og er um þriggja ára tilraunaverkefni að ræða. „Ég tel miklar líkur á því að við fáum að starfa áfram enda ekki vanþörf á,“ segir Ragnheiður Alfreðsdóttir, forstöðumaður þjónustunnar. „Við erum með aðstöðu á fyrstu hæð Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8 ásamt stuðningshópum Krabbameinsfélagsins sem við erum í nánu samstarfi við, enda skiptir það fólk yfirleitt miklu máli að komast í samband við aðra með svipaða reynslu.“

Ragnheiður er hjúkrunarfræðingur en með henni starfar félagsráðgjafinn Gunnjóna Una Guðmundsdóttir. „Síðan erum við í tengslum við sálfræðing, prest og iðjuþjálfa auk þess sem við leitum til læknanna ef þess gerist þörf.“ Lögð er rík áhersla á einstaklings- og fjölskylduviðtöl en auk þess er boðið upp á ýmsa fyrirlestra og námskeið. Má þar nefna djúpslökun, námskeið í hugrænni atferlismeðferð, námskeið fyrir börn sem eiga foreldra sem hafa greinst með krabbamein, samverukvöld fyrir ekkjur og ekkla og ýmislegt fleira en reynt er að nálgast viðfangsefnið frá öllum hliðum. Í október hefst síðan nýtt námskeið í tangó þar sem þátttakendur sækja innri styrk í dansinn.

„Við leggjum mikla áherslu á aðstandendur og vini, sem oft verða útundan þegar einhver nákominn greinist með krabbamein. Auk þess reynum við að sinna landsbyggðinni eins og kostur er. Við förum reglulega út á land og erum þá í samstarfi við félög og stuðningshópa á hverjum stað fyrir sig. Þar fyrir utan getur fólk haft samband við okkur í síma og með tölvupósti og það sama gildir um fólk sem er búsett erlendis.“ - ve

# Þjónustu má ekki skerða

**Sigríður Snæbjörnsdóttir, formaður Krabbameinsfélagsins, segir stuðning almennings ótrúlega mikinn við félagið en brýnt sé að forgangsraða verkefnum enn frekar til að tryggja áframhaldandi góða þjónustu við þá sem stríða við krabbamein og aðstandendur þeirra.**



„Félagið ætlar að vera í fylkingarbrjósti á Íslandi í baráttunni við krabbamein,“ segir Sigríður Snæbjörnsdóttir, formaður Krabbameinsfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Krabbameinsfélagið, líkt og flest önnur félög, hefur gengið í gegnum fjárhagslegar þrengingar á síðastliðnu ári. Við höfum þurft að fara í gegnum alla okkar rekstrarliði og forgangsraða hvernig við verjum best þeirri þjónustu sem mikilvægust er,“ segir Sigríður.

## MIKILL STUÐNINGUR ALMENNINGS

„Almennt má þó segja að stuðningur við Krabbameinsfélagið hefur haldist ótrúlega mikill. Við verðum vör við það hjá almenningi að gömlu góðu gildin eru í heiðri höfð, fólk vill leggja félaginu lið og margir styðja félagið með umtalsverðum upphæðum. Aðrir leggja fram minni upphæðir, en allt skiptir þetta miklu máli.“ Sigríður segir erfitt að meta hvort fyrirtækjastuðningur hafi breyst. „Stuðningurinn er gjarnan fólginn í ýmsum átaksverkefnum, til að mynda við kaup á nýjum tækjum. Við stöndum ekki í slíkum stórræðum í ár en samt er staðan þannig að sjaldan hefur verið jafnmikil þörf fyrir fjárhagslegan stuðning við hin afar mörgu og brýnu verkefni sem við stöndum frammi fyrir.“



## BREYTINGAR Á LIÐNU ÁRI

„Nú reynum við að gera meira fyrir sama fjármagn og höfum gengið í gegnum talsverðar skipulagsbreytingar sem hafa ekki verið auðveldar,“ segir Sigríður og undirstrikar jafnframt að allar þessar breytingar hafi miðast við að þjónustan við skjólstæðinga félagsins minnki ekki mikið.

Sigríður bendir á að eitt helsta verk stjórnar Krabbameinsfélagsins síðastliðið ár hafi verið að vinna að stefnumótun félagsins til næstu ára, sem kynnt verði um áramótin. „Helsta ástæðan fyrir þeirri vinnu er kannski fyrst og fremst að skerpa þurfti á áherslum félagsins, bæði inn á við og út á við. Allir eiga að hafa skýra sýn á það fyrir hvað Krabbameinsfélagið stendur og um hana þarf að vera breið samstaða,“ segir Sigríður og bætir við að jafnframt þurfi að huga að því hvernig samstarfi félagsins við aðildarfélög er háttað og hvernig megi ná bestum árangri.

„Félagið ætlar að vera í fylkingarbrjósti á Íslandi í baráttunni við krabbamein. Það teljum við okkur geta gert með því að leggja sérstaka áherslu á forvarnir og fræðslu, vera sjúklingum og aðstandendum til stuðnings, vera öflugur vettvangur fyrir aðildarfélög og stuðningshópa þeirra sem hafa reynslu af krabbameini og styðja við rannsóknir á krabbameini, bæði í víðu og þröngu samhengi. Síðast en ekki síst þurfum við að vera kröftugur félagsskapur sem aflar fjár til að standa straum af öllu því sem hér er nefnt.“ - bn

# Brunað um í bleiku

„Þetta er þriðja árið sem við tökum þátt í þessu,“ segir Vignir Þröstur Hjálmarsson hjá Hreyfli – Bæjarleiðum. Leigubílafloti fyrirtækisins tekur stakkaskiptum þegar hinum hefðbundnu gulu ljósum er skipt út fyrir bleik til að vekja athygli á Krabbameinsfélagi Íslands og stuðningi við brjóstakrabbameinsátakið.

„Auk þess eru bílstjórunum afhentar bleikar slaufur til sölu í hálfan mánuð en ekki er leyfilegt að stunda fjáröflunarsölu lengur en þann tíma, á meðan ljósin fá að vera uppi í tvo mánuði. Andvirðið af slaufunum rennur svo beint til Krabbameinsfélagsins,“ segir Þröstur. „Þá leggur Hreyfill úr sínum sjóði upphæð sem svarar til tíu króna fyrir hverja afgreidda ferð frá stöðinni.“

Þröstur segir bílstjórunum jafnan finnast gaman að taka þátt. „Sumir eru þó náttúrlega meiri sölumenn en aðrir,“ segir hann og hlær.

En hvernig hafa viðtökurnar verið? „Mjög góðar,“ svarar hann. „Fyrsta árið söfnuðust 4,3 milljónir, þar af seldust slaufur fyrir 2,7 milljónir en Hreyfill lagði til 1,6 milljónir. Í fyrra söfnuðust 6,3 milljónir, þar af seldust slaufur fyrir nærri fimm milljónir og Hreyfill lagði til 1,3 milljónir.“

Hann bætir við að í seinna tilvikinu hafi mjög góður árangur náðst, einkum í ljósi þess að fjármálakreppan hafi þá verið nýhafin. „Það sýnir að ekkert er slegið af þegar gott málefni er annars vegar. Nú er svo komið að þriðja árinu, þannig að við skulum vona að allir taki þátt.“ - rve




Þröstur segir uppátækið hafa vakið töluverða athygli erlendis. „Það hefur verið þó nokkuð um fyrirspurnir frá erlendum fjölmiðlum og framleiðendur taxaljósa í Evrópu hafa sýnt þessu mikinn áhuga.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heimasíðan andlit félagsins

Ný heimasíða Krabbameinsfélagsins, www.krabb.is, verður opnuð á næstu dögum. „Gamla síðan uppfyllti ekki lengur þarfir okkar. Við fórum því af stað með heilmikla vinnu strax um mitt ár 2007,“ segir Gústaf Gústafsson, markaðsstjóri Krabbameinsfélagsins. „Í því fólst meðal annars að hafa samband við fólk sem greinst hefur með krabbamein, aðstandendur, aðildarfélögin okkar, fagfólk og fleiri, með hjálp Sjá ehf.,“ útskýrir Gústaf. Úr þeim upplýsingum var síðan búin til síða sem kemur vonandi betur til móts við þá sem þurfa upplýsingar um krabbamein og starfsemi félagsins.

„Eitt af fyrstu skrefum þeirra sem greinast með krabbamein og aðstandenda þeirra er að leita sér upplýsinga, og í dag byrjar fólk oft á netinu. Heimasíðan er því mjög mikilvægt tæki á erfiðum tíma og nauðsynlegt að fólk finni þær upplýsingar sem það leitar að.“ Þó að síðan verði nú opnuð ný og betri verður vinnu við hana haldið áfram. „Heimasíðan verður miðstöð upplýsinga um krabbamein á Íslandi og því í stöðugri þróun.“

Krabbameinsfélagið hannaði heimasíðuna í samstarfi við fyrirtækin Sjá ehf. og TM Software. „Nýi vefurinn var settur upp í WebMaster-vefumsjónarkerfinu. Við lögðum áherslu á einfalda og aðgengilega framsetningu á fræðslu um krabbamein og upplýsingum um þjónustu Krabbameinsfélagsins. Á vefnum verður til dæmis hægt að gerast styrktaraðili og panta tíma í krabbameinsleit,“ segir Brynjar Kristjánsson hjá TM Software.

„Við unnum ítarlega þarfagreiningu með Krabbameinsfélaginu og sú vinna skilaði félaginu vefstefnu sem tekur á því hvernig vefurinn á að vera, hvaða hlutverki hann gegnir í starfseminni og hvernig félagið getur best nýtt sér hann í sína þágu,“ segir Jóhanna Símonardóttir hjá Sjá ehf. - sg




Hér er mynd af gömlu heimasíðunni. Sú nýja er unnin í samstarfi við Sjá og TM Software.

# nicorette®

KRAFTUR

**er stuðningsaðili Krafts, stuðningsfélags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein**




**Nikótínlyfjatyggigúmmí**













**Nefúðalyf** **Dagplástur** **Innsogslyf** **Tungurótartöflur**

Nicorette nikótínlyf draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda fólki að venja sig af tóbaki

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim en hámarksdagskammtar eru: Lyfjatyggigúmmí 24 stk., Innsogslyf 12 hylki, Nefúði 80 úðar, Forðaplástur 1 stk., Tungurótartöflur 40 stk. Kynnið ykkur vel upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.




Sif hannaði skartgripina með það í huga að þeir hæfðu hvaða konu sem er.

# Braut upp hefðina með hálsmeni og lokkum

**Bleika slaufan hefur verið tákn baráttunnar gegn brjóstakrabbameini árum saman og nælur í formi bleikrar slaufu verið seldar til fjáröflunar.**

Í fyrra var tekið upp á þeirri nýbreytni að fá þekktan skartgripahönnuð, Hendrikku Waage, til að hanna Bleiku slaufuna. Hún hannaði tvær gerðir af slaufunni, bæði ódýrari gerð sem seldist í fjörutíu þúsund eintökum og dýrari gerð sem einnig hlaut góðar viðtökur. Í ár er það Sif Jakobs, þekktur skartgripahönnuður sem býr og starfar í Danmörku, sem hannar slaufuna en hún hefur fengið viðurkenningar fyrir hönnun sína hér heima og erlendis.

„Þegar mér var veittur sá heiður að hanna Bleiku slaufuna fyrir Krabbameinsfélagið var mín fyrsta hugsun hvernig ég gæti lengt líftíma gripsins, fengið fleiri til að ganga með hann. Ég tók púlsinn á vinahópnum og fólkinu í kringum mig, þar sem í ljós kom að talsverður meirihluti gengur ekki með nælur af ýmsum ástæðum, en hefur samt keypt nælur í gegnum tíðina til að styrkja málstaðinn. Mér fannst af þeim sökum tilvalið að hanna fallega og eigulega skartgripi sem hæfðu sem flestum konum.“

Sif ákvað að gera hálsmen og eyrnalokka og brjóta upp hefðina fyrir því að hafa Bleiku slaufuna ávallt í formi nælu. Hálsmenið og eyrnalokkarnir eru með fallegum ljósbleikum steinum og njóta sín hvort í sínu lagi en eru sérstaklega falleg saman sem sett. „Ég er mjög nákvæm í starfi mínu og legg ríka áherslu á að hver einstakur skartgripur sé listsmíði í hæsta gæðaflokki. Markmið mitt er notagildi skartgripanna og að þá megi bera við hvaða tækifæri sem er.“ Ódýrari gerðin af nælunni verður einnig til sölu í ár og er hún í sama formi og skartgripirnir. „Nælan er framleidd í tugum þúsunda eintaka og verður hún til sölu víðs vegar um landið í októbermánuði. Skartgripirnir eru hins vegar framleiddir í takmörkuðu upplagi og verða til sölu meðal annars hjá verslunum Leonard og Halldóri Ólafssyni á Akureyri. Hálsmenið kostar 11.500 krónur og eyrnalokkarnir 9.500.“ Andvirðið rennur að sjálfsögðu til styrktr leitarstarfi KÍ.




Skartgripirnir eru þannig úr garði gerðir að þá má bera við hvaða tækifæri sem er.

Sif segir málefnið standa sér nærri. „Ég hef upplifað þau áhrif sem sjúkdómur eins og krabbamein hefur á aðstandendur og vini sjúklinga og þetta málefni hefur mikla þýðingu fyrir mig eins og allar konur.“ Hún telur afar mikilvægt að vekja athygli á nauðsyn þess að konur fari reglulega í brjóstaskoðun. „Það er engin spurning að þetta átak, sem er orðið árlegur viðburður, hefur mikla þýðingu í þeirri vitundarvakningu um brjóstakrabbamein sem hefur átt sér stað á Íslandi. Það er mér mikill heiður að fá að taka þátt í þessu verkefni. Ég hef lagt mitt af mörkum til að halda áfram að vekja fólk til meðvitundar um brjóstakrabbamein allt árið, með hönnun á fallegum, kvenlegum og eigulegum skartgrip sem hentar öllum konum við öll tækifæri. Þetta er málefni sem snertir alla og kemur okkur öllum við.“ *-bb*







**Sif Jakobsdóttir, hönnuður og gullsmiður, ásamt Sævari Jónssyni hjá Leonard með bleiku slaufuna góðu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fagur gripur með ríka sögu

Skartgripaverslunin Leonard hóf sölu á sérstakri skartútgáfu Bleiku slaufunnar 1. október til styrktar Krabbameinsfélaginu. Að þessu sinni var hönnuðurinn og gullsmiðurinn Sif Jakobsdóttir fenginn til að útbúa sérstaka skartútgáfu bleiku slaufunnar.

Verslanir Leonard í Kringlunni, Smáralind og Flugstöð Leifs Eiríkssonar eru aðalsöluaðili skartútgáfu Bleiku slaufunnar í ár og segir Sævar Jónsson hjá Leonard að ákveðið hafi verið að setja verslanirnar í bleikan búning með bleikri lýsingu til að vekja enn meiri athygli á verkefninu. „Við tókum þátt í þessu verkefni í fyrra og tókst mjög vel til. Sif Jakobsdóttir, hönnuður Bleiku slaufunnar, ákvað að hafa slaufuna í formi hálsmens í stað nælu og auk þess bæta við eyrnalokkum þetta árið. Útkoman er mjög góð og við erum spennt að sjá viðbrögðin. Í fyrra biðu viðskiptavinir fyrir utan búðina fyrir opnun til þess að tryggja sér eintak,“ segir Sævar.

Slaufan hefur alltaf verið tengd fegurð og árvekni en það var sjálf snyrtivörudrottningin Estée Lauder sem átti frumkvæðið að átaki og vakningu fólks á brjóstakrabbameini og varð bleika slaufan síðan að alþjóðlegu merki átaksins.

Skartslaufa Sifjar er til í takmörkuðu upplagi. Hún er úr silfri og er skreytt sirkon- og oxíðsteinum. Þykir skartgripalína Sifjar endurspegla lífsgleði, aðdáun hennar á einföldum en tjáningarríkum formum, sem og hágæða efnum og næmi hennar fyrir fegurð einfaldleikans. Þar að auki leggur hún áherslu á notagildi skartgripa sinna og að þá megi bera við hvaða tækifæri sem er. *-kdk*

# Vinna ómetanlegt starf



Guðrún Sigurjónsdóttir er í forsvari samtakanna Samhjálp kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öll þjónusta sem samtökin Samhjálp kvenna veitir er í höndum kvenna sem sjálfar hafa greinst með brjóstakrabbamein. Starf samtakanna í þau þrjátíu ár sem þau hafa starfað hefur allt verið unnið í sjálfboðavinnu en sá árangur sem þau hafa náð verður seint metinn til fjár.

Guðrún Sigurjónsdóttir, formaður Samhjálpar kvenna, segir miklar og jákvæðar breytingar hafa orðið á síðustu þrjátíu árum. Lífslíkur kvenna með brjóstakrabbamein hafa nú aukist mjög. Fyrr voru 75 prósenta líkur á að kona væri á lífi fimm árum eftir að hún hafði verið greind með meinið en nú eru lífslíkur hennar rúmlega níutíu prósent. Íslendingar státa því af besta árangri í veröldinni ásamt Svíum.

Þá segir Guðrún að aukin fræðsla um sjúkdóminn hafi dregið úr ótta fólks. „Hér áður fyrr var lítið til af efni fyrir fólk að leita í eftir greiningu og engin formleg stuðningssamtök, og þessi skortur skapaði mikinn ótta,“ segir hún en sjálf gekk hún til liðs við samtökin eftir að hafa notið stuðnings kvenna úr þeim. Þá segir hún að sérstök leikfimi sem ætluð er konum sem misst hafa brjóst hafi veitt sér mikla líkamlega og andlega hjálp. „Það var ómetanlegt að fá að sprikla með fjölda annarra kvenna sem allar höfðu misst brjóst,“ segir hún. Mikilvægt sé fyrir konur að vita að þær séu ekki einar í baráttunni. - kdk



Röntgenmyndataka er öruggasta aðferðin til að finna brjóstakrabbamein á byrjunarstigi.

## Reglulegt skoðun

Röntgenmyndataka er öruggasta aðferðin til að finna krabbamein í brjóstum á byrjunarstigi. Konur á aldrinum 40-69 ára ættu að fara í brjóstamyndatöku annað hvert ár og panta tíma þegar boð kemur frá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins. Konum sem eru sjötíu ára og eldri er frjálst að mæta til brjóstakrabbameinsleitar á tveggja ára fresti.

Með því að skoða og þreifa brjóstin reglulega geta konur áttað sig á því hvað er eðlilegt og hvað hefur breyst frá síðustu skoðun. Best er að þreifa brjóstin einu sinni í mánuði, um það bil viku til tíu dögum eftir að blæðingar hefjast. Eftir tíðahvörf er best að þreifa brjóstin á svipuðum tíma í hverjum mánuði. Mikilvægt er að leita læknis ef einhver breyting finnst. Rétt er að hafa í huga að flestir hnútar í brjóstum eru góðkynja.

### VISSIR ÞÚ AÐ ...

Um eitt prósent brjóstakrabbameina sem greinast hér á landi á hverju ári er í körlum.

Meðalaldur karla sem greinast með brjóstakrabbamein er sjötíu ár.

Meðalaldur kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein er 61 ár.

Ein kona af hverjum tíu hér á landi greinist með brjóstakrabbamein einhvern tíma á ævinni.

Um níutíu prósent kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein eru á lífi fimm árum síðar og eru varla nokkurs staðar þekktar betri horfur kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein.



**● FRÆGAR KONUR** Ein af hverjum 10 konum hér á landi fær brjóstakrabbamein, og fer sjúkdómurinn ekki í manngreinarálit. Fjölmargar þekktar konur hafa greinst með krabbamein í brjóstum, en hér er listi yfir nokkrar sem hafa nýtt frægð sína til að leggja baráttunni gegn krabbameini lið.



Kylie Minogue var aðeins 37 ára þegar hún greindist með brjóstakrabbamein árið 2005. Greining hennar vakti mikla athygli og hefur hún talað hreinskilningslega, og opnað umræðu um baráttuna gegn brjóstakrabbameini.

Sopranos leikkonan Edie Falco greindist með brjóstakrabbamein árið 2003 þegar hún var fertug. Hún hefur notað frægð sína til að styðja við Stand Up To Cancer herferðina, sem vekur athygli á auknum líkum á sýkingu á meðan á krabbameinsmeðferð stendur.



Cynthia Nixon, sem er best þekkt sem rauðhærði lögfræðingurinn Miranda í Sex and the City, greindist með krabbamein árið 2006. Hún hefur barist ötullega gegn brjóstakrabbameini og er sendiherra fyrir Susan G. Komen stofnunina í Bandaríkjunum.



Olivia Newton John hefur löngum barist fyrir umhverfinu og réttindum dýra, en frá því hún greindist með brjóstakrabbamein árið 1992 hefur hún einnig unnið að árvekni um brjóstakrabbamein. Þar á meðal hefur hún gefið út plötu þar sem allur ágóði fór til styrktar rannsókna á brjóstakrabbameini.

# Mjúkir að utan, harðir að innan

**Lyfjafyrirtækið Roche hefur látið framleiða bleika stressbolta til styrktar bleiku slaufunni, árvekniátaki gegn brjóstakrabbameini.**

Boltarnir eru mjúkir að utan en harðir að innan og á þeim stendur: Brjóstakrabbamein sést ekki en það finnst. Fyrirtækið fór af stað með sams konar átak í Portúgal í fyrra og mæltist það mjög vel fyrir.

„Markmið okkar er að hvetja konur til þess að mæta í brjóstakrabbameinsleit. Það er dýrmætt tækifæri, en sýnt hefur verið fram á tuttugu prósenta lækkun á dánartíðni kvenna fjörutíu ára og eldri sem fara í slíka leit miðað við þær sem gera það ekki,“ segir Valdís Beck, markaðsfulltrúi Roche á íslandi.

Hún segir lyfjameðferð gegn brjóstakrabbameini hafa þróast mikið síðastliðin ár, en uppgötvist meinið of seint geti besta meðferð sem völ sé á ekki bjargað lífi sjúklingsins. „Hins vegar getur aukin þekking á sjúkdómnum orðið til þess að hann uppgötvist tímanlega. Þess vegna styður Roche árvekniátakið og hefur gert síðastliðin fimm ár.“



Valdís segir að jafnvel þó að mikil þróun hafi orðið á sviði lyfjameðferðar þá þurfi að uppgötva sjúkdóminn tímanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lífshorfur kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein á Íslandi hafa batnað mikið frá því að brjóstakrabbameinsleit hófst árið 1987. Þó hefur það valdið vonbrigðum að einungis 62 prósents mæting er í leitina, sem er mun lægra hlutfall en víða annars staðar á Norðurlöndum. „Það er því mikilvægt að minna á leitina og við viljum leggja okkar af mörkum,“ segir Valdís.

Þær konur sem mæta í brjóstakrabbameinsleit hjá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands í október fá boltana í hendur, auk þess sem þeim verður dreift til áskrifenda Vikunnar. *- ve*






Vatnaleikfimi þykir henta vel þar sem sumar konurnar eru þróttlitlar eftir aðgerðir og lyfjameðferðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mikill árangur hlotist

„Starfið felst í liðkandi og styrkjandi æfingum ásamt teygjum og slökun á mánudögum og miðvikudögum,“ segir Lovísa Einarsdóttir íþróttakennari, sem stjórnar leikfimi tvisvar í viku í leikfimisal og sundlaug Hrafnistu í Hafnarfirði. Lovísa hefur sérhæft sig í þjálfun kvenna sem farið hafa í skurðaðgerð vegna brjóstakrabbameins. Hún segir konum sem undirgengist hafi aðgerðir ráðlagt að hefja æfingar eftir að þær hafi jafnað sig.

„Það á sérstaklega við þegar mikið hefur verið fjarlægt af eitlum í holhönd. Þá þarf að styrkja svæðið sem búið er að krukka í,“ útskýrir Lovísa og lýsir leikfiminni fyrir blaðamanni. „Konunum eru kenndar einfaldar og léttar æfingar, bæði í leikfimissal og í sundi. Þeim hefur liðið sérstaklega vel í vatninu enda tekur það ekki eins mikið á að æfa í því.“ Hún bætir við að mikill árangur hafi náðst af starfinu. „Tvímælalaust. Við höfum komið mörgum aftur af stað.“

Samhjálp kvenna, samtök til stuðnings konum sem greinast með brjóstakrabbamein, stendur á bak við leikfimina en hugmyndina á Lovísa, sem hefur kennt hana í tuttugu ár.



Lovísa hefur kennt leikfimina í tuttugu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég var íþróttakennari á Hrafnistu þannig að það var auðvelt fyrir mig að fá aðstöðu fyrir hópinn,“ rifjar hún upp og bætir við að innan hópsins séu konur sem hafi verið með frá upphafi. „Þær eldri hafa miðlað af reynslu sinni til hinna. Þannig læra þær hver af annarri, auk þess sem mikil samkennd hefur myndast innan hópsins. Um daginn gerðum við okkur til dæmis glaðan dag þegar tuttugu ára afmælið bar að garði, þannig að þetta er líka mjög gaman.“

En hvert er best að snúa sér til að fá nánari upplýsingar um starfssemina? „Til mín í síma 693 9563,“ segir Lovísa og bætir við að fyrirspurnir megi líka senda á samhjalp@krabb.is. *- rve*

# Allar tilfinningar leyfilegar

**„Ég er hætt að fresta hlutunum," segir Dóróthea Jónsdóttir, sem 29 ára gömul greindist með illkynja æxli í hægra brjóstinu. Hún var þá með fimm mánaða gamlan son sinn á brjósti en eldri sonur hennar var tveggja ára.**

„Ég fann fyrir einhverri fyrirferð í hægra brjóstinu og taldi í fyrstu að það væri mjólkurstífla. Eftir að ég hafði farið á milli sérfræðinga á Kvennadeild Landspítalans og á Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands kom í ljós að þetta var illkynja æxli," segir Dóróthea æðrulaus.

„Greiningin var mikið áfall fyrir okkur hjónin og í raun var sá tími sem ég var í meðferðinni eins og rússíbanaferð. Það var oft eins og ég væri ekki með sjálfri mér, og reyndar hvorugt okkar. Þetta var svo óraunverulegt, eins og að vera hvort í sinni sápukúlunni. Mér þótti líka mjög leiðinlegt að þurfa að hætta með barnið á brjósti," segir hún og heldur áfram. „Fjölskyldan lagðist á eitt við að hjálpa okkur en auk þess fór ég á sjálfsstyrkingarnámskeið og svo í Ljósið, sem er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein. Allur stuðningur skiptir máli fyrir þann sem greinist með krabbamein. Maður er dofinn en um leið ólga allar tilfinningar. Ég þurfti að ræða svo margt á meðan á meðferðinni stóð – eins og dauðann. Ég ræddi hann fram og til baka ásamt svo mörgu öðru. Allar tilfinningar eru leyfilegar þegar maður gengur í gegnum lífsreynslu eins og þessa."



Dóróthea Jónsdóttir segir meðferðina hafa verið eins og rússíbanaferð. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Dóróthea segir fólk hafa brugðist misjafnlega við sjúkdómi hennar. „Fólkið í kringum mig brást við á allan máta. Mjög margir gátu ekki talað við mig og upplifðu sig hjálparvana. Aðrir fóru þá leið að finna sér verkefni til að hjálpa. Það er svo einstaklingsbundið, bæði hvernig sá sem greinist með krabbamein upplifir ferlið og eins þeir sem eru í kringum hann. Viðbrögðin eiga aldrei að vera neitt til þess að skammast sín fyrir."

Sjálfri fannst henni skipta miklu máli að hafa góðan lækni. „Ég er mjög heppin með lækni en ég held að réttar og ítarlegar upplýsingar hjálpi nýgreindum krabbameinssjúklingum mjög, jafnvel þótt maður meðtaki þær ekki allar strax. Það er líka þess vegna sem það er svo mikilvægt að geta alltaf haft aðgengi að góðum upplýsingum. Þar sem ég var svo dofin átti ég það til að gleyma hvað læknirinn sagði í viðtölunum þannig að mér fannst mjög gott að hafa einhvern með mér. Þá gat ég líka rætt um það sem fram fór í tímunum. Það sama má segja um lyfjameðferðina," segir Dóróthea en hún fór í mjög harða lyfjameðferð, með hléi þar sem brjóstið var fjarlægt með skurðaðgerð.

En hvernig er líf eftir brjóstakrabbamein? „Stærsta breytingin er sú að ég er hætt að fresta hlutunum. Ég geri ekki lengur áætlanir fram í tímann. Sumum finnst ég lifa hratt en lífssýnin og gildin hafa breyst. Ég lifi lífinu núna." - uhj



„Vífilfell hefur áður styrkt málstaðinn. Í fyrra settum við á markað sérstakan Topp til styrktar Bleiku slaufunni, en hluti söluandvirðisins rann til tækjakaupa fyrir Leitarstöð Krabbameinsfélagsins," segir Árni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vel heppnuð golfmótaröð

„Þetta heppnaðist vel," segir Árni Árnason, vörumerkjastjóri hjá Vífilfelli, sem í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands og Golfsamband Íslands stóð fyrir golfmótaröðinni Bleiki Toppbikarinn í sumar.

Þetta var fimmta árið í röð sem mótaröðin fór fram. Árni segir þátttöku hafa verið með mestu ágætum en hún var í fyrsta sinn opin báðum kynjum. „Þarna spiluðu 500 manns á sjö golfvöllum víða um landið í allt sumar, þar sem keppt var um þátttökurétt á lokamótinu hjá Golfklúbbi Borgarness. Á því kepptu svo tólf lið og stóðu Garðar Ingi Leifsson og Örn Rúnar Magnússon uppi sem sigurvegarar. Allir sem kepptu á lokamótinu fengu galakvöldverð og gistingu í boði Hótel Hamars."




Þeir sem að mótinu stóðu gáfu að sögn Árna vinninga, auglýsingar og afnot af völlunum. Hann bætir því við að allur ágóði af þátttökunni verði nýttur til eflingar leitarstarfs á vegum Krabbameinsfélagsins. - rve

### VISSIR ÞÚ AÐ ...

Um 62 prósent kvenna á aldrinum 40-69 ára mæta reglulega í leit að brjóstakrabbameini, en takmarkið er að sjálfsögðu að allar konur á þessum aldri fylgist vel með heilsu sinni og mæti í skoðun.

Brjóstakrabbamein eru mun algengari í vestrænum ríkjum en í Afríku og Asíu.

Erfðaþættir eru taldir hafa þýðingu í um eða yfir fimmtán prósentum brjóstakrabbameina.

Í Japan, þar sem áhrifa vestrænnar menningar gætir í sívaxandi mæli, er tíðni brjóstakrabbameins að aukast.

Skipulögð hópleit að brjóstakrabbameini með brjóstaröntgenmyndatöku hófst meðal íslenskra kvenna í lok árs 1987. Mörg stéttarfélög greiða niður kostnað við krabbameinsskoðun.



Krabbameinsfélag Íslands var stofnað 27. júní 1951.


**Ökum undir bleikum merkjum enn á ný og styrkjum Leitarstöð Krabbameinsfélagsins**




**Af hverri pantaðri ferð leigubílastöðvarinnar, í október og nóvember, styrkjum við brjóstakrabbameinsleit Krabbameinsfélagsins.**

Hreyfill/Bæjarleiðir er styrktaraðili Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands.
**Við höfum í því tilefni sérmerkt bílana okkar með bleikum taxaljósum.**

„Bleika slaufa" Krabbameinsfélagsins er einnig til sölu í bílum okkar 1. – 15. október.

Bleika slaufan

**Pantaðu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!**

TAXI HREYFILL BÆJARLEIÐIR
5 88 55 22

OTTÓ AUGLÝSINGASTOFA

# Íslenskt grænmeti stoltur styrktaraðili


Kristín Linda Sveinsdóttir hjá Sölufélagi garðyrkjumanna segir að Facebook-síða félagsins hafi slegið í gegn. Einnig heldur Sölufélagið úti heimasíðunni www.islenskt.is. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Sölufélag garðyrkjumanna styrkir verkefnið Bleiku slaufuna nú í ár en einnig hefur félagið styrkt verkefnið Karlmenn og krabbamein. „Við erum mjög stolt af því að geta styrkt þetta verkefni,“ segir Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri hjá Sölufélagi garðyrkjumanna. „Rannsóknir hafa sýnt fram á að neysla grænmetis virðist veita vörn gegn krabbameini og þar eiga stóran þátt efni eins og E-vítamín, karótenóíð og lýkopen. Mikilvægt er að fá þessi efni úr matnum en ekki sem fæðubótarefni.“

Auglýsingar Sölufélags garðyrkjumanna hafa undanfarin ár undirstrikað hollustu grænmetisins í bland við skemmtilegan fróðleik en Kristín segir að íslenska grænmetið sé betra en það erlenda fyrir margra hluta sakir. „Gæðin eru einstök því við búum í litlu landi þar sem stutt er út á akrana og í gróðurhúsin og ekki langir flutningsleiðir að baki. Einnig fær grænmetið hér á landi að vaxa á sínum eðlilega hraða og hægar en gerist víðast hvar erlendis en þannig eru hollusta og bragðgæði þess íslenska mun betri.“

Sölufélag garðyrkjumanna heldur úti heimasíðunni islenskt.is þar sem finna má ýmsar upplýsingar um ræktun grænmetis, uppskriftir, fróðlegar greinar, meðhöndlun grænmetis og fleira. „Við opnuðum nýlega síðu á Facebook undir nafninu íslenskt.is í ágúst og eigum nú yfir 2.500 vini en gagnvirknin er mjög góð á síðunni þar sem neytendur geta tekið þátt í umræðunni og komið hugmyndum áleiðis.“

*-jma*

# Brögð í baráttunni

Þótt flestir þekki helstu atriði næringarfræði vill það oft fara fyrir ofan garð og neðan að útbúa hollan mat. Þá getur verið gott að þekkja bækur sem leiðbeina fólki um heilsusamlega en einfalda matreiðslu. Meðal slíkra bóka er þriðja matreiðslubókin í bókaflokkinum Af bestu lyst sem gefin var út í fyrra í samvinnu við Hjartavernd, Krabbameinsfélagið, Lýðheilsustöð og Vöku-Helgafell og bókin Bragð í baráttunni sem væntanleg er hjá Forlaginu nú í haust.

Nanna Rögnvaldardóttir, matgæðingur og ritstjóri hjá Forlaginu, útbjó uppskriftirnar í fyrrnefndu bókinni og segir hún að við gerð hennar hafi hún haft í huga að maturinn ætti við að vera við hæfi sem flestra, heilsusamlegur og eldaður á heilsusamlegan hátt. Hverri uppskrift fylgdu því upplýsingar um næringargildi réttarins, meðal annars um hitaeiningar, fitumagn og magn mettaðrar fitu. „Ég lærði sjálf mikið af því að vinna þessa bók,“ segir Nanna og bendir á að sjálf hafi hún ekki áttað sig á því hve mikið muni um að setja eina skeið af pestói út í sósur en ekki tvær, auk fleiri atriða sem gott sé að hafa í huga við matargerð.

Krabbameinsfélagið Framför átti síðan hugmyndin að því að gefa út bókina Bragð í baráttunni. Það er þýðing á kanadískri bók sem heitir Cooking with Foods that Fight Cancer og skiptist hún í tvennt. Fyrri hlutinn er umfjöllun um hvernig krabbamein myndast og hvað hægt er að gera til að sporna við því. Því næst er fjallað um alls kyns hráefni í mat, krydd og fleira, innihald þeirra og eiginleika og hvort þau geti komið að gagni til að fyrirbyggja krabbamein. Seinni hlutinn er svo uppskriftir að alls kyns spennandi réttum sem mælt er með.

*-kdk*


Nanna Rögnvaldardóttir útbjó bók sem auðveldar fólki að ná tökum á heilsusamlegri eldamennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Laxasneiðar á stökku káli

*fyrir 4*



1 laxaflak, 600 g
1 kg (6 b.) hvítkál, skorið í strimla
3 msk. ólífuolía
1 msk. kumminfræ
salt og nýmalaður pipar
175 ml (¾ b.) tómatmauk (puré)
1 hvítlauksrif, fínsaxað

*Snöggsjóðið kálið í eina mínútu. Setjið í sigti og látið kalt vatn renna á það til að stöðva suðuna. Látið renna vel af því. Hitið ólífuolíuna á pönnu. Steikið kálið við háan hita með kumminfræjunum í 1–2 mínútur. Bragðbætið með salti og pipar. Skerið laxinn í fjögur jafnstór stykki. Saltið og piprið og gufusjóðið síðan þar til laxinn er eldaður í gegn. Hitið tómatmaukið og bætið hvítlauknum út í það. Hitið fjóra diska og mótið hreiður úr steiktu káli á miðju hvers þeirra. Setjið laxbita þar ofan á og tómatmauk yfir.*


Börn og unglingar eru sérstaklega viðkvæm fyrir sól og er unnið að því að sett verði aldurstakmark á notkun ljósabekkja. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lifnaðarhættir geta komið í veg fyrir krabbamein

**Sveinbjörn Kristjánsson, doktor í heilbrigðisvísindum og verkefnisstjóri fræðslumála hjá Lýðheilsustöð, segir að hægt sé að lifa eftir nokkrum grunnreglum og minnka þannig líkurnar töluvert á að fá krabbamein.**


Unnin kjötvara, áfengi, sígarettur og ljósabekkir eru meðal þess sem fólk skyldi forðast, að sögn dr. Sveinbjörns Kristjánssonar, verkefnisstjóra hjá Lýðheilsustöð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Með því að reykja ekki, hvort sem er með því að byrja aldrei eða með því að hætta að reykja, minnka líkurnar á að fá krabbamein, meðal annars í lungum, koki, nýru, brisi og ristli. Í hinum vestræna heimi er um þriðjungur allra krabbameina tengdur reykingum og níutíu prósent lungnakrabbameina.“ Að nota munntóbak getur einnig aukið líkurnar á að fá krabbamein, svo sem í brisi.

Offita er einnig á þessum lista og hefur verið tengd auknum líkum á ýmsum krabbameinum. Að halda sér í kjörþyngd með því að borða holla fæðu og hreyfa sig reglulega getur minnkað líkurnar á að fá krabbamein í ristli, legi og brjósti svo eitthvað sé nefnt. „Dagleg hreyfing er mikilvæg fyrir heilsu og vellíðan og það að hreyfa sig rösklega hálftíma á dag getur komið í veg fyrir ýmsar tegundir krabbameina.“

Þá erum við komin að mataræðinu en mikilvægt er að borða ávexti og grænmeti. Undanfarin ár hefur fólki verið ráðlagt að borða „fimm á dag“, af ávöxtum og grænmeti, en þau matvæli innihalda efni sem vinna gegn krabbameini. „Hér getum við Íslendingar tekið okkur á því kannanir hafa sýnt að við neytum minna en helmings af þeim ráðlagða dagskammti. Mikil neysla á rauðu kjöti og unnum kjötvörum eykur líkurnar á krabbameinum í ristli og blöðruhálskirtli.“

Neysla áfengis gleymist að sögn Sveinbjarnar oft sem veigamikill þáttur en fólk sem reykir pakka á dag og misnotar áfengi stóreykur líkurnar á að greinast með ýmiss konar krabbamein, svo sem í koki, barka og vélinda. Neysla áfengis ein og sér eykur líkur á fá krabbamein og því meira sem drukkið er, þeim mun meiri er áhættan.

Að lokum nefnir Sveinbjörn krabbamein sem væri að mestu leyti hægt að koma í veg fyrir með réttum lífsstíl en það er húðkrabbamein. „Það er sérstaklega mikilvægt að vernda börnin. Börn og unglingar eru viðkvæm fyrir útfjólubláum geislum, hvort sem er frá sólinni eða ljósabekkjum, og því er áríðandi að setja átján ára aldurstakmark á notkun ljósabekkja. Einnig þurfum við Íslendingar, sem ekki erum vanir mikilli sól, að fara varlega þar sem okkur er oft hættara við að brenna. Gott er að forðast sólina milli klukkan ellefu og þrjú á daginn og vernda húðina með fötum eða sólaráburði með sólvarnarstuðli yfir fimmtán. Allt til að koma í veg fyrir að brenna í sólinni.“

*-jma*

## GRUNNREGLURNAR

- Reykja ekki
- Hreyfa sig reglulega
- Borða grænmeti og ávexti daglega
- Neyta áfengis í hófi
- Forðast að brenna í sólinni og fara ekki í ljós, þá sérstaklega börn yngri en 18 ára

## VISSIR ÞÚ AÐ ...

Árlega koma á fjórða tug þúsunda kvenna í skoðun á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins.

Vísinda- og Leitarsvið Krabbameinsfélagsins eru í samstarfi við Háskóla Íslands um rannsóknir og kennslu í heilbrigðisvísindum.

Krabbameinsfélagið hefur frá 1954 rekið Krabbameinsskrá sem geymir allar tiltækar upplýsingar um krabbamein á öllu landinu og er ein fárra slíkra skráa í heiminum sem taka til heillar þjóðar.

Brjóstakrabbamein er önnur algengasta dánarorsök kvenna milli 20 og 59 ára.

Velflest æxli sem greinast í brjósti eru góðkynja.

Líkur á brjóstakrabbameini aukast með aldrinum.



## Bleika slaufan á ýmsum tungum

| | |
|---|---|
| **Filippseyska:** | Lasong Rosas |
| **Franska:** | Ruban Rose |
| **Ítalska:** | Nastro Rosa |
| **Katalónska:** | Cinta rosa |
| **Þýska:** | Rosa Schleife |
| **Hollenska:** | Roze Lint |
| **Danska:** | Lyserøde Sløjfe |
| **Finnska:** | Roosa Nauha |
| **Ungverska:** | Rózsaszín szalag |
| **Norska:** | Rosa Sløyfe |
| **Litháíska:** | Rožinis kaspinas |
| **Rúmenska:** | Panglica Roz |
| **Slóvakíska:** | Ružová stužka |
| **Sænska:** | Rosa Bandet |
| **Tyrkneska:** | Pembe Kurdele |

*(þýðingarnar teknar af wikipedia.org)*


ÍSLENSKA / SIA.IS / NAT 47519 10/09



„Við munum ávallt leggja átaksverkefnum Krabbameinsfélagsins lið,“ segir Bjarni Jóhannesson, rekstrarstjóri Nóatúns. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Dreifir Bleiku slaufunni í fyrsta sinn

Pósturinn selur Bleiku slaufuna á um fjörutíu pósthúsum um allt land. „Við höfum um árabil átt gott samstarf við Krabbameinsfélag Íslands og teljum mjög þarft að styðja hið mikilsverða starf þess eins og frekast er kostur. Sala slaufunnar fellur vel að starfinu á okkar afgreiðslustöðum og því er sjálfsagt að verða þar að liði,“ segir Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Póstsins.

„Átakið tengist okkur einnig að því leyti að Pósturinn er mjög fjölmennur vinnustaður og þar sem okkur er annt um okkar fólk leggjum við mikla áherslu á heilsueflingu af ýmsu tagi. Heilsupósturinn er mannbótaverkefni, sem starfsmönnum hefur staðið til boða í um fimm ára skeið með góðum árangri, en það styður starfsfólk í sjálfseflingu bæði á líkama og sál. Stuðningur við þetta verkefni Krabbameinsfélagsins fellur því vel að stefnumiðum Póstsins,“ segir hann.

Pósturinn dreifir bleiku slaufunni nú í fyrsta sinn. Fyrirtækið studdi hins vegar Krabbameinsfélagið vel í átakinu Karlmenn og krabbamein í vor.




Bleika slaufan verður til sölu á um 40 afgreiðslustöðum Póstsins um allt land.

## Vilja vekja athygli á átakinu

Bleika slaufan er til sölu við afgreiðslukassa í öllum verslunum Nóatúns. Sala slaufunnar hófst 1. október, en hún kostar þúsund krónur og er seld án álagningar. „Við höfum jafnframt beint þeim tilmælum til starfsfólks okkar að það veki athygli viðskiptavina á átakinu,“ segir Bjarni Friðrik Jóhannesson, rekstrarstjóri Nóatúns.

Nóatún hefur lagt Krabbameinsfélaginu lið undanfarin ár sem söluaðili Bleiku slaufunnar auk annarra verkefna á vegum Krabbameinsfélagsins.

En af hverju var tekin sú ákvörðun að styðja Bleiku slaufuna? „Við þekkjum vafalítið öll einhvern sem hefur þurft að takast á við þennan erfiða sjúkdóm og því snertir þetta okkur öll,“ segir Bjarni og hvetur alla viðskiptavini Nóatúns til að leggja átaksverkefni Krabbameinsfélagsins lið. *- sg*

## Rýkur út eins og heitar lummur

Fyrirtækið Margt smátt hefur séð um framleiðslu, innflutning og dreifingu Bleiku slaufunnar fyrir Krabbameinsfélagið síðastliðin þrjú ár, og er mikill handagangur í öskjunni þegar októbermánuður nálgast.

„Það hefur verið brjálað að gera. Í fyrra kláraðist lagerinn á áttunda degi en í lok fyrsta söludags núna voru einungis 6.000 slaufur eftir á lager,“ segir Fjóla Sigurðardóttir, dreifingarstjóri Bleiku slaufunnar hjá Mörgu smáu. „Það fóru því 39.000 slaufur út hjá okkur fyrsta daginn. Ef marka má lagerstöðuna má ætla að vandi Krabbameinsfélagsins sé helst sá að ekki fái allir slaufu sem vilja.“



Dreifingin hefur því farið afar vel af stað, en nú er það undir almenningi komið að tryggja sér eintak áður en allt selst upp hjá söluaðilum.




Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

## Námskeið

VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – www.vinnueftirlit.is

# Áhættumat starfa
## Námskeið fyrir vinnustaði

Samkvæmt nýlegri reglugerð (920/2006) skal gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á öllum vinnustöðum. Áhættumat starfa er hluti af slíkri áætlun.

Vinnueftirlitið heldur námskeið þar sem kennd er aðferð til nota við gerð áhættumats.

Námskeiðið er ætlað atvinnurekendum, öryggisnefndum, ráðgjöfum, eftirlitsaðilum og öðrum sem áhuga hafa á að fræðast um gerð áhættumats.

**Næstu námskeið í Reykjavík verða; 13. október, 3. nóvember og 8. desember nk.**
**Staður: Ökuskólinn í Mjódd, Þarabakka 3, Reykjavík kl. 13 - 17.**

Sjá nánar á heimasíðu Vinnueftirlitsins: www.vinnueftirlit.is
Skráning í síma 550 4600 (skiptiborð Vinnueftirlitsins)
eða á netfangið vala@ver.is

## Útboð

# FORVAL

**F.h. Strætó bs. er óskað eftir umsóknum frá verktökum um að fá að taka þátt í lokuðu útboði um akstur almenningsvagna. Um er að ræða akstur á 16 leiðum fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu. Forvalið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.**

Forvalsgögn á geisladiski verða seld á 5.000 kr. frá 5. október 2009 í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Umsóknum skal skila eigi síðar en: kl. 15:00 þann 1. desember 2009 til síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
12337

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

MOSFELLSBÆR

# ÚTBOÐ
# LÓÐ KRIKASKÓLA

Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í frágang lóðar við Krikaskóla að Sunnukrika 1. Um er að ræða fullnaðar-frágang lóðar þar sem 2200 m² verða hellulagðir og malbikaðir og um 2.400 m² þökulagðir. Þá þarf að koma fyrir ýmsum búnaði svo sem raflýsingu, setja upp leiktæki og smíða palla.Verkið þarf að vinna í tveimur áföngum þar sem ganga þarf frá nærumhverfi skólahúss í desember 2009 en verklok að öðru leyti eru 15. maí 2010.

Útboðsgögn á geisladisk verður hægt að nálgast í Þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2 frá og með þriðjudeginum 6. október 2009. Tilboð verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska miðvikudaginn 21. október 2009 kl. 11.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## Útboð

**HEIÐARSKÓLI Í HVALFJARÐARSVEIT**
**Uppbygging skólahúsnæðis**
**FRAMKVÆMDIR**
**FORVAL**

Hvalfjarðarsveit óskar eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í lokuðu útboði vegna byggingar Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit.

Verkefnið felst í byggingu 1.976 m² skólabyggingar sem rísa skal á lóð skólans. Byggingin er steinsteypt, tveggja hæða og að huta til úr forsteyptum einingum.

**Helstu upplýsingar um útboðið:**
Afhending útboðsgagna: 30. nóvember 2009
Áætlað upphaf verks: 1. febrúar 2010
Verklok: 1. ágúst 2011

Forvalsgögn verða afhent frá og með þriðjudeginum 7. október á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3 og hjá VSÓ Ráðgjöf, Borgartúni 20. Einnig er hægt að óska eftir þeim á rafrænu formi með því að senda tölvupóst á netfangið vso@vso.is.

Kynningarfundur vegna verkefnisins verður haldinn í Heiðarskóla þann 15. október kl. 13:00.

Tilboðum skal skila á skrifstofur Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, 301 Akranes eða á skrifstofu VSÓ Ráðgjafar, Borgartúni 20, 105 Reykjavík eigi síðar en **mánudaginn 10. nóvember 2009 kl. 14:00.**

# REGINN EHF.
# RÁÐGJAFAÚTBOÐ

Reginn ehf. er félag sem annast umsýslu og rekstur fasteigna og fasteignafélaga sem Landsbankinn kann að eignast við fullnustugerðir. Félagið er að fullu í eigu Landsbankans.

Reginn ehf. fyrir hönd dótturfélags síns, R-Höllin ehf., óskar eftir tilboðum í ráðgjöf og framkvæmdaeftirlit með fullnaðarfrágangi á Bíóhúsi við Egilshöll. Annars vegar er um er að ræða ráðgjöf við undirbúning framkvæmda og val á alverktaka sem annast mun lokahönnun og fullnaðarfrágang á mannvirkinu og hinsvegar eftirlit með fullnaðarfrágangi sem unnin verður í framhaldi af alútboði.

Til að bjóðandi komi til greina sem samningsaðili þarf hann að hafa reynslu af verkefnisstjórnun, alútboðsgerð og framkvæmdaeftirliti. Innan fyrirtækisins og hjá starfsmönnum hans verður að vera til staðar reynsla og þekking af sambærilegum verkum að eðli og umfangi.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 5. október 2009.

Þeir sem hyggjast gera tilboð í ofangreindu útboði skulu senda tölvupóst á netfangið reginn@landsbankinn.is og óska eftir útboðsgögnum. Taka þarf fram nafn, heimilisfang, símanúmer og kennitölu umsækjanda. Útboðsgögn verða síðan send viðkomandi í tölvupósti. Gögn verða ekki afhent á annan hátt, hvorki prentuð né á geisladiski.

Skilafrestur tilboða er til 13. október 2009.
Tilboð verða opnuð á skrifstofu Regins ehf. að Hafnarstræti 5, 3. hæð, 13. október 2009 kl. 11.00.

## Tilkynningar

FIRMA
CONSULTING

# Óháð ráðgjöf til fyrirtækja

**Firma Consulting gerir fyrirtækjum tilboð í eftirfarandi þjónustu:**

- Kaup, sala og sameining.
- Verðmat fyrirtækja.
- Samningaviðræður, samningagerð
- Áætlanagerð.
- Fjárhagsleg endurskipulagning.
- Samningar við banka.
- Rekstrarráðgjöf.



Magnús Hreggviðsson viðskiptafræðingur og löggiltur fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali. Magnús er með áratuga reynslu af endurskoðunarstörfum, sem rekstrarráðgjafi, fyrirtækja- og fasteignasali, útgefandi, fasteignarekandi, „land-developer“ í Smárahvammi og starfandi stjórnarformaður í nokkrum fyrirtækjum. Er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting. (magnus@firmaconsulting.is)

Firma Consulting, Þingasel 10, 109 Reykjavík.
Símar: 820-8800 og 896-6665. Fax 557-7766
info@firmaconsulting.is, www.firmaconsulting.is

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

# Ferðamálastofa óskar eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna fyrir árið 2009

**Umhverfisverðlaun**
Frá árinu 1994 hefur Ferðamálastofa, áður Ferðamálaráð Íslands, veitt umhverfisverðlaun til ýmissa aðila í ferðaþjónustu. Tilgangur verðlaunanna er að beina athyglinni að þeim ferðamannastöðum eða fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem sinna umhverfismálum í starfi sínu og framtíðarskipulagi.

Ferðaþjónustan byggir afkomu sína að miklu leyti á umhverfislegum gæðum og er það trú Ferðamálastofu að verðlaunin geti orðið hvatning til ferðaþjónustuaðila og viðskiptavina þeirra að huga betur að umhverfi og náttúru og styrkja þannig framtíð greinarinnar.

**Hverjir koma til greina sem verðlaunahafar:**
Allir þeir sem tengjast ferðamálum og láta sig umhverfismál varða og vinna markvisst að því að viðhalda jafnvægi milli efnahagslegra, náttúrlegra og félagslegra þátta. Það geta verið einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök eða sveitarfélög.

Hér með er óskað eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Ferðamálastofu 2009. Frekari upplýsingar veitir umhverfisfulltrúi stofnunarinnar, Sveinn Rúnar Traustason, í síma 535 5510.

Tilnefningar sendist til skrifstofu Ferðamálastofu, Strandgötu 29, 600 Akureyri eða með tölvupósti á netfangið sveinn@icetourist.is fyrir 30. október nk.

**Eftirtaldir aðilar hafa fengið Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu:**

2008 - Elding Hvalaskoðun Reykjavík
2007 - Country Hótel Anna
2006 - Hópbílar
2005 - Gistiheimilið Brekkukot, Sólheimum í Grímsnesi
2004 - Félag ferðaþjónustubænda og Ferðaþjónusta bænda hf.
2003 - Bandalag íslenskra farfugla
2002 - Guðmundur Tyrfingsson ehf.
2001 - Íshestar
2000 - Gistiheimilið Brekkubær á Hellnum
1999 - Bláa Lónið
1998 - Þórður Tómasson á Skógum
1997 - Tjaldsvæðið á Egilsstöðum
1996 - Knörrinn á Húsavík
1995 - Ferðaþjónustan Vigur

2009
Umhverfisverðlaun
Ferðamálastofa

www.ferdamalastofa.is

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Netfang: upplysingar@icetourist.is
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 535 5510 | Netfang: upplysingar@icetourist.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki






VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR




512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgitarpakkar frá kr. 39.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.



Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Einnig harmonikkukennsla. Sími 824 7610 & 660 1648.

Óska eftir BOSS BR-600 upptökutæki. Upplýsingar í hordurh@vodafone.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tónlist

**Diskar-diskar-diskar**
www.syngjum.com / www.syngjum.com www.syngjum.com / www.syngjum.com

## Vélar og verkfæri



Case 695M traktorsgr. til sölu eða leigu. Árg. '04. Í góðu lagi. Uppl. s. 8968916.

Vantar rafmagnstryllu fyrir sendibíl Lágmark 1.600kg lyftigeta S:840 5769.

## Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Byggingatimbur 1"X6" óskast ca. 1500-2000m. Upplýsingar í síma 899 4819.

## Verslun

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**

Óska eftir að kaupa notaðar en vel með farnar fataslár. Uppl. í síma 665 4489.

## Ýmislegt

Skáktölva, Uppstoppaður lundi, Styttur, klukkur, Gamalt velmeðfarið leirtau, Nýr Panasonic heimasími, Handunninn kirkja úr gleri og tini og ýmislegt fl. Tveir öflugir bíla hátalarar og Turbo kraft magnari. Selst ódýrt. S. 615 4995.

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betri-heilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ýmislegt

Motor sport





**Shaktimat**
Indverska nálastungumottan sem er búin að slá rækilega í gegn í Svíþjóð. Verð 13.900.- Hefur 6210 nálastungupunkta sem geta haft græðandi, afslappandi og róandi áhrif fyrir líkama og sál.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



9-11 okt. 2009. Kröftugt námskeið fyrir konur á öllum aldri sem vilja byggja upp sjálfstraust sitt svo um munar. www.coachingcamp.is og Coaching Camp á Facebook.

**SCHOOL OF ICELANDIC**

**NORSKA - ICELANDIC ANGIELSKI dla POLAKÓW Enska fyrir börn**
Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30, st. 26/10. Level I: 4w Md to Fr; 18-19:30, st. 26/10. Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 26/10. Level III: 4w Md to Frd 15-16:30 st. 26/10. Level II: 7w Md,Wd, Frd 19:45-21:15 st. 12/10. Level III: Tues/Thur; 10 weeks 19:45-21:15, st: 12/10. NORSKA: 4 vikur mán til fös; 19:45-21:15; st 12/10. ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I Mornings: 10-11:30, 4 weeks st. 26/10. Level II: 4 w; Md to-Fr; 18-19:30, st. 26/10. Level I: 4 w; 18:-19:30, st. 23/11. ENSKA f. BÖRN: 8 vikur; kl 16:30-17:30 - 9-12 ára: Þri/fim: 13/10 og 5-12 ára Framhaldst.; fös, 1 x viku; 30/10 og 5-8 ára: mán/mið; 2/10. Ármúli 5, s.5881169 - www.icetrans.is/ice - ff@icetrans.is.

## Kennsla



**Harmonikukennsla**
Harmonikukennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Innritun hafin í s. 690 7424 eftir hádegi

Aukatími í stærðfræði. 898 0828

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu. Nánast ónotaður Kosi svefnsófi. Kostar 50.000 kr. nýr, selst á ca. 20.000. Einnig mjög góður fataskápur með skúffum og speglum. Uppl. S. 862 3401.

Til sölu sem nýr 3 sæta brúnn leður tungusófi. Selst á hálfvirði. Uppl. í s. 557 4457 og 868 1197.

## Dýrahald

Mjög gullfallegir snökkhærðir chihuahua hvolpar með ættbók til sölu. Uppl. í s. 897 8848.

Óska eftir ástargauk, fuglabúri og fiskabúri. Einnig hamstraunga. Uppl. í s. 661 8728.

HRFÍ MINIATURE PINCHER HVOLPAR Til sölu. Tilbúnir til afhendingar. Aðeins góð framtíðar heimili koma til greina. uppl. sími 895-2445



**English Springer Spaniel hvolpar**
Frábærir veiði og fjölskylduhundar. Aðeins einn gullfallegur rakki eftir. Gunnar í síma 660 1050.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is Eina löggilda hundaræktunin í landinu.**
**Sími 566 8417 bjóðum visa/ euro raðgreiðslur.**



English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 869 9627.



**Til sölu Dobermann hvolpar (Tíkur)**
Afhendast örmerktir, bólusettir og með ættbók frá Rex. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 866 7214.

Vel valinn og agaður 1 árs brúnn Labrador hundur með ættbók frá HRFÍ til sölu af sérstökum heimilisaðsæðum. S. 862 8770.

Kisurnar Kela, Blíða og Kamilla fóru í pössun í Garðinn í sumar en struku úr vistinni. Þeirra er sárt saknað. Kela er hvít, svört og grá, Blíða er grá með hvítar hosur og Kamilla er bröndótt. Frekari upplýsingar veitir Sesselja í s. 893-2309.

Til sölu mjög fallegir Miniature Pinscher hvolpar. Uppl. í S 773 4991

## Til sölu

**Pylsuvagninn Bragginn er til sölu.**

Færanlegur stór pylsuvagn til sölu, tilbúinn og í rekstri. Hamborgarar,pylsur,franskar,subblokur, gos,sælgæti ofl. Einnig Ford f-800 ´94 til að draga vagninn. Frábært tækifæri fyrir duglegt par eða fjölsk.

**Sjón er sögu ríkari.**
Uppl. í síma 862-0030 Elmar Þór

**VERÐ 6,9 MILLJ.** **VERÐ 8,5 MILLJ.**





## Ýmislegt

Tómstundahúsið



Landslags módelefni í úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600, www.tomstundahusid.is

Motor sport



**Þjófavarnirnar komnar aftur!**
Nú einnig með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.-

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

**EIK-GRENI-FURA**
Í hesthúsainnréttingar og veggjaklæðningar. Heflað, nótað, þurrkað. Uppl. í s. 691 8842.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LMH.IS**
**Leigumiðlun Hafnarfjarðar**
**517-0150**

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**



Hafnarfjörður, Ásland. Til leigu björt 4.herb, 120fm íbúð. Sérinngangur, gott útsýni, fallegar innréttingar, uppþvottavél, ísskápur, gardínur. Laus strax. Uppl. í 894 9779 eða blikaas@visir.is

## Þjónusta

Við á Hársmiðjunni bjóðum þær Birnu & Elvu velkomnar til starfa!





hársmiðjan
Smiðjuvegi 4 Græn gata 200 Kópavogi 557-3232 www.harsmidjan.is

## Til sölu

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Café Catalina
S: 554-2166

**Í kvöld spilar**
**Mummi Hermanns**
**Catalina**
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Frítt inn

Hádegismatur alla virka daga
Sérréttaseðill – Smáréttaseðill
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltatilboð

Boltinn í beinni!



### Barðastaðir-Lyftuhús-við golfvöllinn
Falleg og björt u.mþ.b. 103 fm íbúð á 4.hæð í nýlegu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Parket og góðar innréttingar. Húsvörður. Fallegt útsúyni. Laus strax. Verð 24,9 millj. Uppl. í s. 823-2610.

Lítil sæt 60 fm.íbúð í tvíbýli til leigu í hverfi 104.Leiga 100.000 á mánuði. Einungis reglusamt fólk kemur til greina. Síminn er 564-2290 og 865-5590.

2 Herb. 30 fm einbýlishús í Vesturbæ, til leigu frá 5. okt. S. 868 4658.

### Suðurbær HFJ
Stúdíóíbúð, rúmgóð og björt. Leigist traustum og reyklausum aðila. Laus nú þegar. Tilboð er greinir frá aldri, atvinnu og greiðslugetu. Sendist á: ibud220@gmail.com

Rúmgott herb. til leigu á 108 svæðinu. Laust strax. S 898 5904 / 848 6019

Herb. í 108 R til leigu með aðgang að eldh., stofu og baðherb, ísk. og þvottavél ásamt net tengingu. 35þ á mán uppl. í síma 692 8826.

Til leigu 2 herb. íbúð í Áslandi Hfj. Reyklaus, dýrahald óheimilt. Laus strax. Uppl. í s. 696 3867.

Lítil stúdíó íbúð í Miðb. Rvk. húsg. fylgja. Leiga 60þ. með hússj. S. 895 0482.

65 fm björt og nýleg einskt. íbúið í Garðabæ. 70 þús. pr. mán. 3 mán fyrirfr. Leiga gegn vinnu fyrir smið kemur til greina. Uppl í s 565 0121 e.kl.19:00.

Glæsileg 97fm 3 herb. íbúð með sjávarútsýni við Naustabryggju til leigu. Íbúin er laus. 125þús. á mán. Uppl. í 771 8545.

Stúdíóíbúðir og herbergi. til leigu á Bæjarhrauni 16 Hfj. Uppl í s. 899 7004

### Til leigu í Hveragerði
3-4 herb. íbúð á góðum stað. Leiga 90 þús. m/ hita. Laus strax. S 897 2681

Einstaklings íbúð í Hfn til leigu, laus nú þegar, sér innganngur, baðherb og með eldhúsaðstöðu. Uppl í s. 861 9290 e. kl. 14 eða gijon12@gmail.com

Íbúð til leigu í Hamrahlíð, björt og rúmgóð á efstu hæð í góðu þríbýli. 96 fm. v. 130þ. Laus strax. Uppl. í S: 821 3790.

Einbýlishús til leigu í vesturbæ Kópavogs, 4-5 herb.,á góðum stað. Sími 821 4069.

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Árbær: snyrtil. herb. m/húsgögnum og aðgangi að wc/sturtu + þv.hús. S. 820 3515.

Til leigu falleg 90fm 3 herb. íbúð í Hfj. nh. með sérinng. Laus. Uppl. í s. 898 3289.

Sv. 109. 40 fm. á jarðh., sér inngangur. Hiti + rafm. innif. Er laus. 65 þús. S. 860 2130.

Stórfín 150 fm hæð ásamt 25 fm bílskúr til leigu á góðum stað í Hafnarfirði. Upplýsingar í síma 846 0129

19 fm. herbergi. Miðsv. 101 R. Aðg. eldh., bað, wc, f. 1-2. V. 32þ. m. hita. S. 867 4280.

## Húsnæði óskast

Reglusamt reyklaust par í námi óskar eftir stúdíó/2herb. á höfuðborgarsv. Greiðslug.40-60þ+húsl.samn. Snædís 6927233 eða Jóel 6978534

Óska eftir 3 herb. íbúð í Foldahverfi, 112 til leigu. Reyklaus og reglusöm. S. 843 7050.

Vil taka á leigu gamalt einbýlishús- lítið og ódýrt. Fyrir utan stakkala höfuðborgarsv. Stutt frá strönd og gönguleiðum. Við Faxaflóa væri fínt. S. 483 1041. E. kl. 14:00.

Fjölskylda óskar eftir rúmgóðri 4 herb. íbúð. Greiðslug. 100-120þ. Uppl. í s. 823 3210.

Traustur og skilvís framkvæmdastjóri óskar eftir íbúðarhúsn. m. húsgögnum og búnaði í 101, 105 eða 107. Amk. 3-4ja herb. og yfir 75 fm. Snyrtileg umgengni og meðmæli. Fyrirframgr. mögul. s. 6982727.

Par með gæludýr óska eftir 2-3 herbergja íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Reyklaus og reglusöm, skilvísum greiðslum heitið. Góð meðmæli. Uppl. 8458400

## Sumarbústaðir

Smíðum og hönnum hús fyrir ykkur. Vanir menn, áratuga reynsla. Erum á suðurlandi. Hönnun af 64 fm hús + milliloft og 78 fm hús + milliloft fokhelt á frábæru verði. Uppl. halli@halliparket.is & 894 0048.

### Bjálkahús - lækkað ver
Stórglæsilegt 100 m2 bjálkahús til sölu, stendur á 5500 m2 eignarlóð. í Mýrarkotslandi,Grímsnes- og Grafningshreppi. Tilbúinn til innréttinga, heitt, kalt og rafm. að lóðarm. Ýmis skipti skoðuð, verð 13,9 m. áhv. 8,2 m Nánari upplýsingar í síma 695-2437/ tinnath@simnet.is

## Atvinnuhúsnæði

**HÖNNUÐIR**
**Arkitektastofa miðsvæðis í Reykjavík getur leigt út 4-10 vinnustöðvar í opnu rými. Öll aðstaða er til staðar, salerni, fundarými, kaffistofa, húsgögn, prentun o.fl. sem hægt er að samnýta. Góð aðkoma og bílastæði eru við húsið og stutt í alla þjónustu. Skrifstofurnar eru nýlega endurgerðar og hátt er til lofts.**
**Áhugasamir sendið inn upplýsingar með nafni, hönnunarsviði, kennitölu og fjölda starfsmanna merkt 4-10-2009 á :fjoritiu@gmail.com**



### Grandatröð-Hafnafj-100 fm - Til sölu
Gott enda-atvinnubil sem er ca. 100 fm og er laust strax. Innkeyrsludyr og góð lofthæð. Gott verð í boði. Uppl. í s: 823-2610.

Til leigu atvinnuhúsnæði við Dalshraun í Hafnafirði. Uppl. í s. 822 0060.

Til leigu í Hálsahverfi Reykjavík, stórglæsilegt iðnaðar húsnæði, góð lofthæð, stórar innkeyrsludyr, stærð 323 m2. Sanngjörn leiga. Uppl. í síma 892 1370 og 693 1700.

Bæjarlind 14-16 Til leigu 2-400m2 verslunar- eða skrifst.húsnæði á jarðhæð (neðstu)- norðurendi. Innkeyrsludyr, næg bílastæði, góð aðkoma. Uppl. s. 895-5053.

### Smiðshöfði- til leigu
Er með til leigu gott iðnaðar- og lagerpláss á götuhæð ( Stórhöfðameginn) ca. 200 fm. Laust strax. Innkeyrsludyr. Gott leiguverð. S. 823-2610

## Geymsluhúsnæði

### Geymsluhúsnæði
Upphitað í 250 Garði. Tjaldvagnar 23 þús., fellihýsi 33 þús. Óli Páls S: 865 1166.

Getum bætt við nokkrum tjaldvögnum og fellihýsum í geymslu okkar að Kvíarhóli Ölfusi, einnig nokkru stæði laus fyrir hjólhýsi og húsbíla. Tökum á móti vögnum í dag milli 10 og 16. Upplýsingar og skráning á ferdavagnar.is og í síma 856 1848. S3 ehf Kvíarhóli.

### Geymsluhús.is
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi,fellihýsi,tjaldvagnar,bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl, í síma 770-5144 og 770-2175

### Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### Geymslupláss
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

Til leigu bílskúr undir búslóð (geymsla) í Kóp. Einnig 15fm skrifstofahúsnæði í Rvk. S. 845 2077.

Ódýr þurr óupphituð vetrarg. á tjaldvögnum til hjólhýsa í nágrenni Rvk-ur. Uppl. í síma 8939950

## Bílskúr

Til leigu bílskúr í vesturbæ Kópavogs, 24fm, sem geymsla. sími 8497209.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Frábær einbýlishús með einkasundlaug til leigu á golfvelli í Florida. Nánari uppl. á www.floridafri.is, rurik@floridafri.is og í S 618 2596.

# ATVINNA

## Atvinna í boði




GRÆNN MARKAÐUR

**Blómaheildsalan Grænn Markaður**
**óskar eftir öflugum starfsmanni á lager og til útkeyrslu. Fyrirspurnir sendist á netfangið info@flora.is**



### Símadömur óskast
Rauða Torgið leitar samstarfs við lífsglaðar símadömur. Mjög góðir tekjumöguleikar fyrir duglegar og yndislegar konur. Nánar á RauðaTorgið.is.

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni**
**Óskar eftir að ráða fólk í dagvinnu. Í boði er hálfsdags og heilsdagsstarf. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924 Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Skemmtilegt afgreiðslustarf**
**Ert þú glaðþynd, þjónustulunduð á aldrinum 30-50 ára ?**

**Partybúðin óskar eftir að ráða starfsfólk í 50-100 % við afgreiðslustörf, skemmtilegt starf, samkeppnishæf laun. Upplýsingar ekki veittar á staðnum. Fyrirspurnir og umsóknir sendist á partybudin@partybudin.is**

Sölufólk óskast í beina sölu á heimsþekktum hreinlætisvörum fyrir kvennfólk. anionlv@gmail.com & s. 694 9142.

### Matreiðslumaður / Kokk
Óskast til vinnu sem fyrst á austurlenskan veitingastað, mikilvægt að viðkomandi tali íslensku og hafi dvalar og atvinnuleyfi. Góð laun í boði. Allar nánari upplýsingar í síma 868-0049 eða spice@visir.is

Þjónn eða einstaklingur með reynslu af þjónustustörfum óskast til starfa sem fyrst, þarf að hafa stjórnunarhæfileika og/eða reynslu á starfsmannahaldi. Vinnutími 16 til 22. Góð laun í boði. Allar nánari upplýsingar í síma 868-0049 eða spice@visir.is

### Kvöld og helgarvinna
Kvöld og helgarvinna Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Hringdu núna í síma 550 3610 simstodin@simstodin.is

Fjölskylda í miðborginni óskar eftir ljúfri og barngóðri konu til að gæta tvíbura drengja nokkra klst á dag í 5 mán. Áhugasamir hafið samband við Maríu í s. 897 0971.

### Hjólbarðaverkstæðið Nýbarði
Okkur vantar starfsfólk á hjólbarðaverkstæðið Nýbarða í Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600 & 692 6669.

Veitingastaður óskar eftir matreiðslumanni- eða konu 2-3 d. í viku, kl.14-23. Reynsla algjört skilyrði. Uppl. bostonbar@internet.is.

## Atvinna óskast

Beitningarmaður óskar eftir Beitningu á Stórhöfuðborgarsv. Getur Beitt 4-5 bjóð á dag. Uppl. í s. 562 5013 & 866 8112.

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Kumbaravogur, Stokkseyri, óskar eftir fólki í aðhlynningu. Um er að ræða vaktavinnu 80% starf. Húsnæði á staðnum. Nánari upplýsingar í síma 483-1310 (Sigurborg) eða kum@simnet.is.

Starfsfólk frá Lettlandi óskar eftir vinnu á Islandi: smiðir, verkamenn, bilstjórar, fiskvinnslufólk o.fl. S.8457158

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Kona, 59 ára óskar eftir léttri vinnu sem fyrst. Bý í Mosfellsbæ. sími:659-6118.

51 árs ísl. kk er vanur járnsmíði, vörubílaaktstri og kranavinnu. Er með meirapróf og flest vinnuvélaréttindi. S. 896 3331 & asgeirjk@simnet.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Þessi köttur fannst fyrir um mán. síðan í Reykjavík sv. 101. Hann var ekki með ól. Sá sem kannast við hann er beðinn hafa samband í síma 861 0557.

## Einkamál



Pajero sport á myntkörfu (rúmar 2 mill.) með von um betra gengi og 300.000 í peningum fylgir. uppl. ellicrf@hotmail.com

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Við erum draumadísirnar þínar!**
**Erum við alladaga til að spjalla djarft við þig og fá útrás með þér. Hringdu og vittu til. Sími 908 6666**

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

www.islendingasetrid.com íslensk stefnumótasíða með vinsælustu fítusunum af facebook.

Samkynhn. KK mjög heitur, vill kynnast karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8660.

33 ára karlmaður vill kynnast karlmanni með allskonar leiki í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8202.

50 ára karlmaður vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Verður að hafa aðstöðu. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8531.

## Fasteignir




MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA

FASTEIGNASALAN
**MIKLABORG**
569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

**Lóð miðsvæðis í Reykjavík**

Miklaborg er með til leigu 1,5–2ja hektara lóð miðsvæðis í Reykjavík. Lóðin er laus til afnota strax.

Nánari upplýsingar veitir Óskar R. Harðarson log. fasteignasali á skrifstofu Mikluborgar.





**AFMÆLI BARNASÁTTMÁLANS** Tíu ungmenni á aldrinum 14-16 ára sjá um að kynna Barnasáttmálann fyrir börnum, ungmennum og fullorðnu fólki næstu fimmtudaga. Fjallað verður um áhrif og þýðingu sáttmálans fyrir börn heimsins og spjallað við fjölmarga aðila á öllum aldri um mismunandi ákvæði sáttmálans og fjölbreytt málefni sem þeim tengjast. Þættirnir eru á dagskrá klukkan 15.25 á fimmtudögum og endurteknir kl. 20.40 á laugardögum.

**Stefna á endurfundi sem fyrst**

Þá var stefnan tekin til Cindyar sem tók bræðrum sínum fagnandi. „Þetta var ótrúlegt við þekktumst án þess að hafa hist, við náðum ótrúlega vel saman, lukum setningum fyrir hina og hlógum og fífluðumst sem aldrei fyrr.“

Eftir viku dvöl hjá henni fóru systkinin þrjú til Tommyar – sem hafði kannski kviðið endurfundunum mest, en þeir gengu vel þegar að þeim kom. Eftir þessa vel heppnuðu og óvenjulegu fjölskylduferð þá hafa systkinin tengst enn frekari böndum. „Við tölum stundum þrjá til fjóra tíma saman á Skype-inu,“ segir Elfar sem er nú í óðaönn við að skipuleggja næsta hitting, sem verður að öllum líkindum næstu jól.

„Þetta er mjög skemmtilegt, það er kannski algengara hjá fólki að það missi fullorðna ættingja eftir því sem að það eldist, hjá mér er það öðruvísi, fjölskyldan mín nánasta hefur bara stækkað ótrúlega mikið,“ segir Elfar og hlær og segir í gríni systur sínar sem hann ólst upp með séu hreinlega orðnar afbrýðisamar.

Hann segir það óneitanlega hafa þurft kjark til þess að stíga fyrsta skrefið í átt til að hafa upp á hálfsystkinunum, en það hafi sannarlega verið þess virði.

*- sbt*

## NETIÐ



**Góð ráð fyrir fjölskylduna** Allir vilja eiga góðar og notalegar stundir með fjölskyldunni þegar vinnu og skóla sleppir. Þreyttir foreldrar eru hins vegar ekki endilega alltaf mjög hugmyndaríkir. Á síðunni www.bestfamilyadvice.com er að finna fjölda ráða fyrir fjölskylduna, til dæmis á sviði fjölskylduafþreyingar.

Á síðunni er líka ótal margt fleira sem foreldrar geta nýtt sér; uppskriftir, upplýsingar um sjúkdóma, ráðleggingar um uppeldi og fleira.

**Netráð fyrir þau yngstu** Saft, Samfélag, fjölskyld, tækni, hafa gefið út bækling sem dreift verður í 1. til 4. bekk grunnskóla. Í honum er að finna ráð til foreldra barna í fyrstu bekkjum grunnskólans. Þau eru góð og þörf og benda foreldrum meðal annars á að gera samkomulag við barnið um netnotkun á heimilinu og ræða þá áhættu sem fylgir því að hitta netvin. Foreldrar eru áminntir um að skoða efni á Netinu með gagnrýnum hætti og ekki síst að fylgjast með netnotkun barnsins síns. ---- Nánari umfjöllun www.saft.is/oruggnetnotkun/fyrirforeldra/netheilraedi





Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330


samvera

til að njóta lífsins betur ...



**SAMVERUSTUND OG SKEMMTUN** Sunnudagaskólar í kirkjum landsins hafa nú tekið til starfa. Það er notalegt að fara með lítil kríli og stálpuð börn í kirkju í nágrenninu á sunnudögum, syngja og ræða málin. Flestar kirkjur hafa komið sér upp netsíðu þannig að það er hægur vandi að athuga tímasetningar sunnudagaskólans.

# Ævintýraheimur

Sýning japanska listamannsins Yoshitomo Nara sem nú stendur yfir í Hafnarhúsinu talar til barna og fullorðinna. Verk Nara tengjast japanskri teiknimyndahefð og popplist Á sýningunni má sjá litla hluti og teikningar sem komið hefur verið fyrir í sérsmíðuðum flutningagámum sem hægt er að skoða inn um opnar hliðar, glugga eða gægjugöt. Inni í gámunum eru lítil og stór málverk af grallaralegum smástelpum eða furðuverum ásamt þrívíðum verkum, sem minna helst á leikföng.

Margir þekkja japönsku mangamyndirnar, og tengslin við þá hefð eru ljós í verkum Nara. Þó að undirtónninn sé alvarlegri en í sakleysislegum myndasögum höfðar sýningin til allrar fjölskyldunnar.

Listasafnið býður enda upp á fjölskylduleiðsögn um sýninguna, listasmiðju, námskeið fyrir framhaldsskólanema og málþing í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur. Fjölskylduleiðsögnin verður undir stjórn Lóu Hlínar Hjálmtýsdóttur myndlistarmanns sunnudaginn 25. október klukkan 15. *- sbt*



**Kunnuglegt en framandi** Bæði börn og fullorðnir finna örugglega eitthvað við sitt hæfi á sýningu Nara í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.



**Gaman að skoða** Af sýningu Naru.


SANYL
ÞAKRENNUR



- RYÐGA EKKI
- PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
- STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
- AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
- ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




HEILSUHVOLL
– heilsumiðstöð fyrir alla
Borgartúni 33, 105 Reykjavík, www.heilsuhvoll.is

Alexandertækni, Fótaaðgerðir, Grasalækningar, Hómópatía, Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð, Markþjálfun, Nálastunga, Heilsunudd, Osteópatía, Sjúkranudd og Svæðameðferð.




**Góðum ráðum miðlað** Námskeiðin Barnið komið heim hafa staðið til boða í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Öll börn eiga á hættu að fá lélegt uppeldi

Ólafur Grétar Gunnarsson sálfræðingur segir álagið við það að verða foreldri vera vanmetið. Foreldrar finni oft til vanmetakenndar en kunni ekki að leita sér hjálpar.

Öll börn eiga það á hættu að fá tilfinningalega og félagslega lélegt uppeldi,“ segir Ólafur Grétar Gunnarsson sálfræðingur, sem gjörþekkir þá erfiðleika sem nýbakaðir foreldrar standa frammi fyrir. Hann sér um námskeiðið Barnið komið heim sem hjálpar verðandi foreldrum og foreldrum barna allt að þriggja ára að sinna einu mikilvægasta verkefni lífsins: Að ala upp barn.

Ólafur bendir á að rannsóknir sýni að meirihluti foreldra upplifi minni ánægju í sambandinu fyrstu þrjú árin eftir fæðingu barns en áður var. „Staðreyndin er sú að með erfiðleikum í parasamböndum minnkar hæfni foreldranna til að lesa þarfir barnsins.“ Ekki ríkir mikill skilningur á því hve miklu álagi foreldrahlutverkið getur valdið. „Það má segja að þöggun ríki um þetta mál. Það er ekki viðurkennt að það sé erfitt að eignast barn og því er ekki viðurkennt að fólk þurfi hugsanlega að leita sér hjálpar.“



Ólafur segir rannsóknir benda til þess að ágreiningur í samböndum allt að áttfaldist við það að eignast barn. Fylgifiskar eins og svefnleysi ýti líka undir erfiðleika í samskiptum. Ekki megi svo vanmeta álagið við ástand eins og nú ríki á Íslandi, kreppuna; erfiðleikar í peningamálum séu síst til þess fallnir að draga úr vandamálum í samböndum.

Við þetta sé algjörlega nauðsynlegt að glíma og því sé námskeið á borð við Barnið komið heim fyrirtaks hjálpartæki fyrir foreldra til að takast á við þær breytingar sem verða á lífinu og parasambandinu með tilkomu barns.

„Í stuttu máli má segja að námskeiðið okkar hjálpi fólki að efla vinatengslin, að leysa ágreining á uppbyggilegan hátt og að vera samstiga í uppalandahlutverkinu.“ Fræðslan er hönnuð með þarfir feðra í huga og hefur Jafnréttisráð mælt með námskeiðinu.

Fyrir áhugasama má benda á heimasíðu námskeiðsins www.barnidkomidheim.net. Heimasíða fyrirtækis Ólafs og félaga hans Bjarna Þórarinssonar er www.obradgjof.is en þar er að finna frekari upplýsingar um rannsóknirnar að baki námskeiðinu. *- sbt*

## LEIKFÖNG



**Notalegar dúkkur** Dúkkur eru vinsæl leikföng nú sem fyrr. Sænsku Rubens-dúkkurnar eru skemmtilegar og eigulegar útgáfur af þessu sígilda leikfangi. Þær eru handunnar frá grunni og er heilmikil pæling á bak við dúkkurnar. Þær eru mjúkar og meðfærilegar, með útsaumuð augu og er ætlað að vekja gleði og jákvæð hughrif. Þyngdarpunkturinn í þeim er réttur, þannig að tilfinningin er eins og haldið sé á barni.

Þær eru til í ýmsum stærðum, þannig að hægt er að finna dúkkustærð sem hentar aldri barnsins. Stærðirnar eru einnig miðaðar við aldur barnanna og þroskastig. Minnstu dúkkurnar eru í litum sem börnin skynja, í næstu stærð eru þær í hinum ýmsu dýrabúningum, þær stærstu er til sem strákar og stelpur og kaupa má á þær aukaföt.

Hægt er að klæða þær í föt sem má þvo rétt eins og dúkkurnar sjálfar.

Dúkkurnar fást víða, svo sem í Kammakarlo, Litlu kistunni, Móðurást og 3 smárum.

**heilsa**

*góð er gulli betri...*



**ÁVEXTIR** Gott er að eiga alltaf ávexti í ísskápnum því ef hungrið sverfur að eru þeir hollur biti. Einnig eru þeir tilvalinn eftirréttur bæði hversdags og spari.



**POPP** Kósíkvöld á föstudögum eru fastur liður hjá mörgum. Popp er tilvalið meðlæti með eftirlætismyndunum. Galdurinn er að nota olíu og salt í hófi og þá er ekki um óhollt snakk að ræða.

# Heilbrigði og hamingja

Koma má í veg fyrir miklar þjáningar barna með því að sjá til þess að þau tileinki sér heilbrigðar lífsvenjur. Þetta segir Sólfríður Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur og doktor í lýðheilsufræðum, sem gefur lesendum góð ráð.

Sé fólk spurt hvað það telji mikilvægast í lífinu svarar það venjulega; heilsan og fjölskyldan. Yrði foreldri spurt hvort það væri tilbúið að leggja á sig erfiði svo koma mætti í veg fyrir þjáningar barns síns er nær öruggt að því yrði svarað játandi. Með þetta í huga er furðulegt hve margir eru tregir til að takast á við og koma í veg fyrir að barn þess verði of þungt, en með því mætti koma í veg fyrir ómældan sársauka og vandamál.

Sólfríður Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur og doktor í lýðheilsufræðum, segir nær alla foreldra vilja hjálpa börnum sínum en margir viti ekki hvernig eigi að takast á við vandamálið eða líti framhjá hættumerkjunum. Hún hefur sett saman námskeið sem styður fólk í átt að heilbrigðari lifnaðarháttum og er það byggt á aðferðum sem þykja hafa gefið góða raun í Bandaríkjunum.

Námskeiðið er ætlað fjölskyldum sem vilja læra saman heilbrigða lifnaðarhætti og þeim sem vilja grípa í taumana áður en í óefni er komið og komast út úr vítahring.



**Sólfríður Guðmundsdóttir leiðbeinir fjölskyldum í átt að heilbrigði**
Óheilbrigðar lífsvenjur geta ekki aðeins skaðað þann sem temur sér slíka lifnaðarhætti heldur líka börn viðkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikilvægt er að koma of þungum börnum til aðstoðar áður en þau komast á kynþroskaaldurinn og nýta svokallaðar vaxtarskorpur til að hjálpa þeim. Rannsóknir sem hægt er að fræðast um hjá Landlæknisembættinu sýna að offita á unglingsárum leiðir oftast til offitu á fullorðinsaldri. Offitan leiðir svo oft til alvarlegra vandamála og sjúkdóma, svo sem háþrýstings, sykursýki, álags á bein og liðamót, þunglyndis, einelti, hjartasjúkdóma og félagslegra vandamála.

„Oft þarf ekki að breyta miklu til að mikill og góður árangur náist, stundum þarf fólk jafnvel bara að hætta að kaupa gos, en það þarf að rífa sig upp úr vananum," segir hún. Slæmar lífsvenjur séu oft orðnar eins konar fjölskyldusjúkdómur og eigi að aðstoða einn fjölskyldumeðlim verði allir að taka sig saman.

Sólfríður hefur útbúið tvískipt námskeið; annað er ætlað einstaklingum sem vilja bæta líðan sína en hitt er ætlað fjölskyldum. Ætlunin er að foreldrar sitji bóklega tíma en börnum sé kennt á meðan í gegnum leik og hreyfingu. Aðrar stundir vinni fjölskyldan saman í tímum. Reynt er að sjá til þess að allir í fjölskyldunni hafi gaman að því, enda til mikils að vinna svo ekki sé meira sagt. Nánar má fræðast um námskeiðin á síðunni hem.is.

*- kdk*

## Sólfríður leggur áherslu á

**1. Þróun heilbrigðs fjölskyldulífsstíls**
- Mikilvægi foreldra sem fyrirmynda og heilsueflingu fyrir lífstíð

**2. Aðferðir til að auka hreyfingu fjölskyldunnar**
- Nýjar leiðbeiningar til að draga úr sjúkdómaáhættu

**3. Hollt fæðuval, fjölskylduna við matarborðið**
- Hugsa um innkaup, hráefni, matargerð og matarvenjur
- Auka neyslu grófmetis, ávaxta og grænmetis

**4. Aðferðir til að ná/halda kjörþyngd**
- Ákvörðun heilsusamlegs þyngdarstuðuls
- Leiðir til að léttast saman

**5. Tengingu huga og líkama**
- Þróa stuðningskerfi allra fjölskyldumeðlima

**6. Streitu og forvarnir**
- Aðferðir til að vinna með streitu

**7. Foreldrahlutverkið og ábyrgð**
- Foreldrar og forvarnir
- Samfélagsáhrif á heilsuuppeldi

**8. Umhverfi og fjölskylduheilsu**


Vertu í liði með okkur...




Stærsta forvarnahreyfing heims í áfengis- og vímuvörnum

Alþjóðahreyfing IOGT er samstarfsvettvangur félagshreyfinga um allan heim sem byggja starf sitt á þátttöku og félagsaðild fólks á öllum aldri, báðum kynjum og mismuna ekki fólki eftir hörundslit, þjóðerni, kynþætti, félagsstöðu eða stjórnmálaskoðunum. IOGT er stærsta alþjóða félagshreyfingin sem lætur sig varða áfengismál og vinnur að því að efla lífsstíl án áfengis og annarra vímuefna.

Nú leitar IOGT á Íslandi eftir liðveislu þinni til að efla forvarnir í landinu. Hægt er að gerast félagi eða velunnari með því að senda okkur póst iogt@iogt.is. Vertu í liði með okkur, það skilar sér í bættu samfélagi.

OPIÐ HÚS í VINABÆ !
laugardaginn 3. október kl. 14 - 16
í tilefni ALÞJÓÐADAGS IOGT.

KYNNING á **vetrar**starfi IOGT og **samstarfs** verkefnum

HEIMS-**FRUMSÝNING** Á NÝRRI FRÆÐSLUMYND MARÍTA

**DANS**SÝNING LÉTTAR VEITINGAR BARNA**GAMAN** SÖNGUR ÚR **GRÍS**

www.iogt.is

**Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir**

IOGT Á ÍSLANDI
... til framtíðar

## GAGN&GAMAN



**Ljós í myrkri** Það borgar sig að vera vel upplýstur í skammdeginu. Því er bráðnauðsynlegt að setja á sig endurskinsmerki og á það jafnt við um börn og fullorðna. Víða er hægt að nálgast ókeypis endurskinsmerki, til dæmis hjá tryggingafélögum. Þeir sem ekki vilja vera merktir fyrirtækjum eiga sér útgönguleið í smart endurskinsmerkjum frá fyrirtækinu Glimmis. Merkin eru til sem nælur, hefðbundin, á vagna og í fleiri útgáfum. Þau eru seld í BabySam og Móðurást, meðal annarra staða.

**Fjóli Fífils í þriðja sinn**
Bækurnar um Fjóla Fífils hafa hitt í mark undanfarið. Þriðja sagan um galgopann og spæjarann úrræðagóða, Fjóla Fífils, er kennd við sverð Napóleons og er hér á ferðinni hreint dásamlega fyndin skemmtisaga fyrir krakka sem fíla hasar! Fjóli ætlar að taka sér frí frá glæparáðgátum en er ekki lengi í Paradís þegar nýtt mál rekur á fjörurnar – í París. Höfundurinn Kristjana Friðbjörnsdóttir nýtir sögusviðið og grallaraskap söguhetjunnar til fulls í spæjaraþeysireið fyrir krakka á aldrinum 7-12 ára.




**Minna dót** Foreldrar þurfa flestir að hanna herbergi barna sinna á einhverjum tímapunkti. Á vefnum nattura.is eru gefin góð ráð fyrir þá sem í þeim sporun standa og meðal annars bent á að kaffæra herbergin ekki í skrauti og dóti; það geti verið betra fyrir ímyndunarafl barna að hafa minna dót í herbergjunum, auk þess sem herbergi fullt af dóti úr gerviefnum geti haft slæm áhrif á barnið. Einföld og sterk leikföng úr umhverfisvænum efnum séu betri kostur.






EFNALAUGIN BJÖRG

Hreinsun á 4 flíkum á verði 3 í október

Áratuga reynsla og þekking - í þína þágu

Opið: mánudaga - fimmtudaga 8⁰⁰ - 18⁰⁰
föstudaga 8⁰⁰ - 19⁰⁰ • laugardaga 10⁰⁰ - 13⁰⁰

EFNALAUGIN BJÖRG EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 · Sími 553 1380
www.bjorg.is
...alltaf í leiðinni



DVD tilboð
DAGVAKTIN
1.999
NÆTURVAKTIN
1.999
The Simpsons
THE TWELFTH SEASON
SEASON 12
2.999
WHO KILLED THE ELECTRIC CAR?
799
SUPERBAD
799
BÚBBARNIR
799
Rokk í Reykjavík
799
Jón Gnarr
799
School of Rock
799
WAYNE'S WORLD 2
799
WAYNE'S WORLD
799
KILL BILL VOLUME 2
799
KILL BILL
799
Sérðu betra verð?
BT
The Simpsons MOVIE
799
GHOSTBUSTERS
THEY'RE HERE
799
GHOSTBUSTERS II
799
BT Skeifan er opin alla daga 11 -22

# Eins og skepnan deyr

Fyrir suma er nautaat list sem er bundin menningu Spánverja órjúfanlegum böndum. Fyrir aðra er þetta villimannsleg athöfn sem fullnægir lægri hvötum mannsins. Hvað sem því líður fór ***Jón Sigurður Eyjólfsson*** á leikvanginn og sá bæði naut og nautabana lúta í duftið.



LEIKIÐ MEÐAN LUKKAN ENDIST Amaya leikur listir sínar á leikvanginum í Baza. Honum entist þó ekki gæfan til að fara fagnandi af leikvangi líkt og félagar hans tveir. MYNDIR/JÓN SIGURÐUR



Á sólríku septembermiðdegi ganga þrír nautabanar inn á leikvanginn í bænum Baza í Andalúsíu á Spáni við lúðraþyt og trommuslátt. Á eftir þeim koma sex aðstoðarmenn, tveir lensuknapar, þar næst þrír örvasveinar og loks dráttarmenn með tvo hesta. Það er spenna í loftinu sem magnast svo til muna þegar þetta skrautklædda lið hefur komið sér bak við skjólveggi og nautahliðið opnast.

### Nautið berst við blindan hest

Kliður fer um áheyrendur þegar naut sem vegur tæplega hálft tonn kemur á harðahlaupum inn í hringinn. Aðstoðarmennirnir fikra sig inn í hringinn og byrja að flagga skikkjum sínum. Ekki líður á löngu áður en nautið kemur askvaðandi og rekur hornin í skikkjuna meðan aðstoðarmaðurinn hreyfir hana eftir kúnstarinnar reglum. „Olé“ hrópar fólkið í hvert sinn sem nautið rekur hornin í skikkjuna sem í sama mund er horfin nautinu. Eftir að aðstoðarmennirnir hafa leikið listir sínar í nokkra stund koma tveir lensuknapar vopnaðir löngum spjótum. Hestar þeirra eru brynjaðir og með bundið fyrir augu. Aðstoðarmaður beinir athygli nautsins að öðrum knapanum og boli leggur til atlögu við folann. Blaðamaður er nokkuð órólegur við þetta atriði því síðast þegar hann sá nautaat nokkrum dögum áður náði nautið að hrinda hestinum niður. Til allrar hamingju náðu aðstoðarmennirnir að ginna nautið frá liggjandi hestinum áður en það gat rekið hornin í kvið hestsins en brynjan nær ekki undir hann allan. Blasir því ber kviðurinn við þegar hann liggur. Lensuknapinn komst líka í skjól en fólki var verulega brugðið.

En í Baza gengur þetta atriði að óskum og riddarinn rekur spjótið í hnakka nautsins meðan það er með hornin á brynjuklæddum hestinum.

### Vopnaðir tveimur krókörvum

Því næst stígur örvasveinninn inn í hringinn, vopnaður tveimur löngum krókörvum. Þegar hann hefur náð að fanga athygli nautsins hleypur hann beint á móti því en þegar boli dregur höfuðið niður til að reka hornin í kappann leitar sá skrautbúni lags og rekur örvarnar í hnakka skepnunnar. Því næst verður hann að hlaupa eins og fætur toga bak við skjólvegg. Þar kastar hann mæðinni en ekki of lengi því leikur þessi skal endurtekinn.

### Hetjan stígur í hringinn

Loks kemur fyrsti nautabaninn og baðar höndum til áhorfenda og hneigir sig í átt til forsetans sem er í heiðursstúkunni. Forsetaembætti þetta fær venjulega einhver sem er háttsettur í viðkomandi bæjarfélagi en hann verður einnig að vera vel að sér í bransanum því það er í hans verkahring að meta frammistöðu nautabananna að verki loknu.

Því næst leikur nautabaninn listir sínar með rauðu skikkjuna sína og sverðið sem hann notar til að halda skikkjunni útbreiddri. Með tækni sinni og lipurð verður hann að sýna forsetanum sem og áhorfendum fram á að hann hafi nautið á valdi sínu. Það leggur til atlögu þegar hann vill og það stendur kyrrt þegar honum sýnist svo. Þegar best lætur getur nautabaninn leikið sér að nautinu en síðan snúið við því baki í fullvissu um að það muni ekki leggja í hann þó að fáeinir metrar skilji að. Til að auka enn á spennuna leggst nautabaninn á hnén og flaggar rauðu skikkjunni fyrir aftan bak. Nautið stendur þá aðgerðalaust og veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið en nautabaninn fagnar líkt og öll hætta sé liðin hjá. Í raun þyrfti þó ekki nema smá hreyfingu frá bola til að breyta fagnandi hetju í fórnarlamb.

Meðan á leikum þessum stendur leikur lúðrasveitin hina þjóðlegu pasodoble-tónlist en þegar tónlistinni lýkur skyndilega með djúpum tón frá bassatrommu mikilli má lýðnum ljóst vera að komið er að hápunkti nautaatsins.

Þá tekur nautabaninn sér stöðu örfáum metrum fyrir framan nautið og heldur skikkjunni niðri svo að nautið veiti ekki sverðinu sem hann heldur á lofti athygli. Æðir hann svo á móti nautinu og hreyfir skikkjuna svo að nautið stangi í hana en á meðan rekur hann sverðið í hnakka skepnunnar og ef vel tekst til nær það alla leið í hjartað. Þá er aðeins stundarkorn uns nautið gefur upp öndina.

### Lýkur viðureign haltur og kvalinn

Nautabanarnir þrír sem léku listir sínar í Baza voru þeir Alejandro Amaya, Cayetano Ribera Ordoñed og Daniel Luque. Hver og einn felldi tvö naut. Sá síðastnefndi lék sér svo listavel að fyrsta nautinu að forsetinn ákvað að hann skyldi fá hala fórnarlambsins og bæði eyru fyrir en það er mesti heiður sem nautabana hlotnast að viðureign lokinni. En enginn verður óbarinn biskup og Luque fékk að finna fyrir hornunum þótt ekki hafi hann hlotið teljanleg meiðsl af. Cayetano var einnig vippað niður þegar hann ætlaði að stinga skepnuna með sverði sínu og þar sem hann lá fékk hann horn í vinstri fótinn. Stoltið bauð ekki upp á annað en að ljúka verkinu þótt kvalinn væri og haltur. Áhorfendur fögnuðu ákaft að atinu loknu og veifuðu hvítum klút líkt og óðir væru. Þessir hvítu klútar sem komnir eru á loft eru áskorun til forsetans um að veita nautabananum að minnsta kosti nautseyrað fyrir frammistöðuna. Það gekk eftir, öllum til mikillar ánægju. Cayetano þessi er sonur hins mikla nautabana Francisco Rivera Paquirri sem lést fyrir 25 árum í nautaatinu skelfilega í Pozoblanco. (Sjá hliðardálk).

Bæði Cayetano og Luque var fagnað vel að leik leiknum en Amaya hvarf af vettvangi með voveiflegum hætti.

### Hetjan fellur

Amaya hefur leikið nautið grátt og það er orðið úrvinda. Þá kemur djúpi tónninn frá bassatrommunni og nautabaninn tekur upp sverðið. Bregður hann því á loft en heldur skikkjunni niðri við fætur sér. Nautið gapir á skikkjuna en Amaya tekur miðið á hnakka nautsins. Loks hleypur hann á móti nautinu en það dregur hausinn niður til að ná krafti í höggið sem það ætlar þessu rauða fyrirbæri sem búið er að espa það frá því að stigið var í hringinn. Sverðið fer á bólakaf í nautið en engu að síður nær skepnan að reka annað hornið utan í nautabanann. Hann fellur til jarðar og þar kemur hornótti andstæðingurinn og rekur hornið í læri kappans. Það fer um áhorfendur, sem flestir vita að náðarhöggið sem Paquirri fékk á sínum tíma var einmitt í lærið. Aðstoðarmenn ná að ginna nautið í burtu frá særðum nautabananum, sem síðar er fluttur í hendingskasti á sjúkrastofu sem er undir áhorfendapöllunum. Andartaki síðar leggst nautið niður og drepst. Dráttarsveinar koma þá með hesta tvo sem draga það af velli. Amaya slasaðist ekki alvarlega en svona getur nautaati lyktað; aðalleikendur hverfa báðir blóðugir af vettvangi. Ófáir áhorfendur grípa þá í vínbelginn og fá sér vænan sopa því ekki veitir af smá hressingu áður en næsti nautabani leggur líf sitt að veði.



KRÓKÖRVARNAR Á LOFTI Nautið býr sig undir að reka hornin í þann skrautklædda en fær í sama mund örvarnar í hnakkann.



NÁÐARSTUNGAN Cayetano rekur sverðið í hornóttan andstæðing sinn álíka þeim sem lagði föður hans að velli fyrir 25 árum.

## ANDSTAÐA VIÐ NAUTAAT

Andstæðingum nautaatsins hefur vaxið fiskur um hrygg síðustu árin. Árið 2003 var stofnaður stjórnmálaflokkur (PACMA) sem hefur það efst á stefnuskrá sinni að banna nautaat á gjörvöllum Spáni. Sjálfsstjórnarhéruð víða um Spán hafa lýst yfir andstöðu sinni við þessa leika. Þar á meðal eru Astúrías, Baskahérað, Kanaríeyjar, Galisía og Katalónía.

„Pyntingar eru hvorki list né íþróttir“ er kjörorð þeirra sem blása á þá röksemdafærslu að nautaat sé órjúfanlegt spænskri menningu. PACMA segir Spán vera olnbogabarn í alþjóðasamfélaginu með því að vanvirða dýraverndarlög með skipulögðum hætti. Sýning sem hefur það að markmiði að pynta dýr og drepa getur ekki viðgengist í nútímaþjóðfélagi, segja þeir.

Dagblaðið El Mundo gerði skoðanakönnun árið 2007 og samkvæmt henni voru 58 prósent Spánverja mótfallin því að banna nautaat en 33 prósent vildu láta banna það skilyrðislaust. Níu prósent aðspurðra létu ekki uppi skoðun sína.

Þeir sem eru hlynntir nautaati hafa svarað andstæðingum sínum á þá lund að nautið lifi betra lífi en flestar skepnur áður en að lokadegi kemur. Gengur það um haga lungann úr árinu og étur kjörfæði, að þeirra sögn. Enn fremur segja þeir að ef nautaatið yrði bannað myndi spænska nautið deyja út. Dýrt sé að rækta það og engin leið væri fyrir ræktendur að standa undir þeim kostnaði ef ekki væri fyrir nautaatið. Miklir fjármunir eru þar í húfi því um fjórar milljónir kaupa sér miða til að sjá hvernig skepnan deyr.

HEIMILDIR: WWW.PACMA.ES
WWW.ELPAIS.COM/ARTICULO/SOCIEDAD/ANTITAURINOS/GANAN/PRIMERA/BATALLA/ELPEPISOC/20080202ELPEPISOC_1/TES
WWW.ANTITAUROMAQUIA.ES

## BÖLVUN POZOBLANCO

Hinn 26. september 1984 var nautaat háð í bænum Pozoblanco í Andalúsíu. Þar lék listir sínar Francisco Rivera Paquirri, faðir Cayetanos sem atti kappi í Baza þar sem blaðamaður var mættur. Einnig José Cubero Sánchez, kallaður El Yiyo, og Vicente Ruiz, kallaður El Soro. Þetta var síðasta nautaat tímabilsins en upphafið að mestu sorgarsögu nautaatsins. Vilja sumir meina að bölvun hafi fylgt þessu nautaati því örlög þessara þriggja fræknu nautabana urðu hræðileg.

Paquirri var þá kominn af besta skeiði en gat státað af farsælli ferli en nokkur annar. Þegar hann er að hefja leik við seinna nautið sem þá var alveg óþreytt naut rekur skepnan hornið í læri hans, tekur kappann á loft og vingsar honum til og frá þar sem hann er fastur með lærið í öðru horninu. Loks þegar hann fellur til jarðar er hann borinn í læknisstofuna sem var á leikvanginum. Tekin var ákvörðun um að flytja hann á spítala í borginni Cordóba þar sem hann var búinn að missa svo mikið blóð að lífið lá við. Paquirri hafði hins vegar gefið upp öndina þegar þangað var komið.

Ellefu mánuðum síðar er El Yiyo að veita nautinu náðarstunguna með sverði sínu. Stungan heppnast en áður en nautið drepst rekur það hornin í nautabanann, tekur hann niður en stangar hann svo í hjartastað. Hann lætur lífið nær samstundis.

El Soro lék árið 1994 áhættuatriði mikið við óþreytt naut. Þá beið hann skepnunnar á hjánum og ætlaði því að hlaupa með hornin í skikkjuna sem hann vingsaði við hlið sér. Í þetta sinn fór það svo að nautið hljóp yfir El Soro. Hann hefur verið farlama síðan og var í síðasta mánuði í einum uppskurðinum enn vegna þessa.

Ekki hefur bölvunin einungis tekið í örlagatauma nautabananna þriggja. Sá sem átti nautin sem felld voru í þessu nautaati, Juan Luis Banadrés, var nefnilega myrtur árið 1988.

Á auglýsingaspjöldum um nautaat eru skráð nöfn nautabananna þriggja og þess sem leggur til nautin. Á auglýsingaspjaldinu frá nautaatinu í Pozoblanco eru nöfn fjögurra manna. Þrír hafa horfið með voveiflegum hætti og einn liggur enn á sjúkrahúsi. Sagt er að bölvun hvíli yfir þessu auglýsingaspjaldi.


PERSÓNUR
&LEIKENDUR
SUNNUDAGSKVÖLD KL. 21.05
EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR RÆÐIR VIÐ NOKKRA AF ÁSTSÆLUSTU LEIKURUM ÞJÓÐARINNAR.
Í FYRSTA ÞÆTTI TEKUR EVA HÚS Á ERLINGI GÍSLASYNI
ÞÆTTIRNIR ERU GERÐIR Í SAMVINNU VIÐ ÚTVARPSLEIKHÚSIÐ SEM SAMDÆGURS KL. 14 FRUMFLYTUR EINLEIKI HRAFNHILDAR HAGALÍN, EINFARA, MEÐ SÖMU LEIKURUM OG EVA RÆÐIR VIÐ.
SJÓNVARPIÐ
- Annað og meira
RÁS 1



**LÍFSÞORSTI** Þessi vildi ekki láta drepa sig og komu bleiku hanskarnir sér vel við að bjarga lífi hennar.

# Þú ert dauð!

Fjöldi kvenna stundar nú brennibolta af ástríðu og hafa brenniboltafélögin sprottið upp víða um land. Síðastliðinn laugardag fór **Íslandsmeistaramótið í brennibolta** fram á Klambratúni og létu konurnar beljandi rok og grenjandi rigningu ekki stöðva sig. Ljósmyndari Fréttablaðsins, ***Pjetur Sigurðsson***, kom sér fyrir á milli kvennanna og hreifst af töktunum.




**TÍKARSKAPUR?** „Bitch“ stóð skrifað framan á búningi eins liðsins.



**GAMAN** Þótt full alvara sé að baki brennó er í lagi að spjalla saman á léttu nótunum á milli leikja.



**HARKA** Þessi svartklædda kona virðist hafa unun af því að skjóta á fólk.




**STUÐNINGUR** Harðar konur láta ekki leiðindaveður aftra sér frá því að styðja sitt lið.

ACER • ASUS • MSI • TOSHIBA • ACER • ASUS • MSI • TOSHIBA

# RÝMINGARSALA

## FARTÖLVUR • FARTÖLVUR




**FARTÖLVA**

**Toshiba L300-25L**

2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • 120GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Home Basic

**69.990**

FULLT VERÐ kr. 89.990

**Nokkur verðdæmi!**

*Aðeins brot af úrvalinu!*

| FARTÖLVA/TEGUND | FULLT VERÐ | VERÐ NÚ | AFSLÁTTUR |
|---|---|---|---|
| Acer Aspire 5536G-644G50MN | 159.990 | 119.990 | -40.000 |
| Acer Travelmate 5730-842G16Mn | 139.990 | 109.990 | -30.000 |
| Toshiba Qosmio F50-113 15.4" | 279.990 | 229.990 | -50.000 |
| Toshiba Satellite PRO A300-1G1 | 139.990 | 99.990 | -40.000 |
| Toshiba Satellite PRO L300D-227 | 99.990 | 79.990 | -20.000 |
| Toshiba Satellite PRO S300-118 | 149.990 | 109.990 | -40.000 |
| Toshiba Tecra A9-127 15.4" | 169.990 | 119.990 | -50.000 |

acer ASUS msi TOSHIBA

**RÝMINGARSALAN Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR**

**MESTA ÚRVALIÐ ER Í TÖLVULISTANUM REYKJAVÍK**

*GERÐU BETRI KAUP Á FARTÖLVU HJÁ TÖLVULISTANUM*

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

# Góði dátinn Svejk er besta bókin

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Ármann Guðmundsson.

**GÆLUNAFN:** Öööö... Ármann.

**AFMÆLISDAGUR OG MEÐ HVERJUM DEILIR ÞÚ AFMÆLISDEGINUM:** 25. október – Dollu frænku, Pablo Picasso og Glenn Tipton, gítarleikara Judas Priest.

**FULLT NAFN:** Guðmundur Svafarsson.

**GÆLUNAFN:** das gums.

**AFMÆLISDAGUR OG MEÐ HVERJUM DEILIR ÞÚ AFMÆLISDEGINUM:** 9. júlí – Richard Roundtree, Bon Scott og Gísla í Sororicide.

**Ertu orðinn það sem þú ætlaðir að verða þegar þú yrðir stór?**
*Ármann:* „Já, nokkurn veginn. Er hins vegar orðinn talsvert stærri en ég ætlaði."
*Guðmundur:* „Nei, er ekkert orðinn stór."

**Andi birtist og veitir þér þrjár óskir. Hvað biður þú um?**
*Ármann:* „Tékkneskan Budweiser, Kalda og einhverja spennandi nýja tegund "
*Guðmundur:* „Geislasverð, lítið notaða, vel með farna og sparneytna tímavél og hrund sem er afkvæmi hrúts og hunds og býr yfir forystuhæfileikum hundsins og hreinlæti hrútsins."

**Hver er mest framandi staðurinn sem þú hefur komið til?**
*Ármann:* „Heimavistarskóli fyrir blind börn í Lipetsk í Rússlandi."
*Guðmundur:* „Raoul-eyja sem er nyrst Kermadec-eyja."

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?**
*Ármann:* „Ja, ef ég mæli það í hversu oft ég hef séð ástæðu til að horfa á ákveðna mynd þá er það sennilega Monty Python and the Holy Grail."
*Guðmundur:* „Óðal feðranna."

**Besta bók sem þú hefur lesið?**
*Ármann:* „Góði dátinn Svejk."
*Guðmundur:* „Góði dátinn Svejk."

**Hverjum er kreppan á Íslandi að kenna?**
*Ármann:* „Hinum."
*Guðmundur:* „D og B."

**Eftirminnilegasta tímabil lífs þíns og af hverju?**
*Ármann:* „Hálfvitatímabilið vegna þess að það er svo stutt síðan það byrjaði."
*Guðmundur:* „Veturinn 2001 þegar ég sigldi milli Tonga og Nýja-Sjálands, því það var ógeðslega gaman."

**Hvaða Íslendingur er gáfaðastur?**
*Ármann:* „Eggert Hilmarsson ber af í kómískri greind, sem er sú eina sem skiptir máli."
*Guðmundur:* „Rögnvaldur."

**Hver er ljótasti hálfvitinn?**
*Ármann:* „Fer eftir dagsformi og jafnvel tíma dags. Sumir eru til dæmis hreinn viðbjóður á morgnana en geisla af fegurð þegar líður á daginn."
*Guðmundur:* „Ég."

**Hvert er versta starf sem þú hefur gegnt?**
*Ármann:* „Að skafa eldgamla steypu af enn eldri spýtum í grenjandi rigningu."
*Guðmundur:* „Rótari fyrir Hostile."

**Hvar er fallegast á Íslandi?**
*Ármann:* „Í Landmannalaugum til dæmis. Já, og Ásbyrgi. Svo er mjög fallegt í Mývatnssveit. Og svo framvegis."
*Guðmundur:* „Í Kverkfjöllum."

**Hvað gerist að loknu þessu jarðlífi?**
*Ármann:* „Þeir sem hafa hagað sér skikkanlega geta skroppið á tónleika með Tom Waits þegar þá lystir en þeir sem hafa verið drullusokkar þurfa að hlusta á lög með Doobie Brothers spiluð á panflautu þar til blæðir úr eyrunum á þeim. "
*Guðmundur:* „Ormapartí."

**Hver er leiðin út úr kreppunni?**
*Ármann:* „Upp á við, síðan beint í austur."
*Guðmundur:* „Að eyða ekki peningum sem maður á ekki."



**ÞETTA ERU NÚ LJÓTU HÁLFVITARNIR** Ármann Guðmundsson býst við að illmennum verði refsað með Doobie Brothers í helvíti en Guðmundi Svafarssyni (þessum með ofurhökutoppinn) finnst norskur matur verstur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


## BLESSAR GUÐ ÍSLAND?

verktaka- og ráðgjafamarkaðurinn í sögulegri lægð

Norrænn byggingardagur býður til opins fundar
í Norræna húsinu þriðjudaginn 6. október kl. 14.00–17.00

NBD

Nú þegar ár er liðið frá því að efnahagskreppan hófst er nauðsynlegt að líta um öxl, skoða hvað fór úrskeiðis en ekki síður taka stöðuna eins og hún er í dag og hvað tekur við næstu misseri og ár.

DAGSKRÁ

14.00
Þorvaldur S. Þorvaldsson, formaður NBD á Íslandi setur fundinn

14.10
Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins:
*Aðgengi og notkun grunnupplýsinga við skipulagsgerð*

14.40
Magnús Sædal Svavarsson, byggingarfulltrúi í Reykjavík:
*Ekki að benda á mig, ég var ..........*

15.10
Kaffi

15.30
Sverrir Bollason, umhverfisverkfræðingur hjá VSÓ:
*Staðið á byggingavaktinni*

16.00
Þórólfur Geir Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands:
*Kanarífuglar, hegrar, bólur og hrun*

Umræður

Fundarstjóri verður Árelía Eydís Guðmundsdóttir, dósent í stjórnun og leiðtogafræðum við Háskóla Íslands.

Aðgangur er ókeypis en vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið nbd@nbd.is


## MÆLISTIKAN

### ■ Á uppleið



**Núðlur.** Þetta er ódýr, oft hollur og oftast yndislegur matur. Nú er líka að koma nýtt og spennandi Núðluhús á Skólavörðustíginn.

**Ynja.net** Loksins viturlegt efni fyrir smekklegar konur sem er laust við kynlífsráðgjöf, fréttir af appelsínuhúð stjarnanna og endalausu snyrtivöruplöggi.



**Soðnar paprikur.** Síðast voru það skinkur, nú eru það soðnar paprikur. Þetta eru í hnotskurn stúlkur sem sækjast eftir því að vera smá flippaðar og artí, mála sig ekkert, ganga í flatbotna skóm við skræpóttar leggings og eru oftar en ekki með einhver leiðindi. Hvað nafngiftina varðar hlýtur það eitthvað að tengjast því bragði sem fæst með því að sjóða papriku í vatni.

**Þemapartí.** Jú, þemapartí virðast vera þema haustsins – vampírur, sixtís, tventís, ástandið, goth og jafnvel fetish. Hleypir stuði í mannskapinn.



### ■ Á niðurleið



**Að segja of mikið.** Einu sinni þótti það plebbalegt að tala opinskátt um peninga en nú verður að fara að setja bann á að tjá öllum vinum sínum á Facebook ef maður fer í megrun eða er í líkamsræktarátaki eða með hor út af ógeðslegu kvefi. Þurfum við virkilega að vita þetta?



**Hjólreiðar.** Nú er slyddan komin í bæinn og spurning hvort hjólagarparnir leggi hjólunum og setjist við stýrið á ný.

**Að nota orðið bara sem áhersluorð.** Það færist í aukana að fólk segi hluti eins og „Þetta var BARA gaman" eða „Þú ert BARA flott í þessu".

**Fólk að grenja á Skjáeinum.** Fyrst voru það fyrirsætur með grátköst í America's Next Top Model, nú eru það konur á miðjum aldri að gráta yfir brostnum hjónaböndum og litlu sjálfstrausti í America's Next MILF Model (heitir þátturinn það ekki annars?).



# Michael Jackson TRIBUTE

## ...á Broadway




Ein glæsilegasta tónlistarsýning allra tíma. Alan Jones ásamt Edgari Smára og Arnari Jónssyni úr Luxor fara í gegnum tónlistarsögu poppgoðsins Michael Jackson með glæsilegum hópi dansara og stórhljómsveit.

**Frumsýning 10. október**

Kvöldverður, sýning og dansleikur
Verð frá kr. 5.900,-

**Ekki missa af þessu**



EDGAR SMÁRI SÖNGVARI · ALAN JONES SÖNGVARI · ARNAR JÓNSSON SÖNGVARI · TÓNLISTARSTJÓRI GUNNAR ÞÓRÐARSON · LEIKSTJÓRI EGILL EÐVARÐSSON

## KVÖLDVERÐUR - TÓNLEIKAR - DANSSÝNING - DANSLEIKUR

### Kvöldverður, sýning og dansleikur

10. október
24. október
6. nóvember
13. nóvember

Súpa - Sherrýbætt villisveppasúpa með rjómatopp
Aðalréttur - Lambavöðvi smurður balsamic sinnepi og kryddjurtum með lambasoðsgljáa.
Eftirréttur - Mangoís og ristaður ananas

**Aðalsalur**
Svæði A - Kr. 8.400,-
Svæði B - Kr. 7.900,-

### Jólahlaðborð, sýning og dansleikur

20. nóvember
21. nóvember
28. nóvember
4. desember
5. desember
11. desember
12. desember

Súpa - Villibráðarssúpa borin heit úr eldhúsi
Kaldir réttir - Sjávarréttapate, léttreyktur lax, úrval síldarrétta, villibráðapaté, sveitaskinka, hangikjöt m/uppstúf og laufabrauði og unghænubringur með púrtvínsgljáa
Skorið í sal - Svínapurusteik, appelsínugljáð kalkúnasteik og villikryddaður lambavöðvi. Brauð, sósur, kartöflur og viðeigandi meðlæti.
Eftirréttir - Tertur, ís, ávextir og jólahrísgrjónabúðingur

**Aðalsalur**
Svæði A - Kr. 8.400,-
Svæði B - Kr. 7.900,-




### Wagamas hlaðborð, sýning og dansleikur

Súpa - Núðlusúpa með sveppum, vorlauk, káli og graslauk
Hlaðborð - Kjúklingur í súrsætrisósu með gulrætum og maís og svínakjöt í sesame og soyasósu með wok grænmeti Hrísgrjón,eggjanúðlur,kryddgrjón og brauð
Eftirréttir - Ávaxtaís með sælkerakökum og berjasósu

Sérsvæði fyrir stærri hópa
Vegg lyft upp fyrir sýningu
Lokuð og/eða opin árshátíð
Fáanlegt á öllum dagsetningum

**Norðursalur**
Verð - Kr. 5.900,-

**Óvæntir hlutir gerast eftir miðnætti**

**Miðasala virka daga kl. 09:00 til 16:00 í síma 533 1100 - www.broadway.is**

BROADWAY

**WOODIE GUTHRIE LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1967.**

*„Þeir sem spila fleiri en eitt grip eru að monta sig.“*

***Woody Guthrie (1912 - 1967) var bandarískur þjóðlagatónlistarmaður og lagasmiður sem hafði mikil áhrif á ýmsa tónlistarmenn sem á eftir komu, þar á meðal Bob Dylan. Guthrie lést af völdum taugasjúkdóms.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. OKTÓBER ÁRIÐ 1996

## *Djöflaeyjan frumsýnd*



Þennan dag árið 1996 var Djöflaeyjan, kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, frumsýnd í Stjörnubíói sáluga á Laugaveginum í Reykjavík. Kvikmyndin er byggð á hinum vinsælu skáldsögum Þar sem djöflaeyjan rís og Gulleyjunni eftir Einar Kárason, sem gefnar voru út árin 1983 og 1985. Sögusvið bókanna og myndarinnar er braggahverfi í Reykjavík á eftirstríðsárunum og fram eftir öldinni.

Helstu hlutverk eru í höndum Baltasar Kormáks, Gísla Halldórssonar, Ingvars E. Sigurðssonar og Sigurveigar Jónsdóttur ásamt fleirum.

Leikstjórinn Friðrik Þór sagði í tilefni frumsýningarinnar að Djöflaeyjan væri sennilega langdýrasta mynd sem gerð hefði verið á Íslandi. Stór leikmynd, þar á meðal fokheld blokk og nokkrir braggar, var byggð á Seltjarnarnesi til að ljá myndinni veruleikablæ.

Björgvin Halldórsson kemur fram í litlu hlutverki sem söngvarinn Böddi Billó, auk þess sem lag hans Þig dreymir kannski engil hljómar í Djöflaeyjunni.

## MERKISATBURÐIR

**1903** Gissur Einarsson vígður biskup í Skálholti.

**1908** Dagblaðið Pravda er stofnað af Leon Trotskí, Adolph Joffe, Matvey Skobelev og fleiri rússneskum útlögum í Vínarborg.

**1903** Konungur Danaveldis samþykkir ákvörðun danska þingsins um heimastjórn á Íslandi.

**1932** Írak öðlast sjálfstæði frá Bretlandi.

**1990** Þýska alþýðulýðveldið lagt niður og sameinað Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Dagurinn hefur síðan verið þjóðhátíðardagur Þjóðverja.

**1995** OJ Simpson sýknaður af ákæru um morðið á eiginkonu sinni Nicole Brown Simpson og Ronald Goldman.

## AFMÆLI



**SIGMAR B. HAUKSSON,** formaður Skotveiðifélags Íslands, er 59 ára í dag.



**TOMMY LEE** tónlistarmaður er 47 ára í dag.



**NEVE CAMPBELL** leikkona er 36 ára í dag.



**TOLLI** listmálari er 56 ára í dag.



LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677



**SKJÖLDUNGAR** Skátafélagið býður til afmælishátíðar í dag. Þeir sem starfað hafa með félaginu síðustu fjörutíu árin eru sérstaklega hvattir til að mæta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SKÁTAFÉLAGIÐ SKJÖLDUNGAR: FAGNAR FJÖRUTÍU ÁRA AFMÆLI

# Starfið verður sífellt öflugra

„Þetta er mjög gott tækifæri fyrir eldri Skjöldunga að hitta nýja meðlimi félagsins, eða gamla félaga, og rifja upp gömul og góð kynni,“ segir Gunnlaugur Bragi Björnsson, fulltrúi skátaforingja og starfsmaður á skrifstofu Skátafélagsins Skjöldunga. Félagið á fjörutíu ára afmæli í ár og heldur af því tilefni afmælishátíð í dag.

Saga Skjöldunga er raunar lengri en fjórir áratugir, en upphaflega voru Skjöldungar stofnaðir sem sérstök deild innan Skátafélags Reykjavíkur árið 1955. Árið 1969 voru svo Skjöldungar stofnaðir sem eiginlegt félag. „Fram að því hafði aðeins verið starfandi eitt skátafélag í Reykjavík. Deildunum var svo skipt upp 1969, og því eru nokkur skátafélög sem fagna fertugsafmæli sínu í ár,“ segir Gunnlaugur Bragi.

Skjöldungar hafa frá upphafi þjónað Heima- og Vogahverfi og Laugarneshverfi eftir að Skátafélagið Dalbúar hætti að starfa. Nú til dags er flest barnanna sem taka þátt í starfsemi félagsins nemendur úr Laugalækjarskóla, Laugarnesskóla, Langholtsskóla og Vogaskóla. Félagið býður upp á skátastarf fyrir stráka og stelpur frá sjö ára aldri. „Þetta er stórt og mikið hverfi og hér var gríðarlega mikið af börnum þegar Skjöldungar hófu starfsemi sína. Núna er að eiga sér stað nokkur endurnýjun í hverfinu og margt ungt fólk sem flytur hingað í nágrennið.“

Gunnlaugur Bragi segir aðsókn barna í skátastarf ganga í bylgjum eftir árum. „Árin 2006 til 2008 var aðsóknin í minna lagi. Síðasta árið hefur hún aukist til muna, og það helst í hendur við sífellt öflugra starf hjá okkur. Höfuðatriði hjá okkur er að félagið sé sýnilegt í hverfinu. Fyrir utan venjulega fundi og útilegur stöndum við árlega fyrir Þrettándagleði og flugeldasölu í samstarfi við Hjálparsveit skáta. Einnig hafa hópar Skjöldunga oft tekið þátt í alþjóðlegum skátamótum bæði hérlendis og erlendis, til að mynda Alheimsmóti skáta í Bretlandi 2007, Landsmóti skáta í Noregi og Roverway á Íslandi sem bæði voru haldin árið 2009, svo fátt eitt sé nefnt.“

Afmælishátíðin hefst klukkan 15 í dag í Langholtskirkju. Þar verður boðið upp á söng, skemmtiatriði, stutt ræðuhöld og viðurkenningar verða veittar aðilum sem starfað hafa af krafti innan félagsins í gegnum tíðina. Í kjölfarið verður gestum boðið upp á kaffi og kökur í safnaðarheimili Langholtskirkju. Í skátaheimili Skjöldunga, í Sólheimum 21a, fer fram sýning úr sögu Skjöldunga. „Við höfum eytt dágóðum tíma í að finna efni fyrir sýninguna. Meðal þess sem við munum sýna eru fundargerðir frá stofnfundi félagsins, gamlar ljósmyndir og ýmislegt fleira. Það er erfitt að segja til um hversu margir hafa starfað í félaginu í gegnum árin. Mér telst til að ég hafi sent um það bil fimm hundruð boðskort, en það er væntanlega einungis brot af þeim sem komið hafa nálægt starfsemi Skjöldunga í gegnum tíðina, enda eru ekki til nein tölvutæk gögn um félagsmenn fyrstu árin,“ segir Gunnlaugur Bragi. Hann tekur fram að allir séu velkomnir á hátíðina, hvort sem þeir hafi fengið boðskort eður ei. **kjartan@frettabladid.is.**

†

*Bróðir okkar,*

**Aðalsteinn Vestmann Magnússon**

lést þann 11. september 2009 í Kinnawick Washington St. Bandaríkjunum. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Magnús Vestmann Magnússon**
**Einar Vestmann Magnússon.**



Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



# Ræða framtíðarsýn tónlistarskóla

„Þetta málþing er mikilvægt af mörgum ástæðum. Ekki síst til að skoða og ræða um framtíðarsýn tónlistarskólanna í landinu,“ segir Edda Borg, formaður Samtaka tónlistarskólastjóra (STS), sem fagna fjörutíu ára afmæli sínu um helgina. Í tilefni þess efna STS til málþings um stöðu og gildi tónlistarmenntunar í Hásölum, sal Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, í dag klukkan 13.

STS voru stofnuð 1. september árið 1969. Stofnfélagar voru starfandi skólastjórar tónlistarskólanna á Íslandi. Samtökin hafa síðan verið sameiginlegur vettvangur um málefni tónlistarskólanna og unnið með fræðsluyfirvöldum að ýmiss konar umbótum á sviði tónlistarfræðslunnar.

Edda segir samtökin nauðsynleg fyrir tónlistarskólastjórnendur. „Þarna er vettvangur til að hittast, skiptast á skoðunum, upplýsa hvert annað um starfshætti og læra hvert af öðru. Undanfarið hafa allir tónlistarskólar landsins þurft að endurskipuleggja starfsemi sína vegna niðurskurðar til skólanna. Í janúar héldu samtökin fund þar sem ræddar voru leiðir til að bregðast við kreppunni, og í þinginu í dag verður meðal annars rætt um hvernig til hefur tekist,“ segir Edda Borg.

Ræðumenn í Hásölum verða Þorvaldur Gylfason prófessor, Haukur F. Hannesson listrekstrarfræðingur og Guðjón Bragason lögfræðingur. Að loknum framsögum verða frjálsar umræður. Þingið er opið öllum án endurgjalds.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FORMAÐUR** Í fjörutíu ár hafa Samtök tónlistarskólastjóra boðið upp á sameiginlegan vettvang til umræðu um málefni tónlistarskólanna. Edda Borg er formaður samtakanna.

---



*Föðursystir okkar,*

**Ragnheiður Karlsdóttir**
Tjarnarlundi 3f, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 29. september.

**Karl Haraldsson**
**Haraldur Haraldsson**
**og fjölskyldur.**
**Steingerður Ósk Zóphoníasdóttir**
**Sigurlaug Bára Jónasdóttir**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, afi og bróðir,*

**Jón Veigar Þórðarson**
Víðiteigi 38, Mosfellsbæ,

lést þriðjudaginn 29. september. Útförin fer fram frá Ríkissal Votta Jehóva, Hraunbæ 113, mánudaginn 5. október kl. 14.00.

**Ragnhildur Erna Þórðardóttir**
**Ásvaldur Óskar** **Þorgerður Jónsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir** **Simon Schlitz**
**Bjarki Snær Jónsson**
**Margrét Sigurpálsdóttir**
**barnabörn og systkini hins látna.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát föður okkar,*

**Bjarna Bjarnasonar.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki dvalarheimilisins Áss í Hveragerði.

**Kjartan Vignir Bjarnason** **Jenný Marelsdóttir**
**Vilný Reynkvist Bjarnadóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Elskuleg frænka okkar og mágkona,*

**Guðný Kristinsdóttir**
Sléttuvegi 23, Reykjavík,

varð bráðkvödd mánudaginn 28. september. Jarðsett verður frá Neskirkju þriðjudaginn 6. október kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar láti líknarfélög njóta þess.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rakel Viggósdóttir**
**Kristín Viggósdóttir**
**Ágústa Þórey Haraldsdóttir**
**Áslaug Jensdóttir**

---



*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Jökull Tandri Arnarson**
Brávallagötu 10,

sem lést þann 26. september, verður jarðsunginn frá Krossinum, Hlíðarsmára 5, Kópavogi þann 7. október kl. 13.00.

**Guðmundur Örn Ragnarsson**
**Jónína Lára Einarsdóttir**
**Bjartmar Orri Arnarson**
**Brynjar Frosti Arnarson**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalheiður María Oddsdóttir**
Espigrund 15, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 1. október. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 8. október kl. 14.00.

**Guðný Ársælsdóttir**
**Helga Jóna Ársælsdóttir** **Þráinn Ólafsson**
**Sigþóra Ársælsdóttir** **Björn Björnsson**
**og ömmubörn.**

---



*Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Ævars Þórs Hjaltasonar**
Ársölum 3, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til Lúðrasveitar Hafnarfjarðar og kórs Flensborgarskóla.

**Hrefna Einarsdóttir**
**Hjalti Ævarsson** **Sigríður Sigurðardóttir**
**Trausti Ævarsson** **Ástríður Torfadóttir**
**Svanþór Ævarsson** **Ásgerður Hákonardóttir**
**Auður Ævarsdóttir** **Sigurður Viðarsson**
**og barnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar*

**Vilborgar Stefánsdóttur**
Kleppsvegi 6, Reykjavík.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Sólrún Jónsdóttir** **Steinunn Helga Lárusdóttir**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Lárus L. Sigurðsson**
rafvirki, Skúlagötu 20, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Áskirkju mánudaginn 5. október kl. 13.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Jónína Þorsteinsdóttir**
**Sigríður Ásta Lárusdóttir** **Runólfur Gunnlaugsson**
**Ágústa Lárusdóttir** **Sigurður Þór Kristjánsson**
**Þorsteinn Lárusson** **Steinunn Eiríksdóttir**
**Sigurður Lárusson** **Ásta Björk Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við fráfall föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Páls Gunnars Halldórssonar**
áður til heimilis að Árskógum 6.

Sérstakar þakkir fær hjúkrunarfólk Sóltúns.

**Erla Benediktsdóttir** **Friðbjörn Sveinbjörnsson**
**Halldór Ingólfur Pálsson**
**Sigurlaug Kristín Pálsdóttir**
**Lára Margrét Pálsdóttir** **Svanur Tómasson**
**afa- og langafabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,*

**Haraldur Guðni Bragason**
tónlistarkennari og organisti,
Sælingsdalstungu í Dölum,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 22. september. Útförin fer fram frá Hjarðarholtskirkju í Dölum mánudaginn 5. október kl. 14.00.

**Guðbjörg Björnsdóttir**
**Bragi Haraldsson** **Lilja Jónsdóttir**
**Bjarni Jensen** **Rikke Östergaard**
**Auðunn Haraldsson**
**Helga Haraldsdóttir**
**Margrét Haraldsdóttir**
**Svanur Bragason**
**Unnur Sólrún Bragadóttir**
**afadrengirnir Daníel Leví og Lars Erik.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Margrétar Guðmundsdóttur**
frá Leiðólfsstöðum, Laxárdal, Dalasýslu,
áður til heimilis Hraunbæ 87, Reykjavík.

**Svanur Ingvason** **Rán Einarsdóttir**
**Sigmar Hlynur Sigmarsson** **Anna Guðný Guðjónsdóttir**
**Eygló Björk Sigurðardóttir**
**Elfa Brynja Sigurðardóttir** **Sigfús Haraldsson**
**ömmubörn og fjölskyldur þeirra.**

---



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát elskulegs sambýlismanns míns, sonar, föður, tengdaföður, afa og frænda,*

**Sigurðar Karlssonar**
verktaka, Fagurgerði 2b, Selfossi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Einnig starfsfólki Lungnadeildar Landspítalans í Fossvogi svo og öllum öðrum sem önnuðust hann í veikindum sínum. Guð blessi ykkur öll.

**Ingunn Guðmundsdóttir**
**Bergljót Snorradóttir**
**Sigurður Dagur Sigurðarson** **Sigríður Sif Magnúsdóttir**
**Karl Áki Sigurðarson**
**Snorri Sigurðarson** **Fjóla Kristinsdóttir**
**Gauti Sigurðarson** **Kolbrún María Ingadóttir**
**Þórarinn Karl Gunnarsson** **Kolbrún S. Hansdóttir**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**





# Raunir B-manna 1: Fæðingin



NOKKUR ORÐ
Atli Fannar Bjarkason

Ég er B-maður. Mér líður best seint á kvöldin og vil helst ekki fara að sofa fyrr en löngu eftir miðnætti. Morgnarnir eru sérkafli. Og þegar ég segi „sérkafli“ meina ég „óyfirstíganleg þrekraun“. Jerry Seinfeld hitti naglann á krullað höfuðið þegar hann líkti því að vakna við að fæðast aftur. Það er einmitt það sem hver morgunn í mínu lífi er: Fæðing.



Svefn í eigin rúmi er að mínu mati öruggasta tilfinning í heimi. Þar líður mér eins og fóstri í maga konu sem hvorki reykir né hefur ánetjast vímuefnum. Sængin gegnir sama hlutverki og volgt legið, þó að það sé vissulega léttir að fólk safnist ekki í kringum mig og fagni þegar ég sparka. Þegar vekjaraklukkan hringir er tími til að koma í heiminn – hvort sem mér líkar það betur eða verr. Þegar ég opna augun er eins og ég sé sjái ljós í fyrsta skipti. Ég grenja eins og kornabarn á meðan grimm örlögin toga mig undan sænginni og eftir stend ég nakinn, sveittur og úrillur.

Ég er ekki svo heppinn að fá huggun í faðmi konu á morgnana, svo að ég verð að þroskast á ógnarhraða og koma mér í vinnu. Erfiðast er að læra að ganga, en málleysið háir mér ekki fyrstu mínúturnar. Oft dreymir mig um að gera þarfir mínar í bleiu þessar fyrstu mínútur lífs míns, en ég finn yfirleitt klósettið áður en svo veruleikafirrtar hugmyndir ná fram að ganga – Guði sé lof.

Þetta geng ég í gegnum á hverjum morgni sem ég þarf að vakna við vekjaraklukkuna – sem ég kýs nú að kalla lífsklukkuna. Þegar lífsklukkan hringir er tími til að lifna við, þrátt fyrir háværar mótmæli af minni hálfu og þrátt fyrir að ég sé aldrei tilbúinn að takast á við það sem bíður mín.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman













OPIÐ til 20 alla daga

Gildir til 4. október eða á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**! kl. 17.**
*Írski píanósnillingurinn John O´Conor heldur tónleika í TÍBRÁ í Salnum, í dag og hefjast þeir kl. 17. Tónleikarnir marka upphaf Írskrar menningarhátíðar í Salnum og eru jafnframt einn athyglisverðasti viðburður í tónleikaröðinni TÍBRÁ á þessu starfsári.*

# menning
menning@frettabladid.is

## *Þingað um Op á morgun*

Í tilefni af sýningu á Kjarvalsstöðum sem helguð er op-listinni, verður þingað um hreyfinguna á morgun: Sálfræðingurinn Árni Kristjánsson, listfræðingurinn Þóra Þórisdóttir og listamaðurinn JBK Ransu eru framsögumenn á málþingi sem hefst kl. 15. Á sýningunni Blik eru verk op-listamannsins Eyborgar Guðmundsdóttur (1924 -1977) í forgrunni. Aðrir listamenn, sem eiga verk á sýningunni, eru Arnar Herbertsson, Helgi Þorgils Friðjónsson, Hreinn Friðfinnsson, Hörður Ágústsson, JBK Ransu, Jón Gunnar Árnason og Ólafur Elíasson. Þóra fjallar um Eyborgu, verk hennar og feril í samhengi við strauma og stefnur í listheiminum.

Árni Kristjánsson, dósent við sálfræðideild Háskóla Íslands, ræðir um skynjun, skynvillur og myndlist. Árni hefur stundað rannsóknir á virkni sjónkerfisins, meðal annars því hvernig við beinum athygli okkar að ólíkum hlutum innan sjónsviðsins og hvað stjórnar því hverju við veitum athygli.

JBK Ransu myndlistarmaður hefur um árabil beint sjónum sínum markvisst að 20. aldar listastefnum á borð við Op-listina og popplistina. Hann flytur erindi undir yfirskriftinni „Op í endurgerð“ þar sem hann nálgast Op ekki sem vísindi heldur sem tælandi útlit og aðgengilegt myndmál.



**MYNDLIST** Verk eftir Eyborgu Guðmundsdóttur.
MYND LISTASAFN REYKJAVÍKUR

**> Ekki missa af…**
góðum kvikmyndum þótt hátíðir séu að baki: Kvikmyndasafnið sýnir í dag kl. 16 Rauðu eyðimörkina (1965) með Monique Vitti og Richard Harris. Leikstjóri Antonioni. Í MÍR-salnum á Hverfisgötu 105 er á dagskrá á morgun kl. 15 rússneska kvikmyndin „4“ frá 2005.

# Íslenski flautukórinn

Íslenski flautukórinn heldur tónleika á 15:15 tónleikaröðinni í Norræna húsinu sunnudaginn 11. október. Þetta eru jafnframt fyrstu tónleikar raðarinnar á þessu starfsári. Á tónleikunum mun flautukórinn flytja verk eftir Þuríði Jónsdóttur, Þorkel Sigurbjörnsson, Giancarlo Scarvaglieri, Maríu Cederborg og nýjan einleikskonsert, LUX, eftir Huga Guðmundsson. Einleikari á tónleikunum verður Melkorka Ólafsdóttir.

Tónleikarnir í Norræna húsinu koma í kjölfarið á tónleikum sem flautukórnum var boðið að halda á alþjóðlegri ráðstefnu The National Flute Association í New York í ágúst síðastliðnum, en ráðstefnan er sú stærsta sinnar tegundar og áætlað að um 2.500 flautuleikarar hvaðanæva úr heiminum hafi sótt ráðstefnuna. Tónleikum Íslenska flautukórsins var afar vel tekið og vöktu mikla athygli ráðstefnugesta. Hefur kórnum þegar verið boðið að koma fram á næstu ráðstefnu NFA sem og á flautuleikarahátíð í Belgíu.

Íslenski flautukórinn var stofnaður árið 2003 og hefur þegar skapað sér gott orð. Hópurinn er skipaður 20 flautuleikurum sem allir taka virkan þátt í íslensku tónlistarlífi og flestir hlotið framhaldsmenntun í flautuleik frá erlendum tónlistarháskólum.

- pbb

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2009



Laugardaginn 3. október kl. 14-15
**Út í kött! Dansleikhús fyrir börn**
Lýðveldisleikhúsið – www.this.is/great
**Aðgangseyrir: Kr. 1.500**



Sunnudaginn 4. október kl. 14-15
**Tóney í Gerðubergi - fjölskylduskemmtun**
Tónlist, dans og leiklist. Meðal gesta eru nemendur Fellaskóla, listdansnemar og hljómsveitin Agent Fresco



5. - 26. október / fjögur mánudagskvöld kl. 20
**Líf og list: 100 ára vegferð Karitasar Jónsdóttur**
Bókmenntanámskeið um verk Kristínar Marju Baldursdóttur. Kennari: Sigfríður Gunnlaugsdóttir.
**Skráning stendur yfir!**
gerduberg@reykjavik.is, s. 575 7700.



7. október kl. 20 / Ókeypis aðgangur!
**Handverkskaffi - Henna húðskreytilist**
Darren Foreman kynnir Henna fyrir gestum og málar jafnvel sýnishorn á þá sem þess óska. Kynningin er hluti af verkefninu Húmor og Amor á vegum menningarstofnana Reykjavíkurborgar.



**Sögur án orða**
Ljósmyndasýning Ólafar Erlu Einarsdóttur



**Í fréttum var þetta helst...**
Sýning Halldórs Baldurssonar



**Hún rís úr sumarsænum**
Málverkasýning Steinunnar Einarsdóttur



**Vissir þú...** að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir veislur, fundi, ráðstefnur og námskeið?
**Nýtt** heitur reitur í Gerðubergi

Gallerý fiskur
**Gallerý fiskur í Gerðubergi**
Ljúffengur heitur matur í hádeginu alla virka daga, hlaðborð, súpa og salat. www.galleryfiskur.is

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Leiðsögn fyrir hópa | Netfang: gerduberg@reykjavik.is
Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | www.gerduberg.is



**MENNING** Niðurskurður og bágari gengisstaða munu setja svip sinn á starfsemi Sinfóníunnar síðasta starfsár hennar í Háskólabíói en 2011 flytur hún í Tónlistarhúsið.
MYND FRÉTTABLAÐIÐ /GVA

# Menningin öll í uppnámi

**Í nýútkomnu fjárlagafrumvarpi er gerð grein fyrir fyrirhuguðum lækkunum á framlagi skattborgara og fyrirtækja til reksturs menningarlífsins í landinu.**

Ljóst er að fjármálaráðuneytið er að slá skýlisgarð um nánast óbreyttan rekstur allra helstu stofnana ríkisins þótt víða sé þrengt að rekstrarkostnaði, bæði í verkefnum og eins í mannahaldi. Lækkunin hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu nemur tæplega 8 prósentum að raungildi.

### Forgangsröðun

Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 1.263 m.kr. Þar munar mestu um 630 m.kr. aukið framlag til Ríkisútvarpsins, 488 m.kr. framlag til að koma á móts við kostnað af umtalsverðri nemendafjölgun í framhaldsskólum og háskólum og 75 m.kr. tímabundið framlag vegna þátttöku í bókakaupstefnu [Bókamessuna í Frankfurt] Þá hækka rekstrargjöld um 2.945 m.kr. við það að framlag til Ríkisútvarpsins er fært á milli gjaldategunda, af tilfærslum yfir á rekstur.“

### Nú bíta hnífar

Harkalegust er lækkun á framlagi til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands en framlagið er lækkað um 206 milljónir og verður á næsta ári 463 milljónir króna rúmar. Er nánar fjallað um Kvikmyndamiðstöð á síðu 62.

Styrkur Íslenska dansflokksins lækkar um 7,3 m.kr. á næsta ári og um leið möguleikar hans til að sækja tekjur erlendis sem hafa numið háum fjárhæðum. Er grundvöllur hans skekinn. Þjóðleikhús lækkar og fær í reksturinn 698,3 milljónir.

### RÚV ohf.

Gert er ráð fyrir að fjárveiting til Ríkisútvarpsins ohf. hækki um 273 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist það af tvennu: Annars vegar er lagt til að fjárveiting hækki um 630 m.kr. með hliðsjón af áætluðum tekjum af útvarpsgjaldi. Hins vegar er lagt til að framlag til fyrirtækisins lækki um 357 m.kr. frá fjárlögum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Framlög til Ríkisútvarpsins verða því samtals 3.218 m.kr.

Skorið er niður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands um 39,1 m.kr. en henni er tryggt fjármagn sem nemur 625 milljónum.

### Ýmsir liðir

Gjaldaliðurinn 982 – Listir – lækkar um 93,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs: þar undir eru liðir eins og Heiðurslaun listamanna, Listahátíð í Reykjavík, Bókasafnssjóður höfunda, Bókmenntasjóður, Starfsemi atvinnuleikhópa, Tónlistarsjóður, Barnamenningarsjóður, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, átakið Tónlist fyrir alla og Íslenska óperan sem missir 35,1 m.kr. af rekstrarstyrk sem verður um 140 milljónir.

### Sjálfstæðir leikhópar

Þá er lagt til að framlag til starfsemi leikhópa lækki um 14,5 m.kr. af tveimur tilefnum: Niðurfellingu á tímabundinni 3 m.kr. fjárveitingu til Draumasmiðjunnar sem veitt var í fjárlögum 2009 og 11,5 m.kr. lækkun til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Hér kemur í bakið á öllum áhugaleikhópum í landinu að Draumasmiðjan fékk þrjár millur til að halda leiklistarhátíð daufdumbra á þessu ári.

Hvorki Lókal, Alþjóðlega leiklistarhátíðin í Reykjavík, artFart, leiklistarhátíð grasrótarhópa ungs listafólks né Act Alone, einleikjahátíð á Ísafirði njóta styrkja á fjárlögum.

Aftur er í frumvarpinu gert ráð fyrir að Hafnarfjarðarleikhúsið haldi 17 milljóna kr. styrk til 2012 en þríhliðasamningur þess við Hafnarfjarðarbæ rennur út nú um áramót og verður samkvæmt fjárlagafrumvarpi endurnýjaður en lækkar um 3 milljónir.

Þá er tillaga um 3,5 m.kr. lækkun á starfi Bandalags íslenskra leikfélaga. Framlagið hefur verið ætlað til að styrkja rekstur skrifstofu bandalagsins og ætti eftir lækkun að standa undir einu starfi.

### Til umhugsunar

Ekki er í forsendum fjárlagafrumvarpsins sjáanlegt að starfsmenn menntamálaráðuneytis hafi lagt í að brjóta upp og endurskipuleggja hið flókna og margstofna kerfi styrkveitinga í landinu, en ætla mætti að fyrirvari hafi verið nægur til að fara í skipulega uppstokkun á kerfinu, safnafjöldanum, hinum margbreytilegu verkefnasjóðum. Til þess þyrfti meiri krafta til skipulegrar hagræðingar innan ráðuneytisins og um leið rask á því starfsmannahaldi sem vaxið hefur við jaðar ráðuneytisins.

Ekki er hér fjallað um breytingar á fjárframlögum til safnanna en ljóst er að sýningarhald þeirra skerðist verulega og fækka verður starfsmönnum. Þeirri ágjöf væri aðeins mætt með frekari sameiningu hinna dreifðu safna og samvinnu milli landshluta.

pbb@frettabladid.is



Skelltu þér
í leikhús
Áskriftarkortasala
í fullum gangi
Áskriftarkort Borgarleikhússins:
4 sýningar að eigin vali
á aðeins 8.900 kr.
Vertu með öruggt sæti
í allan vetur.
Sama verð
og í fyrra!
Ungmenna-
kort aðeins
4.450 kr.
Miðasala:
568 8000 | www.borgarleikhus.is | Listabraut 3
Borgarleikhúsið

# Útvarpsverk Hrafnhildar

Á morgun kl. 14, hefst flutningur á leikritaflokknum EINFARAR eftir Hrafnhildi Hagalín í Útvarpsleikhúsinu. Einfarar er samheiti á sex stuttum leikritum sem leikskáldið Hrafnhildur Hagalín hefur samið með nokkra af okkar elstu og ástsælustu leikurum í huga. Hvert leikrit er sjálfstætt verk og segir frá fólki sem býr við einhvers konar einangrun, félagslega og/eða tilfinningalega. - pbb



HRAFNHILDUR HAGALÍN

Bókmenntir ★★

**Prívat og persónulega**

Birgir Sigurðsson

## Sögur Birgis Sig.




Birgir Sigurðsson situr nú hefðarsessi íslenskra leikskálda eftir nær fjörutíu ára feril á sviðinu. Upphaf hans sem ljóðskálds og framhjáhald hans sem sagnaskálds og alþýðlegs fræðimanns er í skugganum. Nú hefur hann gefið út smásagnasafn, Prívat og persónulega, á eigin forlagi. Þar birtir hann nokkrar smásögur sem allar vísa til fyrri tíma í lífi hans, söngnáms í Hollandi og vinnumennsku á Korpúlfsstöðum meðal annars. Sögurnar eru sundurleitar og þó hann haldi alla jafn vel um stíl býr hann ekki yfir þroskuðum tökum á smásagnaforminu. Þær eru þrátt fyrir það forvitnilegur vitnisburður um leit hans að tjáningarmiðli og verða örugglega aukageta í mati á framlagi hans til íslenskra bókmennta þegar upp er staðið.

pbb@frettabladid.is

**Niðurstaða:** Þokkalegar sögur en ekki markverðar.

Bókmenntir ★★

**Bókaránið mikla**

Leu Korsgaard og Stephanie Surrugue

## Bókum stolið



Bókaránið mikla er dönsk rannsókn blaðamanna á langvinnum stuldi verðmætra fornbóka úr Konunglegu Bókhlöðunni í Kaupmannahöfn sem er eitt elsta og merkasta konungsættarsafn bóka í hinum vestræna heimi.

Ránið var á endanum upplýst en það kostaði endurskráningu allra gagna í hinu stóra safni til að komast mætti að því hversu miklu hafði verið stolið um áratugaskeið. Sagan er byggð upp eins og hefðbundnar blaðagreinar um upplýsta en sérstaka glæpi, en það er sérstakt form blaðamennsku og vel þekkt bæði hér á landi og víðar: Brynjólfur á Minna-Núpi hóf þannig skrif hér á landi með sögunni af Þuríði formanni og Kambránsmönnum. Í Bókaráninu eru rakin uppvaxtarár hins seka og rakið hvernig komst upp um stuldinn, rannsóknarsagan og loks dómsúrskurðurinn.

Þetta er merkileg frásögn en getur vart talist til bókmennta heldur vandaðrar blaðamennsku.

pbb@frettabladid.is

**Niðurstaða:** Forvitnileg skýrsla um sérstætt glæpamál.

Bókmenntir ★★★★

**Kínverjinn**

Henning Mankell

## Farið um löndin




Kínverjinn eftir Henning Mankell hefur setið í efri sætum bóksölulista frá því að hún kom út í þýðingu Þórdísar Gísladóttur. Sagan er stór í sniðum þó upphaf hennar sé kunnuglegt: maður kemur að sóðalegum morðvettvangi og þaðan spinnst vefur hennar hratt og örugglega og sviptist milli meginlanda: Ameríku nítjándu aldar, Kína og Afríku nútímans. Mankell er eins og í nokkrum fyrri verka sinna að grafast fyrir um nútímann, skýra hinar stóru efnahagslegu og pólitísku hverfingar í samtímasögu kapítalismans. Sagan er þrátt fyrir hinn mikla metnað höfundar um söguefni og erindi afar vel fléttuð og sniðin og tekst honum að koma manni á óvart allt til enda. Í samanburði við marga reyfarana sem komnir eru út á þessu ári þá er þetta vísast toppurinn.

pbb@frettabladid.is

**Niðurstaða:** Metnaðarfull sakamálasaga skrifuð af miklum meistara.

Bókmenntir ★★★

**Morðið á ferjunni**

Maj Sjöwall og Per Wahlöö

## Fornar dyggðir




Mál og menning ræðst í endurútgáfu á sagnaflokki Sjöwall og Wahlöö hinna sænsku en fyrsta bókin er Morðið á ferjunni sem kom út 1961. Þýðingin er nokkuð yngri, eftir Þráinn Bertelsson. Mankell skrifar formála enda á hann þeim þökk að gjalda: Beck er fyrirmynd Wallanders og reyndar margra fleiri miðaldra lögreglumanna sem hafa síðan stikað vesturlönd í leit að misindismönnum. Hér eru farsímar fjarri, fax er ekki til, hvað þá telex. Heimurinn er einfaldari en þó ekki svo: megingrunnur í rannsókn á morði ungrar konu við skipaskurð byggist á sama fléttubragði og Larsson notaði í Körlum sem hata konur. En þetta er spennandi saga og hana leiðir loks til lykta í ógnarlegu spennuhlaupi. Með innkomu höfundanna varð breyting á glæpasögum Vesturlanda, félagsleg vandamál urðu ofarlega á baugi og þau tekin fyrir á hispurslausan hátt. Það er nýnæmi af þessari útgáfu.

pbb@frettabladid.is

**Niðurstaða:** Brautryðjendaverk og stenst vel tímans tönn.

Bókmenntir ★★

**Sólstjakar**

Viktor Arnar Ingólfsson

## Feitur og mjór




Viktor Arnar snýr aftur á markað með sama lið og kom fram í Aftureldingu, sem sjónvarpsþáttaröðin Mannaveiðar byggði á. Viktor er lúnkinn plottari, oft fundvís á spennandi staði, snjallar plottkveikjur. Hér er hann á norrænu sendiherralóðinni í Berlín þar sem maður er drepinn. Með upphafskafla gefur hann lesanda til kynna hver orsök drápsins er og velkist lesandi því ekki vafa um hverjir koma til greina þótt kostirnir séu nokkrir. Viktor skrifar heldur hversdagslegan stíl og rannsóknarliðið byggir upp á andstæðum, þessi feiti og sóðalegi og snyrtipinninn mjói. Sagan teygir sig aftur í tímann og þar og í lýsingum á jaðarfólki er myndin einföld. Það eru ekki mörg svið í sögunni og hún er öll nokkuð eintóna.

Það er raunar ekki fyrr en í bláendann að lesandinn fær hroll og þá ekki út af magnaðri spennu, heldur læknisfræðilegum efnum og þá opnast hyldýpi. Styrkur sögunnar er því einkum í hversu fundvís Viktor er á spennandi kveikjur þótt úrvinnslan sé í meðallagi.

pbb@frettabladid.is

**Niðurstaða:** Miðlungs krimmi með nokkrum góðum kveikjum en í daufara lagi.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 3. október

**➜ Tónleikar**

22.00 Ljótu hálfvitarnir verða með tónleika á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

23.00 **Hvanndalsbræður** verða með tónleika á Deluxe við Hafnarstræti 54 í Reykjanesbæ.

**➜ Opnanir**

14.00 **Steingrímur Eyfjörð** opnar sýningu í **Listasal** Mosfellsbæjar í Kjarna við Þverholt. Opið virka daga kl. 12-19 og laugardaga kl. 12-15.

15.00 **Bryndís Kondrup** opnar sýninguna „Staðsetningar" á **Café Karólínu** við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið mán.-fim. kl. 11.30-01, fös. og lau. kl. 11.30-03 og sum kl. 14-01.



15.00 Listasalur Garðabæjar að Garðatorgi 7, verður formlega opnaður í dag og um leið opnar **Laufey Jensdóttir** þar sýninguna „Brothætt". Opið alla daga 13-18. Aðgangur er ókeypis.

**➜ Hláturjóga**

10.30 **Ásta Valdimarsdóttir** verður með opinn kynningartíma í hláturjóga í heilsumiðstöðinni Maður lifandi við Borgartún 24.

**➜ Fundir**

14.00 Aðalfundur **Vina Indlands** verður haldinn í Múltí Kúltí við Ingólfsstræti 8.

**➜ Kvikmyndir**

16.00 **Kvikmyndasafn Íslands** sýnir mynd leikstjórans Michelangelo Antonioni „Il Deserto Rosso" (Rauða eyðimörkin). Sýningin fer fram í **Bæjarbíói** við Strandgötu 6 í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is

**➜ Knut Hamsun**

**Í Norræna** húsinu við **Sturlugötu** verða sýndar tvær kvikmyndir sem byggðar eru á skáldsögum Knut Hamsun en tilefnið er 150 ára fæðingarafmæli rithöfundarins. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.nordice.is.

15.00 **Makens grøde (1921)**, leikstj. Gunnar Sommerfeldt

17.00 **Pan (1995)**, leikstj. Henning Carlsen

**➜ Írsk Menningarhátíð**

Írsk menningarhátíð í **Kópavogi 2.-11.** október. Nánari upplýsingar á www.kopavogur.is.

17.00 Píanóleikarinn **John O'Conor** heldur tónleika í Salnum við Hamraborg.

23.00 **Mummi Hermanns** flytur írsk dans- og sönglög á **Cafe Catalinu** við Hamraborg.



00.00 Eyjakvöld á Skemmtistaðnum **Spot** við Bæjarlind þar sem hljómsveitin **Hrafnar** leikur írsk dans- og sönglög.

00.00 Dansleikur með **Pöpum og Gylfa Ægis Players** við Bæjarlind.

**➜ Sýningar**

**Í Tré og list** stendur yfir sýningin „Hennar fínasta púss" sem er sýning á upphlutssettum, skyrtum, svuntum og slifsum. Einnig er þar sýning á gömlum vefstól og íslenskum vefnaði, það elsta frá 1875-1880. Tré og list er staðsett að bænum **Forsæti III í Flóahreppi í Árnessýslu.** Nánari upplýsingar og akstursleiðbeiningar á www.treoglist.is.

**Hörður Lárusson** hefur opnað sýningu á **Mokka** við Skólavörðustíg 3a. Opið daglega kl. 9-18.30.

**Libia Castro og Ólafur Ólafsson** hafa opnað sýningu í **Suðsuðvestur** að Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ. Opið um helgar kl. 14-17.

**➜ Dansleikir**

**Októberfest** verður í **Hvíta húsinu** við **Hrísmýri** á Selfossi. Fram koma Vinir vors og blóma og dj Micka Frurry.

Dúettinn Glymur skipaður þeim Gunnhildi Júlíusdóttur og Sigurjóni Alexandersyni, verður á Draumakaffi við Háholt í Mosfellsbæ.

**➜ Leikrit**

14.00 **Lýðveldisleikhúsið** sýnir dans- og söngleikinn **„Út í kött"** í Gerðubergi (Gerðuberg 3-5). Hér er á ferðinni ævintýraleikrit um ferðalag tveggja krakka um tölvu- og ævintýraheima.

14.00 og 16.00 **GRAL-leikhópurinn** sýnir barna- og fjölskylduleikritið **„Horn á höfði"** í húsnæði leikhópsins við Hafnargötu 11 í Grindavík. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

19.30 Kómedíuleikhúsið sýnir verkið „Heilsugæslan" eftir **Lýð Árnason** í Arnardal við Skutulsfjörð. Nánari upplýsingar á www.komedia.is.

**➜ Málþing**

15.00 Málþing um Op-listina verður haldið á **Kjarvalsstöðum** við Flókagötu. Framsögumenn á málþinginu verða **Þóra Þórisdóttir, Árni Kristinsson og JBK Ransu.** Allir velkomnir.

**➜ Bækur**

13.00 Í **Bókasafni Seltjarnarness** á Eiðistorgi stendur yfir Listavika. Nánari upplýsingar á www.seltjarnarnes.is/bokasafn. Í dag kl. 13 verður boðið upp á sögustund fyrir yngstu börnin.

### Sunnudagur 4. október

**➜ Tónleikar**

14.00 **Tóney í Gerðubergi** (Gerðubergi 3-5). Tónlistardagskrá fyrir börn og fullorðna. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

20.00 **Nathalía Druzin Halldórsdóttir** mezzósópran og **Hrönn Þráinsdóttir** píanóleikari flytja aríur og píanóverk frá 17. og 18. öld á tónleikum í **Laugarneskirkju við Sólheima.**

20.00 **Tríó Reykjavíkur** flytur verk eftir Haydn, Mendelssohn og Mozart á tónleikum í **Hafnarborg** við Strandgötu í Hafnarfirði.

**➜ Opnanir**

11.00 **Aðalheiður S. Eysteinsdóttir** opnar sýninguna „Réttardagur 50 sýninga röð" hjá **Kunstraum Wohnraum** við Ásgötu 2 á Akureyri. Opið sunnudag kl. 11-13.

**➜ Félagsvist**



14.00 Félagsvist verður spiluð í **Breiðfirðingabúð að Faxafeni 14.** Allir velkomnir.

➜

**Kvikmyndir**

15.00 Rússneska kvikmyndin **„4"** frá 2005 verður sýnd í **MÍR-salnum** við Hverfisgötu 105. Aðgangur er ókeypis.

**➜ Dansleikir**

**Dansleikur Félags eldri borgara** í Reykjavík og nágrenni fer fram að **Stangarhyl 4** frá kl. 20-23.30. Borgartríó leikur fyrir dansi.

**➜ Málþing**

13.30 Málþing verður haldið í **Norræna húsinu** við Sturlugötu undir yfirskriftinni „Knut Hamsun - mikilvægur og umdeildur". Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.nordice.is.

**➜ Dans**

14.00 Íslenski dansflokkurinn verður með fjölskyldusýningu í **Borgarleikhúsinu** þar sem sýnd verða brot úr fimm verkum. Ókeypis fyrir börn 12 ára og yngri.

**➜ Leiðsögn**



14.00 **Steingrímur Eyfjörð og Dagný Heiðdal** leiða gesti um sýninguna „Falinn fjársjóður: Gersemar í þjóðareign?" sem stendur nú yfir í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

14.00 **Haukur Snorrason** ljósmyndari spjallar við gesti um ljósmyndasýningu sína sem nú stendur yfir í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Síðasta sýningarhelgi. Opið lau. kl. 11-16 og sun. kl. 14-16.

14.00 Í **Þjóðminjasafni Íslands** við Suðurgötu verður boðið upp á barnaleiðsögn um safnið. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

15.00 **Guðjón Ketilsson** verður með leiðsögn um sýningu sína „Hlutverk" sem nú stendur yfir í Listasafni ASÍ við Freyjugötu 41. Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



### > TÍSKUSÝNING ESKIMO

Í dag verður vegleg sýning á hausttískunni í Smáralind þar sem fyrirsætur frá umboðsskrifstofunni **Eskimo** sýna. Tískuhönnuðurinn **Ási Ásmundsson** hefur látið útbúa forláta gyllt svið og það verða þrjár sýningar yfir daginn, sú fyrsta kl. 13, önnur kl. 14.15 og svo undirfatasýning kl. 17.

# stíll

utlit@frettabladid.is



**Æðislega kósí röndótta og síða vetrarpeysu** frá Max Mara. Fæst hjá GK, Laugavegi.




**Nýja rakagefandi meikið** frá Bobbi Brown sem er ótrúlega eðlilegt og veitir húðinni ljóma.

## OKKUR LANGAR Í ...



**Tryllta skó frá Kron** by Kron Kron sem eru sannkölluð lita- og mynstursprengja.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Jogginggallagildran*

Það er eitt dálítið einkennilegt við þennan eilífa pörunarleik mannkynsins. Ég furða mig oft á því að hjá mörgum virðist það vera þannig að það að fara út á lífið og hafa fyrir því hvernig maður lítur út sé eitthvað sem er einungis gert í því skyni að finna maka. Þegar slíkt ferli svo heppnast þá tekur þetta sama glæsilega fólk sig til og ákveður að fyrst það hefur fundið draumalífsförunautinn þá sé gersamlega tilgangslaust að gera nokkuð annað en að kúra saman heima í sófanum yfir Domino's pizzu og spólu. Flestir hafa nú sennilega dottið í þá gryfju að fitna aðeins þegar þeir fara í fast samband enda ótrúlega freistandi að eyða nautnalegum kvöldum saman í matar- og rauðvínssukki. En þegar stórglæsileg og skemmtileg pör nenna varla út úr húsi lengur né úr jogginggallanum nema þá til að stoppa í Bónusvídeó þá er slíkt farið að ógna sjálfstraustinu og jafnvel sambandinu. Auðvitað er það alveg yndislegt þegar manneskju finnst maður alltaf fallegur. Hvaða kona kannast ekki við það að hlæja að sturluninni þegar kærastinn hennar segir henni að hún sé aldrei fallegri en nývöknuð með bauga niður á tær og hárið út í loftið. „Þessir karlmenn", flissum við en gleymum því að þeim finnst við líka alveg voðalega sætar í pinnahælum með rauðan varalit. Hvenær byrjar svo þessu fólki að verða sama um hvernig það lítur út? Þetta byrjar kannski með því að í stað kynþokkafulls nærfatnaðar koma gamlar slitnar Sloggibuxur, næst er það andlitsmaskinn í rúmið í stað varalitarins og á endanum eru hlutir eins og að fjarlægja líkamshár orðnir algjörlega óþarfi. Hvað strákana varðar þá kannski nenna þeir ekki að raka sig lengur, ræktin verður minningin ein og allt í einu finnst þeim góð hugmynd að ganga í sömu sokkunum í fimm daga samfleytt. Svo geta slíkir hlutir verið partur af einhverskonar krípí sálrænum leik milli manns og konu. Kona sem ég þekki er gift manni sem þolir ekki þegar hún fer út á lífið í stuttu pilsi eða lætur sjást í brjóstaskoruna. Samkvæmt honum ætti hún væntanlega bara að sitja heima í búrku. Sumir segja að það sé hluti af sannri ást að þurfa ekkert að spá í það lengur hvernig maður lítur út, svona eins og maður gerði þegar maður var einhleypur. En aðrir myndu sennilega telja að þegar manni byrjar að vera alveg sama um hvernig maður lítur út þá sé maður í rauninni að segja hinum aðilanum að manni sé alveg sama um hvað þeim finnst um mann lengur.






**GRÁTT** Falleg og klassísk buxnadragt frá Dolce & Gabbana.



**KÓSÍ** Þessi loðna taska frá Givenchy minnir á hlýjan kjölturakka undir handleggnum.

AÐ KLÆÐA AF SÉR VETURINN:

# LOÐFELDIR OG KÁPUR

Fyrsti snjórinn féll í síðustu viku og margar konur væntanlega farnar að spá í að taka fram pelsinn eða fjárfesta í gæðalegum og hlýjum flíkum. Það er líka alltaf fallegt að setja á sig mörg lög af mjúkri ull og ekkert nema svalt við það að vera með stóran trefil og flotta húfu. Snið á kápum og loðfeldum þetta haustið eru margvísleg og bæði er mikið verið með víðar flíkur til jafns við klassískari þrengri kápur.

Hér er smá innsýn í hvernig hönnuðirnir Dolce og Gabbana, Ricardo Tisci fyrir Givenchy og Christopher Bailey fyrir Burberry tækla veturinn. - amb



**KLASSÍSK** Töff og þröng svört kápa við há leðurstígvél frá Givenchy.



**SVART OG HVÍTT** Dásamlega falleg kápa frá Givenchy sem minnir á mexíkóskotið rokk og ról.



**LOÐNIR FÆTUR** Það væsir ekki um kaldar tær í þessum dásamlegu loðstígvélum frá Givenchy.



**VÍTT** Flottur víður pels yfir leggings og pils úr grárri ull frá Burberry.


Haust 2009
Það eru tæplega 100 ár frá því
að fyrstu jakkafötin okkar voru
saumuð á klæðskeraverkstæði
Andersen & Lauth í Reykjavík.
Við vorum að taka upp haust 2009
línuna okkar, frábært úrval.
Við elskum að gera falleg föt.
e.s. Vorum að opna nýja herra og
nýja dömuverzlun að Laugavegi 7.
Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1934
Herraverzlun sími 551 6811, Laugavegur 7
www.andersenlauth.com

> DULNEFNI SPEARS

Í nýrri ævisögu söngkonunnar Britney Spears kemur fram að hún eigi sér fjöldan allan af dulnefnum sem hún notar þegar hún dvelur á hótelum. Má þar nefna nöfn á borð við Ms. Alotta Warmheart og Mrs. Abra Cadabra.

# Fólk

folk@frettabladid.is



# Letterman viðurkennir framhjáhald

Spjallþáttastjórnandinn David Letterman kom áhorfendum sínum í opna skjöldu nýverið þegar hann viðurkenndi, í beinni útsendingu, að hann hefði átt í kynferðislegu sambandi við fjölmargar samstarfskonur sínar á undanförnum árum. Letterman, sem giftist sambýliskonu sinni, Reginu Lasoko, í mars, gerði þetta þó ekki að gamni sínu því hann upplýsti einnig að starfsmaður CBS, sjónvarpsstöðvarinnar sem Letterman er á mála hjá, hefði reynt að kúga fé út úr honum. Sá sagðist hafa sönnunargögn fyrir því að Letterman hefði stundað þetta ósiðsamlega athæfi og ætlaði að skrifa bæði kvikmyndahandrit og bók um þetta kynsvall Lettermans. Þáttastjórnandinn leitaði í kjölfarið til saksóknara í New York og var kynlífsskúgarinn í kjölfarið handtekinn.

Myndband með ræðu Lettermans hefur farið sem eldur í sinu á netinu og þetta þykir ein stærsta fréttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Illu heilli fyrir Letterman var Chicago ekki valin til að hýsa Ólympíuleikana 2016 en það hefði getað beint kastljósinu í aðrar áttir. Myndbandið þykir ekki síst skondið í ljósi þess að áhorfendur skella upp úr á mjög vandræðalegum stöðum en þagna um leið og þeim verður ljóst að Letterman hélt framhjá konunni sinni.



**SKRÝTIÐ MÁL** David Letterman viðurkenndi í beinni útsendingu að hann hefði átt í kynferðislegu sambandi við fjölmargar konur á sjónvarpsstöðinni CBS.


**Hæfniskröfur:**
- Bifvélavirki, langt kominn bifvélavirkjanemi eða maður með góða reynslu
- Grunnkunnátta í tölvum
- Gilt bílpróf

**Vinnutími:**
- Frá kl. 8:00 til 17:00, mánudaga til föstudaga
- Frá kl. 9:00 til 13:00, þriðja hvern laugardag

**Bifvélavirki**

Bifvélavirki, bifvélavirkjanemi eða maður með góða reynslu óskast á Max1

Max1 hraðþjónustuverkstæði sérhæfir sig í:
Hjólbarða-, bremsu-, smur-, rafgeyma-, dempara- og þrifþjónustu

**Umsókn:**
Farðu á max1.is og sæktu um starfið. Umsóknarfrestur er til 15. október 2009. Nánari upplýsingar veitir Lovísa Jónsdóttir launa- og starfsmannafulltrúi í síma 515-7188.

**Reykjavík, sími 515 7190:** Bíldshöfða 5a, Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
**Akureyri, sími 462 2700:** Tryggvabraut 5.
**Skoðaðu www.max1.is**

MAX1 BÍLAVAKTIN








# GLÆSILEGT AFMÆLI MARÍU

**Söngskóli Maríu Bjarkar fagnaði fimmtán ára afmæli á fimmtudaginn en þar hafa margar af fremstu söngkonum landsins stigið sín fyrstu skref í átt til frægðar og frama.**

Söngskólinn hefur um árabil haft marga af fremstu söngvurum landsins sem kennara og nægir þar að nefna Regínu Ósk, Heru Björk og Emilíu úr Nylon-flokknum gamla. Eflaust er þó á engan hallað þegar fullyrt er að stjarna skólans sé um þessar mundir Jóhanna Guðrún, silfurstjarnan frá Eurovision-keppninni í Moskvu. Jóhanna er nánast alin upp innan veggja Söngskólans og var uppgötvuð þar af skólastjóranum, Maríu sjálfri.

Óhætt er að fullyrða að allir geta fundið nokkuð við sitt hæfi hjá Söngskólanum því boðið er upp á námskeið fyrir krakka niður í þriggja ára aldur. Þá hafa geisladiskar söngskólans, Söngvaborg, slegið í gegn hjá smáfólkinu, sem þykir fátt jafn skemmtilegt og að dilla sér við skemmtilegar útfærslur af barnalögum. Fjöldi vina og velunnara skólans mætti að sjálfsögðu í afmæli sem var haldið í húsakynnum skólans við Fákafen 11. - fgg



**MARÍA OG KÆRASTINN** Skötuhjúin Örn Sævar Hilmarsson og María skörtuðu sínu fegursta í afmæli Söngskólans og voru augljóslega ánægð með veisluna.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GAMAN SAMAN** Þær Lísa, Alma Rut og Gunnhildur létu sig ekki vanta í Fákafenið.



**STEDARAR Í STUÐI** Sara Dís Hjaltested og Árni Kjærnested kíktu við í Söngskóla Maríu Bjarkar.



**KENNARAR SKÓLANS** Guðbjörg og Sesselía eru meðal kennara skólans og voru að sjálfsögðu í miklu stuði.

# Russell Brand bætir Katy Perry á listann

Samkvæmt nýjustu fréttum vestanhafs fór ofurdólgurinn Russell Brand með hina fagurskköpuðu Katy Perry í ferðalag til Taílands á dögunum.

Engum sögum fer af því hvað gekk á í ferðinni, en Brand er þekktur kvennabósi með gríðarlega langan lista af ástkonum. Hvorki Brand né Perry hafa staðfest sögusagnirnar, en sú síðarnefnda þykir hafa komið upp um sig þegar hún skrifaði eftirfarandi skilaboð á Twitter-síðu sína: „Eftir vikudvöl í Taílandi er ég tilbúin að horfast í augu við lífið aftur. Er í einkakennslu um Morrissey, Oscar Wilde og Peter Sellers... Innblásin!“ Russell Brand er mikill aðdáandi þessa þriggja manna og hefur án efa kennt Perry sitthvað um líf þeirra og listir.

Upphaf sambandsins má rekja til MTV-myndbandaverðlaunanna sem fóru fram á dögunum. Þau náðu vel saman í partíi eftir hátíðina og eiga að hafa kysst hvort annað – á munninn! - afb



**KVENNABÓSI** Russell Brand kann lagið á dömunum.



**SKUTLA** Katy Perry er fögur eins og morgunsólin í Bláfjöllum.

# Auðvaldið fær misjafna dóma

**Nýjasta mynd Micahels Moore, Capitalism: A Love Story (Auðvald: Ástarsaga), fær afar misjafna dóma í Bandaríkjunum þar sem hún var nýlega frumsýnd. Rolling Stone segir: „Þessi mynd gæti breytt lífi þínu. Ég grét af hlátri.“ En Salon segir: „Þetta er sannarlega ástarsaga, en hún fjallar minnst um galla auðvaldsins og því meira um dálæti Michaels á sinni eigin röddu og því sem honum finnst vera sín eigin greind.“**

**Myndin verður frumsýnd á Íslandi 23. október í Háskólabíói.**



**UMDEILDUR** Kvikmyndagerðarmaðurinn Michael Moore.


Nýtt
í Skífunni!
S·K·Í·F·A·N
Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is
MICHAEL NYQVIST NOOMI RAPACE PETER HABER
LENA ENDRE PETER ANDERSSON
KARLAR SEM HATA KONUR
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON
"Karlar sem hata konur er hrein snilld."
S.V. MBL
2.499 kr.
BÍÓMIÐI
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM
Bíómiði á Stúlkan sem lék sér að eldinum fylgir á meðan birgðir endast
PS3 HELGAR-TILBOÐ
59.999 kr.
FIFA 10
"Frábær. Aftur.." 9 af 10
- Official PlayStation Magazine
"Fifa er allt það sem aðdáendur knattspyrnu geta ímyndað sér, þú verður einfaldlega að eignast þennan.." 10 af 10
- Eurogamer Italy
Tónlist
MADONNA CELEBRATION
MUSE
TINA Live
Á Ljúflingshól
KOMDU Í KVÖLD
DVD
The Simpsons
SEASON 12
FAST & FURIOUS

# Frábærar nýjar kiljur




**DJÖFULLINN ER MÆTTUR TIL MOSKVU!**
*Meistarinn og Margaríta* eftir Mikhaíl Búlgakov. Ein af bestu skáldsögum 20. aldar – margslungið verk um eilífa baráttu góðs og ills í þýðingu Ingibjargar Haraldsdóttur.




**EINSTÖK BÓK Í ÍSLENSKRI BÓKMENNTASÖGU**
*Snaran* eftir Jakobínu Sigurðardóttur er loksins fáanleg aftur. Áhrifamikil og snilldarlega skrifuð ádeila eftir eina af okkar bestu skáldkonum.

## VERTU FÉLAGI Í KLASSÍSKA KILJUKLÚBBNUM

**Eigulegar bækur á einstöku verði. Klassíski kiljuklúbburinn býður upp á íslensk öndvegisrit og úrval þýddra heimsbókmennta í ódýrri og handhægri útgáfu.**

**AÐEINS 990 KR. BÓKIN**

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

**SKRÁÐU ÞIG**
með því að hafa samband í síma 575 5600 eða senda póst á forlagid@forlagid.is
www.forlagid.is/klubbar


# Obama kom ekki til Frikka



**VAKTI MIKLA ATHYGLI** Boðskort Friðriks til Barack Obama vakti töluverða athygli en veitingahúsamaðurinn bindur vonir við að forsetinn komi í desember.

„Hann mætti ekki en ég bind vonir við að hann komi í desember. Hann var líka svo stuttan tíma hérna," segir Friðrik Weisshappel, eigandi Laundromat í Kaupmannahöfn. Hann tók sig til, keypti heilsíðuauglýsingu í danska stórblaðinu Politiken og bauð Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, í hamborgara. Til þess að boðskortið færi nú örugglega ekki framhjá Obama voru auglýsingaspjöld hengd upp um alla borg en allt kom fyrir ekki, Obama hafði ekki tíma til að koma með konu sinni og fá sér hamborgara. Obama kom til Danmerkur í gær til að leggja sitt á vogarskálarnar í baráttunni um Ólympíuleikana 2016 en heimaborg hans, Chicago, var ein þeirra sem kom til greina. Obama mátti sín lítils því Rio de Janeiro var valin. Friðrik segir Kaupmannahöfn hafa farið á annan endann í bókstaflegum skilningi, götum hafi verið lokað, flugvöllum líka og bein útsending var frá öllum fimm tímunum sem Obama dvaldist í Kaupmannahöfn á stærstu sjónvarpsstöðvum landsins.

Friðrik segist hafa fengið gríðarlega góð viðbrögð við þessu uppátæki sínu en fjallað hefur verið um boðskortið á nokkrum erlendum vefsíðum sem og í öðrum dönskum fjölmiðlum. Athafnamaðurinn hyggst þó ekki ætla að bjóða upp á Barack-borgara í kjölfarið. „Nei, mér finnst það alltof auglýsingalegt, það er líka búið að gera það einhvers staðar." - fgg

# Þjóðin losnar ekki við mig

**Gamansketsar Steinda Jr. sem sýndir voru á Skjáeinum í sumar gerðu piltinn að einum vinsælasta grínista landsins á mjög skömmum tíma. Fréttablaðið yfirheyrði þennan dreng sem er stoltur af því að búa í Mosfellsbæ.**



**KOMINN TIL AÐ VERA** Von er á nýjum gamanþáttum með Steinda Jr. í byrjun næsta árs. Hann segir að íslenska þjóðin losni ekki við hann á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hægt er að finna fjölda myndbrota með Steinda, sem réttu nafni heitir Steinþór Steinþórsson, á vefsíðunni Youtube.com, þar á meðal er gamalt myndskeið frá árinu 1999 þar sem Steindi gerir sofandi móður sinni ljótan grikk. Aðspurður segist hann hafa tekið upp gamanefni frá því að hann var smá gutti. „Ég hef verið að taka upp sketsa frá því að ég man eftir mér og myndbandið með mömmu var það fyrsta sem ég gerði. Ég hafði keypt mér nýja myndavél fyrr um daginn sem þurfti að hlaða í marga klukkutíma og þegar hún var fullhlaðin ákvað ég að vekja mömmu með þessum hætti. Ég skráði myndina í stuttmyndakeppni Skjáseins og Hins hússins sama ár og hún var valin „Frumlegasta myndin" og var send ásamt hinum sigurmyndunum á einhverja kvikmyndahátíð í Berlín. Ég veit samt ekkert hvað varð um hana."

### Byrjar daginn á bjór

Steindi vinnur nú að nýju efni ásamt Ágústi Bent, sem klippti og framleiddi gamanþættina fyrir Mónitor, fyrir nýjan þátt sem sýndur verður á Skjáeinum í janúar á næsta ári. Þátturinn hefur hlotið nafnið Steindinn okkar og verður að sögn Steinda ferskur og hárbeittur. „Þegar við Ágúst Bent unnum að þáttunum fyrir Mónitor töluðum við um að reyna að komast að með okkar eigin þátt. Þetta verður ferskur og beittur þáttur með skemmtilegum karakterum og tónlistaratriðum," útskýrir Steindi sem er að eigin sögn algjörlega takt- og laglaus.

Tökur á þáttunum hefjast 17. október og að sögn Steinda hefur gengið vel að semja handritið að þáttunum. „Þetta er búið að vera algjört letilíf sem við höfum lifað. Við byrjum daginn yfirleitt á því að sturta í okkur nokkrum bjórum til að liðka okkur og svo keðjureykir maður ofan í það. Við sitjum svo og köstum á milli okkar hugmyndum að efni allan daginn. Það er nokkur pressa sem fylgir þessu því við verðum að skrifa ákveðið marga sketsa á dag til að eiga nógu mikið efni fyrir þáttinn. Við komum með kannski þrjátíu nýjar hugmyndir á dag, en mikið af því er ónothæft kjaftæði."

### Kyntákn með bumbu

Aðspurður segist Steindi ekki finna fyrir auknum vinsældum sínum og vill ekki kannast við það að vera orðinn frægur. „Mér finnst ég ekkert vera frægur. Það er helst að maður verði var við að unglingar horfi á mann úti á götu eða að drukkið fólk komi og spjalli við mann. En ég hef bara gaman af því."

Auk þess að vera orðinn þekkt andlit hélt fyrrverandi ritstjóri tímaritsins Mónitors því eitt sinn fram að Steindi væri kyntákn sinnar kynslóðar. Spurður út í þau ummæli segist Steindi algjörlega ósammála. „Ef það að vera kyntákn þýðir að vera lágvaxinn með úfið hár og bumbu, þá já, þá er ég mikið kyntákn."

Vinsældir Steinda urðu til þess að stofnaður var hópur á samskiptavefnum Fésbók þar sem óskað var eftir því að Steindi yrði fenginn í hóp þeirra leikara sem fara með hlutverk í áramótaskaupi Sjónvarpsins. „Mér fannst mjög gaman að heyra af þessu enda er þetta mikið hrós." Inntur eftir því hvort hann muni taka að sér hlutverk standi það til boða segir hann það fara eftir ýmsu. „Ef handritið er gott þá mundi ég að sjálfsögðu gera það, en ég mundi ekki taka að mér að leika hvað sem er. Ég mundi til dæmis ekki leika Davíð Oddsson og vera með krullur eða eitthvað álíka ógeðslegt."

### Keyrir um á druslu

Talið berst frá Davíð Oddssyni að efnahagsástandinu og segist Steindi hafa sloppið ágætlega frá bankahruninu. Hann ekur um á gömlum bíl og keypti sér íbúð í Mosfellsbæ á hagstæðum lánum. „Ég slapp nokkuð vel. Ég tók engin myntkörfulán og keyri um á heimsins mestu druslu sem ég þarf reglulega að ýta í gang og er alltaf að bila." Spurður út í IceSave-samninginn og afsögn Ögmundar Jónassonar segist Steindi lítið velta sér upp úr pólitík. „Ég veit ekki með þessa pólitík í dag, mér finnst hún vera algjört djók. Þetta er allt saman bara algjört djók."

Spurður út í framtíðaráform sín segir Steindi að þau séu enn óráðin. „Ég veit ekki nákvæmlega hvað ég tek mér fyrir hendur í framtíðinni, en ég ætla alveg örugglega ekki í lögfræði."

Skemmtilegast þykir mér að skrifa og leiklistin höfðar einnig til mín. Það gæti vel verið að maður leggi hana fyrir sig í framtíðinni," segir Steindi. „Þegar tökum á Steindanum okkar er lokið langar mig líka að prófa að skrifa uppistand og fara á smá flakk með það. En ég er kominn til að vera, það er alveg víst. Þjóðin er ekkert að fara að losna við mig. Þetta er bara rétt að byrja."

sara@frettabladid.is

# Rauðari Fabúla á nýrri plötu

Ný plata með Fabúlu, In Your Skin, kemur út í lok október. „Platan var tekin upp niðri við höfn í Hafnarfirði í hljóðveri Rafnsbræðra, Error, við vængjaþyt og fiskiilm," segir Margrét Kristín Sigurðardóttir, Fabúla. „Platan dvelur meira við léttu hliðar lífsins frekar en þær angurværu eins og síðasta platan, Dusk, gerði. Dusk var blá, en þessi rauðari."

Plötuna tileinkar Margrét foreldrum sínum, þeim Jóhönnu G Möller og Sigurði Pálssyni. „Það er eitt lag til hvors þeirra á plötunni. „Ból mitt" heitir mömmu-lag og hefst inni í henni – en bólið hefur enn merkingu, því hjá henni er eilífur griðastaður. Ég ólst upp vestast í vesturbænum með móa, tjarnir, fjöru, torfæruhóla og öskuhauga sem leiksvæði. Dagarnir voru samfellt ævintýri og heima beið mamma brosandi með faðminn útbreiddan. Lagið er óður til hennar fyrir að vera þessi vermandi eldur, en eira samt svo lengi á sama stað."

Margrét segir „pabba-lagið" heita „í gegnum glerið" – „Við pabbi sáumst fyrst í gegnum gler. Mamma fékk blóðtappa í kjölfarið á fæðingunni, svo við mæðgurnar þurftum að vera nokkrar vikur á sjúkrahúsi. Í þá daga fengu feðurnir ekki að snerta börnin sín á fæðingardeildinni, aðeins að horfa á þau í gegnum gler. „Í gegnum glerið" fann ég fyrir hlýrri nærveru hins dökkhærða manns og fann að hjarta mitt var gróðursett í hjarta hans."

Næstkomandi þriðjudag heldur Fabúla „forútgáfutónleika" á Rósenberg og hefjast þeir klukkan 21. Með henni leika Birkir Rafn Gíslason á gítar, en hann vann nýju plötuna með Margréti, Jökull Jörgensen á bassa, Scott McLemore á trommur, Margrét Árnadóttir á selló og Unnur Birna Björnsdóttir á fiðlu. Fyrsta lagið af plötunni, „Monster", má nú heyra á myspace.com/fabulaband.

- drg



**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR Á ÞRIÐJUDAGINN** Margrét Kristín Sigurðardóttir, Fabúla, með trommu á bakinu.
MYND/BÖRGE WIGUM

# Kippi fær sjöu

Tónlistarmaðurinn Guðmundur Vignir Karlsson hefur verið að grúska í tónlist undir nafninu Kippi Kaninus um nokkurra ára skeið. Fyrir fjórum árum gaf hann út plötuna Happens Secretly sem fékk ágætis viðtökur. Í vikunni dúkkaði upp dómur um plötuna á vef Clashmusic.



**KIPPI KANINUS**

Gagnrýnandinn, David Renshaw, fer nokkuð fögrum orðum um plötu Kippa. Hann segir tónlistina áhugaverða raftónlist sem krefjist þess að hlustað sé vel á hana. Platan fær 7 í einkunn af 10 mögulegum.



**WEEZER** Kallarnir koma sífellt á óvart.

# Weezer leitar til Lil' Wayne

**Rivers Cuomo og félagar í hljómsveitinni Weezer fá hjálp frá hinum fagurskreytta Lil' Wayne á nýjustu plötu sinni, Raditude, sem kemur út í enda október.**

**Wayne og Weezer koma saman fram í laginu Can't Stop Partying, en búast má við að uppátækið falli í grýttan jarðveg aðdáenda Weezer. Þá er óvíst hvernig aðdáendur Lil' Wayne taka fréttunum, en hann hefur undanfarið unnið að plötunni Rebirth sem á að marka fyrstu skref hans í rokkbransanum.**

**„Það var mikil þrekraun fyrir mig að taka slípuðu hugmyndirnar hans og láta þær virka með rokkinu okkar," segir Cuomo. „Margir rapparar hefðu slegið þessu upp í kæruleysi, en hann gaf laginu tóninn sem ég var að leita að."**

**Þetta er ekki eina óhefðbundna leiðin sem Weezer fer á plötunni, en hljómsveitin mun flytja blöndu af MGMT-slagaranum Kids og Lady Gaga-smellinum Poker Face.**

# Vill kjúkling

Samkvæmt tímaritinu The Vibe hagaði rapparinn Kanye West sér eins og díva baksviðs á góðgerðatónleikum í Hollywood. Sagan segir að þegar Kanye sá aðra gesti samkomunnar narta í kjúklingabita hafi hann misst stjórn á skapi sínu og heimtað bita handa sjálfum sér. „Af hverju var mér ekki boðinn kjúklingur? Á ég að koma fram án þess að þiggja neitt að launum, allir aðrir eru að borða, af hverju er ég ekki að borða?" á hann að hafa öskrað á einn þjóninn. Rapparinn fékk í kjölfarið kjúklingabitann sinn og því fékk sagan farsælan endi.



**DÍVA** Rapparinn er þekktur fyrir skap sitt.




# EGÓ OG STRUMPARNIR SNÚA AFTUR

**Jólin og jólaplötuflóðið nálgast. Þótt margar stórkanónur eins og Björgvin og Hjálmar hafi nú þegar gefið út sína diska er von á mörgum athyglisverðum útgáfum á næstu vikum og mánuðum.**

Á „hrunadaginn“ mikla, 6. október, gerast þau stórtíðindi að Egó mætir með nýja plötu, sem heitir einfaldlega 6. október. Lagið sem hóf endurkomu Egósins, „Kannski varð bylting vorið 2009“, er ekki á plötunni, ekki frekar en Þjóðhátíðarlagið. Öll hin nýju Ególögin eru hins vegar á sínum stað, auk fleiri nýrra, samtals tólf lög. „Mjög sterk plata“ er orðið á götunni.

**Friðrik Ómar og Jógvan** eru saman skráðir fyrir plötunni Vinalög. Þar eru tíu vel þekkt íslensk lög sem Jógvan syngur á færeysku og tíu vel þekkt færeysk lög sem Friðrik Ómar syngur á íslensku. Þessi plata kemur út 12. október eins og önnur sólóplata **Hafdísar Huld**, Synchronised Swimmers.

Seinna í mánuðinum kemur ný plata með **Ellen Kristjánsdóttur**, Draumey. Pétur Ben stýrði upptökum á plötunni. **Helgi Björns** kemur með plötuna Kampavín, en þar syngur hann lítt þekkta amerríska R&B-slagara við íslenska texta. Tregagás heitir ný plata með **Ragnheiði Gröndal**, sem er sjálfstætt framhald þjóðlagaplötu Röggu frá 2006.

Í nóvember er von á nýrri sólóplötu frá **Stefáni Hilmarssyni**, sem nefnist Rökkur (söngvar um ástina og lífið), og fyrsta sólóplata **Jóhanns G. Jóhannssonar** í langan tíma kemur einnig í nóvember og heitir Á langri leið. Þá er ný **Strumpa**-plata væntanleg, þar sem bláu krílin syngja nýja íslenska slagara eins og „Bahama“ og „Þú komst við hjartað í mér“.

### Fullt af rokki

Verið er að fínpússa nýjustu plötu stórsveitarinnar **Hjaltalín** í þessum töluðum orðum. Platan er enn nafnlaus en ætti að koma út um miðjan nóvember. Þriðja plata **Morðingjanna** heitir Flóttinn mikli og á að koma út 10. nóvember. Rokksveitin **Me, the Slumbering Napoleon** kemur með plötu í fullri lengd um svipað leyti. Hún á að heita The Bloody Core of It All og eitt lagið heitir því áhugaverða nafni „I Wanna Know Things About Stuff“. Þriðja plata **Kimono** mun detta inn fyrir jól og heitir „Easy Music for Difficult People“. Seabear er nánast tilbúin með nýja plötu sem kemur þó ekki fyrr en eftir jól, en náfrændi Seabear, **Sin Fang Bous,** kemur að öllum líkindum með nýja plötu. Platan „Found Songs“ sem **Ólafur Arnalds** gerði á einni viku kemur út fyrir jól en Ólöf Arnalds bíður með sína plötu fram á næsta ár. Þá er **Snorri Helgason** úr Sprengjuhöllinni nánast tilbúinn með sína fyrstu plötu, en fyrsta lagið sem heyrðist af henni, „Freeze Out“, hefur verið að gera það gott. **Lay Low** gefur út Flatey, sem inniheldur lög frá ferlinum tekin upp á tónleikum í Flatey. Þá leiða þau Eberg og Rósa í Sometime saman hesta sína á heilli plötu undir nafninu **Feldberg**.


**LENGI VON Á EINUM** Jóhann G. Jóhannsson kemur með Á rangri leið í nóvember.

### Og enn meira rokk og popp!

Önnur plata **Bloodgroup** kemur út í nóvember. Þriðja plata **Láru Rúnarsdóttir**, Surprise, kemur út 13. október, sem og fyrsta breiðskífa hljómsveitarinnar **Sykur**, Frábært eða frábært. Á plötunni syngja Katrína Mogensen úr Mammút og Rakel Mjöll Leifsdóttir og Erpur Eyvindarson rappar eitt lag. Helmingur plötunnar verður svo ósunginn. Kölskaútgáfa Barða í Bang Gang gefur út nýjar plötur með rokksveitunum **Ourlives** og **Diktu**. Þetta er fyrsta plata Ourlives en þriðja plata Diktu. Frá smámerkinu Brak eru væntanlegar plötur með proggsveitinni **Caterpillar Man** og safnplata með trúbadornum **Insol**. Þetta verða síðustu plötur Braks á árinu, en í desember verður öllum plötunum safnað saman í kassa. Talandi um kassa, þá er von á öllum fjórum plötum **Hjálma** á vínylplötum og verða þær seldar saman í kassa, en einnig hver í sínu lagi. Margrét Kristín **Fabúla** gefur út sólóplötuna sína In Your Skin og von er á nýrri plötu með **Jóhanni Jóhannssyni** Apparatmanni. **Buffið** tekur fyrir nokkur lög eftir Magnús Eiríksson á plötunni Reyndu aftur. Platan er væntanleg 10. október, sama dag og ævisaga Magnúsar, sem heitir líka Reyndu aftur, kemur út.

Eflaust á mjög margt eftir að bætast við þessa upptalningu. Það er því alveg á hreinu að tónlistaráhugafólk kemst í feitt fyrir þessi jól eins og þau fyrri.

drgunni@frettabladid.is


**6. OKTÓBER** Egó snýr aftur 25 árum síðar með fjórðu plötuna.


**BLÁTT POPP** Strumparnir koma með nýja plötu!





**Í GÓÐUM HÓPI** Enginn bankamannanna lét sjá við verðlaunaafhendinguna.

## Íslenskir bankamenn fá verðlaun

Hin svokölluðu IG-nóbelsverðlaun voru nýlega veitt þeim sem skarað hafa fram úr í bjánaskap. Tímarit Harvard-háskólans veitir verðlaunin stuttu fyrir hin eiginlegu Nóbelsverðlaun.

Verðlaun eru veitt í tíu flokkum og fengu föllnu íslensku bankarnir þrír auk Seðlabankans verðlaun í hagfræði fyrir að sýna fram á að hægt sé að breyta smábönkum í stórbanka, og öfugt – og fyrir að sýna fram á að hægt sé að gera svipað við hagkerfi heillar þjóðar. Enginn frá Íslandi var viðstaddur til að taka við háðungarverðlaununum, en flestir hinna létu sjá sig. Þar á meðal voru menn frá háskólanum í Bern sem fengu „friðarverðlaun“ fyrir að sýna fram á að áhrifameira er að slá fólk í hausinn með fullri flösku en tómri, þrír Ameríkanar sem fengu „lýðheilsuverðlaun“ fyrir að finna upp brjóstahaldara sem auðveldlega má breyta í gasgrímu og Englendingar sem fengu verðlaun í flokki dýralækninga fyrir að sýna fram á að kýr sem bera nöfn mjólka meira en nafnlausar kýr.

Tónlist ★★★

**Sehr Gut Cocktail**
DJ Musician

### Góður en fábreyttur kokkteill




Sehr Gut Cocktail er önnur plata DJ Musician í fullri lengd, en sú fyrri, My Friend Is a Record Player, kom landsmönnum í stuð fyrir fimm árum. Í millitíðinni kom svo smáskífan frábæra Klinsi sem skartaði bráðfallegri mynd af Jürgen Klinsmann á framhlið umslags.

Tónlist DJ Musician er gamaldags partíteknó – einfalt og melódískt. Áhrifa gætir frá þýsku teknófrumherjunum í Kraftwerk og stemningin og hljómurinn eru líka í anda níunda áratugarins. Platan hefst á snilldarlaginu „Techno Liebe“ og svo tekur hver pumpandi stuðsmellurinn við af öðrum. Það er húmor í tónlistinni sjálfri og líka laganöfnunum. „Rave Sehr Gut“, „I Love Happy Hour“ og „Kristin Tanzt“ eru ágæt dæmi. Lögin eru misgóð, en platan endar eins og hún byrjar á hápunkti – laginu „I Put My Hand Up In the Air“ en í því nýtur DJ Musician liðsinnis Foxy Princess.

Á heildina litið er Sehr Gut Cocktail hin besta skemmtun, en tónlistin er samt full einhæf fyrir plötu í fullri lengd. Þetta hefði verið fullkomin fimm laga EP.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Frekar einhæf en full af pumpandi partístuði.


RISA
Einstaka titlar fást einnig
í ELKO Skeifunni
DVD MARKAÐUR
Í ELKO LINDUM
PAUL RUDD JASON SEGEL
I LOVE YOU, MAN
HE NEEDED A BEST MAN... HE GOT THE WORST.
895 895 895 895 895 895
1.495 495 995 395 995 995
1.495 395 995 1.495 495 1.495
2.495
I LOVE YOU MAN
ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
Símsala s: 575-8115
Almennar upplýsingar s: 544-4000
Lindum - Skeifunni - Vefverslun ELKO.is




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 2, 4, 7 og 10 | 16 |
| FUNNY PEOPLE | kl. 7 og 10 | 12 |
| BIONICLE - Íslenskt tal | kl. 2 og 5(650 kr.) | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SURROGATES | kl. 4 - 6 - 8D - 10:10D | 12 |
| SURROGATES | kl. 12 - 2 - 8 - 10:10 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 12D - 1 - 2D - 3 - 4D - 5 - 6D | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| FUNNY PEOPLE | kl. 5 | VIP |
| HAUNTING IN CONNECTICUT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| DISTRICT 9 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| BANDSLAM | kl. 5:45 | L |
| WHALE WATCHING MASSACRE | kl. 10:50 | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 1 - 1:30 - 3:20 - 3:40 | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 10 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 12 - 2 | L |

SPARbíó
550 KR Á Á MYNDIR MERKTAR APPELSÍNUGULU OG 850 Á MYNDIR MERKTAR GRÆNU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SURROGATES | kl. 6:10 - 8:20D - 10:30D | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 12D - 2D - 4D - 6D | L |
| KRAFTUR | kl. 5:50D - 7D | L |
| DISTRICT 9 | kl. 8:20 - 10:40 | 16 |
| FINAL DESTINATION 4 | kl.10:30 | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 11:50(3D) -1:50(3D) - 3:50(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 12 - 2 - 4 | L |
| UP M/ ensku. Tali | kl. 8:20 (bara laugardag) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl 2 - 4 - 6 | L |
| SURROGATES | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| UP M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:50 | L |
| DISTRICT 9 | kl 6 | 16 |
| FUNNY PEOPLE | kl. 8 | 12 |
| HAUNTING IN CONNECTICUT | kl 10:40 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM L | kl. 2.30 - 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| JENNIFER'S BODY | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| BIONICLE ÍSLENSKT TAL | kl. 1 - 3 | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 1 - 3.30-5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 1 (950) - 3.10 | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 1 - 3 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 3-4.30-6 - 7.30 -9-10.30 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| ANTICHRIST | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 18 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 650 kr.

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| JENNIFER'S BODY | kl.5.45 - 10 | 16 |
| BIONICLE ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 8 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 3 - 5.50 - 8.30 - 11 | 14 |
| JENNIFER'S BODY | kl. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 3.30 - 5.45 - 10.15 | 16 |
| BEYOND REASONABLE DOUBT | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |

750 kr. Merkt bláu




## KVIKMYNDAGERÐARMENN ÓSÁTTIR

**Laufey Guðjónsdóttir**, framkvæmdastjóri Kvikmyndamiðstöðvarinnar, óttast mjög flótta fagfólks úr kvikmyndageiranum í kjölfar niðurskurðar ríkisstjórnarinnar. Hún er ekki reiðubúin að fullyrða nokkuð um hvaða áhrif þetta hafi á kvikmyndir sem þegar hafi fengið vilyrði fyrir styrkjum og séu á fullu í fjármögnun erlendis. „Sú hætta er auðvitað fyrir hendi að framleiðendur geti lent í miklum vanda en auðvitað vona ég að við náum að landa þessu þannig að fólk lendi ekki í erfiðum málum.“ **Ari Kristinsson** og aðrir kvikmyndagerðarmenn eru æfir yfir þrjátíu prósenta niðurskurði til kvikmyndagerðar.

# KVIKMYNDAGERÐ SLÁTRAÐ

**Íslenskir kvikmyndagerðarmenn eru æfir yfir þeim niðurskurði sem boðaður er á framlögum ríkisins til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Slátrun, segir Ari Kristinsson, formaður Félags kvikmyndagerðarmanna.**

Í fjárlagafrumvarpi Steingríms J. Sigfússonar kemur fram að framlög til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands verði skorin niður um 206 milljónir, sem samsvarar þrjátíu prósenta niðurskurði. Þeir kvikmyndagerðarmenn sem Fréttablaðið ræddi við í gær segja þennan niðurskurð í engu samræmi við neitt. Aðrar listgreinar séu ekki látnar þola slíka slátrun. Ragnar Bragason leikstjóri veltir því fyrir sér hvort fjárlaganefndin hafi ekki kynnt sér þær gjaldeyristekjur og þá landkynningu sem íslenskum kvikmyndum hafi svo oft verið hrósað fyrir. „Það hefur verið sýnt fram á það að við hverja krónu sem ríkið leggur til kvikmyndagerðar skapist tólf til fimmtán krónur,“ segir Ragnar, sem er þrátt fyrir allt bjartsýnn á að frumvarpið verði ekki samþykkt með þessum niðurskurði. „Ég bara trúi því ekki, þetta hlýtur að verða endurskoðað.“

Baltasar Kormákur segist ekki eiga orð yfir þessum niðurskurðartillögum. „Þetta er úr samhengi við allt, það er verið að leggja íslenska kvikmyndagerð í rúst. Menn virðast ekki gera sér grein fyrir menningarlegu framlagi íslenskrar kvikmyndagerðar; þarna eru yfirleitt ný íslensk handrit, ný íslensk tónlist. Það er bara verið að taka eina atvinnugrein og fórna henni á altari Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.“

„Þetta er eins og blaut tuska í andlitið og mér þykir þessi niðurskurður alveg ofsalega skrýtinn. Það er engin sem þarf að þola jafnmikinn niðurskurð hlutfallslega,“ segir Ari Kristinsson, formaður Félags kvikmyndagerðarmanna. Hann er ómyrkur í máli og telur að niðurskurður af þessu tagi eigi hreinlega eftir að leggja íslenska kvikmyndagerð í rúst. „Kvikmyndir eru fjármagnaðar með vilyrðum fram í tímann og við vitum ekki hvort þessi niðurskurður muni bitna á þeim sem hafa verið að safna peningum erlendis fyrir næstu verkefni.“

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningamálaráðherra, segir að vissulega sé þetta mikill niðurskurður og hún býst fastlega við því að miklar umræður verði um þennan lið fjárlagafrumvarpsins í ljósi þess. „En auðvitað verður líka að horfa til þess að þetta er erfitt fjárlagafrumvarp og það er allt undir,“ segir Katrín, sem segist skilja vel áhyggjur kvikmyndagerðarmanna af stöðu mála.

Hún tekur skýrt fram að þarna sé ekki verið að horfa til listgreinarinnar sem slíkrar og reiknar með að menn muni horfa til þess að íslensk kvikmyndagerð taki ekki bara við peningum heldur skili hún líka tekjum aftur í ríkiskassann. „Ég skil vel að mönnum lítist ekkert á blikuna, ég á fund með nokkrum kvikmyndagerðarmönnum í næstu viku og eins og ég sagði reikna ég fastlega með því að þetta verði tekið til umræðu inni á þingi.“

freyrgigja@frettabladid.is












ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!
YFIR 10.000 GESTIR
FYRSTU VIKUNA!
"GALDURINN ER SÁ AÐ SVEPPI OG FÉLAGAR BERA FULLA VIRÐINGU FYRIR ÁHORFENDUNUM SÍNUM, ÞAÐ GERIR GÆFUMUNINN"
★★★
- S.V. MBL.
BRAGA ÞÓR HINRIKSSON
ALGJÖR SVEPPI
OG
LEITIN AÐ VILLA
BÍÓGESTIR TJÁ SIG Á FACEBOOK...
"...BESTA FJÖLSKYLDUMYNDIN SÍÐAN MEÐ ALLT Á HREINU
...SÁ MYNDINA ÞÍNA Í DAG
ÞÚ ER IDOLIÐ MITT SVEPPI
...LANGBESTA MYNDIN LÍKA
SVEPPI Á ERINDI TIL OKKAR ALLRA
...SNILLDDDDDD
...HÚN ER GEEEÐVEIK
...ALGJÖRT MEISTARVERK!!"
MIÐASALA Á MIDI.IS OG Í MIÐASÖLUM SAMBÍÓANNA!
3. OG 4 OKT.
Álfabakki
kl. 12D 1 - 2D - 3 - 4D - 5 - 6D (Digital)
Kringlan
kl. 12D - 2D - 4D - 6D (Digital)
Akureyri
kl. 2 - 4 - 6
Keflavík
kl. 2 - 4 - 6 - 8
Selfoss
kl. 1 - 2 - 3 - 4 - 6
Akranes
kl. 4
Ísafjörður
kl. 3 (sunnudag)
Sauðárkrókur
kl. 3 - 5 (sunnudag)
Seyðisfjörður
kl. 3 (sunnudag)
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA
DOLBY
L
SAMbio.is
midi.is
SAMBÍÓIN

## > Guðjón rekinn frá Crewe



Guðjón Þórðarson var í gærmorgun rekinn frá enska D-deildarfélaginu Crewe Alexandra. Liðið féll úr C-deildinni í vor og hefur liðið nú tapað síðustu fjórum leikjum sínum í deildinni. „Þetta er mikilvægt tímabil fyrir okkur. Við viljum komast aftur upp um deild sem allra fyrst og úrslit síðustu leikja hafa ekki verið nægilega góð. Því var ákveðið að það væri best fyrir félagið ef Guðjón myndi hætta nú,“ sagði John Bowler, stjórnarformaður Crewe, í samtali við enska fjölmiðla. Dario Gradi mun taka tímabundið við starfi Guðjóns.

# sport

sport@frettabladid.is

EYJÓLFUR HÉÐINSSON: HEFUR ÁTT STÓRAN ÞÁTT Í VELGENGNI GAIS Í SÆNSKU ÚRVALSDEILDINNI

## *Ætla ekki að eigna mér gott gengi liðsins*




Íslendingafélagið GAIS í sænsku úrvalsdeildinni hefur átt mjög góðu gengi að fagna að undanförnu og er taplaust í sjö leikjum í röð. Liðið hefur í þeim leikjum alls fengið sautján stig af 21 mögulegu. Í fyrstu átján leikjum tímabilsins hlaut liðið aðeins þrettán stig og er því um mikinn viðsnúning að ræða.

Fjórir Íslendingar eru á mála hjá liðinu en aðeins einn þeirra, Eyjólfur Héðinsson, hefur fengið að spila að nokkru ráði.

„Tímabilið byrjaði ekkert sérstaklega hjá okkur,“ sagði Eyjólfur. „Um mitt tímabil vorum við í næstneðsta sæti og nánast búnir að mála okkur út í horn. Við sáum þá að þetta gæti ekki gengið til lengdar enda með allt of gott lið til að vera í fallbaráttu.“

Eyjólfur var á bekknum lengst af framan af móti og segir að það hafi verið erfitt að vera þolinmóður. „Ég vissi að tækifærið myndi koma þegar meiðsli og leikbönn færu að taka sinn toll. Ég þyrfti því bara að nýta mitt tækifæri. Það gekk vel og síðan þá hef ég verið í liðinu.“

Eyjólfur hefur gegnt lykilhlutverki í liðinu á þessum góða spretti. Hann skoraði þrjú mörk í þessum leikjum, þar af eitt sigurmark og eitt jöfnunarmark. Hann lagði svo upp tvö mörk í síðasta leik er GAIS vann 3-0 sigur á Örebro.

„Ég finn auðvitað að menn eru ánægðir með mig hér enda lítur þetta ágætlega út fyrir mig. Ég fékk að spila þegar verst gekk og þá snerist þetta allt í einu við. Ég ætla þó ekki að eigna mér það,“ sagði hann. „En auðvitað er gaman þegar vel gengur.“

Þetta er þriðja tímabil Eyjólfs hjá GAIS og hann á eitt ár eftir af samningi sínum. „Maður hefur verið að heyra ýmislegt, bæði frá félaginu og umboðsmanninum, en ég ætla lítið að spá í hvað gerist fyrr en eftir tímabilið.“

Þrír aðrir Íslendingar eru hjá GAIS. Guðmundur Reynir Gunnarsson var lánaður til KR en þeir Hallgrímur Jónasson og Guðjón Baldvinsson hafa lítið fengið að spila. „Þeir eru ekki langt frá því að komast í hópinn. Þeir þurfa bara að halda áfram og nýta sín tækifæri.“

Í vikunni var greint frá því að svo gæti farið að níu stig yrðu dregin af GAIS þar sem atvinnuleyfi eins leikmanna liðsins, Brasilíumannsins Wanderson do Carmo, rann út.



**HEFUR TRÚ Á BLIKUM** Rakel Hönnudóttir, fyrirliði Þór/KA. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### HVERNIG FER BIKARÚRSLITALEIKUR KVENNA?

**Rakel Hönnudóttir, fyrirliði Þór/KA**
Breiðablik vinnur 2-1
**Sandra Sigurðard., fyr. Stjörnunnar.**
Valur vinnur 3-2
**Laufey Björnsdóttir, fyrirliði Fylkis**
Breiðablik vinnur 2-1
**Lilja Dögg Valþórsdóttir, fyrirliði KR**
Valur vinnur 3-1
**Ágústa Jóna Heiðdal, fyrirliði GRV**
Valur vinnur 3-1
**Samantekt**
3 af 5 spá því að Valur vinni bikarinn.



**TRÚIR Á FRAM** Davíð Þór Viðarsson, fyrirliði meistara FH. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### HVERNIG FER BIKARÚRSLITALEIKUR KARLA?

**Davíð Þór Viðarsson, fyrirliði FH**
Fram vinnur 2-0.
**Grétar Sigurðarson, fyrirliði KR**
Fram vinnur 1-0
**Valur Fannar Gíslas., fyrirliði Fylkis**
Fram vinnur 2-0.
**Hólmar Örn Rúnarsson, fyr. Keflav.**
Breiðablik vinnur 2-0
**Daníel Laxdal, fyrirliði Stjörnunnar**
Breiðablik vinnur 3-1
**Samantekt**
3 af 5 spá því að Fram vinni bikarinn.

# Tvö hnífjöfn lið slást um bikarinn

**Síðast þegar Breiðablik og Fram áttust við var boðið upp á hádramatíska viðureign þar sem allt var á suðupunkti. Þessi lið mætast í úrslitum bikarkeppni karla í dag en þau náðu nánast jafngóðum árangri í sumar.**




**FYRIRLIÐARNIR** Auðun Helgason, Fram, og Blikinn Kári Ársælsson við bikarinn góða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** Knattspyrnutímabilinu á Íslandi lýkur um helgina þegar úrslitaleikir bikarkeppni karla og kvenna fara fram. Leikurinn í karlaflokki er fyrst á dagskrá en klukkan 14 í dag eigast við Fram og Breiðablik.

Liðin urðu í 3. og 4. sæti deildarinnar en bæði hlutu 34 stig. Fram var þó með betra markahlutfall. Báðum leikjum liðanna í deildinni í sumar lauk með jafnteflum, fyrst 1-1 og svo 3-3 í hádramatískum leik.

Breiðablik komst 3-0 yfir í fyrri hálfleik en Fram náði að jafna metin með þremur mörkum á síðasta stundarfjórðungnum. Undir lok leiksins og eftir hann ætlaði allt að sjóða upp úr þegar leikmönnum og meira að segja þjálfurum lenti saman.

### Blikar með blóð á tönnunum

„Okkur var misboðið,“ sagði Ólafur í samtali við Fréttablaðið. Spurður hvort Blikar væru því með blóð á tönnunum fyrir leikinn játti hann því. „Klárlega. Menn ætla svo sem ekki að hefna fyrir neitt en fíllinn gleymir engu.“

Bæði lið hafa verið á góðu skriði á síðustu vikum en Fram tapaði að vísu fyrir Þrótti um síðustu helgi. Margir leikmenn voru reyndar hvíldir fyrir þann leik og segir Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, að margt hafi verið jákvætt við leikinn.

„Margir ungir strákar fengu tækifæri til að spila og þetta var alls ekki slæmur leikur. Fyrir vikið er nú enginn í banni fyrir leikinn og allir leikmenn þar að auki heilir. Þetta hefur því allt verið að smella saman,“ sagði Þorvaldur.

Hann treystir sér ekki fyrir því að spá því hvernig leikurinn muni þróast. „Það skiptir mig svo sem litlu máli hvernig leikurinn verður svo lengi sem við eigum möguleika á að vinna. Bikarúrslitaleikir geta oft verið hægir og þurrir, sem er ef til vill ekki skemmtilegt fyrir hinn hlutlausa áhorfanda. En svona leikir snúast oft um þau tvö lið sem taka þátt í honum og þeirra stuðningsmenn. Spennan verður því mikil fyrir þá.“

Ólafur segir að sínir menn ætli fyrst og fremst að reyna að spila sinn leik. „Við höfum verið að skora að jafnaði 2-3 mörk í hverjum leik í seinni hluta deildarinnar í sumar. Ef við höldum áfram á þeim nótum og náum að loka fyrir það sem þeir eru sterkastir í óttumst við ekkert.“

Þó svo að báðum leikjum liðanna í sumar hafi lokið með jafntefli voru þeir ólíkir. „Annar leikurinn var stirður af beggja hálfu og lítið um færi.

Seinni leikurinn var mjög líflegur og mikið um mörk og sviptingar. Ég held að við getum átt von á hvoru tveggja að þessu sinni.“

### Heimavallarumræðan ómarktæk

Framarar spila sína heimaleiki á Laugardalsvelli þar sem bikarúrslitaleikurinn fer fram. Þorvaldur segir að það sem skipti fyrst og fremst máli sé að leikurinn fari fram á besta velli landsins.

„Þetta er langbesti grasvöllurinn á Íslandi og auðvitað erum við því ánægðir með að spila okkar heimaleiki hér. En þessi umræða kemur upp reglulega og virðist sem svo að stundum töpum við á því að spila á Laugardalsvellinum en græðum svo á því í öðrum tilvikum,“ sagði Þorvaldur.

Ólafur sagði að Blikar hefðu lítið leitt hugann að þessari umræðu. „Ég held að þetta muni ekki hafa áhrif á okkur nema við leyfum því að trufla okkur. Þetta er nokkuð sem við ráðum ekki við og ætlum ekki að hafa áhyggjur af.“

eirikur@frettabladid.is




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




**MÆTAST Á MORGUN** Erna Björk Sigurðardóttir, Breiðabliki, og Hallbera Guðný Gísladóttir, Val. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Valur og Breiðablik mætast í úrslitaleik VISA-bikarkeppni kvenna á morgun:

# Sigur myndi senda skýr skilaboð

**FÓTBOLTI** Valur og Breiðablik mætast á morgun í úrslitum VISA-bikarkeppni kvenna á Laugardalsvelli. Leikurinn hefst klukkan 14.

Valur er ríkjandi Íslandsmeistari en Breiðablik tryggði sér annað sæti Pepsi-deildar kvenna í lokaumferð deildarinnar um síðustu helgi. En þó svo að Valur hafi orðið meistari hafði Breiðablik betur í innbyrðisviðureignum liðanna í sumar. Engu að síður telur Gary Wake, þjálfari Blika, að Valur sé sigurstranglegra liðið.

„Bikarleikir ráðast oft á dagsformi liðanna en ég tel samt að það sé aðeins minni pressa á okkur fyrir leikinn en á Val. Miðað við það sem ég hef heyrt eru þeir fleiri sem spá Val sigri og það er gott fyrir okkur," sagði Gary.

Hann segir einnig að það gæti haft sitt að segja að hafa misst Hörpu Þorsteinsdóttir í meiðsli og Söndru Sif Magnúsdóttur í nám til Bandaríkjanna. „En það er bara undir öðrum komið að stíga upp og spila eins vel og við þurfum til að vinna Val."

Valur mætti ítölsku liði ytra í Meistaradeild Evrópu á miðvikudaginn og hefur því haft lítinn tíma til að undirbúa sig fyrir bikarúrslitin.

„Í raun hefst undirbúningurinn með æfingu síðar í dag," sagði Freyr við Fréttablaðið í gær. „En við erum mjög vel stemmd eftir góða ferð til Ítalíu að mæta sterkum Blikum í íslenskri veðráttu."

Valur átti möguleika á að vinna tvöfalt í fyrra en tapaði þá fyrir KR í bikarúrslitunum, 4-0. „Það var skelfilegt og situr í okkur. Úrslit þessa leiks munu hvetja okkur til dáða um helgina enda ætlum við ekki að tapa tveimur bikarleikjum í röð."

Hann segir að það væri frábær árangur að vinna tvöfalt í ár. „Það voru miklar breytingar á liðinu og sumir höfðu ekki trú á því að við myndum vinna titil í ár. Það væri frábært að svara því með því að vinna tvo og sýna að við erum með afgerandi lið hér heima. Það myndi senda skýr skilaboð." - esá

Tímasetning úrslitaleiksins:

# Umræðan er nauðsynleg

**FÓTBOLTI** Þjálfarar og fyrirliðar Fram og Breiðabliks eru sammála um að taka þurfi upp umræðu um að breyta tímasetningu úrslitaleiks bikarkeppninnar. Flestir vilja að leikurinn fari fram í ágúst en ekki í byrjun október eins og nú.

**Þarf víðtæka umræðu**



ÞORVALDUR ÖRLYGSSON

„Ég held að það sé kominn tími til að menn setjist niður og velti því fyrir sér hvort það sé kominn tími til að breyta þessu. Menn prufuðu núverandi fyrirkomulag í þeirri trú að þetta væri góður kostur. Sem flestir þurfa að koma að umræðunni – ekki bara 2-3 sérfræðingar inni á skrifstofu," sagði Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram.

**Vilji langflestra að breyta**



ÓLAFUR KRISTJÁNSSON

„Ég myndi vilja að úrslitaleikurinn færi fram í ágúst. Ég held að það sé vilji langflestra sem koma að boltanum. En það er nauðsynlegt að umræðan deyi ekki þegar þessi leikur klárast núna um helgina og komi svo ekki aftur upp fyrr en í september á næsta ári," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks.

**Umfjöllun yrði meiri**



AUÐUN HELGASON

„Ég vildi að leikurinn færi frekar fram þegar vel væri liðið á ágústmánuð. Bæði væri veðurfar betra og umfjöllun um íslenskan fótbolta meiri þá. Í dag blandast inn í umræðuna aðrar íþróttir eins og handbolti og körfubolti, sem og erlendur fótbolti. Það væri bikarkeppninni til framdráttar ef úrslitaleikurinn færi fram í kringum 20. ágúst," sagði Auðun Helgason, Fram.

**Ekki mikið eftir af sumrinu**



KÁRI ÁRSÆLSSON

„Það hefur verið fullyrt að vilji sé til að hafa bikarúrslitaleikinn síðasta leik sumarsins en hversu mikið er eftir af sumrinu í október? Persónulega þætti mér skemmtilegra að spila í aðeins hlýrra veðurfari, en það gæti verið erfitt að finna tíma fyrir bikarúrslitaleikinn áður en keppni í deildinni lýkur, enda leikjadagskráin þétt eftir að fjölgað var í tólf lið í deildinni," sagði Kári Ársælsson, Breiðabliki.

ÁRANGUR
HRAÐFERÐ




Mótaðu líkama þinn á mettíma fyrir jólin með Strive 1,2,3.
4-vikur – 2x í viku. Aðeins 40 mín í senn.

Styrktarþjálfun í Strive 1,2,3 er tækni sem kemur þér í toppform á mettíma. Hámark 16 manns í hóp – mikið persónulegt aðhald. Ein áhrifaríkasta og virkasta styrktarþjálfunarleið í heimi sem er notuð af bandaríska hernum sökum þess hve hægt er að ná góðum árangri á skömmum tíma.

Hefst 6. og 7. okt.
Verð 14.900 kr.

Allar upplýsingar á www.hreyfing.is

FYRIR KARLA OG KONUR
Festu þér pláss strax í dag.
Skráning á www.hreyfing.is
og í síma 414-4000

Tímar:
07.15 þri. og fim. Konur 50 ára og eldri
10.10 mán. og mið. Konur og karlar
12.15 mán. og mið. Konur og karlar
17.25 mán. og mið. Konur og karlar
17.30 þri. og fim. Karlar
18.30 mán. og mið. Konur og karlar 50 ára og eldri



HREYFING HEILSULIND
BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa
Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is



**VIRÐING** Ferguson og Wenger hafa marga hildina háð en bera virðingu hvor fyrir öðrum. NORDIC PHOTOS/AFP

Sir Alex Ferguson:

## Hrósar Wenger á tímamótum

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, hefur háð mörg sálfræðistríðin við Arsene Wenger, stjóra Arsenal, í gegnum tíðina en hann er þó alveg tilbúinn að hrósa franska stjóranum fyrir það sem hann hefur gert hjá Arsenal. Wenger er nefnilega orðinn sá stjóri sem hefur setið lengst í sögu Arsenal.

„Arsene hefur náð því besta út úr Arsenal. Liðið hefur náð frábærum árangri síðan hann kom þangað. Hann er trúr sinni sannfæringu og það eru einnig hans leikmenn,“ segir Sir Alex Ferguson. - óój

Danska úrvalsdeildin:

## Rúrik og Sölvi í liði mánaðarins

**FÓTBOLTI Tveir íslenskir knattspyrnumenn komust í lið septembermánaðar í dönsku úrvalsdeildinni hjá sjónvarpsstöðinni TV2. Þetta eru þeir Rúrik Gíslason, miðjumaður OB, og Sölvi Geir Ottesen, varnarmaður SönderjyskE.**

**Rúrik hefur nú verið valinn í lið mánaðarins tvo mánuði í röð hjá bæði TV2 og Tipsbladet auk þess sem hann hefur verið í 2. sæti yfir besta leikmann mánaðarins í bæði ágúst og september.**

**Rúrik fær mikið hrós, Tipsbladet segir að þeir í Viborg hljóti að svekkja sig yfir að hafa ekki fengið meira út úr honum og TV2 líkir honum við hvirfilvind þar sem hann er mjög ógnandi í sókninni en jafnframt mjög vinnusamur.**

**Sölvi Geir fær einnig mikið hrós fyrir að stjórna vörn SönderjyskE og á að mati TV2 manna mikinn þátt í að SönderjyskE hélt hreinu í 2-0 sigri á FC Midtjylland. Þá er talað um að Sölvi Geir sé undir smásjánni hjá mörgum stórliðum og að það**



**RÚRIK** Hefur spilað vel með OB í dönsku úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Körfuknattleiksmaðurinn Jón Arnór Stefánsson meiddist illa í æfingaleik með CB Granada í fyrrakvöld:

# Líklega frá í 3-4 mánuði vegna meiðsla

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmaðurinn Jón Arnór Stefánsson meiddist illa á baki í æfingaleik með liði sínu CB Granada gegn úkraínska liðinu Khimki í fyrrakvöld. Samkvæmt heimasíðu spænska félagsins er talið líklegt að Jón Arnór verði ekki leikfær fyrr en eftir þrjá til fjóra mánuði.

Fram kemur á heimasíðu spænska félagsins að Jón Arnór hafi orðið fyrir meiðslunum þegar hann féll illa í gólfið þegar hann var að stökkva á eftir boltanum í vörninni seint í fyrsta leikhluta. Jón Arnór missti jafnvægið í loftinu og féll illa á vinstri hliðina úr metra hæð.

Jón Arnór var umsvifalaust fluttur á sjúkrahús til rannsókna og myndatöku og sagði læknir CB Granada-liðsins í viðtali við opinbera heimasíðu félagsins að mögulega væru hryggjarliðir eitthvað brákaðir en engin hætta væri á mænuskaða. Læknirinn sagði að Jón Arnór þyrfti nú að hvíla sig til þess að leyfa meiðslunum að gróa áður en hann gæti hafið endurhæfingu. Meiðslin myndu því líklega halda honum utan vallar í þrjá til fjóra mánuði.

Stefán Eggertsson, faðir Jóns Arnórs, segir í viðtali á netmiðlinum karfan.is í gær að Jón Arnór hafi borið sig vel eftir atvikum þegar hann heyrði í honum en vildi ekki tjá sig frekar um málið þegar Fréttablaðið heyrði hljóðið í honum.



**JÓN ARNÓR** Varð fyrir því óláni að meiðast illa á baki í æfingaleik með CB Granada í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er sprunga í bakinu sem þarf tíma til að gróa. Hann fer því sennilega ekki af stað fyrr en eftir 3-4 mánuði,“ sagði Stefán, sem var þó búinn að ná tali af Jóni Arnóri.

„Þetta var leiðindahögg sem hann fékk. Svona er nú bara lífið í þessum bransa en þetta sýnir manni líka að höggið hefur verið mikið,“ sagði Stefán í viðtali við Karfan.is í gær.

Jón Arnór samdi við CB Granada í upphafi síðasta mánaðar og hefur leikið með liðinu í æfingaleikjum en nú er ljóst að hann missir af byrjun tímabilsins í spænsku úrvalsdeildinni. - óþ

# Erna Björk og Fanndís langefstar

**Fréttablaðið fékk þjálfara Pepsi-deildar kvenna til þess að velja þrjá bestu og efnilegustu leikmenn deildarinnar í sumar. Tvær Blikakonur fengu báðar mjög góða kosningu í efstu sætin í þessu kjöri þjálfaranna.**

**FÓTBOLTI** Pepsi-deild kvenna lauk um síðustu helgi þegar Breiðablikskonur tryggðu sér 2. sætið í lokaumferðinni og þar með sæti í Evrópukeppninni á næsta sumri. Tveir lykilmenn Blika í sumar stóðu líka uppi sem sigurvegarar í kosningu allra þjálfara deildarinnar um það hverjar hefðu skarað fram úr í deildinni í sumar.

### Allir þjálfararnir kusu

Fréttablaðið fékk alla þjálfara deildarinnar til þess að velja þá þrjá leikmenn sem þeim fannst hafa verið bestir og þá þrjá leikmenn sem þeir telja vera efnilegastar. Þjálfararnir röðuðu viðkomandi leikmönnum í 1. til 3. sæti, fyrsta sætið fékk 10 stig, annað sætið fékk sex stig og þriðja sætið fékk þrjú stig.

Erna Björk Sigurðardóttir fékk langflest stig sem besti leikmaður Pepsi-deildar kvenna. Hún fékk 20 fleiri stig en sú næsta á listanum sem var Valsarinn Dóra María Lárusdóttir. Erna fékk stig frá sjö af tíu þjálfurum, þar af settu fjórir þjálfarar hana í fyrsta sætið. Það var síðan fyrirliði Íslandsmeistaranna, Katrín Jónsdóttir, sem varð í 3. sæti í kjörinu.

Alls fengu tólf leikmenn atkvæði í kjörinu og auk fyrrnefndra leikmanna fengu Þórsarinn Mateja Zver og Valsarinn Kristín Ýr Bjarnadóttir einnig atkvæði í fyrsta sætið.

### Blómstraði í nýrri stöðu

Erna Björk Sigurðardóttir hefur blómstrað í nýrri stöðu sem miðvörður og stjórnandi Blikavarnarinnar. Hún hefur með því kórónað glæsilega endurkomu sína eftir þrjú slitin krossbönd á stuttum tíma. Hún hefur líka sem fyrirliði og leiðtogi leitt ungt lið Blika í hóp tveggja bestu liða landsins.

„Langbesti varnarmaður deildarinnar í sumar,“ sagði einn þjálfarinn. „Búin að spila frábærlega og halda vörn Breiðabliks saman,“ sagði annar og flestir ef ekki allir eru á því að hún sé hjartað í bestu vörn deildarinnar.

„Erna spilaði mjög vel í sumar. Hún var lykilmaður í vörn Breiðabliks sem fékk á sig fæst mörk í sumar, kórónaði svo frammistöðu sína með því að tryggja sig í byrjunarliðið í flestum leikjum landsliðsins. Hún býr yfir miklum hraða, er útsjónarsöm og skoraði einnig mikilvæg mörk fyrir lið sitt,“ var meðal þess sem var sagt um Ernu.



**FLOTT SUMAR** Blikarnir Erna Björk Sigurðardóttir og Fanndís Friðriksdóttir stóðu sig frábærlega í sumar eins og kosning þjálfaranna ber merki um. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### BESTI LEIKMAÐUR PEPSI-DEILDAR KVENNA:

| | |
|---|---|
| 1. Erna Björk Sigurðard., Breiðab. | 55 |
| 2. Dóra María Lárusdóttir, Val | 35 stig |
| 3. Katrín Jónsdóttir, Val | 26 |
| 4. Mateja Zver, Þór/KA | 16 |
| 5. Rakel Hönnudóttir, Þór/KA | 15 |
| 6. Kristín Ýr Bjarnadóttir, Val | 13 |
| 7. Sif Atladóttir, Val | 9 |
| 8. Vesna Smiljkovic, Þór/KA | 6 |
| 8. Sara Björk Gunnarsd. Breiðab. | 6 |
| 10. Fanndís Friðriksdóttir, Breiðabl. | 3 |
| 10. Rakel Logadóttir, Val | 3 |
| 10. Eyrún Guðmundsd., Stjörnunni | 3 |

### EFNILEGASTI LEIKMAÐUR PEPSI-DEILDAR KVENNA:

| | |
|---|---|
| 1. Fanndís Friðriksdóttir, Breiðabl. | 66 |
| 2. Silvía Rán Sigurðardóttir, Þór/KA | 38 |
| 3. Thelma Björk Einarsdóttir, Val | 25 |
| 4. Sara Björk Gunnarsd. Breiðabliki | 22 |
| 5. Elínborg Ingvarsdóttir, GRV | 9 |
| 6. Anna Björk Kristjánsd., Stjörnunni | 6 |
| 6. Björk Björnsdóttir, Fylki | 6 |
| 6. Arna Sif Ásgrímsdóttir, Þór/KA | 6 |
| 9. Katrín Ásbjörnsdóttir, KR | 3 |
| 9. Rebekka Sverrisdóttir, KR | 3 |
| 9. Hallbera Guðný Gísladóttir, Val | 3 |
| 9. Agnes Helgadóttir, Keflavík | 3 |

Fanndís Friðriksdóttir fékk langflest stig í kosningunni á efnilegasta leikmanni deildarinnar en hún fékk 28 fleiri stig en sú næsta á listanum sem var Silvía Rán Sigurðardóttir hjá Þór/KA. Sumum þjálfurum fannst þó erfitt að gera upp á milli þeirra tveggja enda báðar að spila mjög mikilvægt hlutverk með sínum liðum þrátt fyrir ungan aldur.

Fanndís fékk stig frá sjö af tíu þjálfurum, þar af settu sex þjálfarar hana í fyrsta sætið. Valsarinn Thelma Björk Einarsdóttir varð síðan í 3. sætinu.

Alls fengu tólf leikmenn atkvæði í kjörinu og auk fyrrnefndra leikmanna fékk Blikinn Sara Björk Gunnarsdóttir einnig atkvæði í fyrsta sætið. Sara var ásamt Fanndísi eini leikmaðurinn sem fékk stig í báðum kjörum.

### Með einstakan hraða

„Lykilleikmaður í liði Breiðabliks þrátt fyrir ungan aldur. Skoraði mikið og bjó til mikið í sóknarleik Breiðabliks með hraða sínum og útsjónarsemi,“ sagði einn þjálfarinn um Fanndísi.

„Hún er mjög hæfileikaríkur leikmaður, með einstakan hraða og kann að skora mörk. Hún sýndi líka að hún getur ráðið við pressuna,“ sagði annar og margir eru farnir að setja hana í hóp með bestu leikmönnunum.

„Orðin rosalega góð og einn besti leikmaður deildarinnar þrátt fyrir ungan aldur. Mikið efni þar á ferð,“ var meðal þess sem var sagt um Fanndísi. ooj@frettabladid.is





THE NORTH FACE
THE NORTH FACE
Nýju haustvörurnar frá North Face eru komnar.
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 47490 10/09
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500
ÚTILÍF



**BUTTON** Getur landað sínum fyrsta Formúlu 1-titli í Japan um helgina. NORDIC PHOTOS/AFP

Jenson Button:

## Finnur fyrir pressunni

**FORMÚLAN** Englendingurinn Jenson Button hjá Brawn-liðinu getur landað sínum fyrsta meistaratitli í Formúlu 1 á sunnudag þegar keppt verður á Suzuka-brautinni í Japan. Button er með fimmtán stiga forskot á Rubens Barrichello, liðsfélaga sinn hjá Brawn-liðinu, þegar aðeins þrjár keppnir eru eftir.

Button nægir því að vera fimm stigum fyrir ofan Barrichello um helgina til þess að verða meistari en hann viðurkennir að hann finnur fyrir mikilli pressu.

„Þetta er erfitt því það eru svo margir hlutir sem geta gerst um helgina. Það er mikil pressa á mér en draumurinn er að vinna titilinn um helgina,“ segir Button. **- óþ**

# Bjuggu til 21 mark í sjö leikjum

**Björgólfur Takefusa og Guðmundur Benediktsson voru langatkvæðamestir þegar þeir voru saman í byrjunarliði KR í leikjum liðsins í sumar. Þótt það hafi aðeins gerst í sjö leikjum sköpuðu þeir 21 mark alls.**

**FÓTBOLTI** Samstarf Björgólfs Takefusa og Guðmundar Benediktssonar reyndist KR gjöfult í Pepsi-deild karla í sumar. Björgólfur varð markahæsti leikmaður deildarinnar og aðeins Matthías Vilhjálmsson úr FH lagði upp fleiri mörk í deildinni en Guðmundur. Matthías var með ellefu stoðsendingar en Guðmundur tíu, rétt eins og Gunnar Örn Jónsson, félagi hans í KR.

Þeir Björgólfur og Guðmundur voru þó aldrei betri en þegar þeir voru saman í byrjunarliði KR. Það gerðist þó ekki í nema sjö leikjum í sumar en óhætt er að segja að leikmenn KR hafi verið á skotskónum í þeim leikjum. Alls skoruðu þeir 27 mörk í þeim og áttu þeir Björgólfur og Guðmundur beinan þátt í 21 þeirra.

„Ég var búinn að bíða eftir að fá vera í byrjunarliðinu með Guðmundi í nokkurn tíma og við fengum loksins tækifæri til þess þegar við mættum Víði í bikarnum,“ sagði Björgólfur í samtali við Fréttablaðið. „Ég vissi auðvitað vel hversu góður hann er enda hefur hann verið drjúgur við að skora sjálfur og skapa mörk fyrir aðra. Það er mjög auðvelt að spila með svo góðum fótboltamönnum,“ bætti hann við.





**ÖFLUGIR Í SÓKNINNI** Þeir Björgólfur Takefusa, til vinstri, og Guðmundur Benediktsson voru báðir á skotskónum þegar KR tók á móti Fylki í sumar. Það dugði þó ekki til þar sem gestirnir unnu leikinn, 4-2. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðmundur tók í svipaðan streng og lofaði samstarfið við Björgólf í sumar.

„Ég kunni einstaklega vel við að spila með honum enda góður knattspyrnumaður. Ég hefði viljað fá að spila fleiri leiki með honum en fékk því miður ekki að ráða því,“ sagði Guðmundur. „En Björgólfur er alvöru sóknarmaður sem kann leikinn. Það er auðvelt að finna hann. Maður getur nánast lesið hugsanir góðra leikmanna og það eru forréttindi að spila með slíkum leikmönnum.“

Það vill þó oft vera þannig að tveir góðir sóknarmenn virðast einfaldlega ekki ná saman. „Maður hefur svo sem séð það gerast margoft,“ sagði Guðmundur. „Það þarf að vera ákveðið samspil til staðar og það var það svo sannarlega hjá okkur.“

Björgólfur sagði að flestir sóknarmenn ættu auðvelt með að spila með Guðmundi. „Það skiptir í raun engu hver hefði spilað með honum – hann hefði staðið sig vel.“

Guðmundur er nú hættur hjá KR og tekinn við þjálfun Selfoss þar sem hann mun sennilega spila einnig, ef heilsan leyfir. Hann á langan leikmannaferil að baki og hefur spilað með mörgum góðum sóknarmönnum í gegnum tíðina.

„Á mínu fyrsta tímabili hjá KR spilaði ég með Mihajlo Bibercic sem mér fannst ganga mjög vel. Mér gekk líka vel að spila með Ríkharði Daðasyni sem og Bjarka Gunnlaugssyni árið 1999,“ sagði Guðmundur.

„Hjá Val fékk ég einnig að spila með mörgum góðum eins og Helga Sigurðssyni, Garðari Gunnlaugssyni og Matthíasi Guðmundssyni. Mér hefur yfirleitt gengið vel að ná saman við mína félaga enda lítið vesen á mér,“ sagði hann í léttum dúr. **- esá, óój**

### 21 MARK Í SJÖ LEIKJUM

**Björgólfur Takefusa og Guðmundur Benediktsson voru bestir þegar þeir voru báðir í byrjunarliði KR í sumar.**

| | |
|---|---|
| Saman í byrjunarliði KR: | |
| Björgólfur | **10 mörk, 2 stoðsendingar** |
| Guðmundur | **3 mörk, 6 stoðsendingar** |
| Árangur KR | **5 sigrar, 2 töp** |
| Markatala KR | **27-16** |
| Í hinum leikjum KR: | |
| Björgólfur | **6 mörk, 3 stoðsendingar** |
| Guðmundur | **1 mark, 4 stoðsendingar** |
| Árangur KR | **10 sigrar, 3 jafntefli, 2 töp** |
| Markatala KR | **31-15** |


Ný vetrardekk
Dekkjaskipti




Sparaðu, láttu
skipta um dekk hjá Max1

Umfelgun og ný dekk á góðu verði

Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbíladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kauptu vetrardekkin hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*

**Reykjavík, sími 515 7190:** Bíldshöfða 5a, Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
**Hafnarfjörður:** Dalshrauni 5 (opnar á næstunni).
**Akureyri, sími 462 2700:** Tryggvabraut 5.

MAX1 BÍLAVAKTIN



FYRIRLIÐI FÓTBOLTALEIKJANNA ER LENDIR 01.10.09




SENDU SMS SKEYTIÐ
EST FIFA
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF AUKAVINNINGUM
TÖLVULEIKIR · DVD MYNDIR · FULLT AF PEPSI MAX OG MARGT FLEIRA!
ELKO

Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.


Í gær varð ljóst hvaða borg vann kapphlaupið um hlutverk gestgjafa á ÓL 2016:

# Ólympíuleikar árið 2016 í Rio

**ÓL 2016** Tilkynnt var í gær við hátíðlega athöfn í Kaupmannahöfn að Ólympíuleikarnir árið 2016 yrðu haldnir í Rio de Janeiro en fjórar borgir börðust um að fá að verða gestgjafar.

Tíðindunum var fagnað af um það bil fimmtíu þúsund manns sem voru saman komin fyrir framan risaskjá á Copacabana-ströndinni í Rio í gær.

„Heimurinn hefur viðurkennt að tíminn sé kominn fyrir Brasilíu og Rio de Janeiro er tilbúin. Þið eigið ekki eftir að sjá eftir atkvæði ykkar,“ sagði Luiz Inacio Lula da Silva, forseti Brasilíu, við tilefnið.

Þetta verður í fyrsta skiptið sem Ólympíuleikarnir fara fram í Suður-Ameríku.

Í lokin stóð valið á milli Rio de Janeiro í Brasilíu og Madríd á Spáni eftir að Tókýó í Japan og Chicago í Bandaríkjunum heltust úr lestinni.

Fyrir fram var búist við því að baráttan stæði á milli Rio de Janeiro og Chicago en þrátt fyrir að forsetahjónin bandarísku, Barack og Michelle Obama, væru viðstödd til þess að tala máli Chicago í Kaupmannahöfn í gær var hún fyrsta borgin af fjórum til þess að falla úr leik. Þar á eftir féll svo fallöxin á Tókýó og loks Madríd.




**FAGNAÐARLÆTI** Fólk streymdi út á götur og torg í Rio de Janeiro í Brasilíu í gær þegar ljóst varð að Ólympíuleikarnir árið 2016 myndu fara fram í borginni. NORDIC PHOTOS/AFP

Það verður nóg að gera hjá Brasilíumönnum í að skipuleggja stórmót því lokakeppni heimsmeistaramótsins í fótbolta árið 2014 verður einnig haldin þar í landi.

Knattspyrnugoðsögnin Pelé tók virkan þátt í kynningarstarfi fyrir Brasilíu bæði fyrir HM árið 2014 og Ólympíuleikana árið 2016. **- óþ**


VISA BIKARINN 2009
Auðunn Helgason fyrirliði Fram og Kári Ársælsson fyrirliði Breiðabliks
Úrslitaleikur karla á Laugardalsvelli, í dag 3. október kl. 14.00
Aðgangseyrir:
Almennt miðaverð fyrir 17 ára og eldri 1.500 kr.
Ef greitt með VISA kreditkorti 1.200 kr.
11 - 16 ára 300 kr. og frítt fyrir 10 ára og yngri.
Miðasala á midi.is og á leikdegi frá kl. 12:00
Fram - Breiðablik
VISA 50 BIKARINN
KSÍ

## > Jennifer Lopez

„Mér fannst það mjög athyglisvert þegar einhver sagði að fram að tvítugsaldri fengi fólk að halda því andliti sem það fæddist með en eftir þann tíma fengi það andlitið sem það ætti skilið."

***Lopez fer með eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni An Unfinished Life sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.***



# dagskr
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10
### Fangavaktin



Fangavaktin byrjaði síðasta sunnudag á því að Georg og Daníel hófu afplánun á meðan Ólafur Ragnar reyndi fyrir sér á nýjum starfsvettvangi sem eldhress fasteignasali. Í kvöld á Litla-Hrauni kemst Daníel að því að hann er kominn í meiri vandræði en hann átti von á gagnvart Ingva á meðan Georg festir sjálfan sig betur í sessi sem deildarformaður. Georg er þó enn með hugann við „Ólafinn" sinn, sem þvælist um í kerfinu. Fyrsti þáttur verður endursýndur á undan þætti tvö, kl. 20.30.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Hamarinn
### Sjónvarpið kl. 20.10

Hamarinn er ný íslensk sjónvarpsmynd í fjórum hlutum. Dularfullt slys verður þar sem unnið er að línulögn í tengslum við umdeilda virkjunarframkvæmd. Lögreglumaður sem sendur er á staðinn uppgötvar fljótt að ekki er allt jafnslétt og fellt og virðist vera. Með aðalhlutverk fara Björn Hlynur Haraldsson og Dóra Jóhannsdóttir.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Friðþjófur forvitni, Lítil prinsessa, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Alvöru Dreki, Einu sinni var... Jörðin og Landið mitt.

**10.30 Formúla 3** Bein útsending frá opnu evrópsku mótaröðinni þar sem Kristján Einar Kristjánsson er á meðal ökuþóra.

**11.20 Hrúturinn Hreinn** (18:20)

**11.30 Hönnunarkeppnin 2009** (e)

**12.00 Viðtalið** (Alexander Stubb)

**12.30 Silfur Egils**

**13.50 Bikarkeppnin í fótbolta** Bein útsending frá úrslitaleik Breiðabliks og Vals í Visa-bikar kvenna.

**16.00 Utangarðsfólk** (e)

**16.45 Megrun á vinnustað** (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Barist við andann**

**17.45 Skoppa og Skrítla** (8:8) (e)

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 Spaugstofan** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Fréttaaukinn**

**20.10 Hamarinn** (1:4)

**21.05 Persónur og leikendur** Eva María Jónsdóttir ræðir við Erling Gíslason leikara.

**21.50 Gildran** (Klopka) Serbnesk bíómynd frá 2007. Manni bjóðast peningar sem hann þarf til að koma syni sínum í hjartaaðgerð en til þess að fá þá verður hann að drepa mann. Aðalhlutverk: Nebojsa Glogovac, Natasa Ninkovic, Anica Dobra og Miki Manojlovic.

**23.35 Silfur Egils** (e)

**00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**11.20** Dalziel and Pascoe **12.10** Dalziel and Pascoe **13.00** Rob Brydon's Annually Retentive **13.30** Rob Brydon's Annually Retentive **14.00** Rob Brydon's Annually Retentive **14.30** After You've Gone **15.00** After You've Gone **15.30** Doctor Who **16.15** Doctor Who **17.00** How Do You Solve A Problem Like Maria? **18.00** Primeval **18.50** Hustle **19.40** Never Better **20.10** Never Better **20.40** Never Better **21.10** Doctor Who **21.55** Doctor Who **22.40** How Do You Solve A Problem Like Maria? **23.40** Primeval

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Lalli, Gulla og grænjaxlarnir, Elías, Þorlákur, Boowa and Kwala og Kalli og Lóa.

**08.00 Algjör Sveppi** Harry and Toto, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, afram!, Könnuðurinn Dóra, Aðalkötturinn og Scooby-Doo og félagar.

**10.35 Flushed Away**

**12.00 Nágrannar**

**13.20 Nágrannar**

**13.45 So You Think You Can Dance** (1:25)

**14.25 Beauty and the Geek** (10:10)

**15.10 Chuck** (4:22)

**15.55 You Are What You Eat** (11:18)

**16.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (1:10)

**16.55 Oprah**

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.55 Íþróttir**

**19.02 Veður**

**19.10 The Moment of Truth** (15:25) Þátttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum um sjálfa sig til þess að vinna háar peningaupphæðir.

**19.50 Sjálfstætt fólk** Kristbjörn Heiðar Jónsson, betur þekktur sem Heiðar snyrtir, er gestur þáttarins.

**20.30 Fangavaktin** (1:8) Georg, Daníel og Ólafur Ragnar eru mættir aftur.

**21.10 Fangavaktin** (2:8)

**21.50 Monk** (15:16) Adrien Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn undarlegra sakamála sem flest hver eru æði kómísk.

**22.35 Numbers** (12:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðiséní.

**23.20 The 4400** (8:13)

**00.05 NCIS** (8:19)

**00.50 60 mínútur**

**01.35 Enchanted**

**03.25 Winter Solstice**

**04.55 Winter Solstice**

## SPORT *besta sætið*

**07.15 F1: Við endamarkið**

**07.45 Barcelona - Almeria** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**09.30 Gillette World Sport**

**10.05 Presidents Cup 2007**

**11.00 F1: Við rásmarkið**

**11.30 F1: Japan / Keppnin**

**14.00 F1: Við endamarkið**

**14.30 Meistaradeildin** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

**16.15 Meistaradeild Evrópu**

**16.55 TOUR Championship Presented**

**17.50 President's Cup 2009** Hitað upp fyrir Forsetabikarinn í golfi sem fer fram 9. - 11. október.

**18.20 Spænsku mörkin**

**18.50 Sevilla - Real Madrid** Bein útsending.

**20.50 Marseille - Mónakó** Útsending frá leik í franska boltanum.

**22.30 The Tour Championship** Útsending frá lokadegi mótsins.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.40 Mörk dagsins**

**09.20 PL Classic Matches** Liverpool - Chelsea, 1996.

**09.50 PL Classic Matches** Liverpool - Chelsea, 1997.

**10.20 PL Classic Matches** Chelsea - Liverpool, 2001.

**10.50 PL Classic Matches** Arsenal - Blackburn, 2001.

**11.20 Mörk dagsins**

**12.00 Arsenal - Blackburn** Bein útsending.

**14.30 Chelsea - Liverpool** Bein útsending.

**17.00 West Ham - Fulham** Bein útsending.

**18.40 Everton - Stoke** Bein útsending.

**20.20 Man. Utd. - Sunderland** Enska úrvalsdeildin.

**22.00 Arsenal - Blackburn** Enska úrvalsdeildin

**23.40 Chelsea - Liverpool** Enska úrvalsdeildin

## EXTRA

**11.15 The Doctors**

**14.15 The Doctors**

**15.00 Oprah**

**15.45 Doctors** (5:26)

**17.45 Doctors** (9:26)

**18.15 Seinfeld** (6:24)

**19.35 Seinfeld** (2:24)

**20.05 So You Think You Can Dance** (1:25) Fimmtán bestu dansatriðin frá upphafi þáttaraðanna verða sýnd.

**20.50 America's Got Talent** (20:20) Það er komið að æsispennandi lokaþætti.

**21.35 Blade** (1:13) Blade er hálfur maður og hálf vampíra og berst við nýja tegund vampíra sem ætla sér alger yfirráð yfir mannkyninu.

**22.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr.

**22.50 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins.

**23.40 Seinfeld** (6:24) Íslandsvinurinn Seinfeld heldur nú uppi skemmtun.

**00.05 Seinfeld** (7:24)

**00.30 Seinfeld** (1:24)

**00.55 Seinfeld** (2:24)

**01.20 The O.C. 2** (14:24) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi.

**02.05 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.

**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**17.00 Græðlingur**

**17.30 Tryggvi Þór**

**18.00 Borgarlíf**

**18.30 Íslands safarí**

**19.00 Hestafréttir**

**19.30 Björn Bjarna**

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Í kallfæri**

**21.30 Maturinn og lífið**

**22.00 Hrafnaþing**

**23.00 Græðlingur**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**13.10 World Cup of Pool 2008** (e)

**14.00 Dynasty** (62:88) (e)

**15.40 Dynasty** (64:88) (e)

**16.30 Yes Dear** (4:15) (e)

**16.55 What I Like About You** (e)

**17.20 Spjallið með Sölva** (2:13) (e)

**18.10 She's Got The Look** (4:6) (e)

**19.00 Bachelorette** (12:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi myndarlegra piparsveina. (e)

**19.50 Fyndnar fjölskyldumyndir** (3:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot. (e)

**20.20 Lífsaugað** (3:10) Þórhallur Guðmundsson miðill stýrir skyggnilýsingum fyrir gesti sína í sal og sjónvarpsáhorfendur. Síðan ræðir Guðrún Möller við gestina um frammistöðu miðilsins. Í Lífsauganu getur allt gerst og þú gætir meira að segja átt von á því að fá frétt-ir að handan.

**21.00 Law & Order. Special Victims Unit** (4:19) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York.

**21.50 Harper's Island** (4:13) Glæný og hörkuspennandi þáttaröð sem fær hárin til að rísa. Það er komið að því að steggja og gæsa tilvonandi brúðhjón en gleðin er skammvinn. Strákarnir fara í veiðiferð sem endur óvænt með því að hjásamkomulagi sem er ætlað ...

**22.40 Flashpoint** (10:12) (e)

**23.30 Secret Diary Of A Call Girl** (e)

**00.00 PA's** (4:6) (e)

**01.00 Penn & Teller. Bullshit** (e)

**01.30 Penn & Teller. Bullshit** (e)

**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**06.20 An Unfinished Life**

**08.05 Prime**

**10.00 Music and Lyrics**

**12.00 Toy Story**

**14.00 Prime**

**16.00 Music and Lyrics**

**18.00 Toy Story**

**20.00 An Unfinished Life** Ung kona leitar hælis hjá fyrrum tengdaföður sínum eftir sambandsslit við ofbeldisfullan sambýlismann.

**22.00 A Perfect Murder** Viðskiptajöfurinn Steven Taylor hefur fengið nóg af framhjáhaldi konunnar sinnar og leggur á ráðin um hið fullkomna morð.

**00.00 Arven**

**02.00 Thelma and Louise**

**04.05 A Perfect Murder**

**06.00 Cake. A Wedding Story**

## DR 1

**10.25** OBS **10.30** Truslen fra dybet **11.10** Sugar Rush **11.33** Hjerteflimmer Classic **12.00** Fodbold **13.50** HåndboldSondag **15.30** Vores store verden **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** OBS **17.05** Tæt på en dronning **18.00** Forbrydelsen II **19.00** 21 Sondag **19.40** SportNyt med SAS liga **20.05** Lewis **21.35** Columbo **23.05** Seinfeld **23.30** Seinfeld

## NRK 1

**10.15** Troll kan temjast **11.40** Å male med ord **12.25** Norsk attraksjon **12.55** Norsk attraksjon **13.25** Jahn Teigen 60 år **14.30** De ukjente **15.30** Åpen himmel **16.00** Boxer **16.30** Newton **17.00** Sondagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Elixir **18.35** Tore på sporet **19.25** Mysterier med George Gently **21.00** Kveldsnytt **21.20** Menneskesmuglerne **22.10** Beat for beat **23.10** Viggo på lordag **23.40** Svisj gull

## SVT 1

**10.00** Skavlan **12.55** X-Games **13.40** Debatt **14.25** Här är ditt liv **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Cranford **17.10** Svenska komedienner **17.20** 1809 **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Playa del Sol **18.30** Sportspegeln **19.15** Mannen under trappan **20.00** Vinna eller försvinna **20.30** Människans resa **21.00** Andra Avenyn **21.45** Brottskod. Försvunnen





HAMARINN
SUNNUDAGSKVÖLD KL. 20.10
NÝ ÍSLENSK SPENNUÞÁTTARÖÐ Í FJÓRUM ÞÁTTUM MEÐ BIRNI HLYNI HARALDSSYNI OG DÓRU JÓHANNSDÓTTUR Í AÐALHLUTVERKUM.
DULARFULLT SLYS VERÐUR ÞAR SEM UNNIÐ ER AÐ LÍNULÖGN Í TENGSLUM VIÐ UMDEILDAR VIRKJUNARFRAMKVÆMDIR. LÖGREGLUMAÐUR SEM SENDUR ER Á STAÐINN UPPGVÖTAR FLJÓTT AÐ EKKI ER ALLT MEÐ FELLDU.
HANDRITIÐ ER EFTIR SVEINBJÖRN I. BALDVINSSON OG REYNIR LYNGDAL LEIKSTÝRIR
SJÓNVARPIÐ
- Annað og meira

> **Jack Black**

„Ég vil heldur vera kóngur krakkanna en prins fávitanna."

***Black fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Rokkskólinn sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 21.15.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON ER ÁNÆGÐUR MEÐ ÍSLENSKAR EFTIRHERMUR

# *Valinkunnir andans menn*

Að herma eftir öðrum, svo vel sé, er mikil og merk listgrein. Til eru þeir sem leggja gríðarlegan metnað og eyða ómældum tíma í að öðlast færni á þessu sviði, með tilheyrandi yfirlegum, námskeiðum og BA-gráðum. Aðrir virðast einfaldlega hafa þetta í sér. Oftar en ekki eru náttúrutalentarnir bestu eftirhermurnar.

Ég er ekki einn af þeim sem megna að tileinka mér takta, fas og rödd einhvers annars jafn auðveldlega og að drekka vatn, þótt mér hafi á stundum tekist ágætlega upp í að herma eftir Bigga í Maus (að eigin mati). Af því leiðir að ég dáist mjög að alvöru hæfileikafólki í þessum geira.

Í gegnum árin hefur Ísland alið af sér margar fínar eftirhermur. Nærtæk dæmi eru sjálfur Ómar Ragnarsson og auðvitað Jóhannes Kristjánsson, enda loðir ættarnafnið „eftirherma" ekki við neinn í áratugi að ástæðulausu. Æstir áhugamenn um eftirhermur ættu heldur ekki að þurfa að kvíða framtíðinni, því ungviðið virðist bíða í röðum eftir að taka við keflinu af snillingunum sem teknir eru að reskjast.



Til að mynda hafa þeir Freyr Eyjólfsson og Ari Eldjárn farið mikinn síðustu misserin. Fjölmiðlamaðurinn Freyr er vinsæll gestur í spjallþáttum útvarps og sjónvarps og skyldi engan undra. Mörgum verður hverft við og er fyrirgefið að draga þá ályktun að einhvers konar endurholdgun hafi átt sér stað, svo óhugnanlega nákvæmar eru túlkanir Freys á nafntoguðum einstaklingum á borð við Megas, Jakob Frímann og Hallbjörn Hjartarson.

Að öðrum ólöstuðum (til dæmis Ladda, Hjálmari Hjálmarssyni og Sigurjóni Kjartanssyni) er Ari meistari meistaranna í þjóðaríþróttinni að herma eftir Bubba Morthens. Þar sem aðrir hafa einblínt á stælana og lætin í Bubba nálgast Ari verkefnið á yfirvegaðri hátt og útkoman er kostuleg. Hann nær líka Hrafni Gunnlaugssyni glettilega vel. En hvenær ætlar einhver heiðursmaðurinn að ná tökum á Didda fiðlu?

## LAUGARDAGUR



▶ **13.30 Breiðablik – Fram, beint** SJÓNVARPIÐ



▶ **16.20 Man. Utd. – Sunderland, beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **18.35 Yes Dear** SKJÁREINN



▶ **19.35 America's Got Talent** STÖÐ 2



▶ **21.30 Identity** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pálína, Skellibær, Sögustund með Mömmu Marsibil, Tóti og Patti, Ólivía, Sögurnar okkar, Elías Knár, Fræknir ferðalangar og Skúli skelfir.
**10.30 Leiðarljós** (e)
**12.00 Kastljós** (e)
**12.40 Kiljan** (e)
▶**13.30 Bikarkeppnin í fótbolta** (Breiðablik - Fram) Bein útsending frá úrslitaleik í Visa-bikar karla á Laugardalsvelli.
**16.40 Formúla 3** Upptaka frá keppni fyrr í dag í opnu evrópsku mótaröðinni. Kristján Einar Kristjánsson er á meðal ökuþóra.
**17.20 Lincolnshæðir** (20:23)
**18.05 Táknmálsfréttir**
**18.15 Stóra planið** (1:5) (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Spaugstofan**
**20.10 Útsvar** (Fjarðabyggð - Hveragerði)
**21.15 Rokkskólinn** (School of Rock) Bandarísk gamanmynd frá 2003. Ungur maður með rokkstjörnudrauma gerist afleysingakennari og reynir að breyta bekknum sínum í rokkhljómsveit. Aðalhlutverk: Jack Black, Adam Pascal, Sarah Silverman og Joan Cusack. (e)
**23.05 Fögur hugsun** (A Beautiful Mind) Bandarísk Óskarsverðlaunamynd frá 2001 um stærðfræðisnillinginn John Forbes Nash sem háði erfiða glímu við geðklofa en hlaut þó Nóbelsverðlaunin í sínu fagi. Aðalhlutverk: Russell Crowe, Ed Harris, Jennifer Connelly og Christopher Plummer.
**01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.10 Manchester United. The Movie**
**10.00 Running with Scissors**
**12.00 Ratatouille**
**14.00 Manchester United. The Movie**
**16.00 Running with Scissors**
**18.00 Ratatouille**
**20.00 The Prestige** Myndin sem gerist um aldarmótin 1900 þegar sjónhverfingarmenn áttu sitt gullaldarskeið og voru helsta skemmtun sem lýðurinn gat hugsað sér.
**22.10 Goodfellas**
**00.30 Charlie's Angels**
**02.05 The Business**
**04.00 Goodfellas**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 3** Flintstone krakkarnir, Ruff's Patch, Kalli og Lóa og Hvellur keppnisbíll.
**08.00 Algjör Sveppi** Refurinn Pablo, Boowa and Kwala, Sumardalsmyllan, Svampur Sveinsson, Könnuðurinn Dóra Könnuðurinn Dóra, Strumparnir, Maularinn, Kalli litli Kanína og vinir, Ofuröndin og Krakkarnir í næsta húsi.
**11.35 Risaeðlugarðurinn**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 Sjálfstætt fólk**
**14.25 Auddi og Sveppi**
**15.15 Logi í beinni**
**16.05 ET Weekend** Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**16.55 Ástríður** (7:12) Tilhugalífið er byrjað. Ástríður og Sveinn Torfi máta sig við hvort annað. Á meðan eru blikur á lofti í sambandi Davíðs og Fanneyjar.
**17.25 Fangavaktin** (1:8) Georg og Daníel hefja afplánun á Litla hrauni. Á meðan sinnir Ólafur Ragnar starfi sínu sem fasteignasali fyrir fasteignamiðlunina Plúshús.
**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Veður**
**19.10 Ísland í dag - helgarúrval**
▶**19.35 America's Got Talent** (20:20) Það er komið að lokaþættinum. Fimm hæfileikaríkustu keppendurnir þurfa nú að sýna hvað í þeim býr og leggja allt undir til að sigra.
**20.20 Leatherheads** Rómantísk gamanmynd með George Clooney og Renée Zellweger í aðalhlutverkum.
**22.15 Capote** Philip Seymour-Hoffman hlaut Óskarsverðlaun fyrir túlkun sína á rithöfundinum Truman Capote í þessari mynd.
**00.10 My Super Ex-Girlfriends**
**01.45 Poseidon**
**03.20 Behinde Enemy Lines. Axis of Evil**
**04.55 America's Got Talent** (20:20)
**05.40 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**06.20 Leeds - Liverpool** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**08.10 TOUR Championship Presented**
**09.05 Inside the PGA Tour 2009**
**09.30 Spænsku mörkin**
**10.00 Pepsímörkin 2009**
**11.00 F1: Japan / Æfingar**
**11.30 F1: Við rásmarkið**
**12.00 F1: Japan / Tímataka**
**13.35 President's Cup 2009**
**14.05 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur.
**15.45 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**16.25 Meistaradeild Evrópur: Fréttaþáttur**
**16.55 The Science of Golf**
**17.20 La Liga Report**
**17.50 Barcelona - Almeria** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
**19.55 PGA Tour 2009**
**23.10 Ultimate Fighter**
**23.55 UFC Unleashed**
**00.35 Poker After Dark**
**04.30 F1: Japan / Keppnin** Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Japan.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.35 Fulham - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**10.15 Man. City - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**11.55 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**12.50 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**13.20 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar.
**13.50 Bolton - Tottenham** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
▶**16.20 Man. Utd. - Sunderland** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Mörk dagsins** Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.
**19.10 Leikur dagsins**
**20.55 Mörk dagsins**
**21.35 Mörk dagsins**
**22.15 Mörk dagsins**
**23.35 Mörk dagsins**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**14.00 Dynasty** (60:88) (e)
**14.50 Dynasty** (61:88) (e)
**15.40 The Contender Muay Thai** (e)
**16.30 Kitchen Nightmares** (6:12) (e)
**17.20 Everybody Hates Chris** (e)
**17.45 Family Guy** (18:18) (e)
**18.10 What I Like About You** (20:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York.
▶**18.35 Yes Dear** (4:15) Bandarísk gamansería um grallaraspóana Greg og Jimmy sem eru giftir systrunum Kim og Christine.
**19.00 Game Tíví** (3:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)
**19.30 Skemmtigarðurinn** (3:8) Nýr íslenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. (e)
**20.30 SkjárEinn í 10 ár** (2:4) Skemmtiþáttur í umsjón Dóru Takefusa þar sem stiklað er á stóru í 10 ára sögu SkjásEins. (e)
**21.30 Spjallið með Sölva** (2:13) Umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti. (e)
**22.20 Nýtt útlit** (1:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. (e)
**23.10 Lífsaugað** (2:10) Þórhallur Guðmundsson miðill stýrir skyggnilýsingum fyrir gesti sína í sal og sjónvarpsáhorfendur. (e)
**23.50 Comanche Moon** (3:3) (e)
**01.30 World Cup of Pool 2008** (e)
**02.20 The Jay Leno Show** (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**17.00 Græðlingur**
**17.30 Eldum íslenskt**
**18.00 Hrafnaþing**
**19.00 Græðlingur**
**19.30 Eldum íslenskt**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Tryggvi Þór á alþingi**
**22.00 Borgarlíf**
**22.30 Íslands safari**
**23.00 Hestafréttir**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

**Leatherheads**



Stórskemmtileg, rómantísk gamanmynd með George Clooney og Renée Zellweger í aðalhlutverkum. Clooney leikstýrir sjálfur myndinni sem gerist á þriðja áratug síðustu aldar og fjallar um ruðningshetju sem krækir í efnilegasta leikmanninn en þarf svo að horfa upp á hann falla fyrir skvísunni sinni.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Capote**

### Stöð 2 kl. 22.10

Sannsöguleg kvikmynd um rithöfundinn Truman Capote og það tímabil í lífi hans er hann vann að metsölubókinni In Cold Blood. Upphaflega ætlaði Capote að skrifa tímaritsgrein um fjöldamorð í Kansas en gerði sér fljótlega grein fyrir því að hann var kominn með efni í bók.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**08.20** Margar götur
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Lostafulli listræninginn
**15.15** Vítt og breitt
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Orð skulu standa
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Breiðstræti
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Raddir barna
**21.10** Á tónsviðinu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hvað er að heyra?
**23.10** Stefnumót
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**14.00 Doctors** (25:25)
**14.30 Doctors** (1:26)
**15.00 Doctors** (2:26)
**15.30 Doctors** (3:26)
**16.00 Doctors** (4:26)
**16.30 Nágrannar**
**16.50 Nágrannar**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Nágrannar**
**18.00 Nágrannar**
**18.25 Ally McBeal** (20:21)
**19.15 Logi í beinni** Laufléttur skemmtiþáttur með með Loga Bergmann.
**20.00 Ástríður** (6:12) Árshátíð er í vændum og nýr maður birtist í lífi Ástríðar.
**20.30 Ástríður** (7:12) Tilhugalífið er byrjað. Ástríður og Sveinn Torfi máta sig við hvort annað. Á meðan eru blikur á lofti í sambandi Davíðs og Fanneyjar.
**21.00 Fangavaktin** (1:8) Georg og Daníel hefja afplánun á meðan Ólafur Ragnar sinnir starfi sínu sem fasteignasali með misjöfnum árangri.
▶**21.30 Identity** (1:12) Frumlegur skemmtiþáttur með grínistanum og sjónhverfingarmanninum Penn Jillette þar sem þátttakendur reyna að tengja saman 12 ókunnugar manneskjur við lista með auðkennum þeirra.
**22.15 Auddi og Sveppi**
**22.50 Logi í beinni**
**23.35 Gilmore Girls**
**00.20 The Best Years** (4:13)
**01.10 John From Cincinnati** (4:10)
**02.05 E.R.** (9:22)
**02.50 Sjáðu**
**03.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** EastEnders **12.35** EastEnders **13.05** EastEnders **13.35** EastEnders **14.05** Doctor Who **14.50** Dalziel and Pascoe **15.40** Dalziel and Pascoe **16.30** Lab Rats **17.00** Lab Rats **17.30** Rob Brydon's Annually Retentive **18.00** Rob Brydon's Annually Retentive **18.30** Rob Brydon's Annually Retentive **19.00** The Jonathan Ross Show **19.50** Jonathan Creek **20.50** Jonathan Creek **21.50** Spooks **22.40** Dalziel and Pascoe **23.30** Dalziel and Pascoe

## DR 1

**12.00** Talent 09 **13.00** Talent 09 - afgorelsen **13.35** Columbo **15.10** For sondagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Hulter til bulter - med Louise og Sebastian **16.00** Gepetto News **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Min Sport. Verdens bedste bueskytter **17.30** Pingvinerne fra Madagascar **18.00** Han, Hun, Dirch og Dario **19.50** Kriminalkommissær Barnaby **21.25** Kinamand **22.55** Seinfeld **23.40** Boogie Listen

## NRK 1

**12.15** Tilbake til 60-tallet **12.45** Beat for beat **13.50** 4-4-2 **16.00** Kometkameratene **16.25** Underbuksepiratene **16.30** Gutta Boys **17.00** Lordagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** De ukjente **18.55** Norsk attraksjon **19.25** Med hjartet på rette staden **20.10** Lovebakken **20.35** Viggo på lordag **21.05** Kveldsnytt **21.20** Dagboken **23.20** Den norske humor **23.50** Dansefot jukeboks m/chat

## SVT 1

**12.10** Cranford **13.05** Andra Avenyn **13.50** Uppdrag Granskning **14.50** Doobidoo **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Disneydags **17.00** En ö i havet **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Här är ditt liv **19.30** Robins **20.00** Brottskod. Försvunnen **20.45** Nurse Jackie **21.15** Crash **23.05** Parkinson **23.50** Doobidoo




## PERSÓNAN



*Helena Stefánsdóttir*

**Starf:** Kvikmyndagerðarkona og einn eigenda Kaffi Hljómalindar.
**Aldur:** 42 ára.
**Fjölskylda:** Maður minn heitir Arnar Steinn Friðbjarnarson og er kvikmyndagerðarmaður. Svo á ég soninn Nikulás Stefán og dæturnar Kolfinnu og Ilm Maríu.
**Búseta:** Ég er miðbæjarrotta og bý í 101.
**Stjörnumerki:** Steingeit.

Kaffihúsi Helenu, Hljómalind, var lokað í vikunni eftir að hún missti húsnæðið.

# Geir Jón rakaði sig fyrir eiginkonuna

„Ég var að sýna konunni hvernig ég lít út. Við áttum trúlofunarafmæli og hana langaði að sjá hvernig ég leit út þegar við trúlofuðum okkur. Ég rakaði allt af og sagði „svona var ég“. Henni leist vel á og vill að ég verði svona,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík.

Ungleg ásýnd Geirs Jóns hefur vakið athygli undanfarna daga. Áður en hann rakaði sig hafði hann verið verið skeggjaður í fjöldamörg ár – svo lengi að dóttir hans ætlaði varla að þekkja hann án andlitsháranna. „Henni brá þegar hún sá mann í mínum hægindastól. Hún hefur líklega aldrei séð mig skegglausan,“ segir hann.

Geir Jón segist hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð frá fólki, þó að hann sé sjálfur ennþá að venjast breyttu útliti. „Ég er að jafna mig á þessu. Mér fannst ég vera eins reytt hænurassgat. Þetta eru viðbrigði. En fólki finnst ég vera svo miklu unglegri – maður yngist upp við þetta. Ekki veitti af!“

Afbrotamenn hafa hingað til ekki gert sérstakar athugasemdir við skeggleysi Geir Jóns og enginn hefur farið mannavillt. „Nei, ég hef ekki orðið var við það,“ segir hann. „Það þekkja mig nú allir þó að ég sé búinn að raka mig.“ - afb



**BREYTT ÚTLIT** Geir Jón er svo unglegur að dóttir hans þekkti hann ekki þegar hún sá hann án skeggsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



LÁRÉTT
2. skák, 6. íþróttafélag, 8. titill, 9. eldsneyti, 11. rykkorn, 12. ráðagerð, 14. afkima, 16. drykkur, 17. saur, 18. kerald, 20. íþróttafélag, 21. bylgja.

LÓÐRÉTT
1. þurrka út, 3. frá, 4. athafnasemi, 5. blund, 7. hóf, 10. stormur, 13. meðvitundarleysi, 15. sjá eftir, 16. blekking, 19. til.

LAUSN

**LÁRÉTT:** 2. tafl, 6. fh, 8. frú, 9. mór, 11. ar, 12. áform, 14. skoti, 16. te, 17. tað, 18. áma, 20. kr, 21. liða.
**LÓÐRÉTT:** 1. afmá, 3. af, 4. framtak, 5. lúr, 7. hófsemi, 10. rok, 13. rot, 15. iðra, 16. tál, 19. að.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Matti Vanhanen.
2. Sextíu ár frá byltingu kommúnista.
3. Ólafur Þórðarson.

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið



**SKEMMTA SÉR SAMAN**

**Kristrún** og **Dwight Yorke** verða í sviðsljósinu um helgina og hefur Kristrúnu verið boðið að sitja fyrir í breskum blöðum. **Jordan** er ein þekktasta glamúrfyrirsæta Bretlands og á barn með Dwight Yorke.

**KRISTRÚN ÖSP BARKARDÓTTIR:** TIL LONDON Í BOÐI FÓTBOLTAKAPPA

# Fagnar með Dwight Yorke

„Ég ákvað að skella mér út. Það var skyndiákvörðun, það er alltaf skemmtilegast,“ segir fyrirsætan og neminn Kristrún Ösp Barkardóttir.

Kristrún flaug út til London í morgun í boði fótboltakappans Dwight Yorke. Born to Score, ævisaga Yorke, kom út í gær og Kristrún hyggst fagna útgáfunni með honum um helgina. Þau eru góðir vinir og hafa hist reglulega undanfarin misseri. Yorke er þekktur markaskorari og hefur spilað með liðum á borð við Aston Villa og Manchester United. Hann lagði nýlega skóna á hilluna.

Kristrún er spennt fyrir ferðinni og segir að hver dagur sé ævintýri með fótboltakappanum. „Við förum í partí á laugardagskvöldið og út að borða og svona. Ég veit ekki hvað við gerum á sunnudaginn,“ segir hún. „Það er yfirleitt prógramm allan tímann og við gerum alltaf eitthvað nýtt sem ég hef ekki gert áður.“

Breska pressan er þekkt fyrir aðgangshörku, en Kristrún segir að þau séu að mestu látin í friði þar sem hann er hættur að spila. „Það er samt alltaf eitthvað aðeins,“ segir hann. „En við fáum alls staðar athygli sem við förum.“

Það má þó búast við að athyglin aukist um helgina, þar sem fjölmiðlar hafa hreinlega étið upp það sem Yorke segir í ævisögunni um samband sitt við glamúrfyrirsætuna Katie Price, einnig þekkta sem Jordan. Þau áttu í ástarsambandi fyrir nokkrum árum og eignuðust soninn Harvey. Jordan hefur sakað Yorke um að taka ekki þátt í uppeldinu, en hann sakar hana um að leyfa sér það ekki.

Yorke talar opinskátt um kynlíf sitt og Jordan í bókinni. Hann segir meðal annars að hún hafi verið tvískiptur persónuleiki í rúminu; verið ljúf sem Katie Price og afar kinkí sem Jordan. Jordan er gríðarlega þekkt í Bretlandi. Hún hefur sent frá sér bækur, nærfatalínur og margt fleira ásamt því að hafa setið nakin fyrir í fjölmörgum tímaritum.

Jordan hóf feril sinn á síðu 3 í breska götublaðinu The Sun, en Kristrúnu hefur einnig verið boðið að sitja þar fyrir. „Ég ætla aðeins að bíða með það. Gera þetta frekar rétt og vel,“ segir hún. Stúlkurnar á síðu 3 sitja fyrir berbrjósta, en ætli Kristrún sé ekkert feimin? „Nei, ekkert feimin, ekki til í mér!“

atlifannar@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Væntanlega verður slegist um fjarstýringuna á heimili leikaraparsins Jörundar Ragnarssonar og **Dóru Jóhannsdóttur** annað kvöld. Þá verður frumsýndur fyrsti þátturinn af Hamrinum, fjögurra þátta spennuseríu í leikstjórn Reynis Lyngdals. Dóra leikur þar aðalhlutverkið á móti Birni Hlyni Haraldssyni en á sama tíma er Jörundur einmitt á bak við lás og slá sem Daníel í Fangavaktinni.



Aðeins meir af sjónvarpi því **Spaugstofan** sneri til baka um síðustu helgi og markaðsdeild RÚV hefur væntanlega verið ánægð með það. Þátturinn reyndist auðvitað sá vinsælasti þá vikuna samkvæmt mælingum Capacent Gallup en fast á hæla hans kom síðan spurningaþátturinn Útsvar, sem virðist eiga sér sístækkandi aðdáendahóp. Bronsið fékk Fangavaktin en 34 prósent þjóðarinnar horfðu á fyrsta þáttinn, sem verður að teljast nokkuð vel af sér vikið með hliðsjón af því að um áskriftarsjónvarp er að ræða.




Það vakti mikla athygli fyrir viku þegar Fréttablaðið birti nafnlausa auglýsingu með mynd af litlum strák sem var handjárnaður. Hvergi kom fram hver auglýsandinn væri og eini textinn var dagsetningin 6. október. Flestum var ljóst að sá og hinn sami væri mikill áhugamaður um hrunið enda hefur það komið á daginn, umrædd mynd prýðir umslagið á nýjustu plötu Egó með **Bubba Morthens** í broddi fylkingar og „6. október“ er heiti hennar. - fgg



HAFBERG
fiskbúð sælkerans
LAUGARDAGAR ERU FISKIDAGAR
20% afsláttur af öllum fiski, humri og harfiski.
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Flateyjargáta í sjónvarpið

„Hún er allavega farin í þróun, við sjáum svo til hvernig gengur að fjármagna hana,“ segir Björn Brynjúlfur Björnsson kvikmyndagerðarmaður. Hann samdi nýlega við glæpasagnarithöfundinn Viktor Arnar Ingólfsson um að gera sjónvarpsseríu byggða á bók Viktors, Flateyjargátu. Þeir tveir hafa áður ruglað saman reytum því Björn Brynjúlfur leikstýrði einnig þáttaröðinni Mannaveiðum sem byggð var á bók Viktors og sýnd á RÚV.

Björn viðurkennir að þetta samkomulag komi kannski ekki á besta tíma en eins og lesa má framar í Fréttablaðinu verða framlög til sjónvarps- og kvikmyndagerðar skorin niður um rúman þriðjung samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs. Björn segist hins vegar vera vongóður og ætlar ekki að leggja árar í bát. „Þetta er flott saga sem hefur verið gefin út víða í Evrópu og ég vænti mjög góðs af þessu samstarfi.“

Björn segir það hafa heillað sig að Flateyjargátan sé óvenjuleg bók, hún gerist að mestu leyti úti í Flatey og tengist íslensku handritunum. „Það er svona smá Da Vinci-tenging og svo eru líka óvenjulegar og skemmtilegar persónur og óvenjulegt sögusvið. Það er alltaf gaman að gera eitthvað sem er svona mikið öðruvísi og sýnir ekki bara lögreglumenn hlaupandi um götur Reykjavíkur.“ - fgg



**SKRIFAÐ UNDIR SAMSTARFIÐ** Björn Brynjúlfur og Viktor Arnar handsala samninginn um að gera sjónvarpsseríu eftir bók rithöfundarins, Flateyjargátu. MYND/JPV

Hausttilboð Í verslunum Tekk-Company




RIVIERA MAISON | SIA | SERAX | SÖDAHL | UMBRA | SEMPRE | ETHNICRAFT | BECARA | IITTALA | BRÖSTE | HOUSE DOCTOR

# Októbertilboð

TEKK
COMPANY

Gerum hús að heimili

Tekk Company - Sími 564 4400 - www.tekk.is

Holtagarðar
Opið: Laugardag 10-17
Sunnudag 13-17

Kringlan
Opið: Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Hvar er þín auglýsing?
Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.



## BAKÞANKAR

Júlíu Margrétar Alexandersdóttur

# Líka ég

Á þeim sex árum sem ég hef starfað í blaðamennsku hef ég horft upp á meira en hundrað vinnufélögum mínum sagt upp störfum. Sjálf hef ég einu sinni gengið í gegnum uppsögn og blað sem ég vann á var lagt niður. Á tveimur árum, á Tímaritaútgáfunni Fróða (síðar Birtíngi), vorum við blaðamenn þar kynntir fimm sinnum fyrir nýjum framkvæmdastjóra. Og eitt sinn var okkur hent út úr húsnæði og starfsmenn fluttu sjálfir skrifborð og allt á einni helgi, líka klósettin.

**VINNUUMHVERFIÐ** er sem sagt afar óstöðugt og hefur kennt manni að segja aldrei aldrei. Einn dagur er tekinn í einu og hlutirnir verða bara að koma í ljós. Auk þess getur það verið þroskandi lífsreynsla að ganga í gegnum atvinnumissi, þótt erfið sé. Vondir hlutir og erfiðleikar gefa okkur yfirleitt alltaf eitthvað til baka – þótt erfitt sé að sjá það í það og það skiptið.

**ÁUNNIÐ** og þarft æðruleysi gegn því sem morgundagurinn ber í skauti sér hefur verið nauðsynlegur hluti af starfinu. Það er enginn ómissandi. Jörðin heldur áfram að snúast. Uppsagnir hætta þó aldrei að hafa áhrif á mann og það sveið í hjartað að lesa um uppsagnir Moggablaðamanna. Og hryllti yfir því sem starfandi blaðamenn Morgunblaðsins munu nú þurfa að svara fyrir á hverjum degi og Fréttablaðsmenn þekkja svo vel – að vera ekki „handbendi eigendanna“ eða ritstjóra í þessu tilfelli. Af fenginni þeirri reynslu hugsa ég hlýlega til blaðamanna í Hádegismóum.

**ÞAU ERU** nefnilega síður en svo fá símtölin frá stórlöxum þjóðfélagsins sem blaðamenn þurfa að taka við þar sem viðmælandinn trompast yfir skrifum í blaðinu. Og eiginlega fallast manni hendur þegar listamenn eða popparar hringja og hóta blaðamönnum öllu illu vegna fréttar um hárlengingar viðkomandi eða um ísbúð sem breyta á í vinnustofu. Fréttin er þeim ekki „samboðin“. Það má alveg skrifa um þetta fólk – bara ekki það sem því hugnast ekki.

**SPURNINGIN ER** sú af hverju fólk hagar sér á þennan hátt yfir sakleysislegum skrifum. Getur verið að fólk hafi haft pata af þeim orðrómi (sem þeir sem ekki vinna á fjölmiðlum bjuggu til) að auðmenn og stjórnmálamenn geti auðveldlega kippt í spotta og hent fréttum inn og út af borðum? Og hafi ekkert séð því til fyrirstöðu að gera slíkt hið sama? Ég má líka!

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 3. október 2009, 276. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.43 | 13.17 | 18.49 |
| Akureyri | 7.29 | 13.02 | 18.32 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

**DRÖMMAR** muffinsform
B27×L39cm. Rautt **1.490,-**

**TINDRA** ilmkerti m/kanillykt
H8cm **395,-/stk.**

**795,-/4 í setti**
**INSATS** mæliskeiðar
Ryðfrítt stál

**MAGASIN** skurðarbretti
B20×L30cm og B24×L35cm.
Gegnheill viður **695,-/2 í setti**

# Kanilsnúðadagar

**MAGASIN** kökukefli
Ø6, L43cm. Gegnheilt birki
**695,-**

**1.490,-/2 setti**
**DRÖMMAR** kökumót
Stærðir: 0,75dl og 0,7L. Rautt

**FLÄCKIG** skálar,
Stærð: 2,4L og 5L.
Hvítt **695,-/2 í setti**



**ENVIS** sleikjur
L22 og 28cm. Hvítt/rautt
**895,-/2 í setti**

**595,-/4 í pk.**
**DRÖMMAR** tertuspjöld Ø18cm. Ýmsar tegundir. Ýmsir litir

**295,-**
**VENNY** svunta
100% bómull. Brúnt/svart

**IKEA 365+** 3ja hæða
kökudiskur H34cm.
Gler/ryðfrítt stál **2.990,-**

**TINDRA** ilmsprittkerti m/kanillykt
Brúnt **595,-/36 í pk.**

**SNUDDA** snúningsdiskur
Ø39cm. Gegnheilt birki **1.490,-**

**DRÖMMAR** kökuform
m/smellu og 2 mismunandi
botnum. Rúmmál 2,3L og 2,6L.
Rautt **1.890,-**

## Bakarar baka góðverk

**Um helgina kl. 12-17** munu bakarar keppa í kanilsnúðabakstri. Þér er boðið að smakka á snúðunum og greiða þitt atkvæði með því að setja upphæð að eigin vali í bauk uppáhaldsbakarans. Sá bakari vinnur sem safnar hæstu upphæðinni.
**IKEA mun tvöfalda upphæðina sem safnast og rennur allt féð til Grensáss.**

***Komdu, veldu besta kanilsnúðinn og láttu gott af þér leiða!***

**DRÖMMAR** kökumót,
Ryðfrítt stál **795,-/6 í pk.**
**BURKEN** krukka m/loki
2,2L. Gler/ál **795,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2009

**Ókeypis brunch um helgina kl. 9-11**

IKEA®

**Helgaropnun:** Verslun **9:30 - 19:00** - Veitingastaður opinn **9:00 - 18:30**

**www.IKEA.is**